KATLA RÓS VÖLUDÓTTIR

*Líður eins og hefðarfrú með slá á herðum*

Tíska Heilsa Heimili Jólin koma

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




BRYNDÍS BOLLADÓTTIR

*Hannar þjóðlegar jólakúlur*

Sérblað um jólahald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. desember 2006 — 335. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Gjöf til barna í landinu

Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur segir að fullorðnir geti lært margt af börnum.



BÆKUR 54

### Kostir langra lífdaga

„Stundum er saga einstaklinganna ekki ein í húfi, heldur saga heillar þjóðar. Tveir slíkir menn eru nýfallnir frá, annar í Bandaríkjunum, hinn í Síle,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 40

### Semur ævintýratónlist



Þorvaldur Bjarni fær hjálp búlgörsku sinfóníunnar í tónlistinni við Astrópíu.

FÓLK 86

### Aftur í baksundið?

Örn Arnarson segist vera að íhuga að byrja í baksundinu á nýjan leik en hann fékk leið á því á sínum tíma.



ÍÞRÓTTIR 76

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt en þó ákveðin norðaustanátt á Vest-fjörðum. Stöku él hér og hvar. Frost 0-5 stig en frostlaust allra syðst að deginum.

VEÐUR 4

# Kristinn, Einar og Geir ákærðir vegna samráðs

**Forstjórar Skeljungs, Olís og Olíufélagsins Esso á árunum 1993 til 2001 hafa verið ákærðir fyrir brot á samkeppnislögum vegna verðsamráðs félaganna. „Lögfræðileg tilraunastarfsemi“, segir Ragnar H. Hall.**

**DÓMSMÁL** Kristinn Björnsson, fyrrverandi forstjóri Skeljungs, Einar Benediktsson, forstjóri Olís og Geir Magnússon, fyrrverandi forstjóri Olíufélagsins Esso, hafa verið ákærðir fyrir brot gegn samkeppnislögum á árunum 1993 til 2001. Meðal annars fyrir að „hafa ólögmætt samráð, ýmist sjálfir eða fyrir milligöngu undirmanna sinna, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni milli félaganna,“ eins og orðrétt segir í ákærunni sem er í 27 liðum.

Ákært er vegna samráðs við gerð tilboða vegna viðskipta við Reykjavíkurborg, Ríkiskaupa og Útgerðarfélags Akureyringa árið 1996. Einnig vegna markaðsskiptingar og „samráðs um ákvörðun verðs á söluvörum, afsláttar, álagningar og viðskiptakjara.“

Ragnar Hall, lögmaður Kristins Björnssonar, sagði ákæruvaldið standa í „lögfræðilegri tilraunastarfsemi“, með því að ákæra forstjórana þrjá. „Það er ákært fyrir ýmis brot gegn samkeppnislögum. Mér sýnist útgáfa ákærunnar vera lögfræðileg tilraunastarfsemi.“ Hann vísar til þess að það geti verið vandkvæðum bundið að sækja einstaklinga til saka fyrir brot á samkeppnislögum. „Mér finnst ákæran hæpin en það kemur ekki óvart að þetta hafi verið niðurstaðan, miðað það sem saksóknari [Helgi Magnús Gunnarsson hjá embætti ríkissaksóknara] hefur látið frá sér fara í fjölmiðlum á undanförnum vikum og mánuðum. Rannsóknin og ákærumeðferðin hefur tekið næstum fimm ár og það finnst mér alltof langur tími.“

Reykjavíkurborg og Strætó bs. voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdar tæpar 78 milljónir króna í bætur vegna verðsamráðs í tengslum við útboð haustið 1996. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Reykjavíkurborgar og Strætó bs., sagði niðurstöðuna ásættanlega en hún var í samræmi við varakröfu borginnar. „Ég er sáttur við niðurstöðuna og rökstuðning dómsins fyrir henni.“

Vilhjálmur sækir einnig mál íslenska ríkisins gegn olíufélögunum en undirbúningur þess stendur enn yfir.

Olíufélögin hafa ekki ákveðið hvort niðurstöðunni verður áfrýjað en Oddgeir Einarsson lögmaður Kers, áður Olíufélagsins, sagði það líklegra en ekki eftir að dómur féll.

- mh /sjá síðu 10.



**NÝTT LÍF VELUR KONU ÁRSINS 2006** Nýtt líf tilkynnti í gær um val á konu ársins 2006. Fyrir valinu að þessu sinni varð Dorrit Moussaieff forsetafrú. Tímaritið Nýtt Líf hefur útnefnt konu ársins síðan árið 1991 og er Dorrit því 16. konan sem hlýtur þennan titil.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gróðavænlegur tími:

## Einkaspæjarar í jólaboðum

**DANMÖRK** Danskir einkaspæjarar hafa óskaplega mikið að gera í desembermánuði, því fjölmargar afbrýðisamar eiginkonur ráða þá til að mæta í jólaboð og hafa auga með eiginmönnunum, segir í frétt ríkisútvarps Danmerkur.

„Við eru fullbókuð allar helgar í desember,“ sagði einkaspæjarinn Sture Baggenæs hjá jósku leynilögreglu- og vaktþjónustunni í Álaborg.

Mæta leynilögregluþjónarnir í stærri jólaboð, en fylgjast með þeim smærri úr bíl sem lagt er nærri þeim stöðum þar sem boðin eru haldin. Í báðum tilfellum elta þeir gjarnan viðfangsefnið eftir að boðinu líkur.

Upphafskostnaðurinn við að ráða danskan einkaspæjara til vinnu eru um 3.300 danskar krónur, að andvirði um 40.000 íslenskar krónur.

- smk






Móðir bræðra sem óku á unglinga í Danmörku segir útlendingahatur rót átakanna:

# Unglingar hóta að brenna ofan af íslenskri fjölskyldu

**LÖGREGLUMÁL** „Þessir krakkar skrifa á netið að þau ætli að brenna húsið okkar,“ segir móðir bræðranna en lögregla í Danmörku grunar þá um manndrápstilraun með því að aka inn í flokk ungmenna.

Bræðurnir búa ásamt fjölskyldunni í þorpinu Hadbjerg utan við bæinn Hadsten.

„Krakkahópurinn er með hótanir um að við munum deyja,“ segir móðirin. „Það er múgæsing í gangi sem vonandi lognast út af en ég ætla að láta lögregluna vita af þessu. Yngri krakkarnir mínir taka þetta mjög alvarlega.“

Móðirin segir bræðurna hafa verið að skemmta sér í Hadsten og rekist þar á stóran flokk ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára.

„Þeir heyrðu að þarna voru útlendingar að tala saman og það var nóg,“ segir móðir bræðranna um tildrög þess að hópurinn veittist að sonum hennar. Grjóti hafi verið kastað í bílinn. Hópurinn hafi haft eldri bróðurinn undir.

„Þeir voru fjórir eða fimm að sparka í hausinn á honum og magann,“ segir móðirin. Tönn var slegin úr yngri bróðurnum og sá eldri mun hafa rotast:

„Hann rankaði við sér og náði í bílinn til að forða sér og litla bróður. Hann var drukkinn og nývaknaður úr roti og vissi ekki hvað hann var að gera heldur vildi bara keyra stystu leið burt. Hann keyrði á krakkana og játar það en hann ætlaði ekki að keyra þá niður heldur bjarga lífi sínu. Sem betur fer stoppaði lögreglan hann fljótt því annars væri hann dáinn af innvortis blæðingum.“

Gæsluvarðhald yfir bræðrunum rann út í gær. Undirréttur hafnaði kröfu lögreglu um framlengingu varðhaldsins yfir eldri bróðurnum en mun ætla að kæra þann úrskurð. Hann er enn á sjúkrahúsi.

- gar




## SPURNING DAGSINS



*Guðbjörn, sefur konan þín í kistu?*

Nei, en henni finnst góður blóðmör.

Guðbjörn Magnússon gaf blóð í 150. sinn í vikunni. Hann hefur gefið tæpa 70 lítra sem nýst hafa 450 manns að talið er.

Birting málsskjala um FBI afhjúpar veikar undirstöður hryðjuverkadeildar:

# Engar kröfur um sérþekkingu

**BANDARÍKIN** Yfirmenn bandarísku alríkislögreglunnar FBI viðurkenna að þeir hafi ekki gert kröfur um sérstaka þekkingu á starfsemi hryðjuverkasamtaka né heldur á málefnum Mið-Austurlanda þegar fólk var ráðið til starfa hjá deild, sem hafði það verkefni að koma í veg fyrir hryðjuverk eftir árásirnar á New York og Washington í september árið 2001.

Þetta kemur fram í skjölum úr dómsmáli sem Bassem Youssef, einn helsti sérfræðingur FBI í málefnum Mið-Austurlanda, hefur höfðað á hendur alríkislögreglunni. Hann sakar FBI um að hafa árum saman gengið fram hjá sér í embættisveitingum.

Málsskjölin voru gerð opinber í gær á vefsíðu óháðrar eftirlitsstofnunar með starfsemi FBI, en slóðin á vefsíðunni er www.whistleblowers.org.

Allir helstu yfirmenn FBI voru kvaddir til þess að bera vitni við réttarhöldin, þar sem þeir færa rök fyrir því að Youssef hafi ekki verið ráðinn í yfirmannsstöður hjá hryðjuverkadeildinni vegna þess að ekki hafi verið gerðar kröfur um sérþekkingu yfirmanna á málefnum Mið-Austurlanda.

„Ástæðan er sú að það þarf að hafa leiðtogahæfileika,“ sagði Gary Bald, sem var gerður yfirmaður hryðjuverkadeildarinnar árið 2002 án þess að hafa sérfræðiþekkingu á hryðjuverkamálum. „Sérfræðiþekking er ekki nauðsynleg.“ **- gb**



**ROBERT MUELLER** Yfirmaður bandarísku alríkislögreglunnar FBI segist hafa gert Gary Bald að yfirmanni hryðjuverkarannsóknardeildar vegna reynslu hans af leyniskyttumálinu í Washington og nágrenni árið 2002. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr ritstjóri Blaðsins:

# Trausti Hafliðason nýr ritstjóri

**FJÖLMIÐLAR Trausti Hafliðason hefur verið ráðinn ritstjóri Blaðsins. Hann hefur gegnt stöðu fréttastjóra á Fréttablaðinu en þar hefur hann starfað frá stofnun þess árið 2001. Áður var Trausti blaðamaður á Morgunblaðinu frá 1999-2001.**



TRAUSTI HAFLIÐASON

**Trausti er með BA gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og MA próf í blaðamennsku frá Háskólanum í Arizona. Trausti tekur við ritstjórastarfinu af Sigurjóni M. Egilssyni sem hefur sagt starfi sínu lausu.**

**Fréttablaðið þakkar Trausta vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í nýju starfi.** **- hs**

Lögum breytt í Færeyjum:

# Bannað að áreita homma

**FÆREYJAR** Færeyska þingið samþykkti í gær með sautján atkvæðum gegn þrettán að gera það ólöglegt að hæða eða niðurlægja samkynhneigða á grundvelli kynhneigðar þeirra, að því er fram kemur í frétt Politiken.

„Stór hluti Færeyinga hefur áratugum saman haldið að mannréttindi gangi gegn kristni. Með þessari ákvörðun eru í fyrsta sinn í færeyskri sögu send svo sterk skilaboð um að við viljum umburðarlynt samfélag,“ sagði Finnur Helmsdal, einn þeirra þingmanna sem lögðu frumvarpið til.

Færeyjar voru síðasti staðurinn í Norður-Evrópu þar sem ekki var bannað með lögum að áreita samkynhneigða. **- smk**

# Geirfuglinn fluttur í geymslu í Kópavogi

**Geirfuglinn, einstakur safngripur Náttúrufræðistofnunar Íslands, hefði auðveldlega getað eyðilagst í vikunni vegna hitavatnsleka. Annar alvarlegur leki ógnaði safninu fyrir stuttu. Húsnæðismál safnsins hafa verið í ólestri í áratugi.**

**SAFNAMÁL** Geirfuglinn, einstakur og ómetanlegur safngripur í eigu þjóðarinnar, hefði auðveldlega getað eyðilagst í vikunni vegna hitavatnsleka. Hefði lekinn komið upp í sýningaraðstöðu safnsins mannlausa hefði geirfuglinn og aðrir safngripir væntanlega eyðilagst. Engir vatns- eða rakaskynjarar eru í húsnæði safnsins en náttúrugripi sem þennan verður að varðveita við sérstök skilyrði eigi þeir að halda gildi sínu. Náttúrugripasafn Íslands hefur verið í bráðabirgðahúsnæði í 117 ár. Öll lönd sem Íslendingar bera sig saman við hafa komið sér upp veglegum söfnum með varðveislu náttúrugripa að leiðarljósi.

Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri NÍ, segir að hundruð lítra af heitu vatni hafi flætt inn í sýningarsal á 4. hæð þar sem geirfuglinn er meðal annars hafður til sýnis og niður á milli hæða inn í sýningarskápa á 3. hæð. Fuglinn var fjarlægður úr sýningarskáp vegna rakans á meðan unnið var að því að þurrka upp vatnið en heitavatnselement hafði tærst í sundur á þremur stöðum. „Það sama gerðist fyrir nokkrum vikum þegar fór í sundur stórt rör og heitavatnsfossinn stóð út á götu. Það var mesta mildi þá að vatnið fór út en ekki inn.“ Álfheiður segir að öll aðstaða safnsins, skrifstofur, rannsóknastofur, geymslur undir vísindasöfnin og sýningarsalir, sé í raun í óefni því um bráðabirgðahúsnæði sé að ræða.



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

„Við höfðum sérstakar áhyggjur af geirfuglinum því hann er óbætanlegur en við vonum að hann hafi sloppið við rakaskemmdir. Það var brugðist fljótt við en ef þetta hefði gerst að nóttu til og vatn runnið þarna um óhindrað þá hefði geirfuglinn og aðrir safngripir eyðilagst,“ segir Álfheiður. Síðdegis í gær var geirfuglinn fluttur í geymslur Þjóðminjasafnsins í Kópavogi, en þar eru aðstæður mun betri en í geymsluhúsnæði NÍ.

Ekki er liðinn nema rúmur mánuður síðan NÍ varð fyrir óbætanlegu tjóni vegna þess að eigendur frystileigu ákváðu að farga öllu innihaldi klefa sem stofnunin hafði á leigu, að henni forspurðri. Þar fóru forgörðum sex arnarhamir og fimmtíu fálkahamir ásamt um tvö þúsund öðrum sýnum stofnunarinnar. Tjónið vegna þessarar uppákomu er talið geta numið hundruðum milljóna króna.

Ekki náðist í Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra í gær vegna vinnslu fréttarinnar. Hún hefur áður lýst áhyggjum sínum af húsnæðisvanda NÍ. **svavar@frettabladid.is**



**SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM** Hér sést sýningarskápur geirfuglsins umflotinn vatni og slökkviliðið við hreinsistörf. Fuglshamurinn var keyptur til landsins fyrir söfnunarfé. Hann er talinn ómetanlegur. MYND/OKV

Fjármál Palestínu:

# Íranar og ESB heita aðstoð

**GAZA, AP** Íransstjórn hefur heitið 250 milljónum Bandaríkjadollara, andvirði 18 milljarða króna, í fjárhagsaðstoð við hina umsetnu stjórn Hamas-samtakanna á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna. Palestínski forsætisráðherrann Ismail Haniyeh greindi frá þessu í byrjun vikunnar er hann lauk fjögurra daga heimsókn til Teheran.



ISMAIL HANIYEH

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt til að sambandið framlengi um þrjá mánuði neyðar-fjárhagsaðstoð sína við Palestínumenn, sem sniðgengur Hamas-stjórnina. Skrúfað hefur verið fyrir nær alla erlenda fjárhagsaðstoð við palestínsku heimastjórnina þar sem Hamas harðneitar að viðurkenna Ísrael og áður gerða samninga við Ísraela. **- aa**

Ný skýrsla Rauða krossins:

# Aldrei meiri neyðaraðstoð

**HJÁLPARSTARF Öll met voru slegin í söfnunarstarfi vegna hamfara árið 2005, en þá sendu ríkisstjórnir heims tæpa 836 milljarða króna til neyðaraðstoðar. Í fyrra var og mikið um náttúruhamfarir. Talið er að tæplega 100.000 manns hafi látist vegna þeirra og þeir haft áhrif á líf 161 milljónar manna.**

**Fellibylurinn Katrín og flóðbylgjan á Indlandshafi eru fræg dæmi, en margar aðrar hamfarir fengu litla sem enga umfjöllun í vestrænum fjölmiðlum. Um þetta er fjallað í skýrslu frá Rauða krossinum.**

**- kóþ /** **sjá umfjöllun á síðu 26**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Dæmdur nauðgari á þrítugsaldri úrskurðaður í gæsluvarðhald í viku:

# Kærður fyrir að nauðga 13 ára stúlkubarni í Reykjavík

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri, Edward Apeadu Koranteng, var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til 20. desember. Maðurinn, sem er fæddur árið 1985, er grunaður um kynferðisbrot gagnvart 13 ára stúlku. Atvikið átti sér stað í Reykjavík í lok síðasta mánaðar.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hittust maðurinn og stúlkubarnið á ónefndum stað í borginni. Atvikið, sem kært var, er sagt hafa átt sér stað utan dyra.

Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu en hann var fyrr í vikunni dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir nauðgun sem hann framdi árið 2005. Þá varð 14 ára stúlka fyrir barðinu á honum, eftir að hann hafði boðið henni og tveimur vinkonum hennar heim. Maðurinn læsti unglingsstúlkuna inni í herberginu og nauðgaði henni síðan. Farið var með stúlkuna á neyðarmóttöku þegar uppvíst varð um verknað mannsins. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi og til að greiða stúlkunni eina milljón króna í skaðabætur. Þá var honum gert að greiða málsvarnarlaun að upphæð ríflega 750 þúsund krónur. **-jss**




**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Úrskurðaði manninn í gæsluvarðhald í viku.


Jólatrén gætu selst upp í ár!
Normannsþinur
Stærri tré lægra verð!
Fimmtud-sunnud
2006
2005
meðalverð
101-150sm 2199 2579
151-200sm 3999 4479
200-250sm 4999 8439
Soldis
Silkitré & silkiblóm
30% afsláttur af allri jólavöru
fimmtud-sunnud
Stærri jólatré lægra verð
Í dag er kertadagur!
Í dag er 30% afsláttur af öllum kertum
Jólatrésfótur
Þungur, stöðugur og tekur mikið vatn
Verð frá 1990
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

**GENGIÐ 13.12.2006**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,15 | 69,49 |
| Sterlingspund | 136,3 | 136,96 |
| Evra | 91,72 | 92,24 |
| Dönsk króna | 12,305 | 12,377 |
| Norsk króna | 11,278 | 11,344 |
| Sænsk króna | 10,144 | 10,204 |
| Japanskt jen | 0,5903 | 0,5937 |
| SDR | 104,44 | 105,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,508

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framkvæmdir við umdeilt hús á baklóð rússneska sendiráðsins þokast hægt:

# Rússar reisa hús með höndunum

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdir við nýbyggingu á baklóð rússsneska sendiráðsins í Garðastræti þokast hægt áfram.

Eftir nokkurn málarekstur fengu Rússar loks leyfi fyrir því í fyrra að reisa húsið þrátt fyrir að það væri nágrönnum þyrnir í augum vegna fyrirferðar sinnar á lóðinni.

Mikið stálgrindarverki er nú risið inni í hrörlegri kofaþyrpingunni sem staðið hefur á baklóðinni í nærri fjögur ár. Talverður fjöldi manna hefur starfað við húsið um langa hríð en vinnan sækist seint enda segja sjónarvottar í nágrenninu að nánast allt sé smíðað í höndunum. Til dæmis sé steypa ekki hrærð í vélum.

Sjálfir segja Rússar að við húsið verði sprengiheld viðbygging sem nota eigi til að opna póst sem berist sendiráðinu.

Deilan um nýja húsið var um tíma á viðkvæmu stigi þegar byggingarfulltrúinn í Reykjavík taldi Rússana ekki hafa heimild til framkvæmdanna og krafðist þess að þær yrðu stöðvaðar. Meðal annars vegna álitamála um lögsögu á lóð sendiráðsins kom til kasta utanríkisráðuneytisins að hafa milligöngu í málinu.

**- gar**



**RÚSSAR BYGGJA Í GARÐASTRÆTI** Mikið stálgrindarvirki er risið á baklóð rússneska sendiráðsins í Garðastræti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjálfsmorðstilræði í Bagdad:

# Bílsprengjur bana minnst 71

**ÍRAK, AP** **Minnst 71 Íraki lét lífið í sprengjutilræði í Bagdad á þriðjudag, sem beint var gegn daglaunamönnum sem söfnuðust saman í leit að vinnu snemma morguns á torgi í hverfi sjía-múslima. 151 maður særðist.**

**Tvær öflugar bílsprengjur voru sprengdar í tilræðinu. Annarri hafði verið komið fyrir í yfirgefnum bíl en hina hafði sjálfmorðssprengjumaður um borð í litlum sendibíl, sem hann hleypti hinum vinnufúsu mönnum upp í undir því yfirskini að vilja ráða þá. Þá sprengdi hann sprengjuna með fyrrgreindum afleiðingum.**

**- aa**

Seðlabankastjóri:

# Full ástæða er til aðgæslu

**EFNAHAGSMÁL** Davíð Oddsson seðlabankastjóri telur að það sé jákvætt að verðbólgan hafi verið að lækka að undanförnu. „Það bendir til að það sé eitthvað minni spenna í þjóðfélaginu en verið hefur þannig að þessar tölur eru að sjálfsögðu jákvæðar,“ segir hann.

Eins og fram kom fyrr í vikunni mældist verðbólgan sjö prósent í desember. Davíð segir að á tólf mánaða mælikvarða sé verðbólgan samt verulega hærri en þau markmið sem Seðlabankanum hafi verið sett. „Það er ennþá full ástæða til aðgæslu eða varúðar,“ segir hann.

Fimmtudaginn 21. desember kemur í ljós hvort Seðlabankinn hækkar stýrivexti eða ekki.

**- ghs**

Rannsókn blaðamanna BBC:

# Ungbörn hugsanlega myrt

**BRETLAND** **Blaðamenn BBC segjast hafa heimildir fyrir því að heilbrigð úkraínsk ungbörn hafi verið myrt á sjúkrahúsi í Úkraínu, svo að hægt væri að taka stofnfrumur úr líkamsleifum þeirra, að því er kemur fram á fréttavef BBC. Fréttastofan og Evrópuráðið hafa undir höndum kvikmyndir af krufningum ungbarna sem hlutuð hafa verið í sundur. Eins hafa fréttamenn tekið viðtöl við mæður sem segjast hafa eignast heilbrigð börn sem hurfu af fæðingardeildinni.**

**Talsmenn sjúkrahússins Fæðingardeild númer sex þvertaka fyrir að slíkt athæfi hafi átt sér stað.**

**Ein mestu stofnfrumuviðskipti í heiminum fara fram í Úkraínu, en talið er að slíkar frumur geti læknað ýmsa sjúkdóma.**

**- smk**

# Grunaður um fleiri morð

## Breska lögreglan rannsakar nú lát fimm kvenna, sem allar hafa fundist myrtar í þessum mánuði, og hvort þau geta tengst hvörfum eða morðum sex annarra kvenna. Óttast er að um raðmorðingja sé að ræða.

**BRETLAND** Lögreglan í Suffolk í Bretlandi segist hafa fengið gríðarleg viðbrögð frá almenningi hvað varðar morðin á ungu konunum fimm frá Ipswich sem fundist hafa myrtar á víðavangi í þessum mánuði.

Talsmenn lögreglunnar hafa sagt að þó kennsl hafi enn ekki verið borin á líkin sem fundust á þriðjudag, þá séu allar líkur á því að þetta séu lík Paulu Clennell, 24 ára, og Annette Nicholls, 29 ára, sem saknað hefur verið síðan í byrjun þessa mánaðar. Óttast er að um raðmorðingja sé að ræða og að dauði kvennanna tengist láti Gemmu Adams, 25 ára, Taniu Nicol, 19 ára, og Anneli Alderton, 24 ára, sem fundust fyrr í þessum mánuði. Breska lögreglan kannar nú jafnframt hvort hvarf og morð sex annarra kvenna síðan árið 1992 á þessu svæði geti haft eitthvað með dauða kvennanna fimm að gera.

Allar fimm unnu sem vændiskonur í Ipswich, líkt og sumar hinna kvennanna.

Í samtali við fréttamenn BBC fréttastofunnar sagði yfirlögregluforinginn Stewart Gull að mál kvennanna fimm væru „sláandi lík“ að því leyti að hinar látnu hefðu allar fundist naktar á víðavangi.

Á fimm klukkutímum í gær bárust lögreglu á þriðja þúsund símtöl varðandi málið og sagði Gull að lögreglumenn myndu vinna alla tíma sólarhringsins, alla daga vikunnar að lausn þess. Tæknideild lögreglunnar leitar nú sönnunargagna á og nærri stöðunum þar sem líkin fundust, en að sögn Gull hafa staðirnir þar sem morðin voru framin ekki fundist enn.

Slúðurblaðið News of the World hefur lofað jafnvirði 35 milljóna íslenskra króna til hvers þess sem gefur upplýsingar sem leiða til handtöku raðmorðingjans grunaða.



**STÖRF LÖGREGLU** Tæknimenn leita nú ákaft á svæðunum þar sem fimm konur hafa fundist myrtar í þessum mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Borgarbúar Ipswichborgar eru miður sín yfir morðunum.

„Við getum ekki hugsað um neitt annað,“ sagði Malcolm Moses leigubílstjóri í Ipswich í samtali við fréttamenn AP fréttastofunnar. „Það skiptir okkur ekki máli hvort þær séu vændiskonur. Þær eru samt dætur einhvers, systur einhvers, mæður einhvers.“

Þó lögreglan hafi hvatt vændiskonur til að halda sig í burtu frá götunum, eru nokkrar sem enn stunda strætin því þær hafa enga aðra leið til að útvega sér pening fyrir eiturlyfjum og jólagjöfum.

**smk@frettabladid.is**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆGT FROST** Lítið lát er á kuldunum sem sem verið hafa síðustu vikur og þykir mörgum nóg um. Rétt er að horfa vonaraugum til mánudagsins en þá er von um að eitthvað hlýni í veðri. Frændur okkar á Norðurlöndum eru í góðum málum þessa dagana en þar má segja að ríki nokkurs konar hitabylgja með vætu. Sunnar í álfunni hefur líka gengið á með skúrum að undanförnu svo sem á Spáni.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hæg austlæg átt. Skýjað og úrkomulítið. Vægt frost.




**um hádegi »**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C skúrir | London | 14°C skúrir | Alicante | 16°C skúrir |
| Þórshöfn | 6°C skúrir | París | 10°C hálfskýjað | Mallorca | 16°C skúrir |
| Osló | 13°C skúrir | Frankfurt | 8°C skúrir | Algarve | 16°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C skúrir | Friedrichshafen | 8°C skúrir | Krít | 16°C skúrir |
| Gautaborg | 12°C rigning | Berlín | 9°C hálfskýjað | Las Palmas | 22°C alskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Opið til 22
öll kvöld til jóla
Allir fá eitthvað fallegt
Í Kringlunni finnur þú endalaust úrval af fallegum jólavörum. Þú getur tekið þér góðan tíma því fram að jólum er Kringlan opin til 22 öll kvöld. Lifandi jólatónlist og notaleg stemning frá morgni til kvölds.
Taktu þátt í jólaleik Kringlunnar og Icelandair og þú gætir unnið ferð fyrir fjóra til Flórída!
Ævintýraland er opið til 22 til jóla
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200
Nýtt kortatímabil
Kringlan

## KJÖRKASSINN



*Á að neita gjaldþrota innflytjendum um ríkisborgararétt?*

| | |
|---|---|
| Já | 66,8% |
| Nei | 33,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgist þú með innanflokksdeilum Frjálslynda flokksins?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Innbyrðis átök Palestínumanna hafa magnast síðustu daga:

# Ásakanir fylkinga ganga á báða bóga

**PALESTÍNA, AP** Átök tveggja helstu hópa Palestínumanna, Hamas og Fatah, hafa magnast síðustu daga með morðum og ásökunum á báða bóga.

Á mánudaginn voru þrjú ung börn skotin til bana, en faðir þeirra er tengdur Hamas-samtökunum. Í gær var síðan einn af yfirmönnum í Hamas-samtökunum, Bassam al-Fara, drepinn í Kan Júnis á Gaza-svæðinu.

Hamas sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fullyrt er að „dauðasveit“ á vegum Fatah-samtanna beri ábyrgð á barnamorðunum á mánudag. „Hamas mun ekki gleyma blóði meðlima sinna,“ sagði Fawsi Barhoum, talsmaður Hamas.

Tafwik Abu Khoussa, talsmaður Fatah, hafnar hins vegar þeim ásökunum og segir að Fatah fordæmi „allar stjórnleysisathafnir, hver svo sem stendur að baki þeim, og við skorum á bræður okkar í Hamas að láta af ásökunum áður en rannsókn fer fram“.

Hamas náði þingmeirihluta í kosningum fyrr á árinu en Fatah, sem áður voru undir forystu Jassers Arafat, hefur eftir sem áður ráðið yfir forsetaembættinu, þar sem forseti Palestínumanna er Fatah-maðurinn Mahmoud Abbas.

Abbas forseti hafði reynt að ná sáttum með því að bjóða Hamas að standa að samsteypustjórn þar sem helstu ráðherrar yrðu óháðir embættismenn. Þegar ekkert gekk að semja um það hótaði Abbas því að flýta kosningum, en í kjölfarið hafa þessi blóðugu átök brotist út milli hópanna tveggja.

- gb



**MÓTMÆLI Í GAZA-BORG** Fatah-liðar mótmæltu í gær morðum á þremur sonum háttsetts manns í samtökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ATVINNULÍF

### Námsstefna um konur

Fimmtudaginn 11. janúar verður haldin námsstefna um konur, stjórnun og setu í stjórnum fyrirtækja á Hótel Nordica. Samtök atvinnulífsins, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Félag kvenna í atvinnurekstri standa að námsstefnunni. Námsstefnan hefst klukkan átta og henni lýkur klukkan tólf. Námsstefnustjórar verða Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, og Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Vistor.

## TÉKKLAND

### Refsing hert

Hæstiréttur Tékklands hefur lengt um fjögur ár fangelsisvist fyrrverandi háttsetts fulltrúa í utanríkisráðuneyti landsins. Hann var upphaflega dæmdur í átta ára fangelsi fyrir að skipuleggja morð á tékkneskri blaðakonu árið 2002. Blaðakonan hafði skrifað röð greina um fjármálamisferli innan utanríkisráðuneytisins í Tékklandi. Fulltrúinn fyrrverandi var dæmdur í hæstarétti og er nú gert að dúsa í steininum í alls tólf ár.


Brot
af því besta!

ENNEMM / SÍA / NM18942
Duni



Þetta er einhver glæný leikjatölva...
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á kokka.is þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.
Tökum við pöntunum til 19. desember.
kokka laugavegi 47
laugavegi 47 opið mán.-lau. 10-18, sun. 13-18 www.kokka.is kokka@kokka.is


# Óvíst um aðgerðir gegn fátækt barna

**Rúmlega 4.600 börn á Íslandi bjuggu við fátækt árið 2004. Fjármálaráðherra segir að ekki sé hægt að segja að staðan sé óásættanleg. Ríkisstjórnin hefur ekki rætt við sveitarstjórnir um hvernig bregðast skuli við fátækt barna á Íslandi.**

**FÉLAGSMÁL** Á blaðamannafundi í gær svaraði Árni Mathiesen fjármálaráðherra ekki beint þeirri spurningu hvort niðurstaða skýrslu um fátækt barna á Íslandi sé óásættanleg. Árni segir að ekki sé hægt að nota skýrsluna til að svara þessari spurningu. Hann segir að niðurstöður hennar gefi í skyn að Íslendingar hafi náð góðum árangri í þessum efnum miðað við aðrar þjóðir, en einnig verri en aðrar.

Í skýrslunni kemur fram að 4.634 börn á Íslandi hafi búið við fátækt árið 2004, eða 6,6 prósent íslenskra barna. Samkvæmt skýrslunni er Ísland í hópi þeirra OECD-ríkja þar sem fátækt barna mælist hvað minnst. Prósentuhlutfall fátækra barna er lægra í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Belgíu sé miðað við tölur OECD frá árinu 2000.

Fátækt barna er fundin út frá því að foreldrar þeirra hafi ekki ráð á að veita þeim nauðsynleg lífsgæði. Tala fátækra barna í skýrslunni er reiknuð út frá ráðstöfunartekjum foreldra. Ef talan er eingöngu reiknuð út frá tekjum þeirra er hlutfall fátækra barna 12,7 prósent hér á landi. Hlutfallið lækkar um 6,1 prósent fyrir áhrif skattkerfisins, fyrst og fremst vegna barna- og vaxtabóta.

Í skýrslunni kemur fram að hjúskaparstaða og aldur foreldra hefur áhrif á fátækt barna. Innan við 4 prósent barna hjóna hér á landi bjuggu við fátækt en yfir 18 prósent barna einstæðra foreldra. Einnig er aldur foreldra mikilvæg breyta því hlutfall fátækra barnafjölskyldna er um og innan við 4 prósent hjá foreldrum eldri en 30 ára.

Árni Mathiesen segir að ríkisstjórnin hafi ekki rætt við sveitarstjórnir um hvernig bregðast skuli við niðurstöðum skýrslunnar. Hann segir að hún lýsi ekki öðru ástandi en komið hefur út úr sambærilegum rannsóknum sem gerðar hafa verið hér á landi á liðnum árum, til dæmis árin 1998 og 2000.

Hann telur að það verði spennandi að sjá hvaða áhrif aðgerðir ríkisstjórnarinnar, eins og skattabreytingar og breytingar á bótakerfinu, muni hafa á niðurstöður talna um fátækt barna þegar þær verða reiknaðar út fyrir árið 2007.

Árni segir markmið ríkisstjórnarinnar sé að halda áfram að lækka skatta og á sama tíma að bæta hag þeirra fátæku í samfélaginu. ingifreyr@frettabladid.is



**ÁRNI MATHIESEN** Segir að ríkisstjórnin muni meðal annars nota skýrsluna þegar hún reynir að bæta hag hinna fátæku í samfélaginu. Ekki er komið á hreint hvaða aðgerðir það verða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HLUTFALL FÁTÆKRA BARNA Í NOKKRUM RÍKJUM OECD**




41 árs gamall síbrotamaður dæmdur til fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Dæmdur í fimm ára fangelsi

**DÓMSMÁL** 41 árs gamall síbrotamaður, Garðar Garðarsson, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi. Garðar er dæmdur fyrir þjófnað, skjalafals, fjársvik, nytjastuld, brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöfinni auk ýmissa umferðarlagabrota. Meðal annars braust hann inn í félagi við annan mann í Söluskála SJ á Fáskrúðsfirði og stal ýmsum varningi auk rúmlega 800 þúsund króna í peningum, en bróðurparturinn var úr hraðbanka sem spenntur var upp.

Garðar á að baki langan sakaferil sem nær allt aftur til ársins 1982. Á næstu tíu árum var hann dæmdur fyrir fjórtán hegningarlagabrot. Síðan kom nokkurt rof í sakaferil hans fram til ársins 2000 þegar hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi. Hæstiréttur dæmdi hann í október sama ár í fjögurra ára fangelsi fyrir þjófnað. Á árinu 2001 hlaut hann dóma fyrir líkamsárásir, þjófnaði og umferðarlagabrot. Honum var veitt reynslulausn árið 2005. Hann rauf því skilorð með þeim afbrotum sem hann er dæmdur fyrir nú.

Garðar var auk fangelsisvistarinnar sviptur ökuréttindum ævilangt og gert að greiða Olís 421 þúsund krónur í skaðabætur. Þá gerði dómurinn upptæk á þriðja tug gramma af hinum ýmsu fíkniefnum.

- þsj



**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR** Garðar braust meðal annars inn í Söluskála SJ á Fáskrúðsfirði og stal ýmsum varningi auk rúmlega 800 þúsund króna.

# Ótrúlegt verð

## á náttfötum

*Opið til kl. 22:00 öll kvöld til jóla*

**Toppur**
micro
st. S-XXL
**1.299kr**

**Boxer**
micro
st. S-XXL
**999kr**



**Bolur**
bómull
st. S-XXL
**1.699kr**

**Boxer**
bómull
st. S-XXL
**1.299kr**



**Bolur**
bómull
st. S-XXL
**1.499kr**








**Dömu-, herra- og barnainniskór** 499kr
margir litir, margar gerðir

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hversu oft hefur Guðbjörn Magnússon, hversdagshetja Fréttablaðsins, gefið blóð?*

**2.** *Hvaða par, sem hefur gert garðinn frægan í fréttaskýringaþættinum Kompási, gekk í það heilaga síðastliðinn laugardag?*

**3.** *Hver er eini titillinn sem knattspyrnuliðið Barcelona hefur ekki unnið?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 86

Pólverjar minnast ársfjórðungsafmælis herlaganna árið 1981:

# Pólskir andófsmenn heiðraðir

**PÓLLAND, AP** Pólverjar minntust þess í gær að rétt 25 ár eru liðin frá því að kommúnistastjórnin í landi setti herlög til að brjóta á bak aftur andóf sem verkalýðshreyfingin Samstaða hafði forgöngu um.

Wojciech Jaruzelski hershöfðingi setti herlögin þann 13. desember 1981 og bannaði Samstöðu. Þúsundum manna sem tengdust Samstöðu og andófshreyfingunni gegn kommúnistastjórninni var varpað í fangelsi. Þeirra á meðal var Lech Walesa, þáverandi leiðtogi Samstöðu og síðar forseti Póllands, og núverandi forseti, Lech Kaczinsky.



**HERLAGA MINNST** Götubardagar óeirðalögreglu og stuðningsmanna Samstöðu voru settir á svið í tilefni afmælisins, hér á torgi Gamla bæjarins í Varsjá.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rétt eftir miðnætti – upp á mínútu aldarfjórðungi eftir að sérsveitalögreglumenn byrjuðu að smala andófsmönnum saman í krafti herlaga – veitti Kaczynski 69 Samstöðumönnum, sem andæfðu kommúnistastjórninni á sínum tíma, heiðursorðu við athöfn í borginni Wroclaw (Breslau).

Jaruzelski varði síðar gerðir sínar með því að hefði hann ekki gripið til þessara aðgerða hefðu Sovétmenn gert innrás og tekið fram fyrir hendurnar á Póllandsstjórn. Hann hefði því afstýrt enn stærri harmleik. Jaruzelski sætir ákæru fyrir dómstólum fyrir meint stjórnarskrárbrot með því að setja herlögin og fangelsa þúsundir Pólverja. - aa

Ölvunarakstur í Reykjavík:

## Sjö ölvaðir á sólarhring

**LÖGREGLUMÁL Sjö ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík frá því síðdegis á mánudag til eftirmiðdagsins á þriðjudag. Samkvæmt lögreglunni er það óvenjumikið á virkum degi. Að sögn lögreglunnar var aðallega um að ræða karlmenn á fertugs- og fimmtugsaldri.**

**Á þriðjudag stöðvaði lögreglan einnig för fimm ökumanna sem höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi, auk þess sem fimmtán umferðaróhöpp voru tilkynnt í gær. Í einu tilviki var fólk flutt á slysadeild, en meiðslin voru ekki talin alvarleg.** -ifv




# Afskipti Halldórs virðast á gráu svæði

**Dósent í stjórnmálafræði telur að afskipti Halldórs Ásgrímssonar að mati á tilboðum í hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum séu óeðlileg. Kristinn H. Gunnarsson tekur undir þá gagnrýni. Jón Sigurðsson segir ekkert að ferlinu.**

**EINKAVÆÐING** „Manni finnst þetta nú vera á gráu svæði," segir Indriði H. Indriðason, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, um afskipti Halldórs Ásgrímssonar af fundi einkavæðingarnefndar vegna mats á tilboðum í hlut ríkisins í ÍAV. Þá lét Halldór þau orð ganga inn á fundinn að hann væri „á þeirri skoðun að tvö tilboð væru sambærileg".

Indriði segir að honum sýnist þetta ferli vera óeðlilegt. „Nefndinni er falið ákveðið hlutverk og maður myndi halda að ef menn séu að skipa nefnd til að vinna eitthvað verkefni þá sé eðlilegt að ekki sé verið að skipta sér að málinu á meðan hún tekur sína ákvörðun. Það er raunverulega hugsunin á bak við það að vera með verkefnanefndir. Þær vinna úr málunum og síðan færð þú niðurstöðurnar og tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga. Þú átt í raun og veru ekki að þurfa að vera að skipta þér af."



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍAV** Dósent í stjórnmálafræði segir að ekki sé eðlilegt að ráðherra skipti sér að málum einkavæðingarnefndar á meðan hún tekur sína ákvörðun.

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, er sammála Indriða. „Ég get tekið undir þessa gagnrýni. Ráðherrann á ekki að leggja það mat fram fyrirfram sem hann á að fá metið. En svo er spurning um hvort hann sé skyldugur til að fara eftir matinu. Það finnst mér kannski meginganrýnisefnið í þessu máli að það gildir engin löggjöf um þetta heldur setja ráðherrar reglur sem þeir geta síðan breytt sjálfir."

Kristinn segir engin ákvæði vera til um hvernig eigi að bregðast við ef vikið er frá reglunum vegna þess að þær eru ekki bundnar í lög. „Þess vegna brjóta menn engin lög með því að sveigja reglurnar eða fara fram hjá þeim. Það er mjög gagnrýnisvert að að einkavæðing á fyrirtækjum ríkisins fyrir tugi milljarða króna geti farið fram án þess að settar séu lögbundnar reglur sem skilgreina hlutverk ráðherranna og hlutverk fagmannanna. Þetta er allt á floti eins og er. Ráðherrar geta breytt öllum reglum eftir hentugleika ef þeim finnst af einhverjum ástæðum að þeir þurfi að gera það. Svo er náttúrulega spurning af hverju ríkisstjórnin valdi þetta fyrirkomulag sem gefur henni alla þræði í sínar hendur."



**JÓN SIGURÐSSON**



**KRISTINN H. GUNNARSSON**

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að sér virðist sem yfirlýsing Halldórs Ásgrímssonar frá því á þriðjudag skýri málið algerlega. „Eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá er ekkert að söluferlinu í sjálfu sér. Fréttir af málinu hafa byggst á samtölum manna á nefndarfundum sem ég hef ekki fengið aðrar upplýsingar um að séu meira en slík orðaskipti." Hann sagðist þó ekki hafa séð fundargerðir einkavæðingarnefndar.

thordur@frettabladid.is

Fáeinir Íslendingar voru rannsakaðir vegna gruns um póloneitrun:

# Gistu í sömu herbergjum og eitrað var fyrir Litvinenko

**HEILBRIGÐISMÁL** Fáeinir Íslendingar hafa verið rannsakaðir erlendis vegna gruns um póloneitrun. Þeir höfðu allir dvalið í herbergjum þeim á Milennium-hótelinu í Lundúnum sem rússneski njósnarinn Alexander Litvinenko hafði gist í áður, þegar talið er að eitrað hafi verið fyrir hann.

Að sögn Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis hjá Landlæknisembættinu, höfðu síðan fleiri Íslendingar sem dvalið höfðu á hótelinu samband við Landlæknisembættið. Þeir höfðu ekki gist í umræddum herbergjum, þannig að ekki þótti ástæða til að rannsaka þá frekar.



**ALEXANDER LITVINENKO** Mikil geislun fannst í herbergjum þeim sem hann hafði dvalið á á Milennium-hótelinu.

„Samkvæmt nýju alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni eru teknar inn sóttvarnir gegn hættulegum geislum og eitrunum," segir Þórólfur. „Tengiliður við stofnunina er sóttvarnalæknir og því kom listi með nöfnum þess fólks sem dvalið hafði í þessum tiltekinu herbergjum, þar sem þessi mikla geislun fannst, inn á borð hans."

Banamein Litvinenkos var póloneitrun, en Pólon 210 er geislavirkt efni.

„Menn hafa alltaf hugsað um hryðjuverk sem sprengjur eða jafnvel sýklahernað," segir Þórólfur. „En eitrun af þessu tagi hafa menn ekki hugsað mikið út í fram að þessu. Það er greinilegt að menn þurfa að fara að víkka sjóndeildarhringinn." - jss




Rakarastofan Neðstutröð 8

Herraklipping og Strípur
Tilboð
5.900kr.

Opnunartímar í desember.
Mánudag - föstudags 9-18
Laugardaginn 16. des 10-16
Miðvikudagurinn 20. des 9-16:30
Þorláksmessa 23. des 10-20
Aðfangadagur 24. des 10-13
30. desember 10-14

Tímapantanir í síma 564 1923

Jólagjöf herramannsins fæst hjá okkur
www.herramenn.is





# 30% afsláttur af öllum jólaljósum




Sniðug jólagjöf

**Rafrænt jólagjafakort um land allt**





## Ný og glæsileg Jólagjafahandbók




er komin inn
á öll heimili
landsins...
...sama verð
um land allt.



**50% afsláttur af öllum jólafígúrum**
fimmtudag til sunnudags

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**KOMA NÝS ÁRS UNDIRBÚIN** Nú er verið að koma fyrir tveggja metra háu ártali á Times Square í New York. Myndin sýnir þegar verið er að koma tölunni 7 fyrir. Kveikt verður á skiltinu á miðnætti á gamlárskvöld þegar árið 2007 gengur í garð.

Fólk frá 120 ríkjum hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt á síðustu tíu árum:

# Flestir hafa komið frá Póllandi

**INNFLYTJENDUR** Af þeim 5.305 sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt síðasta áratug koma 797 frá Póllandi. Þá eru í hópnum 484 Filippseyingar, 464 Bandaríkjamenn og 427 Taílendingar.

Danir eru fjölmennastir Norðurlandaþjóða í hópi nýrra Íslendinga, litlu fleiri en Svíar. Frá Danmörku hafa 176 komið en 131 frá Svíþjóð.

Fólk sem fengið hefur íslenskt ríkisfang síðasta áratug hefur komið frá samtals 120 ríkjum. Til samanburðar má nefna að 192 þjóðir tilheyra Sameinuðu þjóðunum. Tveir hafa komið frá því sem, í skýrslum dómsmálaráðuneytisins, er kallað ótilgreint land og 33 ríkisfangslausir einstaklingar hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt.

Í hópi nýrra Íslendinga er meðal annars fólk frá Úsbekistan, Madagaskar, Miðbaugs-Gíneu, Kirgisistan, Kasakstan og Gvæajana.

3.179 konur hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt síðasta áratug og 2.126 karlar. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær eru börn frá 0 - 17 ára fjölmennasti aldurshópur nýrra ríkisborgara. - bþs



**Í KENNSLUSTUND**
Nýir Íslendingar læra íslensku.

Danska stjórnin:

# Segist saklaus

**DANMÖRK** Í bréfi sem dreift hefur verið til danskra þingmanna lýsir ríkisstjórn landsins sig saklausa af öllum þeim ásökunum sem á hana eru bornar í nýrri heimildarmynd um þátttöku danska hersins í innrásinni í Afganistan.

Stjórnin telur her landsins hafa verið í rétti þegar hann afhenti bandaríska hernum 34 fanga, en í myndinni er því haldið fram að Bandaríkjaher hafi látið pynta þá. Einnig segist stjórnin ekki hafa leynt þingið upplýsingum um starf danska hersins í Afganistan og segist ekki hafa fengið rangar upplýsingar þegar sagt var að Bandaríkjaher myndi fylgja Genfarsáttmálanum um meðferð stríðsfanga. - ks/smk



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON** Forstjóri Brims íhugar málssókn.

Samráð olíufélaganna:

# Íhuga málssókn í kjölfar dóms

**DÓMSMÁL Útgerðarfélagið Brim, áður Útgerðarfélag Akureyringa, er með það til skoðunar að fara í mál við olíufélögin eftir niðurstöðu héraðsdóms í gær en olíufélögin voru dæmd til að greiða Reykjavíkurborg og Strætó bs. tæpar 78 milljónir króna vegna samráðs sem leiddi til yfirverðs. „Við erum að skoða þessi mál vandlega og förum vel yfir niðurstöðu héraðsdóms á næstunni og tökum í kjölfarið ákvörðun,“ sagði Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, við Fréttablaðið í gærkvöld.**

**Forsvarsmenn ÍSAL ætla sér einnig að fara vel yfir niðurstöðu héraðsdóms áður en ákveðið verður endanlega hvort fyrirtækið leitar réttar síns. Þetta staðfesti Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi ÍSAL, við Fréttablaðið í gærkvöld.**

**Í dómi héraðsdóms er fallist á það sjónarmið stefnanda í málinu að brot af því tagi sem um ræðir sé til þess fallið að „hækka verð, eða að minnsta kosti komast hjá lækkun verðs, í því skyni að skapa ávinning í einu eða öðru formi“.** - mh

# Umfangsmestu brot á samkeppnislögum í sögunni

**Aldrei áður hafa einstaklingar verið ákærðir fyrir brot á samkeppnislögum. Ákæran tekur til samráðs olíufélaganna frá 1993 til 2001. Um er að ræða umfangsmestu brot á samkeppnislögum í Íslandssögunni.**

**DÓMSMÁL** Ákæran á hendur forstjórum olíufélaganna sem höfðu samráð í viðskiptum á árunum 1993 til 2001 er sú fyrsta í Íslandssögunni sem gefin er út á hendur einstaklingum vegna brota á samkeppnislögum. Ekki þótti ástæða til þess að ákæra aðra en forstjórann en eins og greint var frá í Fréttablaðinu 1. febrúar á þessu ári höfðu 34 stöðu sakborninga er málið fór frá embætti ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara.

Samtals er ákæran í 27 liðum. Í fyrsta hluta ákærunnar, þar sem fjallað er um sammráð við gerð, ákærunnar er fjallað um samráð olíufélaganna vegna útboðs Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar, Ríkiskaupa, Útgerðarfélags Akureyringa og útboðs dómsmálaráðuneytisins, sem fram fóru 1996, auk útboðs Vestmannaeyjabæjar, Íslenska álfélagsins, sem voru 1997, og útboð Íslenska járnblendifélagsins hf. sem fór fram árið 2000.

Í öðrum hluta, þar sem nefnd eru brot tengd markaðsskiptingu, er fjallað um afgreiðslu flugvélaeldsneytis á Reykjavíkurflugvelli, sölu til erlendra skipa, samráð um skiptingu markaða eftir svæðum, markaðsskiptingu í Grindavík, á Ísafirði og Raufarhöfn; markaðskiptingu vegna sölu til SR-mjöls hf., markaðsskiptingu vegna sölu Sérleyfis- og hópferðabíla Keflavíkur og áhaldahúss Keflavíkur, markaðsskiptingu vegna viðskipta við Íslenska álfélagið hf., markaðsskiptingu vegna viðskipta við Kísiliðjuna við Mývatn og markaðsskiptingu vegna viðskipta við fyrirtæki Reykjavíkurborgar.

Í þriðja hluta ákærunnar, þar sem tiltekin eru brot vegna samráðs um verð á söluvörum og almenn viðskiptakjör, er fjallað um sölu til erlendra skipa, samráð um verðlagningu og sölu á fljótandi eldsneyti og öðrum olíuvörum, samráð um SD-olíu og svartolíu, samráð um verðlagningu og sölu á gasi, samráð um fyrirkomulag á afhendingu eldsneytistanka og tengds búnaðar til viðskiptavina og gjaldtöku vegna þessa, samráð um veitingu afsláttar til Björgunarbátasjóðs SVFÍ á Ísafirði, samráð tengd viðskiptum við Þormóð ramma hf., Hjarðarnesbræður ehf. og Granda hf., samráð gegn aðgerðum LÍÚ um að lækka verð á olíu til fiskiskipa, og samráð um skipti á upplýsingum um magn selds eldsneytis.

magnush@frettabladid.is




**SAMRÁÐ Á ÍSAFIRÐI** Í ákærunni er sérstaklega fjallað um markaðsskiptingu frá Ísafirði, þar sem myndin er tekin, í tíunda lið ákærunnar. Í ákærunni segir meðal annars að félögin hafi haft uppi „samstilltar aðgerðir um að skipta mörkuðum milli félaganna við sölu á smurolíu og fljótandi eldsneyti til viðskiptavina sinna á Ísafirði“. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Rokkað & ristað!




Brauðrist úr stáli og með FM útvarpi. Fallegt gamaldags útlit. Ristar samlokur og hitagrind fylgir með

Verslunin KAFFIBOÐ
Á horni Grettisgötu og Barónsstígs.
Sími: 562 1029
www.kaffibod.is


Stjórnarformaður Olís segir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur ekki fordæmisgefandi:

# Neitar samráði í öðrum málum

**DÓMSMÁL** Gísli Baldur Garðarsson, stjórnarformaður og lögmaður Olís, segir mál Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum vera sérstakt að því leyti að viðurkenning á samráði hafi legið fyrir. „Þetta tiltekna mál [Reykjavíkurborgar og Strætó bs. gegn olíufélögunum] er svolítið sérstakt því þetta er eina málið, af öllum þeim sem voru rannsökuð í umfangsmikilli rannsókn, þar sem fyrir lá að félögin höfðu viðurkennt samráð vegna tilboðs, sammælst um verð, og það kemur okkur því ekki á óvart að það þurfi að borga. Önnur mál eru ekkert lík þessu að því leyti til að lögfelld sönnun liggur ekki fyrir í þeim.“

*Hvað með samráð vegna útboðs Útgerðarfélags Akureyringa árið 1996, svo dæmi sé tekið, sem fjallað er um ítarlega í skýrslu Samkeppnisyfirvalda?* „Í því tilfelli var ekki um samráð að ræða.“

*Þú neitar því alfarið?* „Því hefur verið neitað já. Ég tel þennan dóm ekki vera fordæmisgefandi fyrir önnur mál sem hugsanlega koma til.“

Forstjórar olíufélaganna eru sérstaklega ákærðir fyrir samráð vegna útboðs Útgerðarfélags Akureyringa, nú Brims, árið 1996. Í ákærunni er sérstaklega fjallað um „tilraunir ákærðu til að ná samkomulagi um verð sem skyldu boðin á útboði Útgerðarfélags Akureyrar,“ eins og orðrétt segir í ákæru.

Gísli Baldur sagði niðurstöðu dómsins að nokkru leyti jákvæða en olíufélögin hafa þrjá mánuði til þess að áfrýja niðurstöðunni. „Í dómi er nefnd upphæð sem nemur um helmingi þeirra krafna sem gerðar voru, og það er í sjálfu sér ánægjulegt.“ - mh



**GÍSLI BALDUR GARÐARSSON**

Mikill munur á námsefni í kynfræðslu í Evrópulöndum:

# Þörf á frekari kynfræðslu í Evrópu

**DANMÖRK, AP** Sérfræðingar á heilbrigðissviði hvöttu í gær Evrópulönd til að auka kynfræðslu ungs fólks og sögðu gríðarlegan mun vera á þessu námsefni innan álfunnar. Kynfræðsla er skylduefni í skólum flestra landa, en ekki í Búlgaríu, Bretlandi, Póllandi og á Kýpur og Ítalíu.

„Við hvetjum löndin öll til að að sýna meiri áhuga á kynfræðslu,“ sagði Gunta Lazdane, talsmaður Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en stofnunin stóð, ásamt háskólanum í Lund í Svíþjóð og fleirum, að 94 síðna skýrslu um kynfræðslu í 26 Evrópulöndum. Þar er hvatt til þess að í kynfræðslu í skólum sé sinnt frekar upplýsingum sem geta hjálpað ungmennum að taka ákvarðanir sem varða kynlíf, en minna um kynsjúkdóma.

Á meðan kynfræðslu er vel tekið á Norðurlöndunum og í Hollandi, er almenningur mikið á móti henni í löndum svo sem Tékklandi, Þýskalandi, Írlandi og Póllandi.

„Áhrif trúar eru mun meiri í sumum löndum,“ sagði Vicky Clayes, sem vann að skýrslunni.

Íslensk ungmenni fara að stunda kynlíf yngst allra Evrópubúa, eða 15,7 ára. Slóvakar, aftur á móti, eru elstir Evrópubúa þegar þeir byrja að stunda kynlíf, eða 18 ára.

„Það er ekki aldurinn sem skiptir máli, heldur hvenær unga fólkið er tilbúið til þess,“ bætti Ladzane við. - smk



**ÁST OG KYNLÍF** Íslenskir unglingar byrja að stunda kynlíf yngstir allra Evrópubúa.

Ferðaþjónusta:

## Umfang ferðaþjónustu vex

**FERÐAÞJÓNUSTA Umfang ferðaþjónustu á Íslandi hefur vaxið margfalt meira á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta kemur fram í Norrænu tölfræðihandbókinni fyrir árið 2006.**

**Fram kemur að á síðustu tíu árum hefur gistinóttum hérlendis fjölgað um 85 prósent á meðan fjölgunin í löndunum í kringum okkur er um 20 prósent.**

**Ferðaþjónusta á Grænlandi og í Færeyjum hefur þó aukist hlutfallslega meira. Magnús Oddsson ferðamálastjóri segir þetta staðfesta hve miklum árangri íslensk ferðaþjónusta hefur náð erlendis. - hs**



**ÁNÆGÐ MEÐ JÓLATRÉÐ** Á hverju afgreiðsluborði er nú eitt lítið jólatré.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilur um jólatré:

## Starfsfólk greip til sinna ráða

**BANDARÍKIN, AP Harðar deilur hafa staðið um jólatré í flugstöðvarbyggingu við sameiginlegan alþjóðaflugvöll borganna Seattle og Tacoma í Bandaríkjunum. Flugvallaryfirvöld létu fjarlægja níu jólatré úr byggingunni eftir að gyðingur nokkur lagði fram beiðni um að fá að setja þar líka upp stóra sjö arma ljósastiku í tilefni af musterisvígsluhátíðinni, sem gyðingar halda um svipað leyti og kristnir menn halda jól.**

**Starfsfólk flugvallarins var þó engan veginn sátt við þessa niðurstöðu, safnaði í sjóð og keypti fullt af litlum jólatrjám sem sett voru upp á öll afgreiðsluborð vallarins. - gb**

Samsetning heimilissorps:

## Dagblöð 27% heimilissorps

**UMHVERFISMÁL** Dagblöð eru fyrirferðarmest alls sorps í heimilistunnum á höfuðborgarsvæðinu eða 27 prósent innihalds. Matarleifar eru 23 prósent og plastumbúðir 13 prósent. Þetta kemur fram í árlegri nóvemberkönnun Sorpu á samsetningu heimilissorps.

Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri Neyslu- og endurvinnslustöðvar á Umhverfissviði Reykjavíkur segir líklegt að allt að 62 prósent prentaðra dagblaða lendi í almennu sorpi en 37 prósent er skilað á grenndar- og endurvinnslustöðvar. Til samanburðar má geta þess að d

Danir ná að jafnaði um 50 prósentum af dagblöðum í endurvinnslu. - hs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með hafnaboltakylfu og hníf

Lögreglan á Akureyri fann hafnaboltakylfu og "butterfly-hníf" í bíl sem hún stöðvaði aðfaranótt þriðjudagsins. Fjórir piltar á þrítugsaldri voru í bílnum. Piltunum var sleppt að loknum sýnatökum og yfirheyrslum. Ökumaðurinn er grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna.

### Bílvelta í Borgarfirði

Bílvelta varð á miðnætti í fyrrinótt rétt ofan við Sveinatungu í Norðurárdal í Borgarfirði. Tvær stúlkur voru í bílnum og missti bílstjórinn stjórn á honum í hálku. Engan sakaði í slysinu en bíllinn er ónýtur.


ICEQ

MARKAÐURINN Í EINU KASTI




Ávöxtun einstakra hlutabréfa að teknu tilliti til arðgreiðslna og ICEQ á tímabilinu 31.12 2004 - 30.11 2006

ICEQ er frábær valkostur fyrir fjárfesta sem geta með einum viðskiptum eignast hlut í öllum félögunum í ICEX15. ICEQ sameinar kosti áhættudreifingar sjóða og einfaldleika viðskipta með hlutabréf í kauphöll. Frá stofnun ICEQ hefur sjóðurinn nánast tvöfaldast í ávöxtun.

Nánari upplýsingar um ICEQ í síma 444-7000 eða í næsta útbúi KB banka. Hægt er að eiga viðskipti með ICEQ hjá öllum fjármálafyrirtækjum sem hafa aðild að Kauphöll Íslands hf.

KB BANKI

ICEQ er Vísitölusjóður skv. Lögun nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Þessir sjóðir endurspegla eignasamsetningu viðmiðunarvísitölu sinnar hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra. Í tilviki ICEQ er viðmiðunarvísitala sjóðsins ICEX15-cap. Upplýsingar um ávöxtun verðbréfasjóða má finna á vefsíðu Lánstrausts, www.sjodir.is, sem er óháður aðili.

Opinn fundur:

FRAMTÍÐ KEFLAVÍKURFLUGVALLAR
– alþjóðaflugvöllur á tímamótum

Stjórn og Öryggisnefnd Félags íslenzkra atvinnuflugmanna boðar til opins fundar um framtíð Keflavíkurflugvallar á Hótel Nordica (sal HI) fimmtudaginn 14. desember kl. 14:00.

FÍA vill með þessum fundi leita svara við spurningum um ýmislegt er varðar flugöryggi og skipulag vallarins í náinni framtíð, eins og viðhald flugbrauta, aðflugsbúnað og neyðarviðbúnað.

*Framsögumenn:*
*Halldór Þ. Sigurðsson formaður FÍA*
*Sturla Böðvarsson samgönguráðherra*
*Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri Keflavíkurflugvallar*
*Jón Karl Ólafsson forstjóri Icelandair*
*Ásgeir Pálsson framkvæmdastjóri hjá Flugmálastjórn (Flugstoðum ohf)*
*Jóhannes Bjarni Guðmundsson varaformaður FÍA*

Fundarmönnum gefst kostur á að taka til máls og bera upp fyrirspurnir að loknum framsöguerindum.
FÍA vonast til að flugmenn og aðrir sem koma að starfseminni í Keflavík fjölmenni á fundinn.

FÉLAG ÍSLENZKRA ATVINNUFLUGMANNA



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000





Fyrrverandi einræðisherra:

## Dæmdur sekur um þjóðarmorð

**EÞÍÓPÍA, AP** Mengistu Haile Mariam, fyrrverandi einræðisherra í Eþíópíu, var á þriðjudag, ásamt félögum sínum, dæmdur sekur um þjóðarmorð og fleiri glæpi í réttarhöldum, sem haldin voru í Eþíópíu að honum fjarstöddum.

Mengistu býr í útlegð í Simbabve en Robert Mugabe forseti hefur lofað honum því að framselja hann ekki til Eþíópíu. Refsingin verður ákveðin 28. þessa mánaðar.

Mengistu steypti Haile Selassie keisara og ríkti með harðri hendi á árunum 1974 til 1991, þegar uppreisnarmenn steyptu honum af stóli.

Réttarhöldin snerust um morð á tvö þúsund manns í ógnarherferð á árunum 1977-78. **- gb**



**HLUTI SAKBORNINGA** Allir voru þeir dæmdir sekir um grimmdarverk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**NÝBÚAR Á ÍSLANDI** Misjafnt er hvort börn innflytjenda fá kennslu í móðurmáli sínu. Hlúð er að móðurmálinu með markvissum hætti í Kópavogi og að einhverju leyti í Reykjanesbæ en ekki annars staðar. Þessi börn fá móðurmálskennslu í Kópavogi.

# Börn nýbúa fá víða ekki móðurmálskennslu

**Misjafnt er hvort stóru sveitarfélögin standa að móðurmálskennslu hjá börnum nýbúa. Reykjavík býður ekki upp á móðurmálskennslu.**

**MENNTAMÁL** Kópavogsbær hefur kennt börnum fólks af erlendum uppruna móðurmál í sex ár. Nýbúadeild Hjallaskóla í Kópavogi hefur veitt börnunum móðurmálskennslu í átta tungumálum minnst þrjá tíma í viku fyrstu tvö árin. Eftir það fá þau móðurmálskennslu ef foreldrarnir óska eftir því.

Guðlaug Snorradóttir sérkennslustjóri segir að nýbúadeildin hafi þá stefnu að nemandinn fái kennslu í móðurmáli sínu og fái að viðhalda og þróa móðurmál sitt og menningu. Það sé brúin yfir í íslenskt samfélag.

Stærsta sveitarfélagið í landinu, Reykjavík, hefur ekki staðið að móðurmálskennslu fyrir börn nýbúa og ekki greitt fyrir slíka kennslu. Börn sem tala norsku eða sænsku geta þó valið þau mál í stað dönsku og enskumælandi börn geta fengið enskukennslu.

Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri í Reykjanesbæ, segir að pólsk börn hafi fengið móðurmálskennslu í tvo tíma á viku í nokkur ár á kostnað bæjarins. Einnig hafi verið kennsla í sænsku og norsku. Stundum hafi verið boðið upp á kennslu í öðrum málum en ekki lengur.

„Aðallega vegna þess að kennara er ekki að fá og eftirspurnin er ekki mikil. Grunnskólarnir hafa nýtt sér þjónustu Alþjóðahúss, einkum vegna Asíumálanna og unnið námsefni í samvinnu við deildir sem sérhæfa sig í kennslu innflytjenda. Hér eru börn með trúlega sextán til átján ólík móðurmál í grunnskólum og nær útilokað að bjóða öllum upp á sömu þjónustu sem til dæmis pólskættuðu börnin njóta, því miður," segir hann.

Gunnar Gíslason, deildarstjóri á Akureyri, segir að umræður hafi verið um að taka upp móðurmálskennslu fyrir nýbúabörn en ekki orðið af því. „Umræða hefur verið um það hvernig hægt væri að standa að henni. Kennara er oft ekki að fá í bænum og hafa því komið upp hugmyndir um fjarkennslu og er verið að skoða möguleika til þess."

Ekki hefur verið boðið upp á kennslu í móðurmáli fyrir börn nýbúa í Mosfellsbæ en Björn Þráinn Þórðarson fræðslustjóri segir að fylgst sé með þróuninni hjá öðrum sveitarfélögum. Ýmislegt sé til skoðunar.

Garðbæingar bjóða ekki upp á móðurmálskennslu en eru með málið í skoðun fyrir næsta ár. Hafnfirðingar hyggja á móðurmálskennslu eins og Fréttablaðið greindi frá nýlega. **ghs@frettabladid.is**

# Yfir 300 titlar á tilboðsverði!




Almennt verð: 4.980 kr.
Tilboðsverð: **3.730 kr.**




Almennt verð: 3.980 kr.
Tilboðsverð: **2.980 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: **3.490 kr.**




Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: **3.490 kr.**




Almennt verð: 5.980 kr.
Tilboðsverð: **4.480 kr.**




Almennt verð: 5.980 kr.
Tilboðsverð: **4.480 kr.**




Almennt verð: 4.690 kr.
Tilboðsverð: **3.490 kr.**




Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: **3.740 kr.**




Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: **3.360 kr.**




Almennt verð: 2.990 kr.
Tilboðsverð: **2.240 kr.**




Almennt verð: 11.980 kr.
Tilboðsverð: **9.580 kr.**




Almennt verð: 3.780 kr.
Tilboðsverð: **2.790 kr.**

Skiptimiðinn
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 15. janúar 2007.*

**Tilboðið gildir til 18. desember 2006**

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA


THIS
STOCKING
BELONGS TO



# JÓLASTEMNING Í SMÁRALIND

**Við bjóðum upp á dúndrandi jólastemningu í Smáralind með frábærri dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Auk þess eru allar búðir troðfullar af jólavörum. Komdu og upplifðu jólin í Smáralind!**

---

**Fimmtudagur 14. des.**
**Jólaævintýri** í Vetrargarðinum kl. 17.00

**Föstudagur 15. des.**
**Jólaævintýri** í Vetrargarðinum kl. 17.00

**Laugardagur 16. des.**
**Skólahljómsveit Kópavogs** spilar í Vetrargarðinum kl. 13.00
**Jólaævintýri** í Vetrargarðinum kl. 14.00
**Jólaævintýri** í Vetrargarðinum kl. 17.00

**Sunnudagur 17. des .**
**Úrslit í Piparkökuhúsaleik Kötlu** fyrir framan Vero Moda á 1. hæð kl. 15.00
**Jólaball SOS** fyrir framan Debenhams á 1. hæð kl. 15.30
**Jólaævintýri** í Vetrargarðinum kl. 17.00

## OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22

*Taktu mynd af barninu þínu með Gáttaþef eftir sýningu á Jólaævintýri í Vetrargarðinum!*

Opið til kl. 22 til jóla. Þorláksmessu til kl. 23
Sími 528 8000 / smaralind.is





**SPORVAGN Í PARÍS** Nýr sporvagn sem brátt mun renna um götur Parísar sést hér í smiðju í borginni í vikunni. Frá og með 19. desember munu sporvagnar þjóna íbúum þriggja hverfa í París í fyrsta sinn frá árinu 1937. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ahmadinejad spáir því að Ísraelsríki verði brátt „þurrkað út“:

# Írönsk stjórnvöld fordæmd á Vesturlöndum

**ÍRAN, AP** „Mér finnst þetta hreinlega ótrúlegt,“ sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, um tveggja daga ráðstefnu í Íran, sem lauk í gær, þar sem viðraðar voru efasemdir um að helför gyðinga á tímum nasista hafi nokkurn tímann átt sér stað.

„Ég meina, að bjóða fyrrverandi leiðtoga Ku Klux Klan á ráðstefnu í Teheran þar sem efast er um að milljónir manna hafi dáið í helförinni,“ hélt Blair áfram. „Þurfa menn frekari sannanir fyrir því að þessi ríkisstjórn sé öfgakennd?“

Ummæli Blair eru nokkuð dæmigerð fyrir viðbrögð á Vesturlöndum við þessu uppátæki stjórnvalda í Íran. Ekki síst hafa viðbrögðin verið hörð í Þýskalandi, Austurríki og Frakklandi, en í þessum þremur ríkjum er hreinlega bannað með lögum að draga opinberlega í efa að helförin hafi átt sér stað.

Bandaríkjastjórn fordæmdi einnig stjórnvöld í Íran og sagði ráðstefnuna vera „ögrun við hinn siðmenntaða heim.“

Í ræðu sinni á ráðstefnunni spáði Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, því að Ísraelsríki yrði „bráðlega þurrkað út með sama hætti og Sovétríkin, og þá öðlast mannkynið frelsi.“ Þessum ummælum var ákaft fagnað með lófataki í ráðstefnusalnum, en ráðstefnuna sóttu nærri sjötíu manns frá þrjátíu löndum. **- gb**



**ÆÐSTIKLERKUR ÍRANS ÁSAMT TVEIMUR RÁÐSTEFNUGESTUM** Til ráðstefnunnar í Teheran mætti hópur gyðinga, sem er á móti því að þjáningar gyðinga í helförinni séu notaðar til þess að réttlæta tilveru og framferði Ísraelsríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EINAR BIRGIR STEINÞÓRSSON** Uppbygging á afreksíþróttasviði er byrjuð í Flensborg, að sögn skólameistarans Einars Birgis Steinþórssonar.

Flensborgarskóli:

## Svið fyrir afreksíþróttamenn

**HAFNARFJÖRÐUR** Flensborgarskólinn í Hafnarfirði byrjaði í haust með íþróttaafreksssvið sem tengist öllum brautunum í skólanum. Sviðið er byggt upp í samvinnu við íþróttafélögin í bænum.

Tuttugu og fimm körfuboltakrakkar úr Haukum og handboltamenn úr FH byrjuðu nám á sviðinu í haust. Um áramótin verður þessi starfsemi hugsanlega víkkuð út.

Einar Birgir Steinþórsson, skólameistari í Flensborg, segir að sviðið sé byggt upp þannig að krakkar sem leggja gríðarlega mikið á sig í íþróttum og eru afreksmenn þar njóti þess í náminu svipað og gerist í nágrannalöndunum. **- ghs**

# Hlöllabátum fórnað til að rýma fyrir Zimsenhúsinu?

**Minjavernd hf. hefur sett fram tillögur um nýjan stað fyrir Zimsen húsið úr Hafnarstræti. Ein tillagan er að hús Hlöllabáta á Ingólfstorgi verði rifið til að rýma fyrir Zimsen. Skelfilegt, segir eigandi Hlöllabáta.**

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirtækið Minjavernd hefur lagt fram sex tillögur um nýja staðsetningu fyrir Zimsenhúsið sem áður var í Hafnarstræti.

Fyrsta tillaga Minjaverndar er að Hlöllabátar og ísbúð á Ingólfstorgi verði rifin og Zimsen húsinu komið fyrir þar.



**ÞORSTEINN BERGSSON** Framkvæmdastjóri Minjaverndar hf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Sú starfsemi gæti flust inn í húsið ef vill en að öðru leyti nýttist það fyrir verslun eða þjónustu. Kostir eru meðal annars þeir að auka skjól á Ingólfstorgi en galli að kaupa þyrfti upp fyrirliggjandi eignir eða útvega viðkomandi rekstri endurgjaldslaust húsnæði í staðinn,“ segir Minjavernd.

„Þetta hljómar skelfilega. Húsin eru ekki til sölu,“ segir Sigurður H. Garðarsson, sem á bæði rekstur Hlöllabáta og ísbúðarinnar og fasteignirnar sjálfar, aðspurður um hvernig honum lítist á hugmyndir Minjaverndar.



**HLÖLLABÁTAR** Hús Hlöllabáta var byggt árið 1994. MYND/ÞÖK

Athyglisvert er að Minjavernd ræddi ekki við Sigurð um málið áður en hugmyndir fyrirtækisins voru lagðar fyrir borgaryfirvöld. Ef menn eru með svona hugmyndir þá eiga þeir náttúrulega að tala við mann áður en þeir fara lengra með þær,“ segir Sigurður sem hafði ekki heyrt um hugmyndir Minjaverndar fyrr en Fréttablaðið færði honum tíðindin. „Maður er bara heppinn að sitja.“

Minjavernd telur bílastæði við Grófina vera aðgengilegustu staðsetninguna fyrir Zimsenhúsið. Það er í eigu borgarinnar sjálfra. „Það styður ágætlega önnur hús sömu kynslóðar í kring,“ segir Minjavernd um þá lóð.




**ZIMSEN HÚSIÐ** Hið sögufræga hús var flutt í byrjun maí til tímabundinnar geymslu út á Granda. MYND/ARNÓR

Hinir fjórir staðirnir sem Minjavernd nefnir eru sunnanvert við Ingólfstorg, Viðey, horn Bergstaðastrætis og Spítalastígs og í núverandi götustæði við Grófina 1.

Tillögur Minjaverndar voru ræddar á síðasta fundi stjórnar skipulagssjóðs Reykjavíkur. Á fundinum kom fram að Minjavernd væri ekki ein um áhuga á húsinu. Lýsti stjórnin jafnframt vilja sínum til þess að í húsinu yrði áfram verslunarrekstur. **gar@frettabladid.is**






**FAGNAR SAMÞYKKT** Charlie McCreevy, sem fer með málefni innri markaðar Evrópu í framkvæmdastjórn ESB, sagðist hafa eitt orð að segja er þjónustutilskipunin var loks komin alla leið í gegnum löggjafarferli ESB: „Halelúja“. NORDICPHOTOS/AFP

Þjónustutilskipun ESB endanlega samþykkt:

## Tekur líka gildi hér

**BRUSSEL, AP** Ráðherraráð Evrópusambandsins hefur lagt lokablessun sína yfir svonefnda þjónustutilskipun sambandsins. Nú hafa aðildarríkin 25 þrjú ár til að innleiða tilskipunina í landslög. Það sama gildir um EFTA-ríkin í Evrópska efnahagssvæðinu, Ísland, Noreg og Liechtenstein.

Þjónustutilskipunin á að auðvelda þjónustuviðskipti yfir innri landamæri EES-svæðisins. Með gildistökunni er vonast til að samkeppni aukist og mörg ný störf skapist, en nærri sjötíu prósent allra launþega á EES-svæðinu starfa í þjónustugreinum.

Þessi áhrif verða þó minni en upprunalega var stefnt að, þar sem ýmsar þjónustugreinar verða undanskildar, svo sem heilbrigðisþjónusta, flest fjármálaþjónusta við einstaklinga, almenningssamgöngur, ljósvakamiðlun og öryggisþjónusta, auk þess sem ráðstafanir verða gerðar til að vinna gegn meintum félagslegum undirboðum. Vegna pólitískrar andstöðu í ýmsum Vestur-Evrópulöndum var fallið frá því að þjónustuveitendur mættu starfa í öðru landi á EES-svæðinu samkvæmt reglum heimalandsins. **- aa**



# **Sett** kynnir **vönduð** húsgögn á sannkölluðu **jólaverði**

kr. 261.700.-

**CALIA**ITALIA SÓFASETT 3+2

Vandað og afar glæsilegt sófasett alklædd hágæða ítölsku leðri. Einnig er hægt að fá stóla í þessu sama módeli. Fáanlegur í dökkbrúnu og beige.



Ný sending af svefnsófum. Komdu við og skoðaðu úrvalið.

kr. 89.900.-

**PREMIUM** SVEFNSÓFI

Vandaður svefnsófi með heilsudýnu og Microfiber áklæði. Hlífðardýna fylgir með. Veldu aðeins það besta fyrir þína gesti.
**Stærð dýnu:** 140 x 200 sm



kr. 99.900.-

**JANE** TUNGUSÓFI

Notalegur tungusófi sem hentar fyrir framan sjónvarpið. Fáanlegur í dökku og ljósu.




kr. 49.900.-

**MEGAN** HÆGINDASTÓLL

Þægilegur hægindastóll klæddur vönduðu ítölsku leðri. Rafmagnsnuddstóll með mörgum stillingum. Er einnig fáanlegur með Microfiber áklæði **(kr. 43.900.-).**



TORKELSON

**TORKELSON** BORÐSTOFUSETT

Stílhrein og falleg sænsk borðstofuhúsgögn úr eik og hnotu. Þetta eru gegnheil gæði á góðu verði.



VISCOLEX

**VISCOLEX** YFIRDÝNA Á **ÓTRÚLEGU** VERÐI

Hágæða yfirdýna sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Með því að nota Viscolex yfirdýnuna verður gamla dýnan eins og ný - jafnvel betri.

Bjóðum einnig Viscolex heilsukodda á aðeins **kr. 4.900.-** en þeir hafa slegið rækilega í gegn hjá okkur.



VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

SETT

HÚSGAGNAVERSLUN

OPNUNARTÍMI: **MÁNUD - FÖSTUD** 11:00 - 18:00 **LAUGARDAGA** 11:00 - 18:00 **SUNNUDAGA** 13:00 - 18:00

SETT HÚSGAGNAVERSLUN • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 534 1400 • WWW.SETT.IS

kaldaljós 2006



**FLÓÐ Í SVÍÞJÓÐ** Starfsfólk málningarvörubúðar í Molndal utan við Gautaborg styrkir flóðvarnargarð við búðina. Miklir vatnavextir eru nú í suðurhluta Skandinavíu vegna rigninga.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hundrað krónur af hverju taudýri Ikea renna í góðgerðarstarf:

# Taudýrin styðja við Barnaheill

**SÖFNUN** Eitt hundrað krónur af hverju taudýri sem selst í verslun IKEA fram að jólum, renna óskiptar til samtakanna Barnaheilla og þannig er viðskiptavinum verslunarinnar gefinn kostur á að styrkja samtökin.

Barnaheill hafa starfað síðan árið 1989 og eru félagsmenn nú um 20.000. Samtökin eru hluti af alþjóðlegu hreyfingunni Save the Children Alliance og vinna að barnavernd ýmiss konar með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Til verkefna samtakanna má telja forvarnarstarf og baráttu gegn ofbeldi og hvers konar misbeitingu á börnum. - kóþ




**SAMNINGURINN HANDSALAÐUR** Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, sést hér handsala samninginn við Petrínu Ásgeirsdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla.
FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSENT

Minjar úr þrælastríðinu:

# Gömul sprengja sprengd í hvelli

**BANDARÍKIN, AP Sprengja frá tímum borgarastríðsins í Bandaríkjunum, sem háð var á árunum 1861 til 1865, fannst á þriðjudaginn við byggingaframkvæmdir í borginni Richmond í Virginíuríki í Bandaríkjunum.**

**Lögregla lokaði fjölfarinni götu í um það bil tuttugu mínútur meðan sprengjan var eyðilögð og fjarlægð. Ekki var hægt að sjá á sprengjunni hvort hún væri enn virk, þannig að ákveðið var að sprengja sprengjuna.**

**Hár hvellur heyrðist sem setti af stað viðvörunarbúnað í nærliggjandi bifreiðum.**

- gb

Minnihlutinn í Reykjanesbæ:

# Kosningavíxill fellur á íbúana

**REYKJANESBÆR** Fulltrúar Samfylkingar og Framsóknar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar segja endurskoðaða fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2006 sýna að áætlanir sjálfstæðismanna hafa í engu staðist.

„Rekstrarniðurstaða sem átti að vera jákvæð um 10 milljónir er orðin neikvæð um 340 milljónir,“ segja fulltrúar minnihlutans sem telja vinnubrögð meirihluta Sjálfstæðisflokks verða til þess að skuldir sveitarfélagsins aukist sífellt.

Fjárhagsáætlun sem sjálfstæðismenn lögðu fram í upphafi síðustu kosningabaráttu segj fulltrúar minnihlutans að hafi verið kosningavíxill sem íbúar Reykjanesbæjar þurfi nú að súpa seyðið af.

- gar

Landlæknir telur að gæta verði að réttri tímasetningu þegar ný og mjög dýr lyf eru tekin í notkun:

# Fjármagnið þarf að nýta öllum til góða

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknir telur að lyfjamál innan Landspítalans séu í eðlilegum farvegi og gæta verði að réttri tímasetningu þegar ný lyf eru tekin í notkun. Bæði fjárhagslegar ástæður og öryggi krefjist þess að rökstutt álit sérfræðinga liggi fyrir áður en ný og dýr lyf eru nýtt til meðferðar. Um sé að ræða heilsuhagfræðilegt atriði sem snýst um að nýta sem best það fjármagn sem til staðar er.



**MATTHÍAS HALLDÓRSSON LANDLÆKNIR**

Matthías Halldórsson landlæknir segir umræðuna um ný lyf, eins og umræðuna um ný krabbameinslyf á Landspítalanum að undanförnu, hafa komið upp um allan heim. „Sú umræða snýst oft um einstök tilvik þar sem einstaklingur lætur lífið vegna þess að talið er að hann hafi ekki fengið rétt lyf eða að lyf séu of dýr.“ Hann minnir á að stjórn þarf að hafa á lyfjaútgjöldum eins og öðrum útgjöldum. „Það er ekki nóg að lyf hafi einhvern ágóða fyrir sjúklinginn heldur verða þau að hafa mikinn ágóða. Höfum hugfast að taka þarf peningana einhvers staðar frá og þá verður að gæta þess að fjármagn sé ekki tekið frá úrræðum sem myndu gefa meiri heilsu. Þetta er því heilsuhagfræðilegt atriði sem snýst um að nýta sem best það fjármagn sem er til staðar.“

Sigurður Björnsson, yfirlæknir á lyflækningadeild krabbameina á LSH, hefur gagnrýnt skrifræði innan spítalans þegar kemur að lyfjamálum. Hann telur klínískar leiðbeiningar, sem eru forsenda þess að ávísa megi sjúkrahúsamerktu lyfi, óþarfar því viðkomandi lyf hafi sannað sig í rannsóknum erlendis. Hann gagnrýnir einnig að læknir þurfi að sækja um leyfi til yfirlæknis deildar lyfjamála fyrir hvern sjúkling eftir að leiðbeiningarnar liggja fyrir.

„Það er eðlilegt og sjálfsagt að læknirinn berjist eins og hann getur fyrir sinn sjúkling svo að hann fái sem besta meðferð. En við þurfum forgangsröðun og til þess þarf stjórntæki. Því er ekkert athugavert við að val lækna á lyfjum fari fyrir nefnd eða annan aðila sem getur gefið rökstutt álit“, segir Matthías.

Jóhannes M. Gunnarsson, lækningaforstjóri LSH, benti á í viðtali við Fréttablaðið að mörg ný lyf væru væntanleg á markað á næstu misserum sem verður gríðarlega kostnaðarsamt fyrir stofnunina að taka til notkunar. Matthías telur að þau komist í notkun hér en gæta þurfi að tímasetningunni, bæði í fjárhagslegum skilningi og þegar horft er til öryggisþátta.



**LANDSPÍTALINN** Landlæknir telur lyfjamál spítalans í réttum farvegi. Stíga verði varlega til jarðar þegar ákveðið er að taka ný og dýr lyf til notkunar.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

svavar@frettabladid.is



Aðstoð við þróunarlönd:

# Frægir Danir velji viðtakendur

**DANMÖRK** Frægir Danir verða látnir velja þau Afríkulönd sem munu hljóta þróunarhjálp frá Danmörku frá og með miðjum desember. Tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að eingöngu sérfræðingar séu fulltrúar þróunarhjálpar Danmerkur, kom fram á fréttavef danska blaðsins Politiken.

Talsmenn hjálparstofnana segja ákvörðunina afar ósmekklega, en þróunarmálaráðherra Danmerkur, Ulla Tørnæs, segist ekki skilja gagnrýni þeirra. „Danskar hjálparstofnanir nýta sjálfar frægt fólk til að vekja athygli á starfi sínu,“ sagði Tørnæs. - smk

Hátt á þriðja þúsund atvinnuleyfa voru gefin út fyrstu tíu mánuði þessa árs:

# Misbrestur á skráningum

**ATVINNUMÁL** Alls var 2.771 atvinnuleyfi gefið út fyrstu tíu mánuði þessa árs og var stærstur hlutinn veittur fyrir 1. maí þegar reglur um atvinnuleyfi giltu einnig um íbúa hinna nýju ríkja Evrópusambandsins. Reikna má með að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði séu nú yfir fimmtán þúsund. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri talningu Vinnumálastofnunar á erlendu starfsfólki á íslenskum vinnumarkaði.



GISSUR PÉTURSSON

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir erfitt að henda reiður á öllum þeim fjölda sem hingað komi til starfa, þar sem þeir sem stundi vinnu í skamman tíma hér á landi þurfi ekki kennitölur. Gissur segir misbrest hafa verið á því að fyrirtæki tilkynntu erlent vinnuafl frá hinum átta nýju ríkjum Evrópusambandsins en samkvæmt lögum ber að tilkynna Vinnumálastofnun um starfsfólk frá þessum löndum innan tíu daga. Þessi ríki eru Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Slóvenía, Slóvakía, Tékkland og Ungverjaland.

Gert var verulegt átak í að upplýsa atvinnurekendur um skyldur þeirra til skráningar og í lok október höfðu 2.181 verið skráður frá þessum löndum.

Vinnumálastofnun áætlar að erlendir starfsmenn á vegum starfsnannaleiga séu um 800 um þessar mundir. - hs

Tvöföldun Vesturlandsvegar:

# Ákveðið að ræða við Spöl

**SAMGÖNGUR Stjórn Samtaka sveitafélaga á Vesturlandi ætlar að kanna möguleika á að tvöföldun Vesturlandsvegar frá Reykjavík í Borgarfjörð verði að hluta til eða öllu leyti í einkaframkvæmd.**

**Í kjölfar umræðunnar um tvöföldun Suðurlandsvegar á síðustu dögum hefur umræðan um endurbætur á Vesturlandsvegi aukist og bent hefur verið á að banaslys á Vesturlandsvegi hafi verið fleiri en á Suðurlandsvegi. Stjórn Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi ákvað á fundi að hefja viðræður við Spöl um mögulega aðkomu að tvöföldun Vesturlandsvegar frá Reykjavík að Bifröst.** - hs

Samgöngur:

# Standflutningar hefjast á ný

**NEYTENDAMÁL Stjórn Neytendasamtakanna fagnar því að nú sé skipafélag að hefja strandflutninga á vörum á ný. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir ljóst að strandflutningar muni létta á umferðarþunga stórra flutningabíla á þjóðvegunum. Þá fagna Neytendasamtökin því að í drögum að samgönguáætlun skuli jafnræðis gætt við gjaldtöku ólíkra samgöngugreina og leggja áherslu á að þessu verði meðal annars náð með lækkun á gjaldtöku vegna vöruflutninga með skipum.** - hs



JÓHANNES GUNNARSSON

Ný norsk rannsókn á dómkirkjunni í Niðarósi og láti Ólafs helga Tryggvasonar:

# Snorri hafði rangt fyrir sér

**NOREGUR** Snorri Sturluson hafði rangt fyrir sér. Niðaróskirkjan var ekki byggð yfir upprunalega gröf Ólafs helga Tryggvasonar og því verður að endurskrifa sögu dómkirkjunnar. Þetta er niðurstaða fornleifafræðingsins Øystein Ekroll sem í þrjú ár hefur grúskað í ritum Snorra, segir í frétt Aftenposten í gær.

„Ég hef rannsakað gamlar „staðreyndir“ í ljósi fornleifafunda sem uppgötvast hafa á síðustu tíu árunum, sem hefur gert mér kleift að komast að nýjum niðurstöðum,“ segir Ekroll, sem mun birta niðurstöður rannsóknar sinnar í þessari viku. „Margar þessara „staðreynda“ reynast vera rangar. Dómkirkjan og háaltari kirkjunnar var aldrei byggt yfir gröf Ólafs helga, líkt og stendur í Snorra.“

Árið 1230 hagræddi Snorri vísvitandi staðreyndum og ritaði að þáverandi eina dómkirkja Noregs væri byggð á gröf Ólafs helga. Sagan segir að Ólafur helgi hafi verið grafinn á sandmel nokkrum, en Niðaróskirkjan stendur á leirgrunni. Fornleifarannsóknir hafa jafnframt leitt í ljós að kirkjan hafi verið reist nærri Niðarnesbænum.

„Þeir sem vildu grafa kistu Ólafs með leynd, völdu varla, í ljósri þrándheimskri sumarnótt, hæsta og sýnilegasta punktinn á svæðinu.... Það getur ekki verið að kista látins konungs hafi verið grafin í miðju slíku svæði, þar sem byggingar stóðu og mikill erill manna,“ segir Ekroll. „Það er mun líklegra að upprunalega gröfin hafi verið við Niðará.“

Ekroll telur líklegt að valdamenn innan hirðarinnar eða kirkjunnar hafi fyrirskipað Snorra að falsa staðreyndir, líklega til að hækka kirkjuna í Niðarósi í sessi. - smk



SNORRI STURLUSON Norskur fornleifafræðingur hefur sýnt fram á að Snorri hafi greint rangt frá gröf Ólafs helga.

Þjóðarútgjöld:

# Jukust meira en framleiðslan

**LANDSFRAMLEIÐSLA** Landsframleiðsla Íslendinga á þriðja ársfjórðungi 2006 er talin hafa vaxið um 0,8 prósent að raungildi á þessum ársfjórðungi miðað við þriðja ársfjórðunginn á árinu 2005.

Þjóðarútgjöld jukust hinsvegar meira eða um 2,4 prósent og var því enn halli í viðskiptum við útlönd.

Þetta kemur fram í Hagtíðindum í efnisflokknum þjóðhagsreikningar um landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi 2006.

Á vef Hagstofunnar segir að árstíðaleiðrétt landsframleiðsla hér á landi sýni 0,3 prósenta vöxt frá fyrra ári en frá öðrum til þriðja ársfjórðungs þessa árs standi framleiðslan nánast alveg í stað. - ghs

STARFSMENNTA VERÐLAUNIN

Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU

„Það er ekki sjálfgefið að fyrirtæki bjóði starfsfólki sínu upp á starfsmenntun, hvað þá að það sé þeim að kostnaðarlausu og á vinnutíma eins og raunin var hjá mér, auk launahækkunar að námi loknu. Stóriðjuskólinn á sér ekki hliðstæðu hérlendis, né meðal sambærilegra fyrirtækja úti í heimi.

Í stuttu máli tel ég mig vera víðsýnni og betri starfsmann að námi loknu og á auðveldara með að setja mig inn í hin ýmsu mál sem upp koma í vinnunni.

Ég tel að Stóriðjuskólinn sé vel að þessum verðlaunum kominn fyrir þetta lofsverða framtak sem á annað hundrað starfsmenn Alcan á Íslandi hafa fengið að njóta.“

**Benedikt Guðmundsson, starfsmaður í skautsmiðju Alcan í Straumsvík.**

Alcan á Íslandi hlaut Starfsmenntaverðlaun ársins 2006 í flokki fyrirtækja og félagasamtaka sem veitt eru af Mennt og Starfsmenntaráði, samstarfsvettvangi aðila vinnumarkaðarins, skóla á framhalds- og háskólastigi og sveitarfélaga. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar og fræðslumála og eru dýrmæt viðurkenning fyrir Stóriðjuskóla Alcan og starfsmannahald fyrirtækisins. Mælst er til þess að umsóknum um Starfsmenntaverðlaunin fylgi umsagnir meðmælanda. Starfsmenn Alcan lýstu reynslu sinni af námi við Stóriðjuskólann og gáfu fyrirtækinu leyfi til þess að nota umsagnirnar í kynningarefni sínu.

ALCAN



NÓATÚN
í 40 ár
Chester bitinn
á aðeins 99 kr.
Nóatúns Hamborgarhryggur
HREINDÝRALUNDIR
4.798 kr. kg
ANDABRINGUR
ÍSLENSKAR
2.990 kr. kg
RJÚPUR
1.198 kr. stk.
kók í gleri
12 í pakka
Gleðilega hátíð!
Coca-Cola
699 kr. pk.
NÓA KONFEKTKASSI nr. 7
470 G
1.599 kr. pk
FRÓN PIPARKÖKUR
Í POKA
449 kr. pk
VISA
ICELANDAIR
Tvöfaldir Vildarpunktar
í desember



Jólahefðir Nóatúns
NÓATÚN
Nýr og glæsilegur Jólabæklingur
kominn í verslanir!
Lambalæri
aðeins 798 kr. kg.
Úr Kjötborði Nóatúns
Eigðu örugg jól með kjöti frá Nóatúni!
GÆSA OG ANDABRINGUR
REYKTAR
998 kr. kg
KALKÚNN
FROSINN
799 kr. kg
GRÍSABÓGUR
HRINGSKORINN
599 kr. kg
10% afsláttur
1944
4. TEG
GRÍSAHRYGGUR
MEÐ PÖRU
1.198 kr. kg
HÚSAVÍKUR KJÖT
HÚSAVÍKUR HANGILÆRI
Á BEINI
1.798 kr. kg
SS LAMBALÆRI
FIMMBERJA
1.998 kr. kg
Verði ykkur að góðu!



**SPENNAN LIGGUR Í LOFTINU** Eins og jafnan þegar hátíðisdagar eru haldnir fyllast börnin eftirvæntingu. Þessir krakkar sátu íklæddir þjóðlegum klæðnaði á tröppum dómkirkjunnar í Apatzingan á þriðjudaginn þegar Mexíkóar héldu upp á dag meyjarinnar frá Guadalupe, sem er ein stærsta hátíð ársins þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BURÐAST MEÐ LÍKNESKI KRISTS Á KROSSINUM** Einn pílagrímanna í Mexíkóborg hafði meðferðis þessa eftirmynd frelsarans. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Mexíkóar minntust meyjarinnar frá Guadalupe

**MEXÍKÓ, AP** Á þriðjudaginn var mikil hátíð í Mexíkó á degi Maríu meyjar frá Guadalupe. Milljónir manna streymdu út á götur Mexíkóborgar og annarra borga landsins til þess að halda daginn hátíðlegan.

Mærin frá Guadalupe er verndardýrlingur allrar rómönsku Ameríku, en langsamlega vinsælust þó í Mexíkó þar sem hún á sterkari ítök í landsmönnum en nokkurt annað trúartákn.

Mærin frá Guadalupe er dökk á hörund og hún birtist fyrst indíána að nafni Juan Diego á Tepeyac-hæð skammt frá Mexíkóborg árið 1531, en þá höfðu Spánverjar nýverið kynnt fyrir innfæddum helstu atriði kaþólskrar trúar.

Sagan segir að María mey hafi birst Juan Diego og beðið hann um að reisa kirkju á hæðinni. Þegar biskupinn á staðnum reyndist tregur til að samþykkja slíka framkvæmd birtist mynd af meyjunni á klæði Diegos, og það dugði til þess að sannfæra biskup.

Þetta klæði með myndinni er enn geymt í kirkju meyjarinnar helgu í Mexíkóborg.

Á þriðjudaginn er talið að rúmlega fimm milljónir manna hafi komið akandi, gangandi og jafnvel skríðandi til kirkjunnar, sem er einn mesti helgidómur landsins. Margir komu frá fátækum þorpum víða um land og höfðu jafnvel gengið dögum saman til þess að komast á leiðarenda.

Um 2.600 pílagrímar leituðu sér lækninga í kirkjunni, flestir við minni háttar krankleika af ýmsu tagi, en ein kona fæddi barn á tröppum kirkjunnar, samkvæmt frásögn mexíkósku fréttastofunnar Notimex.

Rithöfundurinn Octavio Paz sagði einhverju sinni að eftir tveggja alda tilraunir hafi Mexíkóar komist að þeirri niðurstöðu að trúa á aðeins tvennt í heimi, nefnilega meyna frá Guadalupe og ríkishappdrættið. - gb








**MANNFJÖLDINN** Þessi mynd var tekin við kirkju meyjarinnar frá Guadalupe í Puerto Vallarta í Jalisco-héraði þar sem þúsundir manna héldu daginn hátíðlegan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Harðir pakkar
á hagstæðu verði
Frábærar gjafir fyrir iðnaðarmenn og aðra handlagna
Kr. 3.498,-
NOVA 18V Batterísborvél + 3,6V Skrúfvél, borar og skrúfbitar
Kr. 3.498,-
NOVA Batterísborvél 18V + 91 stk. verkfæri
Kr. 3.498,-
Verkfærasett 133 hlutir með borvél
Kr. 575,-
4 tangir
Kr. 1.295,-
NOVA 4,8V Skrúfvél og skrúfbitar
Kr. 1.245,-
Verkfærasett. 55 hlutir
Kr. 750,-
Ranatool skrúfjárnasett
Kr. 1.965,-
Verkfærasett 33 hlutir
Kr. 1.495,-
Ljóskastari 500w
Kr. 1.480,-
Verkfærasett, 84 hlutir
Kr. 475,-
Verkfærasett 5 hlutir
Kr. 3.780,-
Einhell slípirokkur
Kr. 276,-
Wolfcraft klemma
Kr. 914,-
Uppblásin snjóþota
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Kr. 11.495,-
Leo heimilisryksuga
SNOW RAGE
Kr. 3.875,-
Bosch Skrúfvél 3,6v
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
Opið mán. - fös. kl. 8-18, laugardaga 9-15
Akureyri - Húsavík
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

„ORÐRÉTT“

*Ómönnuð umönnun*

**„Það er oft rosalega undirmannað á svona stöðum og ef það væri meira af starfsfólki væri líka hægt að sinna andlegu hliðinni og ekki bara búa um og skipta á.“**

HAFDÍS VÍGLUNDSDÓTTIR HEILBRIGÐISSTARFSMAÐUR RÆÐIR ÞJÓNUSTU Á ELLIHEIMILUM ÞAR SEM HÚN HEFUR STARFAÐ.

Fréttablaðið, 13. desember

*En hvað er þá klukkan?*

**„Við leggjum upp með það að úrin séu tímalaus og klassísk fyrir kröfuharða viðskiptavini.“**

JÚLÍUS STEINAR HEIÐARSSON, EINN EIGENDA JS WATCHCOMPANY REYKJAVÍK, TALAR UM SJÁLFTREKKT GANGVERK.

Morgunblaðið, 12. desember

nær og fjær

tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HAFDÍS HREIÐARSDÓTTIR RÚSSNESKUFRÆÐINGUR OG ROKKARI

# Vill flytja til Hvalfjarðar



„Ekki taka af mér símann Kári,“ segir Hafdís Hreiðarsdóttir, söngkona Dýrðarinnar, í símann, en hún er nú í fæðingarorlofi. Nýlega hefur einnig annar frumburður orðið til, fyrsta plata hljómsveitarinnar Dýrðarinnar. Hljómsveitina skipa, ásamt Hafdísi, bróðir hennar Einar, Tóti úr Vonbrigðum og kerfisrekstarfræðingurinn Maggi, en platan er gefin út af bandaríska fyrirtækinu Skipping Stone. „Maggi hefur ekki enn þorað að spyrja hvernig hún selst í Bandaríkjunum, en það eru alltaf að koma inn nýir dómar, næstum allir góðir.“ Dýrðin heldur útgáfutónleika á Barnum á föstudag og eru þeir öllum opnir. „Við höfum ekkert spilað síðan á Airwaves, hljómborðsleikarinn er á kafi í prófum í Kennó og ætlar að verða leikskólakennari eins og allir þessir popparar. En við fórum til Bandaríkjanna fyrir tveimur mánuðum og spiluðum í Northhampton og New York.“

Hafdís er rússneskufræðingur og margmiðlunarsérfræðingur en er ekki viss um hvað skuli gera þegar leyfi lýkur. „Sælan er að verða búin. Nema ég flytji til Hvalfjarðar, en ég var að heyra að þar væri fólki boðin laun fyrir að vera heima með börnin. Karlinn vill flytja til Svíþjóðar, en ég er ekki viss hvort það sé vegna alvöru aðdáunar á Svíum eða bara kaldhæðni.“

Hafdís Hreiðarsdóttir úr Dýrðinni.

## HJÓLAJÓL EÐA GUL JÓL:

### HVAÐ MERKIR ORÐIÐ JÓL?



■Sumir telja orðið jól vera komið af orðinu hjól, og tákni orðið því þann tíma þegar hringrás, eða hjól ársins, hefjist á nýtt. Mun líklegra er þó að það sé komið af orðinu geól, sem merkir gulur, og er það vísun í hátíð ljóssins, enda sá árstími þegar árið lengist á ný. Þessi skyldleiki sést meðal annars í dönsku og norsku, þar sem orðin „gul“ og „jul“ eru afar svipuð.

## SJÓNARHÓLL

SKÓLAMÁLTÍÐIR

### *Íslensk börn fái frían mat*



**MARGRÉT KRISTJÁNSDÓTTIR**
Fyrrum yfirmaður í mötuneyti

Margréti Kristjánsdóttur, matartækni og fyrrum yfirmanni í mötuneyti grunnskóla í höfuðborginni, fannst skrítið að sjá fréttir af því að ríkisstjórnin ætli að veita 220 milljónum króna til að greiða fyrir skólamáltíðir 45.000 barna í Afríku næstu tvö árin. „Íslensk börn búa ekki við þessi forréttindi að fá frían mat. Mér finnst eðlilegt að við byrjum á því að greiða fyrir skólamáltíðir íslenskra barna áður en við förum að laga til úti í heimi,“ segir Margrét. Margrét hefur unnið í tveimur mötuneytum og segir hún að nokkuð hafi verið um að það að börn hafi ekki átt peninga til að kaupa sér mat í mötuneyti skólans. „Það var ekki algengt en ég sá nokkur börn sem hreinlega brotnuðu saman og grétu yfir því að eiga ekki pening fyrir mat.“ Margrét telur að hugsanlega séu þau rúmlega 4.600 börn sem rannsóknir sýna að búa við fátækt á Íslandi, þau sem ekki geta keypt sér mat í skólunum. „Öll íslensk börn eiga að fá frían mat í skólanum,“ segir Margrét og bætir því við að nokkrir sem hún talaði við í gær hafi hugsað það sama og hún þegar þeir sáu fréttirnar af hjálparstarfi íslenska ríkisins.

# Jólasveinninn svarar öllum bréfum

**Dagana, vikurnar og í sumum tilfellum mánuðina fyrir jól fara börn víðs vegar um heim að senda jólasveininum bréf í þeim tilgangi að hafa áhrif á væntanlegar jólagjafir. Margir telja jólasveininn búa á Norðurpólnum, þar sem póstþjónusta er talin hæg og óáreiðanleg. En jólasveinninn hefur einnig póstfang í Dimmuborgum í Mývatnssveit.**

Pálína Ármannsdóttir hjá Íslandspósti sér um að flokka póst jólasveinsins. „Áður voru bréfin send áfram á Ferðaskrifstofu Ríkisins, en þau hættu að taka við þeim. Okkur fannst leiðinlegt að láta þau daga uppi, og tvær ungar konur hjá póstinum tóku það að sér að sjá til þess að jólasveinninn svaraði þeim. Undanfarin ár höfum við svo sent þau áfram í Mývatnssveit.“

Pósturinn byrjar að safna bréfunum strax í júlí, en berist þau fyrri hluta árs er þeim fargað. „Við fáum bréf frá öllum heimshlutum, en sérstaklega mörg frá Bretlandi. Hér er eitt stílað á „Santa Claus“ í „Lapland, Iceland,“ og eitt á „Father Christmas“ í „Reindeer Land.“ En það er skrýtið að við fáum varla eitt einasta bréf frá íslenskum börnum.“ Pálína hefur þó sjálf fengið bréf frá íslenska jólasveininum, því Kertasníkir sendi henni nýlega kort sem þakkir fyrir vel unninn störf.“

Ekki þarf að setja frímerki á bréf stíluð á jólasveininn. „Pósturinn í heiminum leyfir þessu bara fara áfram,“ segir Pálína.

Vikulega sendir hún bréfin áfram til Mývatns, þar sem maður að nafni Yngvi Ragnar Kristjánsson kemur þeim í réttar hendur.

„Jólasveinninn býr hér í Dimmuborgum, og það er hægt að hitta hann hér alla daga á milli klukkan 13 og 15. Þetta eru íslenskir jólasveinar, þeir eru klæddir í flott ullarföt og gefa fólki epli,“ segir Yngvi. Hann rekur ferðaþjónustuna Mývatn ehf, sem sér einnig um prentun á kortum jólasveinsins. „Þetta eru um 1.000 bréf á ári. Það lengsta sem bréf hefur ferðast er líklega frá Ástralíu. Allir sem senda heimilisfang með fá svarbréf, hvar sem þeir eru staddir í heiminum.“

valurg@frettabladid.is



**JÓLASVEINARNIR VIÐ MÝVATN** Engir kóksveinar heldur í alíslenskum peysum.



**PÓSTURINN PÁLÍNA** Flokkar póst jólasveinsins og fékk kort frá Kertasníki að launum.



**DIMMUBORGIR Í MÝVATNSSVEIT** Hin raunverulegu heimkynni jólasveinanna?


# Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00

mánudaga - laugardaga



195,-

2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur

IKEA

IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Þvær bílinn tvisvar á dag

„Það eru kjöraðstæður fyrir slabb þegar hitastigið er alltaf í kringum núll gráður. Göturnar þorna aldrei og það er aldrei frost í heilan dag,“ segir Rögnvaldur Ólafsson sem hefur keyrt leigubíl í 20 ár. „Austurinn er heldur meiri en í fyrra, það þarf ekki nema að keyra við hliðina á stórum bíl til að það slettist upp á rúðurnar hjá manni.“ Því segist Rögnvaldur nú þvo bílinn sinn tvisvar á dag þegar tími gefst.

Þetta er þriðji veturinn sem Rögnvaldur keyrir án nagladekkja. „Bílarnir hafa batnað og eru nú flestir með spólvörn. Borgin er misdugleg að salta og því keyra menn með nagla á næturna en ég er helst á dagvöktum.“ Rögnvaldur segir fólk yfirleitt vilja vera keyrt upp að dyrum en að annars hafi það ekki kvartað sérstaklega yfir ástandinu. „Við sjáum öll hvernig veðrið er, og færðin.“

- vg



**RÖGNVALDUR LEIGUBÍLSTJÓRI** Segir kjöraðstæður nú fyrir slabb.




**799** kr/kg. áður 1.599 kr/kg.
Hornafjarðarhumar - 1 kg.




**384** kr/kg. áður 640 kr/kg.
Ísfugl ferskur kjúklingur




**1.499** kr/kg. áður 2.148 kr/kg.
Nettó hangilæri - úrbeinað




**999** kr/kg. áður 1.469 kr/kg.
Nettó hamborgarhryggur




**3 fyrir 2**
Freschetta pizza Brickoven




**199** kr/stk.
Del Monte ávaxtasafi

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 14. desember til 17. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**nettó**
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

H:N markaðssamskipti / SÍA

## Svona erum við

> Íbúðarhúsnæði á hverja þúsund íbúa




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING: HVAÐ ÞARF TIL AÐ FÁ RÍKISBORGARARÉTT HÉR Á LANDI?**

# *Meðmæli tveggja manna*

Spáð er að þrjú þúsund manns fái íslenskan ríkisborgararétt árið 2013, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Til samanburðar kom fram að um átta hundruð fengju ríkisborgararétt í ár.

**Hvaða skilyrði þarf að uppfylla?**
Umsækjandinn þarf að hafa átt lögheimili hér á landi í sjö ár. Ákveðnar aðstæður geta stytt þann tíma, til dæmis hjúskapur eða staðfest samvist. Umsækjandi þarf að hafa átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu eða stofnun staðfestrar samvistar. Maki þarf að hafa haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár. Umsækjandi, sem býr í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara, þarf að hafa átt lögheimili hér í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar. Makinn þarf að hafa haft íslenskan ríkisborgararétt í minnst fimm ár. Umsækjandi með norrænan ríkisborgararétt getur fengið íslenskan ríkisborgararétt hafi hann átt lögheimili hér í fjögur ár. Barn þarf að hafa átt hér lögheimili í tvö ár, hafi hið íslenska foreldri haft ríkisborgararétt að lágmarki í fimm ár. Flóttamaður þarf að hafa átt hér lögheimili í fimm ár. Íslenskur umsækjandi sem hefur gerst erlendur ríkisborgari þarf að hafa átt hér lögheimili í eitt ár.



**Er einhver undanþága veitt?**
Þessar reglur miðast við lögheimili og samfellda dvöl hér á landi undangengin ár. Heimilt er að veita undanþágu hafi samfelld dvöl verið rofin í eitt ár vegna tímabundinnar atvinnu eða af óviðráðanlegum ástæðum en þó allt að þremur árum vegna náms erlendis. Heildardvalartími umsækjanda hérlendis verður þó að vera jafnlangur þeim tíma sem hann verður að uppfylla miðað við þau skilyrði sem liggja til grundvallar umsókninni.
Hvað varðar önnur skilyrði þá þarf umsækjandi að fá álit tveggja manna á því að hann sé starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist. Umsækjandinn þarf að geta framfleytt sér og ekki þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi síðustu tvö ár. Fæðingarorlofsgreiðslur og húsaleigubætur teljast ekki með. Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

**SPURT & SVARAÐ**
**BLÓÐGJÖF**



**SIGRÍÐUR ÓSK LÁRUSDÓTTIR**
Hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri Blóðbankans.

## *Blóðgjöf er lífgjöf*

Guðbjörn Magnússon hefur gefið 450 manns blóð á 40 árum. Hann gaf blóð í 150. skiptið nú í vikunni og hefur því gefið tæpa 70 lítra síðan hann kom fyrst í Blóðbankann fyrir fjórum áratugum. Sigríður Lárusdóttir er deildarstjóri Blóðbankans.

**Hvað er þörf á mörgum blóðgjöfum daglega?**
„Að jafnaði þurfum við 70 blóðgjafa daglega og við náum yfirleitt þessum fjölda í hús. Nú undanfarið hefur þörfin verið meiri og þá höfum við þurft að hringja í blóðgjafa til að ná inn hæfilegum fjölda. Við sjáum mikið af sama fólkinu sem kemur og gefur blóð en vildum gjarnan sjá stærri hóp fólks. Við reynum einnig að ná til blóðgjafa í nágrenni Reykjavíkur með því að fara með blóðbankabílinn á staðina.“

**Hvaða blóðflokkar eru mest notaðir?**
„Við notum mest af blóði úr A og O blóðflokkum þó svo allir flokkar séu vel þegnir.“

**Í hvað er blóðið notað?**
„Það er notað í ýmiss konar aðgerðir svo sem liðskipta- og hjartaaðgerðir en blóðgjafar er einnig þörf við blóðskipti hjá nýburum og eftir alvarleg slys.“

**Hverjir mega gefa blóð?**
„Allir sem eru á bilinu 18-65 ára, eru heilsuhraustir og nota ekki lyf. “

# Gjafmildin tengist hagsmunum

**Samkvæmt nýrri skýrslu Rauða krossins eru áhrif hamfara á hagkerfi og markaði Vesturlanda það sem mestu ræður um hvort og þá hversu mikið vestrænir fjölmiðlar fjalla um hamfarirnar.**



**BÖRN Í AFRÍKU** Hversu mikla athygli í fjölmiðlum fá afrísk börn í samanburði við önnur? Samkvæmt skýrslu Rauða krossins verða margar hamfarir í Afríku, sem aldrei er talað um. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Umfjöllun fjölmiðla er það sem hefur mest áhrif á vilja Vesturlandabúa, almennings sem ráðamanna, til að láta fé af hendi rakna í neyðar- og uppbyggingarstarf. Ekki er að finna beint orsakasamhengi milli þess fjármagns sem Vesturlandabúar senda og þeirrar þarfar sem er á hamfarasvæðinu.

Sólveig Ólafsdóttir er upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands. Hún segir að þetta sé alþekkt í hjálparstarfi. „Það hefur sýnt sig að það er klárt samspil á milli umfjöllunar í fjölmiðlum og fjármagns sem berst til neyðaraðstoðar. Þetta er nokkuð sem við, sem vinnum að hjálparstarfi, gerum okkur grein fyrir. Því ríður á að komast í fjölmiðla, áður en farið er út í verkefni,“ segir Sólveig.

**Gefum þeim sem næst standa**
Í skýrslunni var reynt að svara hvað ráði úrslitum um að sumar hamfarir vekja gríðarmikla athygli en aðrar sama sem enga. Hvers vegna fékk hvert fórnarlamb þurrkanna í Malaví einungis um 1.800 krónur í neyðarstyrki og þurrkarnir litla sem enga umfjöllun í fjölmiðla, meðan fórnarlömb flóðbylgjunnar á Indlandshafi fengu um 85.000 krónur hvert og eitt og allur heimurinn fylgdist með?

„Þegar maður er að vinna í löndum sem hafa litla þýðingu í viðskiptalegu eða pólitísku samhengi fyrir Vesturlöndin, þá er oft óskaplega erfitt að afla fjár og fá athygli jafnt ráðamanna sem fjölmiðla,“ segir Sólveig, en hún ítrekar að margt annað geti stuðlað að velgengni hjálparstarfs, eins og til dæmis hversu mikið fólk lifi sig inn í hörmungarnar.



**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR** „Þegar maður er að vinna í löndum sem hafa litla þýðingu í viðskiptalegu eða pólitísku samhengi fyrir Vesturlöndin, þá er oft óskaplega erfitt að afla fjár og fá athygli.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ÓPEKKTUR

**Meðaumkun almennings**
Hvernig sem hún er mæld, er leiðin milli Íslands og Malaví löng.

| SJÓNVARPSUMFJÖLLUN | |
|---|---|
| Fellibylurinn Katrín | 1.153mín. |
| Flóðbylgjan í Asíu | 250mín. |
| Neyðin í Kongó | 6mín. |

Íslenskur almenningur á ekki, við fyrstu sýn, mikið sameiginlegt með Malavíbúum. Fjölmiðlar eru markvisst nýttir til að auðvelda þessa innlifun. „Fréttamaður sem fer héðan til Malaví horfir á landið með augum Íslendingsins og það hjálpar Íslendingum mikið að geta sett sig þannig í spor fólksins í Afríku,“ segir Sólveig, en hluti starfs hennar er helgaður því einvörðungu að ná athygli fjölmiðlamanna. „Allt svona hjálpar. Við höfum einnig fundið fyrir því að í hvert skipti sem sendifulltrúi okkar á Filippseyjum, Sólveig Þorvaldsdóttir, fer í viðtal, þá kemur kippur í söfnunarsímann hjá okkur.“

En er ekki hættulegt að hjálparstofnanir viti fyrirfram hvaða hamfarasafnanir séu líklegar til að „slá í gegn“ og hverjar ekki? Gætu þær ekki kosið að veita athygli hinu auðveldasta, því sem fólk vill vita af og gefa til? Sólveig segir það mikinn línudans að velja og hafna verkefnum. Rauði kross Íslands reyni að sinna sem flestum, en velji frekar að styðja við bakið á fólki á þeim svæðum sem hafi fengið minni athygli hjá öðrum. Það væri léleg fræðimennska, segir Sólveig, að velja einungis þau verkefni sem sýnt þykir að verði „stór“ í augum almennings.

**Sýnileg skelfing og ósýnileg**
Erfiðasta hjálparstarfið er einmitt það sem minnsta athygli vekur. Til að mynda hinar „þöglu“ hamfarir, þær sem gerast hægt og rólega, líkt og þurrkarnir í Malaví. Fólk á þurrkasvæðum getur verið að þjást í marga mánuði, jafnvel nokkur ár, áður en stórir hópar láta lífið í einu. „Það er mikilvægt að grípa inn í þá rás atburða strax, áður en ástandið verður eins og í Eþíópíu á níunda áratugnum. Þetta er mjög erfitt,“ segir Sólveig og ber saman við aðrar hamfarir sem kalla á viðbrögð samstundis. „Flóð, til dæmis, eru svo dramatísk að þau kalla strax á mikla athygli. Þegar aðstoðin þarf að berast innan klukkustundar er auðveldara að fá fólk til að bregðast við, bæði fjölmiðla og almenning. Í Malaví búa 12 milljónir og fjörutíu prósent þjóðarinnar voru við hungurmörk vegna þurrkanna, eða um fimm milljónir. En þar sem þetta er ennþá huglægt og ekki áþreifanlegt eins og jarðskjálftar eða fellibyljir, þá er mun erfiðara að fá athygli og fjármagn í það.“




**FRÉTTAMENN VIÐ STÖRF** Þrjár bandarískar sjónvarpsstöðvar eyddu rúmum nítján klukkutímum af fréttatíma sínum í umfjöllun um fellibylinn Katrínu, sem lagði um 1.300 manns að velli. Hvirfilbylurinn Stan var skæðari, með 1.600 fórnarlömb. Stan fékk ekki eina mínútu á sömu þremur sjónvarpsstöðvum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



**HUNGURSNEYÐ Í AFRÍKU** Í Malaví er „þögult“ neyðarástand. Það er lengi að myndast og vekur litla athygli. Vesturlandabúar vilja frekar gefa fé í hjálparstarf vegna dramatískari atburða. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



FRÉTTAVIÐTAL
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is



# Salatbarinn

## í jólabúningi




## Sjáðu þetta

**40** spennandi tegundir

**Meðal annars:**

- Kjúklingur
- Sætar kartöflur
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Heilhveiti pasta
- Romain salat
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Spelt pasta
- Spínat
- Ávaxtasalat í skyrsósu
- Kryddfeti í olíu
- Hýðishrísgrjón
- Ætiþistill

...og margt fleira

*Með hverju keyptu salatboxi fylgir 0.5 ltr. Sprite zero með í kaupbæti.**

**Tilboðið gildir til 31. desember.*



Jólaepli í kókos



Walldorf salat



Hangikjöt í ostasósu



Gulrótarmús



Salami salsa



Sænsk jólaskinka



Hummus



Sólþurrkaðir tómatar

Gildir til 31. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Reynir á mörk undanlátsseminnar

**Með ákvörðun ráðherraráðs Evrópusambandsins um að gera hlé á aðildarviðræðum við Tyrki í refsingarskyni fyrir að standa ekki við skuldbindingar gagnvart ESB-aðildarríkinu Kýpur safnast leiðtogar sambandsins saman til tveggja daga fundar í Brussel í dag með sterk skilaboð til tilvonandi aðildarþjóða um að þær ættu ekki að treysta á undanlátssemi af hálfu sambandsins.**

Ákvörðun utanríkisráðherra ESB-ríkjanna 25 á mánudag um að frysta 8 af 35 samningaköflum í aðildarviðræðunum við Tyrki vegna óvilja hinna síðarnefndu til að standa við að láta ákvæði tollabandalagssamnings ESB og Tyrklands ná einnig til allra ríkjanna tíu sem gengu í ESB árið 2004, þar á meðal Kýpur, kom flestum á óvart vegna þess hve skiptar skoðanir voru meðal aðildarríkjanna um það hvernig taka skyldi á málinu. Vitað var að sumir óttuðust að frysting viðræðna gæti orðið vatn á myllu ESB-andstæðinga í tyrkneskum stjórnmálum. En niðurstaðan varð sem sé sú að sambandið sagði afdráttarlaust: hingað og ekki lengra!

„Þetta eru skýr skilaboð um að brot á lagalegum skuldbindingum eru óásættanleg,“ sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, í ávarpi í Evrópuþinginu í gær. „Það stendur núna upp á Tyrki að sýna vilja til að standa við sitt,“ sagði hann.

Vera má að það hafi ýtt undir þessa ákvörðun að sambandið hefur verið gagnrýnt fyrir undanlátssemi gagnvart Rúmenum og Búlgörum, sem eiga að fá fulla inngöngu í sambandið nú um áramótin, þrátt fyrir að stjórnvöldum í báðum löndum hafi gengið brösulega að uppfylla viðmið og kröfur ESB, svo sem um aðgerðir gegn spillingu og glæpum.



**LEIÐTOGAFUNDUR** Justus-Lipsius-bygging ráðherraráðs ESB í Brussel, þar sem leiðtogafundur sambandsins fer fram í dag og á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Tyrkir ósáttir

Tyrknesk stjórnvöld saka aftur á móti Evrópusambandið um að sýna sér ósanngirni. „Ákvörðun ESB er ósanngjörn í garð Tyrklands,“ sagði Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra í þingræðu á þriðjudag. „Gleymum því ekki að vinir okkar í ESB hafa heldur ekki efnt öll loforð sín gagnvart okkur.“ Kýpurstjórn lýsti hins vegar ánægju með ákvörðun utanríkisráðherranna.

Tyrkir reyndu að afstýra ákvörðuninni um frystingu aðildarviðræðna á síðustu stundu með því að bjóða að opna eina höfn og einn flugvöll fyrir viðskiptum frá Kýpur, en gerðu þá mótkröfu að ESB bindi enda á efnahagslega einangrun Kýpur-Tyrkja. ESB-ráðherrarnir álitu þetta tilboð Tyrkja ófullnægjandi.

Ráðamenn ESB voru fegnir að samstaða skyldi nást um málið áður en leiðtogafundurinn hófst. Með því varð því afstýrt að „leiðtogafundurinn yrði óstarfhæfur vegna Tyrklandsmálsins,“ að því er AP-fréttastofan hafði eftir Jan Kohout, fastafulltrúa Tékklands hjá ESB í Brussel.

Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórninni, sagði ákvörðunina sanngjarna og að sambandið væri reiðubúið að halda áfram viðræðum um ýmsa aðra þætti aðildarundirbúnings Tyrkja en þá sem ákveðið var að frysta, en þeir átta málefnakaflar snerta allir með einhverjum hætti viðskipti og samgöngur og þar með einnig Kýpur.

### Ný eining um stækkunarmál

Rehn hefur fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar lagt fram 59 síðna skýrslu um framtíðaráform um fjölgun aðildarríkja, en deilur um þau mál áttu mikinn þátt í að snúa meirihluta kjósenda í Frakklandi og Hollandi gegn samþykkt stjórnarskrársáttmála sambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslum í fyrra. Rehn segir skýrsluna munu gera ESB-leiðtogunum kleift að „byggja á nýrri einingu“ um það hvernig fara skuli að við frekari stækkun sambandsins og draga um leið úr áhyggjum í eldri aðildarríkjunum af afleiðingum stækkunarinnar.




**STÆKKUNARSTEFNA ESB RÆDD** Vegfarendur í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu, ganga hjá veggspjaldi þar sem minnt er á inngöngu landsins í Evrópusambandið um áramótin. Stækkunarstefna ESB verður á dagskrá leiðtogafundarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í skýrslu Rehns er lögð áherzla á rækilegra eftirlit með umbótum í tilvonandi aðildarríkjum, tíðari matsúttektir á aðildarundirbúningi og átak boðað í að birta jafnóðum opinberlega gögn sem varða stækkunarferlið, í því skyni að bæta upplýsingaflæðið til almennings.

Næst á eftir Rúmenum og Búlgörum gera Króatar sér vonir um að ljúka aðildarsamningum og fá inngöngu jafnvel árið 2009, en í biðröðinni eru auk þess Makedónía, Albanía, Bosnía-Hersegovína, Svartfjallaland og Serbía. Aðildarviðræðurnar við Tyrki, sem hófust formlega í október 2005, munu standa yfir í að minnsta kosti áratug.

Í stækkunarstefnunni er enn fremur gert ráð fyrir að Kosovo muni stefna að inngöngu í ESB, gangi það eftir að héraðið hljóti formlegt sjálfstæði frá Serbíu, sem Kosovo-Albanar sækja stíft.

Athygli er einnig vakin á því, að það geti ekki orðið af neinni frekari fjölgun aðildarríkja nema Evrópusambandinu takist að taka til í eigin ranni, það er koma í gildi endurskoðun á ákvarðanatöku og stofnanakerfi sambandsins sem tekur mið af fjölguninni. Sú endurskoðun var megininntak stjórnarskrársáttmálans strandaða.



**ERDOGAN OG REHN** Tyrkneski forsætisráðherrann segir ákvörðun ESB ósanngjarna en stækkunarstjóri ESB segir að hún sé réttmæt.

Meðal annarra mála á dagskrá leiðtogafundarins er smíði sameiginlegrar innflytjendastefnu sambandsins, sem á að vera lokið fyrir árið 2010, og hvernig sambandið getur liðsinnt stjórnvöldum á Spáni og Ítalíu að kljást við stöðugt vaxandi straum ólöglegra innflytjenda frá Afríku.

Fundirinn markar hápunkt formennskumisseris Finna í ESB, en Þjóðverjar taka við henni um áramótin. Það eru vonbrigði fyrir Finna að ekki skyldi á misserinu hafa tekizt að ná samkomulagi um endurnýjun rammasamnings ESB um viðskipti við Rússland, en þeir lögðu metnað sinn í að finna lausn á þeim samningi í höfn. Það eykur á vonbrigðin að ekki skyldi hafa tekizt að finna lausn á tollabandalagsdeilunni við Tyrki.



FRÉTTASKÝRING
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

## Hlé gert á aðildarsamningum við Tyrki

Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins ákváðu á mánudag að „frysta“ viðræður um átta af 35 samningsköflum í aðildarviðræðum við Tyrki. Ákvörðunin var tekin eftir að Tyrkir létu hjá líða að opna hafnir sínar og flugvelli fyrir umferð og viðskiptum frá gríska hluta Kýpur, sem hefur verið aðildarríki ESB frá því í maí 2004, en til þess eru Tyrkir skuldbundnir samkvæmt tollabandalagssamningi sínum við ESB. Kýpurdeilan er þó aðeins einn af mörgum ásteytingarsteinum í samskiptum Tyrklands og ESB.



**Kýpur:** Tyrkir eru skuldbundnir til að opna hafnir sínar og flugvelli fyrir viðskiptum frá Kýpur samkvæmt tollabandalagssamningi við ESB. Tyrklandsstjórn gerir þá mótkröfu að ESB aflétti efnahagslegri einangrun Kýpur-Tyrkja.



**Tjáningarfrelsi**

Tyrklandsstjórn gert að breyta ákvæði í tyrkneskum refsirétti, sem gerir „móðgun við tyrkneskt þjóðerni“ refsivert. Þessu hafa tyrknesk yfirvöld beitt m.a. til að draga blaðamenn, háskólamenn og rithöfunda fyrir dóm, þar á meðal nóbelsverðlaunahöfundinn Orhan Pamuk.



**Trúfrelsi:** ESB vill að Tyrkir aflétti lagahömlum á starfsemi annarra trúfélaga en múslima í landinu. ESB gagnrýnir að ný lög þar að lútandi gera ekki ráð fyrir bótum fyrir eignir slíkra trúfélaga, sem tyrkneska ríkið hefur gert upptækar á síðustu áratugum.



**Réttindi Kúrda**

ESB fagnar lagabótum sem létta hömlum á menningarleg réttindi kúrdíska minnihlutans, en segir að stjórnvöld í Ankara verði að grípa til ráðstafana til að bæta úr fátækt og efnahagsvanda í Kúrdahéruðunum í SA-Tyrklandi



**Hlutverk hersins:** Herinn vantreystir ríkisstjórn Recep Tayyips Erdogan vegna trúarlegra róta stjórnarflokksins og óttast að Erdogan muni sækjast eftir forsetaembættinu og verða þar með yfirmaður hersins. ESB segir að herinn eigi ekki að skipta sér af stjórnmálum.

© GRAPHIC NEWS





# Icelandic Fashion

## Íslensk tískuhönnun

Þessi fallega yfirlitsbók um íslenska tískuhönnun er tilvalin jólagjöf fyrir áhugafólk um hönnun og tísku.

Bókin byggir á sýningu Þjóðmenningarhússins á verkum nokkurra fremstu tísku- og fatahönnuða landsins.

**Hún fæst nú á sérstöku tilboðsverði í Þjóðmenningarhúsinu, kr. 1500,-**




ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

**Þjóðmenningarhúsið**
Hverfisgötu 15, sími: 545 1400
www.thjodmenning.is

**Sýningar – leiðsögn – veitingar – verslun**
Opið daglega frá kl. 11 til 17

**Tískuhönnun í Þjóðmenningarhúsinu**

FJÖLBREYTT ÚRVAL HEIMILISTÆKJA

# Það er nokkuð ljóst hvar

## SAMSUNG kæli- og frystiskápur



Stál - kámfríir
RS21KCSM
Lakkað stál.

**NÝTT! SILVER NANO**

Ný tækni – lengir líftíma matvæla í kæiskápnum og eyðir bakteríum.

Kælir og frystir
176 x 91 x72 cm
Tvö kælikerfi
Klakavél og kalt vatn
Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
Kælir 334 ltr og frystir 186 ltr. – alls 520 ltr.
Orkunotkun 528 kwh á ári.

**JÓLATILBOÐ KR. 199.900.-**

FLAME frá Emile Henry
Frönsk leirvara.
Eftir sótt um alla Evrópu.



## TEFAL



Fagfólk velur straujárnin frá TEFAL. Það eru meðmæli. Jólaverð frá kr.: 3.290.

## KRUPS



Brauðrist frá KRUPS – hönnun á heimsmælikvarða
Jólaverð frá kr.: 5.490.

## AEG

„ALGJÖR HIMNASENDING.!“



AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Orkunýtni: A / Þvottahæfni: A / Þurrkhæfni: A
Einstaklega hljóðlát – aðeins 41 Db
Kr. 89.000 Stál · Kr. 79.000 Hvít

## TEFAL



Frábær töfrasproti frá TEFAL. Getur allt!
Jólaverð frá kr.: 2.990.



## AEG

Hágæða AEG eldhústæki í miklu úrvali.



Þú býrð vel með Emile Henry.
Vönduð, frönsk leirvara.
Komdu og kynntu þér úrvalið í þessari fallegu vöru.

## EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS



Lavamat 76820
Lavatherm 57820

AEG ÞVOTTAVÉL (1600 sn/mín) OG ÞURRKARI
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Verð kr.: ~~213.900~~ · **Jólaverð kr.: 175.000.**

## TEFAL

Traust mínútugrill.
*Ummmm ...*
Jólaverð frá kr.: 8.990.



## TEFAL

Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL.
Jólaverð frá kr.: 3.990.



## AEG

Ryksugur eins og þær gerast bestar!
Jólaverð frá kr.: 10.900.





Solis of Switzerland

SOLIS PALAZZO
Margverðlaunuð kaffivél.
Jólaverð kr.: 79.900.

KVIKA BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.

FRÁBÆR *Jólatilboð*

# þú finnur jólagjafirnar í ár!


Solis OF SWITZERLAND

Brauðrist fyrir fagurkera - burstað stál
Jólaverð kr.: 7.990.


AEG

AEG EA150
Espresso
Kaffivél
Jólaverð kr.:
15.900

*„..er þetta ekki bara kaffivélin sem við höfum leitað að?“*


Solis OF SWITZERLAND

Mínútugrill fyrir alvöru matgæðinga.
Jólaverð kr.: 10.990.

TEFAL



JAMIE OLIVER
EÐAL POTTAR OG PÖNNUR
FRÁ JIME OLIVER OG TEFAL
Verð frá kr. 5.600

TEFAL

Djúpsteikingarpottur
vandaður og traustur.
Jólaverð
kr.: 8.990.




ZWILLING

ZWILLING
Barnahnífapör
Jólaverð kr.: 2.790 settið

TEFAL



Gullfalleg
hraðsuðukanna sem
sómir sér vel
alls staðar.
Jólaverð
kr.: 6.990

## VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

Ávaxta- og grænmetis-
safapressan frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.




*Hollustan beint í æð!*


AEG

AEG AT260
Einfaldlega
klassísk brauðrist
sem endist lengi.
Verð kr.: 5.990


Solis OF SWITZERLAND

Hraðsuðukanna. Hönnuð af snillingum.
Jólaverð kr.: 9.990.

8
Ormsson
verslanir

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

ORMSSON
RADIONAUST
SÍMI 461 5000

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421-1535

MODEL
AKRANESI
SÍMI 431 3333

ÁRVIRKINN
SELFOSSI
SÍMI 480 1160

ÞRISTUR
ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

MERKIN
OKKAR
TRYGGJA
GÆÐIN



HÁTÍÐ ER Í BÆ!

ORMSSON

WWW.ORMSSON.IS

... *og hjá* **UMBOÐSMÖNNUM UM LAND ALLT**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.464 **+0,06%** **Fjöldi viðskipta:** 460 **Velta:** 3.521 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | 11,49% | **Sláturf. Suðurl.** | 2,50% |
| **Hampiðjan** | 5,26% | **Mosaic** | 1,24% |
| **Marel** | 4,55% | **Exista** | 0,90% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,80 +4,12% ... Actavis 65,40 +0,00% ... Alfesca 5,14 +0,39% ... Atlantic Petroleum 548,00 +0,00% ... Atorka 6,59 +0,00% ... Bakkavör 62,50 -0,32% ... Eimskipafélagið 31,40 +0,00% ... FL Group 24,00 +0,00% ... Glitnir 23,50 -0,42% ... Kaupþing 849,00 +0,00% ... Landsbankinn 27,20 +0,37% ... Marel 80,50 +4,55% ... Mosaic Fashions 16,00 -1,24% ... Straumur-Burðarás 17,70 +0,57% ... Össur 113,50 +0,89%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Bankafjör á Norðurlöndum**
Uppi varð fótur og fit á norrænum hlutabréfamörkuðum þegar spurðist út að finnska fjármálasamsteypan Sampo hefði verið að kaupa bréf í Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, fyrir þrettán milljarða króna í nóvember. Hlutabréf í báðum félögum hækkuðu verulega á miðvikudaginn og náði Nordea nýjum methæðum. Sérfræðingar velta því fyrir sér hvað Björn Wahlroos, forstjóri Sampo, sé nú að hugsa. Í fyrsta lagi gæti finnski bankinn verið að styrkja sig í hluthafahópnum áður en stærsti hluthafi Nordea – sænska ríkið – selur fimmtungshlut sinn á næsta ári. Talið er að Sampo vilji kaupa þann hlut. Í öðru lagi gæti Sampo verið að ávaxta pundið til skemmri tíma í þeirri von að einhver evrópsku risabankanna geri tilraun til að taka Nordea yfir. Hvað sem öðru líður er talið fullvíst að fram undan eru spennandi tímar á norrænum fjármálamörkuðum þar sem samruni banka verður stóra málið. Íslendingar koma þar vafalaust við sögu.



**Kalt og heitt**
Skandinavar höfðu á tímabili miklar áhyggjur af ofhitnun íslenska hagkerfisins. Síðustu tölu hér benda til einhverrar kólnunar, þó að ýmsir efist um að sú sé raunin. Hagkerfi heimsins virðast vera að slakna lítillega, en á Norðurlöndunum er allt enn á fullu. Norski seðlabankinn hækkar vexti og í Svíþjóð varar aðalhagfræðingur samtaka atvinnulífsins við ofhitnun og hvetur til þess að stigið sé á bremsurnar.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Seðlabanki Noregs hefur ákveðið að hækka stýrivexti um 25 punkta í 3,5 prósent. Í rökstuðningi stjórnar bankans segir að ákvörðunin hafi verið tekin til að koma í veg fyrir að verðbólga fari úr böndunum. Þá gaf stjórnin í skyn, að vextirnir yrðu hækkaðir frekar.

Stærsta sjávarútvegsfyrirtæki heims verður til þegar japönsku sjávarútvegsfyrirtækin Maruha og Nichiro munu sameinast frá og með 1. október 2007. Sameinað félag mun heita Maruha Nichiro Holdings Inc.

Greining Glitnis hefur lækkað verðmatsgengi á Össuri úr 132,4 í 125 krónur á hlut. Er fjárfestum ráðlagt að kaupa bréf í félaginu horft til langs tíma. Markgengi félagsins, það er spá Greiningar um hvar gengi bréfa í félaginu muni standa eftir sex mánuði, er 125.

# Icelandair Group á markað í dag

Icelandair Group Holding hf. verður skráð í Kauphöll Íslands í dag, fyrst íslenskra félaga eftir að hún varð hluti af OMX-kauphöllunum.

Félagið, sem var í eigu FL Group hf., var selt nýjum kjölfestufjárfestum, starfsmönnum og almenningi og er því aftur komið á markað sem félag í svipuðum rekstri og fyrirrennari þess, Flugleiðir hf. Heildarhlutafé Icelandair Group Holding er 1.000.000.000. Alls voru 185.000.000 hlutir seldir almenningi, starfsmönnum og fagfjárfestum í útboði sem fram fór dagana 27. nóvember til 4. desember. Virði félagsins miðað við útboðsgengi er því 27 milljarðar. **- hhs**




**Á LEIÐINNI Í LOFTIÐ** Viðskipti hefjast með bréf Icelandair Group Holding hf. í Kauphöll Íslands klukkan 10 árdegis í dag.

# Þriðja kynslóðin í útboð

Póst- og fjarskiptastofnun býður innan tíðar út tíðnisvið fyrir þriðju kynslóð farsíma. Stofnunin gerir ráð fyrir að tíðniheimildir verði gefnar út næsta vor, en en þær gilda í fimmtán ár.



Þriðju kynslóð farsíma fylgir hraðari gagnaflutningur en þekkst hefur í GSM kerfinu. Víða erlendis hafa þriðjukynslóðarnet verið í notkun í nokkurn tíma og þjónusta verið að sækja í sig veðrið.

Haft verður samráð við hagsmunaaðila og hafa þeir frest til hádegis miðvikudaginn 20. desember næstkomandi til að skila inn umsögnum, athugasemdum og ábendingum.

Gerð er krafa um lágmarksþjónustu hjá fyrirtæki sem ætlar að bjóða þriðjukynslóðarþjónustu, en hún þarf að ná til að minnsta kosti 60 prósenta íbúa á hverju eftirtalinna svæða: höfuðborgarsvæðinu; Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra; Norðurlandi eystra og Austurlandi; og loks á Suðurlandi og Suðurnesjum. **- óká**

# Ósætti milli HoF og Barclaycard

Samningur milli verslanakeðjunnar House of Fraser og Barclaycard, sem er í eigu Barclaysbanka, er í uppnámi að sögn breska vefmiðilsins Telegraph. Árið 2004 skrifuðu fyrirtækin undir tíu ára samning þess efnis að frá og með júní næstkomandi myndi Barclaycard sjá um útgáfu FraserCard, nokkurs konar vildarkorts HoF. Meðal annars var fólgið í samningnum að fyrirtækin myndu skipta með sér hagnaðinum sem af þessu hlytist til helminga. Var þá talið að hann yrði um tíu milljónir punda á ári, sem nemur um 1,4 milljörðum króna.




**HOUSE OF FRASER** Samningur milli House of Fraser og Barclaycard til tíu ára er sagður hafa komist í uppnám eftir að Baugur tók yfir verslanakeðjuna.

Í greininni segir að eftir að nýr hópur fjárfesta tók House of Fraser yfir, með Baug þar fremstan í flokki, hafi forsvarsmenn Barclaycard verið kallaðir til fundar til að endurskoða samninginn. Viðræður hafi átt sér stað á undanförnum vikum sem enn hafi ekki borið árangur.

Haft er eftir heimildamanni að inni í myndinni sé að House of Fraser snúi aftur til samninga við GE sem fram að þessu hefur séð um vildarkortsþjónustu verslanakeðjunnar. 1,2 milljónir manna í Bretlandi nota FraserCard. **- hhs**

## Fjárfestir líka í Evrópu og Asíu

Í frétt Markaðarins í gær um Kaupthing Fund Global Value kom fram að sjóðurinn fjárfesti í hlutabréfum í Bandaríkjunum. Það er ekki alls kostar rétt því sjóðurinn fjárfestir einnig í hlutabréfum í Evrópu, Asíu og á nýmörkuðum.

Gengi sjóðsins, sem fékk nýverið fjórar stjörnur í einkunn af fimm mögulegum frá S&P, hefur hækkað um 48 prósent síðastliðin þrjú ár sem er þrettán prósenta hækkun umfram viðmið. **- eþa**

# Hagvöxtur er mun minni en áður var gert ráð fyrir

**Sérfræðingar eru bjartsýnni á stöðu efnahagsmála eftir birtingu nýjustu talna um hagvöxt. Greiningardeildir bankanna eru samt ekki á einu máli um væntanlega stýrivaxtahækkun Seðlabankans. Þeir spá núll til 50 punkta hækkun.**



**Í SUNDAHÖFN** Tölur Hagstofunnar um hagvöxt hafa tekið breytingum við endurskoðun og kom til dæmis í ljós á þessu ári að hagvöxtur í fyrra var mun meiri en ætlað hafði verið. Nýjasta mæling á þriðja ársfjórðungi bendir til minni hagvaxtar en ætlað var. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Verulega hefur hægt hér á hagvexti samkvæmt nýjustu mælingu Hagstofu Íslands. Hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi mældist 0,8 prósent og hefur ekki verið minni síðan í árslok. Á þriðja ársfjórðungi í fyrra var hagvöxturinn 10,0 prósent.

Greiningardeildir bankanna fjalla allar um breyttar horfur eftir mælinguna og telja tölurnar benda til að verulega hafi dregið úr verðbólguþrýstingi. Kaupþing telur þó engu að síður að Seðlabankinn hækki stýrivexti á aukavaxtaákvörðunardegi sínum 21. desember næstkomandi. Greiningardeildin segist ekki sjá að spá Seðlabankans frá síðustu Peningamálum hafi hnikast mikið til og því megi búast við 25 til 50 punkta hækkun. Stýrivextir gætu því farið úr 14 prósentum í 14,5 prósent.

Greiningardeild Landsbankans stendur hins vegar við spá sína um óbreytta stýrivexti þann 21. desember, þótt undanfarið hafi umræðan þróast á þann veg að líkur á stýrivaxtahækkun hafi fremur aukist. Þá telur Landsbankinn að lækkunarferli stýrivaxta hefjist í marslok. Bendir greiningardeildin þar sérstaklega á hagvaxtartölur Hagstofunnar.

Bankinn segir ýmis merki um viðsnúning í efnahagslífinu, minni þenslu og þar með minnkandi verðbólguþrýsting. Þannig hafi dregið úr vexti útlána og húsnæðisverð hætt að hækka, auk þess sem undanfarnar verðbólgumælingar hafi verið lágar. Þá sýni tölur um hagvöxt, einkaneyslu og fjárfestingar á þriðja ársfjórðungi mun minni vöxt en áður. Á móti bendir bankinn svo á að veiking krónunnar 5,6 prósent frá síðustu spá Seðlabankans auki að öðru óbreyttu verðbólguþrýsting og að kosningaloforð séu í algleymingi.

Greiningardeild Glitnis fer svo milliveginn í spám Landsbankans og Kaupþings og spáir núll til 25 punkta hækkun stýrivaxta. Bankinn segir hagvaxtartölurnar bera þess skýr merki að umskipti séu að verða í gangi þjóðarbúskaparins þar sem tímabil stöðnunar og hugsanlega samdráttar sé að taka við af hröðum vexti. „Tölurnar eru mikilvægar fyrir næstu vaxtaákvörðun Seðlabankans. Þær draga talsvert úr líkum á því að Seðlabankinn muni hækka vexti.“ segir Glitnir.

Friðrik Már Baldursson, forseti viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans, segir Seðlabankann horfa til margra þátta þegar kemur að vaxtaákvörðun og því kunni að vera varhugavert að einblína um of á hagvaxtartölur Hagstofunnar. „Margir aðrir þættir liggja mun hraðar fyrir og hefur sýnt sig að þessar fyrstu áætlanir Hagstofunnar um hagvöxt breytast stundum og eru kannski ekki mjög nákvæmar,“ segir hann og bendir á að ýmsar aðrar vísbendingar bendi til þess að staðan sé betri en spáð hafi verið. „Viðskiptajöfnuður er skárri og svo framvegis. En samt verður að segjast eins og er að engin óyggjandi vísbending er um að eitthvað sé að linna undirliggjandi verðbólkuþrýstingi.“ **olikr@frettabladid.is**

# CCP verður útskrifað í janúar

## Árleg velta félagsins komin vel yfir viðmiðunarmörk Samtaka sprotafyrirtækja.

CCP verður útskrifað úr samtökum sprotafyrirtækja (SSP) eftir að velta félagsins fór yfir einn milljarð króna á þessu ári. Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, segir að sprotafyrirtæki sé skilgreint sem fyrirtæki er hafi veltu undir einum milljarði króna og býst við útskriftarathöfn í janúar.

„Við viljum hvetja önnur íslensk sprotafyrirtæki til þess að fylgja í okkar fótspor. Ef við getum þetta þá hljóta fleiri að geta það líka.“

Rekstur félagsins hefur gengið vel á þessu ári. Velta CCP nam um 1,3 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins og var hagnaður á sama tíma um 370 milljónir króna. CCP hefur vaxið gríðarlega á þessu ári en velta alls síðasta árs var 700 milljónir króna. „Leikjabransinn er svona, þú tekur inn í kassann á ákveðnum tímabilum og ferð svo út í endurfjárfestingar.“




**HILMAR V. PÉTURSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI CCP** Félagið telst ekki lengur vera sprotafyrirtæki eftir að velta félagsins fór yfir einn milljarð króna.

CCP kynnti nýja útgáfu af netleiknum EVE-online þann 28. nóvember og hafa 300-400 nýir þátttakendur bæst við á hverjum degi.

Nýtt heimsmet var slegið á sunnudaginn þegar 33 þúsund manns spiluðu á sama tíma. „Fyrra metið var 30 þúsund manns þannig að þetta er töluverð bæting. Það fylgir þessum nýju útgáfum að menn verða spenntir og fara að spila á fullu.“ Hilmar bendir á að enginn annar leikur leyfi svona mikla þátttöku á sama tíma á sama miðlara (server). „Samkeppnisaðilar okkar leyfa vanalega þrjú til fimm þúsund manns að spila samtímis á sama „server“.“

Erlendir fjárfestar hafa sýnt félaginu áhuga og hefur General Catalyst Partners, bandarískur fjárfestingasjóður, eignast fimmtán prósenta hlut í CCP. **- eþa**

# Karlar vilja ekki horfa á hálfbera karla.




www.jbs.dk

jbs

spurðu eftir þeim með nafni

MARATHON framleitt af jbs

Jólin koma
Fullt af frábærum gjöfum

Canon
MV 930i
12.920 AFSLÁTTUR
Myndflaga: 1/6" CCD
Pixlar: 800.000k
Zoom: 25x (optical)
800x (digital)
2,7" breiðtjaldsskjár 16:9
Rafhlaða: 4½ klst
Fullkomin hristivörn
Kr. 3.475,- 12 mán
kr. 48.900,-
Kr. 35.980,-

Canon
MVX460
25.000 AFSLÁTTUR
Myndflaga: 1/5" CCD
Pixlar: 1,33 millj.
Zoom: 20x (optical)
800x (digital)
Breiðtjaldstökuvél
Skjár: 2,7" 16:9 breiðtjald
Minnsta ljósmagn 2 LUX
USB 2 og Firewire
Þyngd: 430 g
Hristivörn
Kr. 4.307,- 12 mán
kr. 69.980,-
Kr. 44.980,-

Kodak EasyShare C530
og ljósmyndaprentari
5M milljón pixla
Kodak myndgæði
16MB innra minni
5X stafrænn aðdráttur
Einföld og þægileg í notkun
Snögg að taka myndir
Innbyggt flass
1.5" LCD skjár
Ljósnæmni ISO 100-400
Auðvelt að færa myndir yfir á tölvu
4.000 AFSLÁTTUR
Kodak ljósmyndaprentari
Margverðlaunuð Kodak myndgæði.
Myndir sem endast áratugum saman.
Pappír skemmist ekki af fingraförum.
Pappír þolir vatn og hægt að
þerra bleytu án skemmda.
Kodak XTRALIFE húðaður pappír.
Prentun með eða án tölvu.
Einfalt - Ýtt á einn takka til yfirfæra að
myndir á tölvu.
kr. 29.980,-
Kr. 24.980,-

Birt með fyrirvara um texta og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar

Ripley's
Ótrúlegt en Satt!
5.900 FRÁBÆRT VERÐ
Kr. 5.900,-

Þú færð jólakortin á www.hanspetersen.is
1-30 stk kr. 145 pr. stk
31 stk og fleiri kr. 135 pr. stk. Öllum kortum fylgir umslag

HANS PETERSEN
Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind
12 mán Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 12 eða 24 mánaða


# Mikill samdráttur hjá Spurs

Hagnaður Tottenham Hotspurs, sem er skráð í Kauphöllina í Lundúnum, dróst verulega saman á milli tveggja síðustu reikningsára eða um tæp 88 prósent. Hagnaður félagsins fyrir skatta nam 80 milljónum króna á síðasta rekstrarári, sem lauk í júní, samanborið við 650 milljónir króna árið áður.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og viðskipti með leikmenn féll um 1.360 milljóni króna á milli ára: úr tveimur milljörðum niður í 625 milljónir króna.

Spurs velti tíu milljörðum króna á síðasta rekstrarári sem var fimm prósenta aukning á milli ára. Tekjur frá styrktaraðilum jukust um tíu prósent á milli ára. félagið gerði samninga við Puma og Mansion fyrr á þessu ári. Rekstrarkostnaður jókst verulega á milli ára sökum leikmannakaupa.

Spurs endaði í fimmta sæti í ensku Úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð og missti því rétt af þátttökurétti í Meistaradeildinni. Liðið komst hins vegar í Evrópukeppni félagsliða og má því búast við auknum tekjum á yfirstandandi reikningsári.

Hlutabréf í Spurs hafa hækkað um 34 prósent á árinu. - eþa



**FRAMHERJINN DIMITAR BERBATOV** Hagnaður Spurs dróst saman um 88 prósent á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**BEN BERNANKE** Seðlabanki Bandaríkjanna hefur ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum. Reiknað er með lækkun stýrivaxta snemma á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Stýrivöxtum haldið óbreyttum vestra

**Stjórn Seðlabanka Bandaríkjanna ákvað á þriðjudag að halda stýrivöxtum óbreyttum í 5,25 prósentum. Almennt var búist við þessari niðurstöðu. Vextirnir hafa ekki breyst síðan í júní eftir tveggja ára samfellt vaxtahækkanaferli.**

Í rökstuðningi stjórnar seðlabankans fyrir ákvörðuninni var áréttað líkt og fyrr að bankinn muni fylgjast grannt með verðbólguþróun í Bandaríkjunum.

Greiningardeild Glitnis sagði í Morgunkorni sínu á þriðjudag að verðbólga væri lág í Bandaríkjunum eða 1,3 prósent. Þá hefur hægt nokkuð á hagvexti vestanhafs á árinu en hann fór úr 2,6 prósentum á fyrsta fjórðungi ársins niður í 2,2 prósent á þeim þriðja, sem þó er umfram spár. Glitnir bendir hins vegar á að þensla sé á vinnumarkaði og hröð hækkun launakostnaðar vestanhafs valdi því að stjórn seðlabankans verði að vera á varðbergi.

Hagfræðingar í Bandaríkjunum eru sama sinnis og benda á að vísbendingar séu uppi um enn frekari hægingu á efnahagslífinu á næsta ári og benda á að vísitala framleiðslukostnaðar hafi ekki verið verri í þrjú ár. Það hafi komið illa niður á gengi bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum, ekki síst breska pundinu en fyrr í þessum mánuði hafði dalur ekki verið lægri gagnvart pundinu í 14 mánuði.

Flestir eru þó á einu máli um að seðlabankinn muni hefja vaxtalækkunarferli snemma á næsta ári. jonab@frettabladid.is

# Actavis vill kaupa Antibiotice

Actavis hefur sent rúmensku ríkisstjórninni bréf þess efnis að félagið hafi áhuga á að kaupa 53 prósenta hlut ríkisins í samheitalyfjafyrirtækinu Antibiotice. Fyrirtækið hefur níu prósenta markaðshlutdeild í Rúmeníu. Fyrir hefur Actavis sjö prósenta markaðshlutdeild á rúmenska samheitalyfjamarkaðnum eftir kaup á lyfjafyrirtækinu Sindan í mars síðastliðnum.

Í viðtali við fréttastofuna Bloomberg sagðist forstjóri Actavis, Róbert Wessman, Actavis hafa það að markmiði að verða meðal þriggja stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. Því markmiði hefði félagið náð með yfirtöku á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu Pliva, sem reynt var við í haust. Actavis beið hins vegar lægri hlut í þeim slag fyrir bandaríska lyfjarisanum Barr Pharmaceuticals. Í viðtalinu segir Róbert enn stefnt að þessu. Til þess að svo geti orðið verði fleiri smærri lyfjafyrirtæki, á borð við Antibiotice, tekin yfir.

Antiboitice er síðasta ríkisrekna samheitalyfjafyrirtækið í Rúmeníu. Tuttugu og eitt annað fyrirtæki hefur lýst yfir áhuga á kaupum á félaginu. Því er alls óvíst að af kaupunum verði þar sem töluverðar líkur eru á að verðið verði of hátt til að hugnast Actavis. „Við erum ekki fyrir að greiða of hátt verð fyrir fyrirtæki," segir Róbert í viðtalinu. „Sýnist mér sem svo að þar verði full mikil þröng á þingi." - hhs



**RÓBERT WESSMANN FORSTJÓRI ACTAVIS** Actavis hefur áhuga á að kaupa rúmenska lyfjafyrirtækið Antibiotice.

# ANZA kaupir af ICEconsult

Fyrirtækin ICEconsult og ANZA hf. hafa gert með sér samkomulag um innleiðingu þjónustu- og gæðakerfisins Stjóralausna frá ICEconsult hjá ANZA.

Með kaupnum vill ANZA efla skilvirkni þjónustu til viðskiptavina sinna, en fyrirtækið starfar á sviði upplýsingatækni. „Sömuleiðis er þetta liður í þeirri stefnu fyrirtækisins af fá gæðavottun fyrir þjónustustjórnun. Ákvörðun ANZA um kaup á Stjóralausnum er tekin að undangenginni ýtarlegri skoðun á tölvukerfum hér heima og erlendis," segir í tilkynningu.

ICEconsult hefur þróað Stjóralausnir síðustu 12 ár. - óká

# Stenhammar hættir hjá OMX

**Stofnaði kauphallarsamstæðuna árið 1984. OMX er eigandi Kauphallar Íslands.**

Olof Stenhammar, stofnandi og stjórnarformaður OMX kauphallarsamstæðunnar, gefur ekki kost á sér til endurkjörs í stjórn félagsins á aðalfundi þess á næsta ári.

Eftir að hafa stofnað OMX árið 1984 var Stenhammar forstjóri félagsins allt fram til ársins 1996. Þá gerðist hann stjórnarformaður félagsins og hefur starfað sem slíkur síðan.

„OMX hefur verið í fararbroddi í þeim umbreytingum sem kauphallir heimsins hafa gengið í gegnum síðustu áratugina, hvort heldur sem varðar skipulag, eða notkun nýjustu tækni í greiðslumiðlun. Reynslan af því að taka frumkvæði og vera með í þessu ferðalagi hefur verið stórkostleg," segir Olof Stenhammar í tilkynningu þar sem hann greinir frá ákvörðun sinni. Hann segir að þótt OMX sé á margan hátt orðið stór hluti af honum sjálfum þurfi leiðir að skilja. „Í dag er OMX alþjóðlegt fyrirtæki með óhemjubjartar framtíðarhorfur og mjög hæfa stjórn og stjórnendur. Núna virðist því rétta stundin til að taka þetta skref," segir hann og segist hlakka til að takast á við önnur spennandi verkefni. „Svo gæti jafnvel farið svo að maður tæki sér penna í hönd og kæmi einhverju á blað. Margt hefur gerst öll þessi ár og mögulegt að sagan kynni að vekja forvitni," segir Olof Stenhammar.

Aðalfundur OMX verður haldinn 12. apríl næstkomandi. Félagið rekur kauphallir á Norðurlöndum og í Eystrasaltinu, Helsinki, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Reykjavík, Tallinn, Riga og Vilniusi. Frekari upplýsingar um samstæðuna er að finna á slóðinni *www.omxgroup.com*. - óká



**OLOF STENHAMMAR** OMX var stofnað árið 1984 af Olof Stenhammar sem fæddur er árið 1941. Hann hverfur í vor til annarra starfa. FRÉTTABLAÐIÐ/OMX



**EIN AF VÉLUM QANTAS** Yfirtökutilboði í ástralska flugfélagið Qantas hefur verið hafnað.

# Tilboði hafnað frá Macquarie

Stjórn ástralska flugfélagsins Qantas hafnaði í gær yfirtökutilboði sem ástralski fjárfestingabankinn Macquarie og bandaríski sjóðurinn Texas Pacific gerðu í félagið í undir lok síðasta mánaðar. Tilboðið hljóðaði upp á 8,6 milljarða bandaríkjadali eða um 598 milljarða íslenskra króna.

Fréttastofa Reuters segir yfirtökutilboð fjárfestahópanna hafa verið fimm prósentum yfir lokagengi flugfélagsins á þriðjudag en það lækkaði nokkuð eftir að stjórn flugfélagsins felldi tilboðið.

Yfirvofandi sala á Qantas er sögð hafa snert streng í brjósti Ástrala sem tengja flugfélagið við land og þjóð og hefur verið gerð krafa um að félagið verði í meira-

# Eignir lífeyrissjóða aukast

Eignir lífeyrissjóðanna voru komnar í 1.425 milljarða króna í lok október samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Þetta var níu milljarða aukning milli mánaða eða 0,6 prósenta hækkun.

Stærstan hluta aukningarinnar má rekja til verðbréfa með föstum tekjum, til dæmis íbúðabréfa. Greining Glitnis telur að lífeyrissjóðir hafi gripið tækifærið og keypt skuldabréf í síðasta mánuði á sama tíma og þónokkrar lækkanir urðu á skuldabréfamarkaði

Glitnir bendir á að eignir lífeyrissjóðanna hafi aukist um rúma tvö hundruð milljarða króna á árinu og reiknar með að hlutfall heildareigna af landsframleiðslu verði um 130 prósent í árslok. Það er hæsta hlutfallið af öllum OECD-ríkjunum. - eþa

# TV tekur við Vodafone

Tölvuþjónusta Vesturlands er nýr umboðsaðili Vodafone í Borgarnesi, en fyrirtækið er með starfsemi bæði á Akranesi og í Borgarnesi.

Tölvuþjónsutan býður lausnir í tölvutækni og fjarskiptamálum fyrir fyrirtæki á einstaklinga. Hjá fyrirtækinu starfa nú 7 manns. Fyrirtækið býður eftirleiðis sömu þjónustu og vöruúrval og í verslunum Vodafone, svo sem úrval GSM símtækja, ADSL endabúnað og ýmiskonar aukahluti. - óká




## Útgjöldin

> Kílóverð á úrbeinuðum svínahamborgarhrygg miðað við verðlag á landinu öllu í nóvember




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** DÝRLEIF ÖRLYGSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUÐUR

## *Drekkur meira kaffi heima*



„Ég hugsa að verstu kaupin sem við höfum gert hafi verið fótanuddtæki sem við keyptum fyrir fjórum árum. Við sáum fyrir okkur að það væri ótrúlega indælt að setjast niður á kvöldin þegar maður er þreyttur í fótunum og stinga þeim í heitt bað. Við vissum þó að svona fótanuddtæki voru vinsæl fyrir tuttugu árum og ekkert notuð en við lærðum greinilega ekkert af því. Þetta fótanuddtæki hefur verið notað einu sinni og síðan hefur það verið geymt undir rúmi og látið safnað ryki. Það er bara vesen að nota þetta og engan veginn eins kósí eins og maður hélt. Það þarf að fylla tækið af vatni, stinga því í samband og svo á að vera nudd en það gerir ekkert fyrir mann," segir Dýrleif Örlygsdóttir búningahönnuður um verstu kaupin sín.

Bestu kaupin segir hún að sé líklega kaffivélin. „Þetta er góð kaffivél sem býr til almennilegt espresso og café latte og ég get ekki verið án þess að fá mér gott kaffi á morgnana. Ég er ekki vöknuð fyrr en ég er búin að fá mér kaffi. Ég er algjör kaffisjúklingur og ég held að þetta sé mest notaða tækið sem ég hef keypt mér," segir hún.

„Þetta er ágætis tæki. Ég fékk það í kaffibúð á Vitastíg. Kaffivélin er svolítið eins og úr vísindaskáldsögu, mjög gróf í útliti en gerir afskaplega gott kaffi," segir Dýrleif og telur að vélin hafi margborgað sig því að hún hafi á endanum minnkað kaffihúsaferðirnar.

## HÚSRÁÐ

### KVEIKT Í SKÓSVERTU

■ *Það er eitt sem ég geri stundum ef ég vil pússa skóna mína mjög vel. Þá kveiki ég í skósvertunni.*

„Það er alkóhól í skósvertu. Það er mjög gott ef maður vill fá gott lag á skóna að kveikja í skósvertunni og hita hana vel í dósinni. Þá er hægt að bera rosalega vel á skóna og þeir verða skínandi blankir - alveg glansandi fínir."



GUÐJÓN PEDERSEN LEIKHÚSSTJÓRI

■ **Gæðakönnun**

## Verð og gæði fara ekki endilega saman

Samkvæmt nýrri gæðakönnun sem birt er á heimasíðu Neytendasamtakanna fara verð hrukkukrema og gæði ekki endilega saman en átta hrukkukrem voru rannsökuð til að athuga hvort þau drægju úr hrukkumyndun eða minnkuðu fínar línur. Þrjú krem fengu bestu einkunnina; Diadermine Expert Rides, Oil of Olay Regenerist og Lancôme Renergie. Miðlungseinkunn fengu krem frá Roc og L'Oreal, en krem frá Nivea og La Prairie fengu verstu einkunnina. La Prairie er mjög dýrt krem, en lenti í næstneðsta sæti.



■ **Þjónusta**

## Danskur hamborgarhryggur fyrir jólin

Verslanir Hagkaupa og Bónuss bjóða nú upp á danskan hamborgarhrygg sem unninn er samkvæmt þarlenskri hefð. Því er hryggurinn úrbeinaður og fituhreinsaður. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur hryggur er í boði hér á landi.



■ **Þjónusta**

## Ódýrara flug fyrir flugkappa

Flugfélag Íslands býður nú upp á 40 prósenta lækkun á barnafargjaldi fyrir börn á aldrinum fimm til ellefu ára sem fljúga oft ein á milli landshluta með sérstöku fargjaldi sem heitir Flugkappar. Tíu miða kort, eða fimm ferðir fram og til baka, kostar þá 29.000 kr. með flugvallarsköttum og með slíkum miðum þarf ekki að borga breytingargjald ef breyting verður á ferðatilhögun. Flugfreyja/þjónn fylgist með barninu meðan flugi stendur og eftir flugið. Þá fá börnin bakpoka og dvd-disk. Einnig er hægt að kaupa flugkappamiða fyrir börn á aldrinum tveggja til fjögurra ára, en hann gildir einungis ef þau ferðast í fylgd með fullorðnum. Í hverju flugi er takmarkaður sætafjöldi ætlaður flugköppum.






**BJARNI ÁSGEIRSSON, YFIRMAÐUR JÓLATRÉSSÖLU Í BLÓMAVALI** Jólatréssalan fyrir þessi ár nær brátt hámarki en reikna má með að Blómaval selji á bilinu 8.000-10.000 tré fyrir þessi jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölskyldan velur saman

**Jólatréssalan er þegar hafin í Blómavali og má búast við að hún nái hámarki nú um helgina. Best er að geyma trén úti þar til á að setja þau upp en æskilegt er að taka þau inn sólarhring áður en þau eru skreytt.**

Bjarni Ásgeirsson, yfirmaður jólatréssölunnar í Blómavali, segir um 80 prósent af þeim trjám sem verslunin selur vera danskan normannsþin en einnig sé hægt að fá íslenska stafafuru og rauðgreni. „Verð trjánna fer eftir stærð þeirra en normannsþinur sem er 100-150 metrar á hæð kostar 2.199 krónur en tré á bilinu 150-200 metrar kosta 3.999 krónur. Íslensku trén eru aðeins dýrari."

Bjarni segir best að geyma jólatrén úti á svölum eða út í garði þar til þau eru tekin inn en öll tré sem keypt eru í Blómavali eru pökkuð í net. „Best er að taka tréð inn sólarhring áður en það er skreytt til að láta það þiðna. Áður en tréð er tekið inn er gott að úða yfir það volgu vatni, með garðslöngu eða vatnsúðara, til að þíða tréð ef það er frosið og einnig til að láta það draga í sig raka áður en það er sett inn, en með þessu móti endist tréð lengur.

Saga þarf neðan af stofninum áður en tréð er sett í jólatrésfótinn til að það nái að drekka. Þá þarf að passa að alltaf sé nóg vatn í fætinum en ætla má að það þurfi að vökva tréð tvisvar til þrisvar í viku. Þá er hægt að fá sérstakan áburð til að setja í vatnið sem gerir tréð frískara."

Bjarni segir þessar ráðleggingar gilda óháð tegund trésins en rauðgrenið er sérstaklega viðkvæmt og fellir barrið fyrr nema farið sé sérstaklega vel með það. „Það er mikilvægt að slökkva á jólatrésseríunni á nóttunni og þegar enginn er heima því hitinn frá perunum getur gert það að verkum að tréð þornar upp. Þá ætti ekki að hafa tréð upp við heitan ofn heldur frekar við glugga því svalara umhverfi fer betur með tréð."

Bjarni segir fólk yfirleitt vanafast þegar kemur að innkaupum á jólatrjám og að helsta breytingin sé sú að fólk sé farið að kaupa stærri tré. „Þarna kemur tvennt til, annars vegar er fólk farið að búa í stærri húsum og hins vegar eru stór tré orðin á viðráðanlegra verði.

Ég reikna með að við hjá Blómavali seljum á milli 8.000-10.000 tré í ár en af þeim seljum við um 200-300 tré til fyrirtækja og stofnana. Ég á ekki von á því að trén seljist upp en það er samt ágæt regla að kaupa tré fyrir 20. desember ef fólk vill geta valið úr góðu úrvali."

Bjarni segir það yfirleitt reglu að öll fjölskyldan komi til að velja jólatré og börnin fái að segja sitt álit.

hugrun@frettabladid.is

Betri myndgæði í væntanlegum flatskjám:

# Þunnir skjáir en með myndgæði túpusjónvarpanna

Margir íhuga endurnýjun á sjónvarpi fyrir jólin og njóta þar flatskjáir vaxandi vinsælda. Reyndar eru vinsældir flatskjáa það miklar að gömlu „túputækin" eru að hverfa hægt og rólega af markaðnum.

Ekki eru allir sáttir við þá þróun, enda eru myndgæði flötu skjánna síst betri en gömlu sjónvarpanna. Fram kemur í nýjasta tölublaði Neytendablaðsins að þar kunni að verða breyting á, því að á næstu mánuðum verði kynnt ný sjónvarpstækni sem muni sameina þunna skjái flatskjánna og myndgæði gömlu túputækjanna með nýrri SED-sjónvörpum.

Því er haldið fram að myndin muni haldast skýr þrátt fyrir að myndefnið sé á mikilli hreyfingu. Þá muni þessi tækni henta vel móttöku stafrænna útsendinga. Þá eiga þessir nýju skjáir að eyða talsvert minni orku en þeir flatskjáir sem nú eru á markaði.

En ef kaupa á flatskjá í dag er að ýmsu að huga. Gott er til dæmis að athuga hvernig myndin kemur út þegar horft er á sjónvarpið á hlið, eins og einhverjir kunna að þurfa að gera ef margir eru að horfa í einu. Þá þarf að bera myndgæði saman á nokkrum sjónvörpum í einu, og athuga hvort eðlilegur húðlitur er á fólki sem birtist á skjánum.

Ef ætlunin er að tengja DVD-tæki eða leikjatölvu við skjáinn þarf að athuga með aðgengi að tengingum og hvort tengingarnar passi við þau tæki sem eru til staðar á heimilinu. Þá eru mörg nýrri tæki sem ekki hafa hnapp til að kveikja eða slökkva. Slík tæki eru þá alltaf í biðstöðu og eyða því meira rafmagni, auk þess sem íkveikjuhætta eykst ef tækin eru alltaf í gangi.

- ss



**FLATSKJÁR** Tekur minna pláss en hefur ekki meiri myndgæði en gömlu sjónvörpin.





JÓL 2006
GK REYKJAVÍK
OPNUNARTÍMAR GK REYKJAVÍK LAUGAVEGI 66
Mán. til fim. 11:00–18:00, fös. 11:00–18:30.
Frá fim. 14. des. til 22. des. 11:00–22:00, 23. des. 11:00–23:00, 24. des. 9:00–12:00.

2 Channel/DVD/CD/CDR
CDRW/VCD/SVCD/JPEG
MP3 spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Dolby Digital, AC3 Digital
Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi NTSC
Afspilun yfir í Pal RCA, Scart,
Coax og Optical tengi
Fjarstýring

# DVD D-421 spilarinn

SERVÖRU VERSLANIR

# Einfalt og

DVD D-421
**3989** KR.
SPILAR ÖLL KERFI




## Fjölkerfa DVD spilari

Komnir aftur! DivX

*Dolby digital AC3
*Digital Theatre Sound (DTS)
*NTSC afspilun yfir í Pal
*Scart með RGB, RCA
og Component (Y, Pb, Pr) tengi
*Coaxial tengi *Fjarstýring
*Barnalæsing

1500 tæki í sölu!

DVD DivX
**5898** KR.
FJÖLKERFA SPILARI




FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD
Digital Direct Progessive Scan

## Severin sýður vatnið!



Severin kaffivél
**6879** KR.

Margra daga birgðir!

## 1 KÍLÓ 26 sneiðar




1 kíló!
**79** KR.
BÓNUSBRAUÐ




XXL risapitsa

760/800g
**498** KR.
XXL Freschetta

XXL eldhúsrúlla
**149** KR.
jólapappír




## Hnoðað og klárt smákökudeig




KÖKUDEIG
**159** KR.
300g

Bónus býður betur!

6 RÚLLUR
**259** KR.
jóla salernispappír




1.25 kíló
**139** KR.
HUNDAMATUR




Kjúklingur eða nautakjöt

405g
**49** KR.
KATTAMATUR

Nýtt!



Kjúklingur/fiskur/nautakjöt


Þægilegt í önnunum!
Sjáðu verðið!
HÁLFT KÍLÓ AF LAKKRÍSKONFEKTI fylgir hverri Coca-Cola kippu!
Kaupauki!
30% afsláttur við kassann
Ferskir bitar
Bringur íslenskar og ferskar
kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.
Vængir
kílóverð nú:
174 KR.
Merkt verð 249KR.
30% afsláttur við kassann
Læri/leggir
kílóverð nú:
349 KR.
Merkt verð 499KR.
Grillaður heill og kaldur Móa kjúklingur
MÓA KJÚKLINGUR kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
MÖNDLUKAKA
198 KR.
420g
EINN LÍTRI
259 KR.
Nýtt!
20% sósufylling!
Soðin og klár skinka
kílóverð nú:
1259 KR
Merkt verð 1798KR.
30% afsláttur við kassann
UNGNAUTAHAKK kílóverð nú:
979 KR.
Merkt verð 1398KR.
Ungnautahakk 8-12% fita
30% afsláttur við kassann
Soðin partýskinka -klár á diskinn!
40% afsláttur við kassann
www.bonus.is
ERAN/Landlist
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nauðgunarbrot eru ekki litin nægilega alvarlegum augum í íslensku réttarkerfi:

## Nauðgun gengur næst manndrápi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Nauðgunarglæpir eru ekki litnir nægilega alvarlegum augum í íslensku réttarkerfi að mati Atla Gíslasonar lögmanns. Þetta kom fram í fréttaskýringu Fréttablaðsins í gær. Tilefni fréttaskýringarinnar er að fimm ára fangelsisdómur yfir manni vegna hrottalegra misþyrminga og nauðgana nægðu ekki til að krefjast gæsluvarðhalds yfir honum. Grunur leikur á að maðurinn hafi nauðgað annarri konu meðan mál hans beið meðferðar í Hæstarétti.

Atli bendir á að menn séu ævinlega úrskurðaðir í gæsluvarðhald ef rökstuddur grunur er um að þeir hafi gerst sekir um manndráp, stórfellt fíkniefnabrot eða alvarlega líkamsáras. Ótrúlegt verður að teljast að nauðgunarbrot fái ekki sömu meðferð í dómskerfinu og grófar líkamsárásir. Velta má upp ýmsum tilgátum um ástæðu þessa og flestar ber að sama brunni að karllæg sjónarmið ráði þarna för. Að of mikilli athygli sé beint að líkamlegu ofbeldi í tengslum við nauðgun þrátt fyrir að vitað sé að algeng viðbrögð fórnarlambs nauðgunar sé að streitast ekki á móti, bæði vegna áfallsins sem konan verður fyrir og vegna þess að hún vill forðast líkamlega áverka.

Afleiðingar nauðgunar fyrir fórnarlömb eru gríðarlega umfangsmiklar og alvarlegar. Þetta kemur meðal annars fram í grein Atla Gíslasonar og Jóhönnu Katrínar Magnúsdóttur, Réttarvernd kynfrelsis. Greinin birtist í Guðrúnarbók, afmælisriti Guðrúnar Erlendsdóttur sem kom út fyrr á þessu ári. Þar kemur til dæmis fram að 60-70 prósent kvenna með geðraskanir og þeirra kvenna sem missa tök á lífi sínu til dæmis vegna fíkniefna og afbrota eiga að baki sögu um kynferðislegt ofbeldi.

Ljóst er að til þess að nauðgunarmál fái þá meðferð sem alvarleiki brotanna gefur tilefni til þarf að koma til breyting á grundvallarhugsun í réttarkerfinu. Skýrt þarf að vera í lögum að um nauðgun sé að ræða ef ekki liggur fyrir samþykki fyrir kynmökum, óháð því hvort fórnarlamb streitist á móti þeim eða ekki. Alvarleika nauðgunarbrota verður að endurmeta með tilliti til þeirra gríðarlegu afleiðinga sem þær hafa fyrir fórnarlömbin, afleiðingar sem fylgja konunum alla tíð að meira eða minna leyti.

Í grein Atla og Jóhönnu Katrínar kemur meðal annars fram að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi á síðasta ári lýst yfir áhyggjum af því hve ákært væri í fáum nauðgunarmálum á Íslandi miðað við fjölda kæra sem bærust. Fara þarf í saumana á ástæðum þessa og bæta úr. Svo virðist til dæmis sem tilhneiging sé í réttarkerfinu til að ganga út frá því að menn séu hafðir fyrir rangri sök nauðgunarnmálum þrátt fyrir að rannsóknir hafi sýnt fram á að hlutfall þeirra sem hafðir eru fyrir rangri sök í slíkum málum sé hið sama og í öðrum sakamálum, eða um tvö prósent.

Nauðgun á fullorðinni manneskju er einhver alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja, glæpur sem gengur næst manndrápi og því að beita barn kynferðislegu ofbeldi. Enn er líkamlegt ofbeldi, sem oftast á sér stað milli tveggja karlmanna, iðulega litið alvarlegri augum en nauðgun og kynferðislegt ofbeldi á börnum í íslensku réttarkerfi. Þetta verður að breytast.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aftur til starfa

Í ákveðnum hópum hefur verið spurt hvort Kristín A. Ásgeirsdóttir, sem er skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur, komi aftur til starfa um áramótin. Kristín hefur verið í námsleyfi og ekki starfað með núverandi meirihluta. Áður var hún aðstoðarkona Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og í innsta kjarna stuðningsmanna hennar. Nú hefur Kristín rætt þetta við Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra og segir ekkert því til fyrirstöðu að hún hefji aftur störf um áramótin. Sögusagnir um annað séu rangar.

### Engin evra

Tækju Íslendingar upp evruna mættu þeir ekki kalla gjaldmiðilinn evru. Á bloggsíðu Heimssýnar (heimssyn.blog.is) segir að í skýrslu frá Seðlabanka Evrópusambandsins 5. desember sl. komi fram að það sé algert skilyrði að evran sé stafsett „euro“ í ritmáli allra aðildarríkjanna. Aðeins Grikkir hafa undanþágu frá þessari reglu þar sem þeir notast við annað letur. Þetta litla dæmi sýni vel þá miðstýringarárattu sem ræður ríkjum hjá sambandinu.



### Gömul gremja

Þeir sem hafa viljað halda arfleifð nóbelsverðlaunahagfræðingsins Milton Friedman á hátt lofti fannst grein Stefáns Ólafssonar prófessors í Lesbók Morgunblaðsins um síðustu helgi á margan hátt furðuleg. Þar sakaði Stefán Friedman um að ræna frelsishugtakinu. „Hvernig hægt er að ræna hugtökum og skilgreina hverjir eru leiðtogar tíðarandans er Vefþjóðviljanum hulin ráðgáta,“ segir á Andríki. Friðjón R. Friðjónsson birtir heimasíðu sinni mynd af Stefáni þegar hann mætti Friedman í Sjónvarpssal árið 1984. Líklega megi rekja gremju Stefáns til þess þegar Friedman snéri hann og Ólaf Ragnar Grímsson niður í rökræðum um inngangseyri á fyrirlestra.

bjorgvin@frettabladid.is

## Kostir langra lífdaga



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Milton Friedman og Augusto Pinochet

Sumum mönnum þykir mér rétt að óska sem allra lengstra lífdaga, svo að þeir megi fá að hlýða sjálfir á dóm sögunnar um verk þeirra. Þessi ósk hvílir á sannmæliskenningunni, býst ég við – þeirri kenningu, að sannleikurinn sé grundvöllur réttlætisins og mönnum sé gert rangt til, fái þeir ekki að njóta sannmælis. Stundum er saga einstaklinganna ekki ein í húfi, heldur saga heillar þjóðar. Tveir slíkir menn eru nýfallnir frá, annar í Bandaríkjunum, hinn í Síle, báðir á tíræðisaldri. Þeir hafa stundum verið spyrtir saman, en það er ranglátt gagnvart öðrum þeirra, sem var ótvíræður afreksmaður, því að hinn var forhertur afbrotamaður.

Byrjum á síðarnefnda. Hann hét Augusto Pinochet og var hershöfðingi í Síle. Herinn þar eins og annars staðar í Suður-Ameríku hefur löngum verið hafður mest til innanlandsnota, og þannig gerðist það, að rétt kjörinn forseti Síle, Salvador Allende, fól Pinochet hershöfðingja að koma á röð og reglu í landinu í kjölfar uppþota 1973. Pinochet fórst verkið svo vel úr hendi, að hann var skipaður yfirmaður heraflans, og þá neytti hann lags til að ræna völdum í landinu skömmu síðar, og hann stjórnaði því síðan með harðri hendi í sautján ár. Þegar hann hvarf frá völdum 1990, bjó hann svo um hnútana, að hann og menn hans voru ósnertanlegir að kalla, þótt vitað væri, að þeir báru ábyrgð á hvarfi rösklega þriggja þúsunda manna, sumir segja fjögurra þúsunda, auk skipulegra pyndinga í stórum stíl. Eigi að síður tók hagstjórnin í Síle miklum framförum í stjórnartíð Pinochets: verðbólgan var kýld niður úr 400 prósentum 1973 í 20 prósent 1990, landsframleiðslan óx hraðar en áður í skjóli aukins viðskiptafrelsis og ýmissa annarra umbóta, og grunnur var lagður að frekari frívæðingu og framförum, svo að þjóðartekjur á mann í Síle eru nú þrisvar sinnum meiri en þær voru 1965. Atvinnuleysi er óverulegt. Landið er frjálst.

Síleska þjóðin var þríklofin í afstöðu sinni til þessara atburða. Þriðjungur landsmanna eða þar um bil kaus að horfa fram hjá mannréttindabrotunum og mærði Pinochet fyrir góðan árangur í efnahagsmálum, og þá var það gjarnan látið fylgja með, að hann væri strangheiðarlegur, hvað sem annars mætti um hann segja. Annar þriðjungur þjóðarinnar leit á Pinochet sem harðsvíraðan glæpamann. Enn aðrir tóku ekki afstöðu. Leigubílstjóri í höfuðborginni Santíagó benti mér fyrir nokkrum árum á auðan stall á Stjórnarskrártorginu framan við forsetahöllina í Síle, sem Pinochet fyrirskipaði loftárasir á 1973, og sagði: Ætli gamla manninum verði ekki komið fyrir þarna? Þar eru nú þrjár styttur, ein þeirra af Salvador Allende. Og þarna hefði líkneski Pinochets hæglega getað risið, hefði hann andazt um áttrætt. En hann entist lengur. Síðustu átta árin var hann í stofufangelsi, fyrst í Bretlandi fyrir tilstilli spænsks dómara, sem ákærði Pinochet fyrir mannréttindabrot gegn nokkrum Spánverjum í Síle, og síðan heima í Síle, þar sem óttinn við Pinochet fjaraði út, þegar menn sáu, að dómskerfi Bretlands hafði náð til hans. Rannsókn leiddi í ljós, að Pinochet hafði safnað stórfé inn á erlenda bankareikninga og hlaut því að vera marfaldur mútuþegi. Auk þess varð hann uppvís að því að hafa tekið þjóðargersemar úr opinberum söfnum og flutt þær heim til sín. Hann lifði nógu lengi til að fá að vita, að síleska þjóðin og heimsbyggðin öll fékk að endingu að heyra sannleikann um hann, þótt honum entist ekki aldur til að fá lokadóm.

Ég hitti Milton Friedman einu sinni. Hann var þá um sextugt og kom frá Chicago til Princeton, þar sem ég var við nám, að halda fyrirlestur og kynna nýtt ritgerðasafn og seldi mér áritað eintak. Það var ókyrrð í salnum, mörgum áheyrendum þótti boðskapur fyrirlesarans framandlegur. Hundur blinds gistiprófessors gelti í miðri ræðu, við höfðum ekki heyrt hann gera það áður. Andrúmsloftið var lævi blandið. Samt hafði Friedman á réttu að standa um flest á fundinum. Nokkrum árum síðar var hann sæmdur Nóbelsverðlaunum í hagfræði og var þá vændur um samneyti við Pinochet, en það var ósanngjörn ásökun, þeir höfðu hitzt í eitt skipti. Arkitektar efnahagsumbótanna í Síle höfðu sumir lesið hagfræði í Chicago, en það gerði Friedman ekki samsekan Pinochet, fjarri því. Einn helzti styrkur Friedmans sem fræðimanns var hæfileikinn til að miðla fræðum sínum til almennings: hann var blaðamaður af guðs náð og hafði smám saman mikil áhrif á skoðanir almennings. Hann lagði grunninn að gengisfloti dollarans gagnvart öðrum gjaldmiðlum og að afnámi herskyldu í Bandaríkjunum. Hann barðist til dauðadags fyrir auknu valfrelsi í skólamálum, knúinn áfram af umhyggju fyrir menntunarmöguleikum fátæks fólks. Hann lagðist óhræddur gegn hvers kyns sérhagsmunum. Hann reyndi ekki að koma sér í mjúkinn hjá valdhöfum, hann þurfti ekki á því að halda. Síðustu árin stóð hann með pálmann í höndunum og naut nær óskiptrar virðingar meðal hagfræðinga. Hann lifði nógu lengi til að fá að vita, að hann fékk að endingu að njóta sannmælis.

## Snobblykt

UMRÆÐAN

Áfengiskaup



ÞORSTEINN MÁSSON

Dr. Hannes Hómsteinn skrifaði athyglisverða grein um léttvín í búðum þann 8 desember. Doktorinn vill eins og margir að léttvín verði selt í búðum og þar er ég einn af þessum mörgu sem sjá ekkert af slíkum gjörningi. En Doktorinn og fleiri fylgismenn áfengis segja að léttvín og bjór séu ekki eins skaðleg og sterkt vín. Doktorinn gengur jafnvel svo langt að segja að áfengisböl hljótist ekki af neyslu bjórs eða léttvíns heldur sterkra drykkja.

Hér er mál að slá sér á lær og hlægja! Ég ásamt mjög mörgum höfum allavega afrekað að drekka á okkur óþrif af „saklausum“ bjór og mikið af fólki verður ofurölvi eftir neyslu á „fínum“ rauðvínum. Einn bjór inniheldur meira áfengismagn en einfaldur vodka í kók. Og þess ber að geta að áfengi í bjór er það sama og áfengi í vodka. Mér hefur líka fundist umræðan um þetta lykta af snobbi þ.e.a.s. fylgendur tala um að fara út í búð og ná í „sitt rauðvín“ með fondúinu eða hreindýrinu. En hvað með þá sem vilja ná í „sitt“ romm eða „sinn“ vodka með sardínunum? Hvers vegna eiga þeir að fara í ríkið til þess? Það á ekki að mismuna fólki eftir áfengissmekk og sannarelga á ekki að hlusta á fagurgala á þingi eða með doktorsnafnbót sem segja romm og koníak eitthvað meira frá djöflinum heldur en bjór og hvítvín.

Réttast væri fyrir þetta ágæta fólk að fara í hressilegt unglingapartí og skoða hvað er verið að drekka þar á bæ. Sennilega eru flestir að súpa á bjór og nokkrir búnir að skila honum aftur á stofugólfið. Lesendur mega ekki miskilja mig. Ég hef ekkert á móti bjór eða léttvíni heldur finnst mér að ef setja á áfengi í búðir skal hafa þar allt vín. Svo verða menn að hætta nota kjánarök eins og doktorinn notar í grein sinni. Það er einungis til þess fallið að rýra þennan ágæta málstað.

*Höfundur er nemi.*




*Veljir þú kaffivélina þá greiðir þú 1.949.000 kr. fyrir Citroën C4 Saloon SX. Hvort viltu? Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins 1.849.000 kr. fyrir Citroën C4 Saloon SX.**

# Viltu kaffivél?

Jólapakki fjölskyldunnar kemur beint frá París. Sýndu þig á franskri hönnun eins og hún gerist best. Kauptu nýjan Citroën C4 Saloon SX á jólatilboði Brimborgar.

Í hvaða formi viltu jólatilboðið? Viltu fá kaffivél í afslátt að verðmæti 100.000 kr? Eða viltu fá beinan afslátt af bílnum og gæða vetrardekk að auki að verðmæti 160.000 kr, komin undir bílinn og sumardekkin pökkuð saman í skottið?

Veljir þú afsláttinn og dekkin þá greiðir þú aðeins **1.849.000 kr.** fyrir Citroën C4 Saloon SX.* Veljir þú kaffivélina þá greiðir þú hinsvegar **1.949.000 kr.** fyrir Citroën C4 Saloon SX.* Hvort viltu?

Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg. Komdu núna í Brimborg. Vertu á 5 dyra, beinskiptum Citroën C4 Saloon SX.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg
## Komdu núna. Jólatilboðið gildir aðeins til 22.12.2006

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST**
**OFURJÓLATILBOÐ Á CITROËN**
**KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Við sáum að hver króna skipti máli

**UMRÆÐAN**
Hjálparstarf


ÁSBJÖRG GEIRSDÓTTIR OG ÞÓRA KRISTÍN HARALDSDÓTTIR

Fyrir rúmu ári fórum við vinkonurnar til Úganda í A-Afríku til að taka þátt í verkefni sem Hjálparstarf kirkjunnar hefur stutt þar í landi í nokkur ár. Markmið verkefnisins er að aðstoða þá sem alnæmisfaraldurinn hefur snert á einn eða annan hátt. Stór hluti þeirrar aðstoðar felst í að veita fólki aðgang að hreinu vatni og auðvelda því þannig að takast á við sérhvern dag.

**Drekka vatn úr vatnsbólum dýra**

Á meðan á dvöl okkar stóð kynntumst við þeirri miklu örbirgð sem fólkið bjó við og urðum við vitni að því hvað hægt er að gera mikið gagn fyrir litla peninga á okkar mælikvarða. Í gegnum starf samstarfsaðila Hjálparstarfsins í Rakaí-héraði kynntumst við fjölda munaðarlausra barna. Þau þurftu að bjarga sér um allt sjálf og á hverjum degi þurftu börnin að ganga berfætt marga kílómetra til að sækja vatn í óhrein vatnsból sem skepnurnar drukku líka úr. Þetta var því mikil erfiðisvinna auk þess sem börnin töpuðu miklum tíma frá ræktun eða vinnu fyrir nauðsynjum og launin því miður óheilsusamlegt vatn.

**Vatnstankur við húsið**

Það var mikill munur að kynnast svo þeim börnum sem komin voru inn í verkefni hjálparstarfsins á þessu svæði. Þau höfðu fengið fullorðinn umsjónarmann og ýmsa efnisaðstoð. Mörg höfðu fengið almennileg hús með stóran vatnstank við hliðina þar sem hægt var að safna rigningarvatni af þökum húsanna. Vatnstankurinn sparaði tíma og breytti öllu fyrir börnin til að halda heilsu og geta framfleytt sér. Ekki hafa öll munaðarlausu börnin fengið vatnstank við hús sín en mörg þeirra hafa nú aðgang að vatnsbrunnum sem Hjálparstarf kirkjunnar hefur víða látið grafa. Heilnæmt vatn er grunnurinn að öllu öðru.

**Öll framlög nýtast – stór og smá**

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar í ár líkt og í fyrra er helguð þessu þarfa verkefni. Í fyrra söfnuðust um 32 milljónir í jólasöfnunni og hafa 266 brunnar verið gerðir fyrir þá peninga en þeir geta veitt 266 þúsund manns aðgang að hreinu vatni. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna. Með betri heilsu getur fólk betur séð fyrir sér sjálft. Og það er markmiðið þarna – að hjálpa til sjálfshjálpar. Þörfin er þó enn til staðar og inn á öll heimili í landinu hefur nú verið dreift gíróseðlum að upphæð 2.500 krónum. Okkur er ljóst að ekki hafa allir tök á að greiða þá upphæð og því viljum við benda fólki á að líka er hægt að hringja í söfnunarsímann 907 2002 og gefa þá 1.100 kr. sem skuldfærast beint á símreikning notanda. Við sáum að hver króna skiptir máli!

*Höfundar eru læknanemar við Háskóla Íslands*

# Hið hættulega, læknisfræðilega umhverfi sjúklinga

**UMRÆÐAN**
Endurhæfing


INGÓLFUR MARGEIRSSON

Mesti hluti endurhæfingartíma einstaklings sem hefur orðið fyrir slagi er á spítala. Þar er einkum beitt sjónum að líkamlegum einkennum; læknir fylgist með blóðþrýstingi og taugafræðilegum framförum eða þróun. Sama gera taugasálfræðingar og hjúkrunarkonur. Sjúkraliðar aðstoða sjúklinga við að annast daglegar, eðlilegar þarfir. Talmeinafræðingur aðstoðar með æfingum að vistmaður nái eðlilegu tali á ný. Sjúkraþjálfari æfir líkama vistmanns svo hann nái sem sem sterkustum og heilbrigðustum líkama. Iðjuþjálfar kenna og æfa daglega iðju vistmanns svo sem að klæða sig í föt, elda mat en einnig í almennri færni eins og að flétta körfur, mála myndir og þar fram eftir götunum. Allt er þetta gott og blessað en á það sameiginlegt að þjálfunin beinist að líkamlegum framförum sem vissulega eru mikilvægar. Andleg þjálfun er meira og minna útundan. Með öðrum orðum dvelur vistmaðurinn í umhverfi sjúkrahúss, vistast í læknisfræðilegu umhverfi en er sviptur daglegu, eðlilegu lífi. Þetta veldur oft því, að sjúklingurinn verður háður hinu öryggja umhverfi sjúkrahússins og þorir vart að stíga út í lífið á nýjan leik, verður skömmustuleg mannafæla og einangrast oft á nýju heimili. Aðstandendur gera oft ekki ráð fyrir að sjúklingurinn geti lifað aftur eðlilegu lífi og hjálpa til við einangrunina. Þetta ástand gildir ekki aðeins um heilaskaðaða, heldur sjúklinga almennt sem orðið hafa fyrir alvarlegu áfalli, eins og t.d. hjartasjúklingar og taugalömun. Oftar en ekki eru menn hafðir í hjólastólum með tilheyrandi hindrunum og niðurlægingu. Sjúkingurinn á í erfiðleikum með að komast aftur út í lífið og nýta þá krafta sem hann býr oft yfir. Þessu má breyta.

*Á síðari stigum endurhæfingar þarf því að breyta læknisfræðilegum umhverfi í félagslegt umhverfi. Sjúklingar þurfa að læra að venjast því að halda út í lífið á nýjan leik.*

Sjúkrahúsin þurfa að breyta starfsemi sinni. Að lokinni endurþjálfun líkamans á að leggja áherslu á félagslega og andlega endurhæfingu sem gerir vistmanninn hæfan til að takast á við eigið líf utan stofnunarinnar. Aðstandendur og hjúkrunarfólk hverfur oft undan vistmanninum og þá þarf hann að vera svo í stakk búinn að geta tekist á við lífið sem unnt er.

Á síðari stigum endurhæfingar þarf því að breyta læknisfræðilegu umhverfi í félagslegt umhverfi. Sjúklingar þurfa að læra að venjast því að halda út í lífið á nýjan leik með t.d. bíó- og leikhúsferðum eða styttri ferðalögum, jafnvel utanlandsferðum. Það þarf að koma upp skemmtikvöldum á stofnuninni þar sem aðstandendur taka þátt og vistmenn kynnast heilbrigðu fólki. Vistmenn þurfa að taka þátt í hátíðisdögum og blanda sér sem mest í venjulegt líf fólks. Í stað þess að hljóta styrki og bætur frá ríkinu og verða minntur mánaðarlega á, að hann sé baggi á samfélaginu, á ríkið að útvega þeim störf við hæfi, t. d. við kennslu, þar sem þeir geta upplýst um lífsreynslu sína, og þegið mannsæmandi laun. Þar með gæti ríkið sparað tryggingarútlát en fengið skatta (kannski minni en venjulega) af vinnu sjúklinga. Endurmenntun er einnig veigamikill þáttur í þessu sambandi.Og sjúklingar fyndu fyrir félagslegri getu sinni og sjálfstæði. Öll félagsleg endurhæfing myndi miða að hinu sjálfstæða lífi vistmanna að lokinni dvöl á sjúkrahúsi. Þannig yrðu vistmenn aftur eðlilegir samfélagsþegnar í stað þess að vera minntir daglega á að þeir séu sjúklingar sem eru þurfalingar á þjóðfélaginu.

*Höfundur er rithöfundur og sagnfræðingur*






# Er Geir Haarde ábyrgðarlaus?

**UMRÆÐAN**
Einkavæðing


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Fréttablaðið hefur gert einkavæðingu ríkisfyrirtækja ágæt skil á umliðnum árum, s.s. í úttekt Sigríðar Daggar Auðunsdóttur á einkavæðingu Búnaðarbanka Íslands. Sú einkavæðing var einkar sóðaleg þar sem eignir almennings lentu í hópi „fjárfesta“ úr innstu klíku Framsóknarflokksins, t.d. varaformanns flokksins Finns Ingólfssonar.

Kaupendur greiddu ekki krónu fyrr en nokkrum mánuðum eftir að „kaup“ fóru fram og það með láni úr Landsbankanum sem enn var í eigu ríkisins. Aðrir áhugasamir kaupendur en þeir sem voru nátengdir og jafnvel tengdir formanni Framsóknarflokksins fjölskylduböndum voru útlokaðir vegna aðkomu þýsks banka sem átti að vera kjölfestufjárfestir. Skömmu eftir „kaupin“ gufaði síðan kjölfestan í eignarhaldi bankans upp og bankastjóri þýska bankans varðist allra frétta af aðkomu bankans að kaupunum.

*Nú hefur Fréttablaðið rifjað upp vægast sagt vafasama sölu á eign almennings á Íslenskum aðalverktökum til stjórnenda fyrirtækisins.*

Nú hefur Fréttablaðið rifjað upp vægast sagt vafasama sölu á eign almennings á Íslenskum aðalverktökum til stjórnenda fyrirtækisins. Getur það talist tilviljun að fulltrúi Framsóknarflokksins í einkavæðingarnefnd, Jón Sveinsson, sem var falið það trúnaðarverkefni að selja hlut almennings í Íslenskum aðalverktökum væri eftir söluna orðinn stjórnarformaður sama fyrirtækis?

Þessari spurningu er auðsvarað, hér er ekki um neina tilviljun að ræða heldur hreina og tæra spillingu. Umboðsmenn almennings seldu sjálfum sér eigur sem þeim sem var trúað fyrir að koma í verð.

Það þarf ekki að velta þessu máli lengi fyrir sér til þess að sjá að formaður Sjálfstæðisflokksins Geir Haarde ber mesta ábyrgð á þessu máli. Hann sat ekki einungis sem fjármálaráðherra í ráðherranefndinni sem skipaði og bar ábyrgð á framkvæmdanefnd um einkavæðingu heldur gegndi hann algjöru lykilhlutverki í henni þar sem hann bar ábyrgð á öllum starfsmönnum nefndarinnar.

Geir átti að vera fullkunnugt um að eitt og annað misjafnt færi fram þar sem fulltrúi hans Steingrímur Ari Arason sagði sig úr framkvæmdanefnd um einkavæðingu um það leyti sem umdeildar sölur ríkiseigna stóðu yfir.

Einhverra hluta vegna hefur Geir Haarde komist algerlega hjá því að svara efnislega fyrir vægast sagt verulega vafasöm vinnubrögð sem hann ætti að bera alla pólitíska ábyrgð á. Frjálslyndi flokkurinn mun beita sér fyrir því að fram fari rannsókn á einkavæðingu ríkiseigna ríkisstjórnar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks og að í eitt skipti fyrir öll verði komist til botns í þeirri spillingarsýki og sérgæsku sem ráðið hefur för.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*

veidihornid.is

Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760 • Síðumúli 8 - Sími 568 8410

VEIÐIHORNIÐ

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni

## veidihornid.is



**Infac byssuskápur fyrir 5 byssur.**
3mm stál, öflug boltalæsing. Topphilla. **Jólatilboð 22.995.-**



**Infac byssuskápur fyrir 7 byssur.**
Mest keypti byssuskápurinn á markaðnum. 3mm stál, öflug boltalæsing, læsanlegt innra hólf.
**Jólatilboð 29.995.-**



**Ameristep felubirgi.**
Rúllubaggarnir vinsælu sem slegið hafa í gegn. 2 veiðimenn komast vel fyrir í birginu.
**Jólatilboð aðeins 14.995.-**



**Atlas snjóþrúgur**
fyrir skotveiðimanninn, í jeppann eða frístundahúsið. Vandaðar bandarískar þrúgur í tösku ásamt 2 stillanlegum göngustöfum. Fyrir konur og karla.
**Verð aðeins frá 17.995.-**



**ProLogic skotveiðijakki**
í felulitum. Vatnsheldur jakki með lausum innri jakka. Vatnsheldur með útöndun. Stórir vasar og góð hetta.
**Jólatilboð aðeins 19.900.-**



**ProLogic neoprenvöðlur. Jólatilboð aðeins 12.900.-**

**ProLogic skotveiðibuxur**
í felulitum. Háar smekkbuxur í MAX4 mynstri. Rip Stop efni. Vatnsheldar með útöndun.
**Jólatilboð aðeins 14.900.-**



**ProLogic skotveiðitöskur**
í MAX4 felumynstri.
**Verð aðeins frá 6.995.-**



**Beretta bakpoki**
með festingu fyrir byssu. Felulita hlífðarpoki fylgir.
**Verð aðeins 11.495.-**



**Gervigæsir.**
Nauðsynlegar í gæsaveiðina. 12 skeljar í kassa. Lausir hausar og festijárn. Þær mest keyptu á Íslandi undanfarin ár. **Verð aðeins 7.995.- fyrir 12 stk. Einnig gerviendur á aðeins 595 kr. stk.**



**Hreinsisett fyrir haglabyssur og riffla.** Landsins mesta úrval.
**Verð aðeins frá 1.595.- fyrir sett með verkfærum, hreinsiefnum og olíu.**



**Leirdúfukastarar. Verð aðeins frá 1.995.-**




**Beretta skotfæratöskur. Verð aðeins frá 1.995.-**



**Leupold fjarlægðarmælar.**
Nauðsynlegt fyrir skotveiðimenn og golfara.
**Verð aðeins frá 29.900.-**



**Leupold handsjónaukar í miklu úrvali.** Vandaðir og vinsælir bandarískir sjónaukar.
**Verð aðeins frá 14.900.-**



**Beretta vörur í úrvali fyrir skotveiðimanninn.**
Beretta hlífðargleraugu **frá aðeins 3.995.-** Beretta heyrnarhlífar **frá aðeins 4.890.-**



Hafnarstræti 5

# Erfitt að velja?

**Gefðu gjafabréf í stærstu veiðiverslun landsins. Þar er úrvalið**
**Þú sérð jólatilboðin líka á veidihornid.is**
**- Opið alla daga -**



Síðumúli 8

# Veitingastaður IKEA

Opnum kl. 9:00
mánudaga - laugardaga

## Morgunverður
kl. 9:00 - 11:00



195,-
2 rúnstykki, 1 egg, skinkusneið, ostsneið, smjör, sulta og heitur drykkur

## Hádegisverður
framreiddur allan daginn



290,-
Grænmetisbuff m/kúskús, grænmeti og graslaukssósu

## Kvöldverður
framreiddur allan daginn



490,-
Sænskar kjötbollur m/kartöflum, týtuberjasultu og rjómasósu (10 stk.)

**Þrjár máltíðir = 975,-**

IKEA®

Þú átt allt gott skilið!

IKEA® Restaurant & Café

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Aðgerðir en ekki orð

**UMRÆÐAN**
Lágmarkslaun



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Við sem erum komin á miðjan aldur og höfum vel bærileg laun gerum okkur ef til vill ekki næga grein fyrir aðstöðu margra sem ekki ná þeim lífsgæðum sem við hin þekkjum. Margir ráðamenn, t.d. alþingismenn, hafa sýnilega ekki fullnægjandi áhyggjur af stöðu þessa fólks. Deilt er um á Alþingi og víðar hvort fátækt fólk sé til á Íslandi, hversu fátækt það sé, hver margir skuli teljast fátækir og hvernig skilgreina skuli fátækt. Þessa árangurslitlu umræð má rekja allt aftur til kreppuáranna. Svo virðist sem einstök dæmi um halloka fólk hristi upp í deyfðinni sem í raun einkennir aðgerðir gegn fátækt á Íslandi. Jafnan dugar það ekki til breytinga. Mest af þessu á þó að vera hafið yfir deilur og ekki á að þurfa margar og viðamiklar rannsóknir til að raunveruleikinn verði ljós. Það á heldur ekki að þola neinum að gera lítið úr fátækt, reyna að dylja hana eða „útskýra burt“ með muldri um leti, almenn lífsgæði, ónóga hæfileika sumra, sjálfskipaða ógæfu eða með öðru viðlíka sem stundum heyrist frá fólki með völd. Samhjálp var ekki fundin upp vegna ólíkra hæfileika fólks heldur af því að flest okkar höfum jákvæðar og mennskar kenndir og viljum mannlega reisn; viljum flest lágmarksjöfnuð.

Í raun þekkja flestir dæmi um fáránleg lífsskilyrði fólks í einu auðugasta ríki heims. Við vitum flest af öryrkjum sem þurfa að búa og lifa fyrir langt innan við 100.000 krónur á mánuði, gamalt fólk með strípuð ellilaun sem rétt duga fyrir vistunarkostnaði og brýnustu nauðsynjum, barnahjón sem verða að lifa af vel innan við 200.000 krónum á mánuði að öllu meðtöldu eða einstæða foreldra með undir eða rétt yfir 100.000 krónur. Flestir vita hver húsaleiga er í landinu, að

*Ég sting upp á því að allir flokkar sem bjóða fram til alþingissetu í vor leggi fram skýrar, málefnabundnar og einfaldar lausnir á því helsta sem stingur í augu í gósenlandinu með fátæktarstimpilinn.*

það kostar um 70.000 kr. á mánuði að skulda 10 milljónir í húsnæðislánakerfinu, að samgöngur og sími meðalfjölskyldu kosta ekki undir einhverjum tugum þúsunda á mánuði og að sama fjölskylda þarfnast tugþúsunda króna mánaðarlega til matar. Og hvað er þá eftir að borga? Heilmargt með litlu sem engu.

Hvað er að? Mörg atriðanna eru öllum kunn. Laun ófaglærðra eru of lág. Hreyfing launafólks bitlítil. Vinnutími er of langur. Kynjajafnrétti slakt. Skattleysismörk of lág. Skattakerfið miskunnarlaust við láglaunafólk, öryrkja, þorra eftirlaunafólks og við ófáa sjúka. Tekjutenging bóta röng á köflum. Flestar grunnbætur allt of lágar. Úrræði vélræn en ekki nógu einstaklingsbundin. Þannig mætti lengi telja. Tekna til úrbóta má afla á marga vegu, einkum þó með því að forgangsraða öðru vísi en gert er enda ekki um gríðarmiklar krónutölur að ræða. Vissulega milljarða en ekki mjög marga.

Nú er tækifæri til að ganga á hólm við lágmarkslaun innan við 100.000 kr. eða fátækt 7% íslenskra barna eða ofsköttun meirihluta aldraðra eða lögverndaða fjárkúgun á borð við þá sem sker 391.000 af 400.000 viðbótarsparnaði bótaþega. Ég sting upp á því að allir flokkar sem bjóða fram til alþingissetu í vor leggi fram skýrar, málefnabundnar og einfaldar lausnir á því helsta sem stingur í augu í gósenlandinu með fátæktarstimpilinn, ella skili menn auðum seðli í kjörkassann. Ég er tilbúinn til þess. Litlu breytir þótt einn flokkur leggi fram lausnir. Hér á landi eru samsteypustjórnir regla í stjórnmálunum. Þetta er áskorun.

*Höfundur er jarðeðlisfræðingur, rithöfundur og áhugamaður um samfélagsmál.*

# Raunveruleikasjónvarp reddar íslenskum landbúnaði

**UMRÆÐAN**
Sjónvarpsdrama



SIGURÐUR SVERRIR STEPHENSEN

Öllum á óvart hefur það gerst í sænsku sjónvarpi að „raunveruleikaþáttur“ um tilhugalíf bænda hefur slegið öll vinsældamet. Þátturinn heitir „Bonde söker fru“ eða bóndi í konuleit og fjallar um fjóra einhleypa bændur sem fá til sín fjórar kátar kerlingar hver og fylgjast sjónvarpsáhorfendur spenntir með þegar þær eru leiddar undir bændurna eins og kýr til kelfingar. Þessir brosmildu piparsveinar í gúmmístígvélum tóku auðvitað kvenpeningnum fagnandi, enda tilbreyting frá selskapnum við dýrin í sveitinni. Kerlurnar kepptust við að sjarmera þá með því að ganga í húsverkin án tepruskaps; dreifðu skít, sættu sig við ropandi svín og tannlausa önd sem beit þær í fingurna, allt með bros á vör. En eftir því sem leið á seríuna fóru bændurnir blíðu að verða æ fyrirferðarmeiri á forsíðum slúðurblaðanna. Andreas játaði t.d. einum umsækjanda um starf bóndakonu ást sína, en skömmu eftir að slökkt hafði verið á myndavélunum sást hann með öðrum umsækjanda inni í Massey Ferguson dráttarvél. Konurnar slógust og grenjuðu,

*Bachelorinn hrundi niður vinsældalistann og í staðinn fyrir kelerí í heitum pottum veltu þátttakendur sér nú í kálgarðinum og í stað kampavíns og rósa var nú komið heimabrugg og munntóbak.*

foreldrar þeirra urðu fyrir aðkasti í kjörbúðinni heima í Smálöndum, bóndinn gaf útskýringar á hegðun sinni á einhverri undarlegri mállýsku svo það þurfti að þýða hann á sænska tungu og samt fékk maður engan botn í hvað hann var að reyna að segja og enn slógu þættirnir öll áhorfsmet. Viku síðar blasti við: „Hneyksli í hlöðunni.“ Engin myndavél var á staðnum fyrr en næsta morgun þegar hlöðudyrnar opnuðust. Út gengu einn bóndi, tvær kerlingar, ein kind. Hvílíkt drama!

Hver nennir að horfa á Nóbelsverðlaunaafhendinguna þegar maður kemst í svona menningarlegt sjónvarpsefni? Og ekki einu sinni bannað börnum! Bachelorinn hrundi niður vinsældalistann og í staðinn fyrir kelerí í heitum pottum veltu þátttakendur sér nú í kálgarðinum og í stað kampavíns og rósa var nú komið heimabrugg og munntóbak.

Annars náði sænsk sjónvarpsdagskrárgerð nýjum hæðum þegar farið var að þynnast í hópnum og Mikael bóndi fór í göngutúr með verðandi eiginkonu. Af höfðingsskap sínum bauð hann henni upp á pinnaís og svo stóðu þau á fáförnum gatnamótum. Eftir langa þögn spyr hann: „Hvernig er ísinn?“ Þegar hún loks tekur út úr sér ísinn til að svara keyrir haugsugubíllinn framhjá svo ekki heyrist mannsins mál. Bíllinn fjarlægist og tekur einhver óbærilegasta þögn í sjónvarpssögunni. Löngu síðar gubbar hún út úr sér: „En þinn?“ Bóndi svarar að bragði: „Hann er kaldur.“ (!) Hvað á maður að gera? Manni fallast næstum hendur yfir galdri sjónvarpsins. Það hefði ekki komið á óvart þó konan hefði næst spurt: „Hvenær kemur Godot?“

En hvernig má svona prógram verða til bjargar íslenskum landbúnaði? Nú þegar íslenski bóndinn á aungvan vin og er úthrópaður sem afæta sem valdi því að matarkarfa íslenskra heimila er sú dýrasta í Evrópu og útlensk jógúrt er bara borin fram í fermingarveislum yfirstéttarbarna. En væru bændasamtökin ekki tilbúin að taka þátt í niðurfellingu verndartolla á erlendum landbúnaðarafurðum, ef þau fengju eitthvað í staðinn? Eins og sjónvarpsþátt um fengitíma íslenskra bænda? Ég sé fyrir mér samningaviðræður formanns bændasamtakanna, landbúnaðarráðherra og yfirmanns innlendrar dagskrárgerðar hjá RÚV.

Bóndi:
„Kemur ekki til greina. Bara íslensk mjólk fyrir Íslendinga.“

Ráðherra:
„Auðvitað er íslenska mjólkin best. En það er líka íslenski bóndinn og við viljum gera hann ódauðlegan.“

Sjónvarpsmaður:
„Þetta er þáttur að sænskri fyrirmynd...“

B: „En gengur íslenskt sjónvarpsefni út á að gera eitthvað frumlegt og skapandi?“

Sj: „Nei, blessaður vertu. Besta íslenska sjónvarpsefnið gengur einmitt út á það að apa eftir hugmyndum sem notið hafa vinsælda erlendis. Sjáðu bara þætti eins og idol og bachelor og það var lagið.“

Rh: „Og Dallas!“

Sj: „Hmmm... Íslendingar myndu kynnast bændastéttinni, einhleypir bændur myndu finna sér maka og kæmust í slúðurblöðin, fengju kannski birtar af sér myndir í Séð og eyrt.“

Rh: „Ég kom einu sinni í Séð og heyrt. Það var falleg mynd.“

B: „En eru einhverjir peningar í þessu fyrir okkur?“

Sj: „Með frægð og kvenhylli koma peningarnir sjálfkrafa.“

B: „Ég verð auðvitað að ræða þetta við strákana í bændahöllinni en mér líst bara vel á hugmyndina.“

Rh: „Má ég þá kannski koma með hugmynd að titli? Hvernig líst ykkur á Bóndi með brókarsótt?“

Sj: „Æi er það nú ekki einum of...“

B: „Díll!“

*Höfundur er ekki með mjólkuróþol.*

**BARA TÍU DROPA, TAKK**
Ekki er hlaupið að því að velja góða kaffivél enda úrvalið mikið
HEIMILI 14



**CARRIE VÖRUR Á NETINU**
Aðdáendur Sex and the city geta nú verslað hönnun eftir Patriciu Fields á vefverslun hennar
TÍSKA 6





## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI JÓLIN KOMA ]

**Opnunartími** verslunarmiðstöðvanna lengist frá og með deginum í dag. Kringlan er nú opnin til 22 á kvöldin en til klukkan 23 á Þorláksmessu og til 13 á aðfangadag. Einnig er opnað alla daga klukkan 10 nema sunnudaginn 17. desember þegar opnar klukkan 13. Smáralind er opin 11 til 22 virka daga. Frá 10 til 22 á Þorláksmessu og 10 til 13 á aðfangadag.



**Snúningslökin** eru góð í desember mánuði til að tryggja góðan svefn í jólastressinu. Lökin eru sett ofan á rúmið og þegar líkamanum er snúið þarf minna átak til og verður svefninn betri fyrir vikið.

**Heimili** landsins eru nú flest orðin skreytt og falleg. Hins vegar er ekki úr vegi að hafa augun opin fyrir tilboðum á jólaskrauti sem koma innan tíðar. Allt í lagi að byrgja sig upp fyrir næstu jól á ódýran máta.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 14. desember, 348. dagur ársins 2006.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.14 | 13.22 | 15.31 |
| Akureyri | 11.28 | 13.07 | 14.45 |

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sem barn hafði Katla Rós ákveðnar skoðanir á því hverju hún vildi klæðast og tók alltaf með sér aukaföt ef skyndilega kæmi upp tilefni til að hafa fataskipti. FRETTABLADID/HEIDA

# Mary Poppins í herklossum

*Líður eins og hefðarfrú með slá á herðum og loðhatt.*

Katla Rós Völudóttir segist alltaf hafa haft áhuga á tísku og klæðaburði. Þegar hún var barn tók hún til dæmis alltaf með sér auka poka af fötum til þess að geta haft eitthvað til skiptanna, ef vera skyldi að tilefni gæfist til. Henni þykir því gaman að klæða sig upp en segist líka ganga í hversdagslegri fötum inn á milli „Þegar ég var barn hafði ég alltaf mjög ákveðnar skoðanir á því í hvaða fötum ég vildi vera. Það þurfti kannski ekki endilega að vera hátíska, en í það minnsta þurfti það að vera eftir mínu höfði. Ég myndi samt ekki segja að ég sé forfallið tískufrík,“ segir Katla og hlær.

Sláin góða sem Katla klæðist á myndinni er úr versluninni Glamúr, en þar starfar Katla meðfram söngnámi.

„Mér líður alltaf eins og hefðarfrú í þessari slá. Eða eins og Mary Poppins með regnhlífina. Suma daga er gaman að vera svona fín og aðra daga langar mann meira að vera hversdagslegri.“

Spurð að því hvort það sé eitthvað sérstakt tímabil í tískusögunni sem höfðar meira til hennar en annað segist Katla vera komin með svolitla leið á 80‘s tímabilinu. „Það er búið að vera fulllengi í gangi í „second-hand“ tískunni. Nú eru samt að koma inn áhrif frá 90‘s „grunge“ tímabilinu og mér finnst skemmtilegt að blanda því inn. Þarf að fara að finna gömlu hermannaskóna mína aftur, þá get ég verið eins og Mary Poppins í hermannaskóm -Við öllu búin! segir Katla hlæjandi og lýkur samtalinu með þeim orðum að hún verði að fara að undirbúa afmæli kærasta síns.

„Hann Sæmi minn verður 28 ára í dag. Ég þarf að drífa í því að finna handa honum föt sem passa við Mary Poppins lúkkið.“

margret.hugrun@frettabladid.is

## Jólalög og helgar aríur í dómkirkjunni

FLUTT VERÐA JÓLALÖG OG HELGAR ARÍUR Á TÓNLEIKUNUM JÓLASTJÖRNUR Í DÓMKIRKJUNNI.



Í kvöld munu þau Sólveig Samúelsdóttir, mezzósópran, Erlendur Þór Elvarsson ,tenór, Jóna Fanney Svavarsdóttir ,sópran og Bjarni Jónatansson organisti og píanóleikari, flytja jólalög og helgar aríur í Dómkirkjunni í Reykjavík.

Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og er áætluð lengd tónleika tæp klukkustund.

Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Landsamband eldri borgara, Sjálfsbjörgu og Öryrkjabandalag Íslands og njóta félagsmenn þeirra sérkjara að fá tvo miða á verði eins. Einnig verður nemendum og starfsfólki tónlistarskóla veittur afsláttur af miðaverði. Almenn miðaverð er 1500 krónur og er miðasala við innganginn.

Jólasýning í Galleríi Fold

Vaxtalaus lán til listaverkakaupa


Gunnella


Kjarval

Verk eftir fjölmarga listamenn gallerísins

LISTMUNASALA fold

Kringlunni, 2. hæð, sími 5680400
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni



**Húfa** trefill og vettlingar eru nauðsynleg fyrir hátíðarstemninguna. Hvað er jólalegra en kappklædd manneskja með pakka undir hendi.




naturasun
Tilboð á brúnkumeðferð sjö litir
kr. 2.900
SPA fegurð
Laugavegur 96 (Toni&Guy) S: 517 7776
Heiðdís Steinsdóttir, snyrtifræðingur og María Tamimi, snyrtifræðingur
Skoðið heimasíðuna okkar www.spa-fegurd.com





NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
Flexitol Heel Balm
**Útsölustaðir:** Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá.



Góðar gjafir
Handprjónasambandið
Skólavörðustíg 19 • Iðu, Lækjargötu 2A.
s. 552 1890 • www.handknit.is







Drangey
Skartgripaskrín er góð gjöf
Margar stærðir
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is



belladonna
Skeifan 11d • Reykjavík • sími 517 6460 • www.belladonna.is



nýkomin sending af flottum buxnakjólum, toppum og skarti
Vertu þú sjálf - vertu Belladonna
Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15




Birna Magnúsdóttir í undirfataverslunninni Selenu segir íslenska karlmenn ákveðna og ráðagóða þegar kemur að kaupum á undirfötum fyrir makann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Íslenskir karlmenn óttast ekki undirföt kvenna

***Ætla mætti að fáir karlmenn hættu sér á þá hálu braut að gefa kærustu eða eiginkonu undirföt í jólagjöf. Íslenskir karlmenn virðast hins vegar hvergi bangnir.***

Birna Magnúsdóttir, eigandi undirfataverslunarinnar Selenu, segir að mýtan um villuráfandi karlmanninn sem ekkert veit um undirföt sé einfaldlega ekki sönn. „Þeir sem koma til okkar eru yfirleitt mjög meðvitaðir og ákveðnir í vali sínu. Það er aldrei að maður finni neinn beyg í karlmönnum þegar kemur að vali á undirfötum,“ segir Birna og hlær. „Við hjálpum þeim með stærðina ef þeir hafa hana ekki á hreinu. Svo er með undirföt eins og aðrar gjafir, það má einfaldlega skipta þeim í stærð sem passar.“

Ekki er ráðlegt að ganga inn í næstu undirfatabúð og velja nærföt á konuna af handahófi. Undirbúningur er nauðsynlegur. „Fyrst er að vera með stærðina á hreinu en hægt er að laumast í undirfataskúffuna og ná henni þar,“ segir Birna. „Svo þarf að huga að sniðinu en ef karlmenn treysta sér ekki til þess geta þeir einfaldlega rænt undirfötum úr skúffunni og komið með þau til okkar.“

Hvað karlmenn kaupi helst segir Birna að sé nokkuð breytilegt. „Margir kaupa rauð undirföt, enda er rauður mjög jólalegur litur. Margir eru líka að gefa í skóinn en ekki sjálfa jólagjöfina,“ segir Birna. „Rauðu undirfötin rata heldur í skóinn en pakkann sem opnaður er fyrir framan fjölskylduna á aðfangadagskvöld.“

Fleira sem er vinsælt hjá körlunum eru silkiundirföt og náttföt, allt eftir því hverju er verið að leita að. „Undirföt eru persónuleg gjöf og því vinsæl til gjafa,“ segir Birna og bætir við að fáar gjafir séu jafn ekta „konugjafir“ og falleg, vel valin undirföt.



Íslenski karlmenn þurfa ekki að hringja í einn né neinn þegar kemur að vali á undirfötum fyrir makann. Þeir virðast hafa fulla trú á sjálfum sér. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

**GÓÐ RÁÐ VIÐ VAL UNDIRFATA:**

**Hafðu stærð og snið á hreinu**
- farðu í skúffuna og náðu í upplýsingarnar þar
- sumar verslanir halda verslunarmannalista og hafi makinn verslað þar áður eru stærðirnar hennar í tölvukerfinu

**Ekki vera hræddur**
- undirfötum má alltaf skipta

**Sumir eru viðkvæmari en aðrir**
- ekki láta maka opna pakka með eggjandi undirfötum fyrir framan þá sem hún kann að vera feimin við

# *Tíu fyrirsætur á toppnum*

***Á vefsíðunni www.models.com má finna samantekt yfir fyrirsætur sem eru mest áberandi um þessar mundir. Hér eru þær tíu efstu:***

**1.** Það skal engan undra þótt Kate Moss tróni efst á listanum, þar sem fyrirsætan hlaut hreinlega uppreisn æru eftir að upp komst um eiturlyfjaneyslu hennar. Í kjölfarið missti hún samninga við nokkra tískurisa, en fékk fleiri í staðinn og hefur síðan þá nánast prýtt forsíðu annars hvers tískutímarits.



Kate Moss.

**2.** Hin leggjalanga Gisele Bundchen fylgir fast á hæla Moss, enda geta fáir státað af fimm milljóna dala samningi eins og þeim sem hún gerði við Victoria´s Secret fyrir fimm árum.

**3.** Hérlendis kannast kannski færri við fyrirsætuna CarolynMurphy, en hún er engu að síður vel þekkt innan tískubransans, sérstaklega fyrir að hafa unnið fyrir snyrtivöruframleiðandann Estee Lauder.



Stella Tennant.

**4.** Natalia Vodianova hefur unnið sig hratt á toppinn og hefur meðal annars birst á forsíðum tískutímaritanna Vanity Fair og Vogue. Hefur meðal annars ljáð Calvin Klein og L´Oreal krafta sína.

**5.** Síðan Liya Kebede birtist á forsíðu hins ameríska Vogue árið 2005 hafa tískurisarnir slegist um hana, þeirra á meðal Oscar de la Renta, Givenchy, Ann Taylor og Gap.

**6.** Stella Tennant hefur frá því að hún birtist fyrst á sjónarsviðinu í tískuheimi New York með hring í nefinu náð að skapa sér stórt nafn í tískubransanum.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Í musteri demantanna

Nú rennur upp sú tíð að eiginmenn læðast út í búð þar sem þeir hafa áttað sig á því að jól nálgast og að þeir vilji gleðja sína heittelskuðu af því tilefni. Vandamálið er bara það að flestar eiga konurnar allt og því er ekki alltaf einfalt að finna eitthvað sem hittir í mark. Það hefur löngum verið klassísk lausn hjá eiginmönnum og unnustum að kaupa skartgripi eða úr og vissulega er úr mörgu að velja á þeim markaði.

Tískuhúsin senda einmitt frá sér nýjungar fyrir jólin sem eiga að heilla lófaloðna eiginmenn, ástfangna eða sakbitna.

Hringjatískan um þessar mundir er einföld. Hringir eru jafnir allan hringinn eins og giftingarhringir en úr hvítagulli, grágulli eða platínu. Þeir eru þaktir demöntum hvort sem er hjá Tiffany & co, Dior Joaillerie eða Van Cleef & Arpels. Líkt og með keðjur á töskum er gullið ekki eins mikið notað og áður, silfurkeðjur þykja unglegri. Verðið á þessum hringjum getur verið frá 2.000-11.000 evrur. Sömu sögu má segja um úr, gullúr eru minna í tísku en áður og meira um stál sem fer einstaklega vel við demanta. Rolex og Cartier standa alltaf upp úr á úramarkaðnum þótt önnur nöfn sæki í sig veðrið eins og Dior með úralínu sína, Kristal, sem fæst nú í svörtu og Chanel með J12 úrin sín úr svörtu eða hvítu keramiki sem ekki er hægt að rispa, enda er það keramik sem einnig er notað í flugvélar hjá Airbus.

Það er eitthvað merkilegra við það að selja dýrt úr eða skartgrip en föt og töskur. Skartgripir og úr eru nær því sem er ósnertanlegt, nær því að vera draumur. Á dögunum seldi ég demantsúr sem kostaði 16.900 evrur og það var ekki fyrr en ég fann það út að það myndi líklega vera að verðgildi einnar og hálfrar milljónar íslenskra króna sem ég fann aðeins fyrir hjartslætti. Eðalsteinar hafa eitthvað ómótstæðilegt við sig enda demantur besti vinur hverrar stúlku eins og Marilyn Monroe söng um árið.

Á Place Vendôme má finna stærsta safn af eðalskartgripum Parísar þar sem stærstu tískuhúsin hafa komið sér fyrir með skartgripaverslanir sínar. Það eru til hátískuskartgripir (Haute joaillierie) eins og hátískuföt (Haute couture). En Place Vendôme er sömuleiðis eitt fallegasta torg Parísar, hugarfóstur Sólkonungsins Lúðvíks 14. enda má sjá merki hans, sólina, allt í kringum torgið á svölum bygginganna með gylltri sól í miðju. Torgið varð á sautjándu öld dvalarstaður efnafólks en svo nátengt byltingunni eins og fleiri torg borgarinnar eftir 1790 enda torg Parísar oft notuð fyrir fallaxir á þeim tíma. Seinna voru það svo skartgripabúðir hátískuhúsanna sem söfnuðust saman á Place Vendôme og í dag er hægt að ganga á milli Cartier, Chanel og Boucheron. Þó ekki sé nema til að anda á rúðurnar.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*

# Kiss kiss

***Góðir frá Guerlain.***

Guerlain hefur nú sett á markaðinn hátíðlega og sparilega varaliti sem heita því skemmtilega nafni Kiss kiss. Þetta eru sérlega fallegir litir sem eru í lúxusumbúðum og líkjast nánast skartgripum. Þessir varalitir eru í takmörkuðu upplagi og fást aðeins í verslunum nú fyrir jól.




Fallegur og sparilegur varalitur sem er aðeins fáanlegur

# Farði frá Marbert

***Fislétt og flott***

„So Natural“ heitir nýjasti farðinn frá Marbert. Hér er um að ræða einstaklega léttan og silkikenndan farða sem hentar nánast hvaða litarhafti sem er, enda þekur hann mátulega mikið til að ná fram náttúrulegum húðlit í leiðinni. Farðinn er í handhægri flösku með dælu sem auðvelt er að ferðast með og hafa í tösku eða snyrtiveski. Í farðanum er einnig sólarvörn upp á 8 SPF en eins og flestir vita er nauðsynlegt að verja húðina fyrir óæskilegum áhrifum sólarinnar, allt árið um kring.




Silkikenndur farði frá Marbert í handhægum umbúðum.

Hún auglýsir nú gjarnan fyrir fyrirtæki á borð við Givenchy, Burberry og Chaumet.

**7.** Fáar fyrirsætur þykja búa yfir jafn miklum kynþokka og Carmen Kass, sem þykir að mati spekinga holdgera ímynd hinnar munaðarfullu dekurdrósar. Kass vinnur mikið fyrir Michael Kors og Chloe.

**8.** Karolina Kurkova hefur að sumra mati náð að framkvæma hið ómögulega, með því að taka þátt í fjöldanum öllum af stórum auglýsingaherferðum án þess að glata vinsældum sínum. Gerði nýlega risasamning við Victoria´s Secret.



Linda Evangelista.

**9.** Lindu Evangelista þarf vart að kynna enda fyrir löngu orðin goðsögn í tískuheiminum. Þótt það sé ekki að sjá er Linda tæplega fertug, sem er hundrað og fimmtíu ár í fyrirsætuárum talið. Hún hefur sjaldan verið afkastameiri en nú og vinnur meðal annars fyrir fyrirtækin YSL, Escada og De Beers.

**10.** Angela Lindvall þykir vera methafi í velheppnuðum markaðsherferðum og verður að margra mati fallegri með hverju árinu sem líður. Hefur starfað fyrir Fendi, Versace og Alberta Feretti.

SKAGEN
DENMARK




BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND



**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
Tana® Cosmetics
**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**


SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Jólagjöfin þín frá
Marimekko, dömudeild
**Þú kaupir eina flík og færð aðra með 40% afslætti**
Opið í dag frá 10-22
marimekko®
**Laugaveg 56 • Sími 551 7600**



trippen
Skóverslun
Rauðarárstíg 14
101 Reykjavík
www.trippen.is


*Glæsilegur sparifatnaður*
Guðrún tískuverslun


Fallega snyrtar neglur með skemmtilegu skrauti. Takið eftir litla jólalega snjókarlinum á baugfingri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fallega skreyttar jólaneglur

***Með snjókarl á baugfingri og blóm á þumli.***

Undanfarin ár hefur það færst mjög í vöxt að íslenskar konur taki sér franskar kynsystur sínar til fyrirmyndar og fari í handsnyrtingu. Flestar konur nota þá svokallað „gel" yfir eigin neglur, en margar kjósa líka að láta lengja neglurnar með sérstökum framlengingum og svo er gelið sett yfir.

Gelið styrkir neglurnar og kemur í veg fyrir að þær brotni. Það hefur líka sterkt yfirborð, sem gerir það að verkum að naglalakk endist mun lengur á gelnöglum en náttúrulegum.

Að hafa vel snyrtar hendur er smáatriði sem gerir mikið fyrir heildarútlit konunnar. Sumum finnst þetta reyndar alls ekkert smáatriði heldur mjög mikilvægt atriði, líkt og að vera í pússuðum spariskóm. Í Reykjavík eru starfandi fjölmargar snyrtistofur sem taka að sér handsnyrtingar, en Íslandsmeistarinn í faginu, Silwia Wojtkow, starfar á snyrtistofu Lancôme í Húsi verslunarinnar. Silwia er ættuð frá Póllandi, en hún flutti til Íslands ásamt eiginmanni sínum fyrir tæpu ári. Hún segir íslenskar konur flestar velja það sama þegar þær koma í handsnyrtingu og þá verður „french manicure" fyrir valinu. Þá er átt við náttúrulegt útlit þar sem hvít rönd er máluð fremst á neglurnar og ljósbleikt lakk sett yfir. Þetta má þó vissulega skreyta með jólalegum myndum, blómum, eða hverju sem er. Enda tilvalið þar sem jólin eru stærsta skreytingahátíð ársins.

*- mhg*


Ósnyrtar neglur eru fyrir mörgum eins og ópússaðir skór.


Íslandsmeistarinn í handsnyrtingum, Silwia Wojtkow, með viðskiptavin á Snyrtimiðstöð Lancôme.

**Sock Shop**
breytir um nafn og
verður **Cobra**
***Hlýjar sokkabuxur fyrir veturinn***
cobra
Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið

**Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu**

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is


TÍSKUVERSLUN
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

# 66°Norður í heimi kvikmyndanna



Þessi úlpa er frá 66°. Þetta er þó ekki hinn umtalaða Þórsmörk úlpa.

***Það virðist engan enda ætla að taka hversu kúl Ísland er orðið í útlöndum.***

Parkas-jakki frá 66°Norður, sem ber heitið Þórsmörk var nýlega kosinn flík mánaðarins á heimasíðu tímaritsins Vouge og W og allar helstu kvikmyndastjörnurnar láta ekki lengur sjá sig í snjó án þess að vera í þessari líka fínu úlpu.

Þegar kvikmyndahátíðin Sundance gengur í garð í lok janúar verða allir sem eru menn með mönnum á Sundance-kvikmyndahátíðinni dressaðir upp í úlpuna Þórsmörk.

Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi er nú eigandi 66°Norður eins flestir vita. Hann nýtir sér greinilega sambönd sín við kvikmyndaheiminn og hver stjarnan á fætur annarri verður í íslenskri úlpu á hátíðinni. Síðan er aldrei að vita nema maður rekist á Ewan McGregor eða Scarlett Johanson í Þórsmörk í sumar. *-rh*



Íslandsvinurinn Eli Roth í fötum frá 66°Norður.




Þar sem peysurnar fást!

Diza

Laugavegi 44

S. 561-4000

www.diza.is


# Íslenskur iPod aukahlutur

***Farmers Market hefur markaðssett iLax, fyrsta iPod aukahlutinn sem hannaður er á Íslandi.***

iLax er hulstur fyrir iPod Nano. Það sem er sérstakt við hulstrið er að það er fyrsti alíslenski iPod aukahluturinn. Hulstrið er úr laxaroði og rúskinni en það er hannað af Bergþóru Guðnadóttur hjá Farmers Market og framleitt í samvinnu við Apple á Íslandi. Roðið er unnið á Sauðárkróki úr Atlantshafslaxi.

Hulstrið er ætlað bæði fyrir innanlandsmarkað og ekki síður erlendan. „Fyrst um sinn er ætlunin að selja iLax hérlendis en hulstrið kemur í verslanir um helgina," segir Jóel Pálsson, annar eiganda Farmers Market. „Upp úr áramótum verður það einnig fáanlegt í verslunum Apple á Norðurlöndunum og um borð í flugvélum Icelandair."

Hérlendis mun iLax kosta 3.990 krónur. *-tg*



iLax er úr laxaroði en Farmers Market sérhæfir sig í hönnun fatnaðar og fylgihluta úr náttúrulegum hráefnum.

# Pumaskór úr leðri

***Puma-fyrirtækið hyggst sérsmíða leðurskó og töskur fyrir æsta viðskiptavini.***

Puma fyrirtækið, sem þekktast er fyrir framleiðslu á íþróttafatnaði hyggst færa sig inn í lúxusgeira tískuheimsins með því að setja á markaðinn leðurskó og töskur í stíl. Þessi hönnun verður framleidd í samvinnu við ítalska leðurframleiðandann Schedoni sem sérframleiðir líka ferðatöskur fyrir Ferrari.

Leðurverkstæði munu birtast í fimmtíu Puma-verslunum um allan heim og geta viðskiptavinir valið sér litasamsetningu úr rúskinni og leðri í skóna. Fjórum vikum seinna birtast svo íþróttaskórnir á dyraþrepinu hjá þér. Svona skópar verða ekki gefins og munu aldrei kosta minna en 450 evrur.



Skyldi vera hægt að fá þessa skó úr leðri?





NÝJAR VÖRUR
HÚFUR SEM HLÆJA
Skólavörðustíg 18

Ertu skóhólisti?
Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hugunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stærðum fyrir stígvélaáhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.

www.theclearbox.com - sími 511 0909


Barnamyndatökur
Nú er rétti tíminn til að mynda börnin!
Svart hvítt og lit
Ljósmyndaþjónusta
Hverafold 1-3, Pantanir í síma 517-1166, www.svarthvitt.is


Stærðir 36 - 48
15% afsláttur af gallabuxum fyrir e-korthafa í desember
bianca
gæði og glæsileiki
Nýbýlavegi 12 • Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 10-16

allt matur
Alla föstudaga




Patricia Fields er konan á bakvið Carrie í Sex and the City.

Hálsfesti fyrir konur sem vilja eignast heiminn.

Falleg hjörtu fyrir þær sem hafa fallegt hjartalag.

Patriciu Field finnst greinilega ekkert athugavert við reykingar enda selur hún falleg kveikjarahulstur í vefversluninni.

Byssu-blómavasi - eða ... „Guns and Roses“.

# Carrie-vörur á Netinu

***Aðdáendur Sex and the City geta glaðst því nú má láta greipar sópa í Netverslun Patriciu Field.***

Fæstir sem fylgdust með þáttunum Sex and the City gátu látið fatastíl aðalsöguhetjunnar framhjá sér fara. Konan á bak við þetta „lúkk“ er Patricia Field, en hún kynntist Söru Jessicu Parker árið 1992. Þegar undirbúningur Sex and the City þáttanna hófst, fór Parker fram á að fá að njóta aðstoðar Field við stíliseringu Carrie og af því leiddi að í dag er Patricia Field einn eftirsóttasti stílisti heims. Vefsíða Patriciu býður ýmsan varning til sölu. Allt frá skartgripum og nærfötum yfir í skó, fylgihluti og fínerí fyrir heimilið. Vörurnar eru úr ýmsum áttum en margt er hannað af Patriciu sjálfri: www.patriciafield.com

*- mhg*



Glæsiskór með gullbryddingum.

Gullhorn eftir Patriciu Field.

Töff taska.

Patriciu þykir flott að hafa stafi um hálsinn.

Rokktöskur fyrir rokkara á öllum aldri.

Dúllubossa-nærbuxur.

Palíettuhattur sem minnir á diskótímabilið.

Svolítill Mónakóbragur yfir þessum sætu veskjum.

Grifflur úr leðri. Mjög flott.

Patricia Fields hefur unnið náið með Söruh Jessicu Parker

Snyrtivörutöskur.

# Losnað við gráu bringuhárin

***Nokkur ráð til að lífga upp á bringuteppið.***



Sumir karlar fyllast töluverðum áhyggjum þegar bringuhárin fara að grána og finnst það vera ellimerki. Það er þó algjör óþarfi að örvænta þar sem til eru nokkur ráð við því.

Til að mynda má alltaf lita gráu bringuhárin í samræmi við háralitinn á höfði viðkomandi. Best er að byrja á litlum bletti til að tryggja að útkoman verði sem eðlilegust og gæta þess að liturinn mjakist ekki á hörundið þar sem hætt er við að mann svíði undan honum.

Svo má alltaf vaxbera bringuna eða raka hana til að eyða hárunum. Maður þarf ekki að hafa nokkrar áhyggjur af því að vera litinn hornauga í sturtunni í ræktinni þótt maður líti út eins og plokkaður kjúklingur. Það er nefnilega í tísku að vera vel snyrtur á kroppnum alveg eins og sundkapparnir og vaxtarræktarmennirnir.

Treysti menn sér ekki til að ganga alla leið af ótta við of mikla athygli má alltaf snyrta gráu hárin aðeins til með skærum. Það dregur töluvert úr líkunum á því að einhver veiti gráu hárunum eftirtekt, auk þess sem það veitir manni sálarfrið.

Svo er líka fínt að vera stoltur af sínum bringuhárum, gráum, svörtum eða hvítum.

*- rve.*








Flottur hjólabrettabolur frá Billabong.

# Sportleg tískuföt

***Síðan árið 1973 hefur ástralska fatamerkið Billabong framleitt fatnað fyrir útivistarfólk en merkið leggur sérstaka áherslu á föt fyrir brimbrettafólk og fylgihluti tengt þeirri íþrótt. Billabong er í fararbroddi þegar kemur að tískufötum tengdum útiíþróttum.***

Upprunalega hugmyndin var að framleiða hágæðabuxur fyrir brimbrettaiðkendur en seinna meir hófu hönnuðir hjá fyrirtækinu að framleiða skyrtur, boli og buxur fyrir bæði stráka og stelpur.

Þegar hjólabrettin hófu innreið sína í lok áttunda áratugarins byrjaði Billabong einnig að framleiða fatnað og fylgihluti fyrir hjólabrettafólk. Sömu sögu gildir um snjóbretti en þegar sú íþrótt byrjaði að vekja athygli var Billabong ekki lengi að tileinka sér föt tengdum þeirri íþrótt.

Fjölmörg fatamerki hafa fylgt í fótspor Billabong með mjög góðum árangri, fatamerki eins og Element, Stussy, NFA og íslenska fatamerkið Nikita sem hannar föt fyrir íþróttastelpur.

Fyrirtækið leggur mikla áherslu á þægindi og endingu fatnaðarins og hefur Billabong gott orð á sér varðandi það. Í dag er Billabong með útibú nánast í hverju landi og er fatabúðin Brim söluaðili Billabong á Íslandi.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á www.billabong.com og www.brim.is.



Klassísk herraskyrta frá Billabong.

Flotbolur frá Billabong. Margir brimbrettamenn um heim allan klæðast slíkum flotbol.
















# Elegant bæði úti og inni

***Þar sem útsaumur er einkar vinsæll um þessar mundir falla ullarpeysur Gerðar Kristjánsdóttur í kramið. Þær fást í Rammagerðinni.***

Túristabúðir eru ekki bara fyrir erlenda ferðamenn. Þar fæst fatnaður sem hentar vel íslenskum aðstæðum og gott dæmi um það eru peysur með vörumerkinu Icelandic designe sem fást í úrvali í Rammagerðinni í Hafnarstræti. Þær eru bæði fínlegar og sportlegar, ganga við pils og buxur og notast bæði sem peysur og jakkar – inni og úti.

Hönnuður þeirra er Gerður Kristjánsdóttir sem býr í Boulder í Colorado í Bandaríkjunum og rekur stórfyrirtæki undir merkinu Icelandic designe. „Maður sér það þegar Ameríkanar koma hingað að þeir kannast við peysurnar,“ segir Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Rammagerðinni. Hún upplýsir að Gerður sé farin að færa sig á evrópskan markað en Rammagerðin sé eini sölustaður hennar vöru hér á landi.

„Vörurnar hennar eru alltaf að breytast og við erum til dæmis nú með yfir tuttugu gerðir af peysum þannig að þær eru mjög fjölbreytilegar og svo fást húfur og hanskar við sumar peysurnar.“ Það eina sem er íslenskt við flíkurnar er nafnið og hönnuðurinn því nýsjálensk ull er í þeim og þær eru unnar í Asíu. „Þetta er sambland af vélunnu og handsaumi,“ lýsir Bryndís og segir ýmiss konar garn notað í skreytingarnar ásamt gylltum þræði. Fullt verð á peysunum er á milli 14 og 17 þúsund en 30 prósenta afsláttur er af þeim til jóla.

*gun@frettabladid.is*



Gullslegið vesti með rennilás. Verðið fram að jólum er 10.430 kr.



Hattar eru fáanlegir sem passa við sumar peysurnar. Þessi kostar nú 2.023 kr.



Jakkapeysa með laskermum og rennilás. Kostar nú 10.920 kr.



Hanskar eru þarfaþing á þessum tíma. Þessir eru úr soðinni ull og kosta 1.960 kr.



Fínleg ljós peysa með gullþræði í munstrinu. Kostar 12.950.

Ýmsir litir og munstur eru fáanleg. Hér er ein dökk með bláum blómum. Verð 10.850 kr.



Sportleg peysa með uppábroti á ermum og litlum dúllum saumuðum á boðungana með alls kyns spori. Verðið fram að jólum er 11.550 kr.





Vesti með loðkraga er klæðileg flík. Þetta rósum prýdda vesti er nú á 10.850 kr.

# Svart/hvítt vor í vændum

***Svart/hvítt skýtur upp kollinum með reglulegu millibili í tískuheiminum. Svart er mjög áberandi í húsbúnaði og skrauti fyrir jólin en svart með andstæðunni hvítu er málið í tískuheiminum.***

Það er hvorki staður né stund til að klæðast gulu eða bláu þessa dagana. Þrátt fyrir að svart/hvíta samsetningin sé alltaf sígild, er hún ekki stanslaust á tískusýningarpöllunum eða í hlutverki nýjustu tísku en núna er hún í aðalhlutverki.

Um þessar mundir klæðast stjörnur og fyrirsætur svart hvítu samsetningunni í gríð og erg og láta ekki plata sig út í eitthvað pastel. Bæði fatnaður, fylgihlutir, skartgripir og jafnvel gleraugu eiga að vera í svarthvítu og það er úr mörgu að velja. Vorið og sumarið hefur oftast verið bendlað við liti sumar blómanna en það er ekki raunin fyrir vorið 2007. Karl Lagerfeld aðalhönnuður tískuhússins Chanel, hefur í gegnum tíðina verið í forsvari fyrir „Less is more“ hugmyndafræðina og er því í essinu sínu um þessar mundir. Hann sendir gjarnan frá sér einföld munstur, snið og fáa liti. Þrátt fyrir að tískuhönnuðurinn Jeremy Scott noti pólitískt þema í sinni vorlínu, heldur hann sér líka innan svart/hvítu markanna. Mikil áhrif frá 7. áratugnum er einnig að gæta. Flíkur með svart hvítum munstrum, stórum doppum, og súrrealískum bylgjum. Í slagtogi við stutta kjóla með útvíðum ermum, hárböndum og hársídd rétt niður fyrir eyru eins og frú Beckham sprangar um með þessa dagana. Hvíta skyrtan hefur komið fram á sjónarsviðið í kvenlegum búningi og ýmsar útgáfur af Jackie O sjást skarta svörtum og hvítum kápum og sólgleraugum. Ítalska hönnunar dúóið Dolce og Gabbana braut þó upp stílinn á sinni vorsýningu og bauð upp á sebrarendur með appelsínugulum fylgihlutum, hárbandi, sokkabuxum og armbandi sem gefur þennan prakkaralega blæ sem er nauðsynlegur innan um óskrifaðar reglur tískunnar.



Charlotte Gainsbourg klæðir sig eftir kúnstarinnar reglum og verður án efa sæt í sumar áfram í svart/hvítu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# *Marc Jacobs á leið til London*

Tískukóngurinn Marc Jacobs gleður tildurrófur Lundúnaborgar ósegjanlega þessa dagana en ný sérverslun með fatnað eftir hann verður opnuð í Mayfair-hverfinu alræmd í febrúar á næsta ári. Tískujöfurinn hefur tilkynnt að til að fagna opnun nýju verslunarinnar muni hann sýna nýju haust- og vetrarlínuna 2007 úr Marc by Marc Jacobs-línunni í tískuvikunni í London sem hefst í febrúar. Spáð er slagsmálum um miða enda vilja margir vera með Marc Jacobs í liði.





Þennan alklæðnað úr vorlínunni má eflaust fá í Marc Jacobs-versluninni í London.

# Heyrnatól fyrir hefðarketti

***Skreytt Swarovski-kristöllum og til í ýmsum litum.***

Plötusnúðar þyrftu brátt að stofna fagfélag því á undanförnum árum eru það æ fleiri sem krýna sig þessum titli.

Partíið er fullkomnað þegar fagur plötusnúður (helst fyrirsæta) stendur bak við borðið og þeytir tónum, ýmist af geislaplötum, tölvuskjá eða gamla góða vínilnum. Vitaskuld er því ekki hægt að ætlast til þess að slíkar drottningar mæti með gömul og slitin heyrnatól sem gætu dottið í sundur hvenær sem er. Ó nei, fínt skal það vera, innan sem utan.

Fyrirtækið Rasa Music hefur nú sett á markaðinn einskonar Ferrari heyrnatólanna. Skreytt með glitrandi Swarovski-kristöllum kostar það ekki minna en tæpar tvö hundruð þúsund krónur og til að kóróna glamúrinn má fá þau í ýmsum litum, svona svo þau passi örugglega við fötin.

Hönnuður þessara heyrnatóla er DJ Donna D'Cruz, sem ferðast um heiminn allt árið um kring til að spila í veislum fræga og ríka fólksins. Fólks á borð við Dolce & Gabbana, Jean-Paul Gaultier, Naeem Khan, Zac Pozen, Denise Rich og Patriciu Field sem er þekkt fyrir að vera aðal stílisti Sex and the City þáttanna. ■





Heyrnartól sem kosta töluvert meira en mánaðarlaun starfsstúlku á Grund.



Margar konur eiga maska, en gleyma að nota þá að staðaldri. Þeir geta þó gert gæfumuninn í því að halda húðinni fallegri.

# Er húðin þyrst?

***Rakamaskar eru nauðsynlegir í kulda og frosti.***

Flestir kannast við að finna varnirnar þorna upp og flagna þegar kalt er úti. Þá berum við á okkur varasalva í gríð og erg þar til vandamálið er úr sögunni. Húðin í andlitinu á það einnig til að þorna en hvað gerum við í því? Stundum virka hefðbundin rakakrem ekki sem skyldi á þurra húð og þá koma rakamaskar til sögunnar. Frá Origins er nú hægt að fá mjög góða rakamaska, en Origins hafa löngum verið framarlega í framleiðslu húðkrema. Eitt af því nýjasta frá Origins er næturmaski sem heitir „A perfect world, nighttime antioxidant mask with white tea“ en eins og nafnið gefur til kynna inniheldur hann meðal annars hvítt te. Maskann á að nota tvisvar til þrisvar í viku í stað næturkrems og þá vaknar maður að morgni með djúpnærða og ferska húð.




Drink up, maski sem hafður er á andlitinu í 10 mínútur. Hentar vel ef húðin þarf nauðsynlega á miklum raka að halda.

„Drink Up, 10 minute mask“ er svo notaður til dæmis áður en farðinn er settur á, en farði tekur sig alltaf betur út ef húðin er vel nærð og rök.



A perfect world næturmaski frá Origins.



Þú færð jólaskóna hjá okkur


6.990.-
10.990.-
Rautt lakk
Svart lakk
4.990.-
5.990.-

Frábært úrval

EURO SKO
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

Opið. 10-22 alla daga til jóla
Sendum í póstkröfu



allt tilboð
Alla föstudaga




Fyrirsætur þurfa að sýna heilbrigðisvottorð áður en þær sýna í Sao Paulo.
NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Engar undir 16 ára aldri

***Talsmenn tískuvikunnar í Sao Paulo hafa tilkynnt að ekki verði leyfilegt að nota fyrirsætur undir 16 ára aldri á sýningum á þeirra vegum.***

Með þessu vilja þeir leggja sitt á vogarskálarnar í baráttunni gegn lystarstoli og óeðlilegum líkamlegum fyrirmyndum.

Áður hefur sömu reglu verið beitt í París en Madrídingar gengu skrefinu lengra í september þegar þeir bönnuðu fyrirsætum sem ekki náðu ákveðnum þyngdarstuðlum að ganga sýningarpallinn. Engum slíkum meðulum verður beitt í Sao Paulo en allar fyrirsætur þurfa hins vegar að sýna læknisvottorð sem segir að þær séu við góða heilsu.

Tískuiðnaðurinn hefur lengi legið undir ámæli vegna óheilbrigðra staðalímynda. Gagnrýnisraddir urðu enn háværari er ung fyrirsæta, Ana Carolina Reston, lést úr lystarstoli fyrr á árinu. Hún vó einungis 40 kíló er hún lést þrátt fyrir að vera rúmlega 170 sentímetrar á hæð. *- tg*

# Slappað af á sloppnum

***Góður sloppur og inniskór bæta líðanina í skammdeginu.***

Það er ekkert betra en að slappa af heima hjá sér eftir erilssama vinnuviku í uppáhaldssloppnum og inniskónum. Sumir geta ekki ímyndað sér jólin án þess að vera í sloppnum sínum á jóladag með rjúkandi heitan kakóbolla.

Mikið úrval er á sloppum og inniskóm í jólavertíðinni enda er það tilvalin hugmynd að jólagjöf.

Fréttablaðið stiklaði á stóru og leit í búðirnar að skoða sloppa og inniskó. *olihjortur@frettabladid.is*



Flottur silkisloppur úr Change. Smáralind. Verð 9.900 kr.

Bleikur sloppur með hettu úr Debenhams. Tilvalin fyrir húsfrúna. Verð 8.490 kr.

Þægilegur rauður silkisloppur úr Debenhams. Verð 5.990 kr.

Klassískur svartur karlmannssloppur úr Debenhams. 9.990 kr.



Fallegir bláir inniskór úr Change, Smáralind. Verð 1.590 kr.

Inniskór úr Debenhams fyrir manninn á heimilinu. Verð 2.840 kr.

Bleikir, loðnir og ljúfir frá Debenhams. 1.190 krónur


Alvöru vetrarúlpa


Ný sending

Þórsmörk
dúnúlpa svört/XL-2XL
32.500 kr.

Þórsmörk
dúnúlpa köflótt/XS-L
38.000 kr.

66° NORÐUR

Athugið lengdan afgreiðslutíma verslana til jóla

REYKJAVÍK:
Kringlan
Bankastræti 5
Faxafen 12
GARÐABÆR:
Miðhraun 11
AKUREYRI:
Glerárgata 32

www.66north.is





# Fyrsti íslenski doktorinn í ljósmóðurfræðum

***Starfsheitið ljósmóðir hæfir vel hinu göfuga hlutverki yfirsetukonunnar. Ólöf Ásta Ólafsdóttir er fyrst íslenskra ljósmæðra til að doktorera í faginu.***



Dr. Ólöf hefur gamla ljósmóðurtösku og hlustpípu hjá sér í Eirbergi þar sem hún stundar kennslu í fræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Þetta er mjög gömul stétt og gamalt fag. Við gerum ráð fyrir að kona hafi hjálpað annarri konu alveg frá örófi alda," segir Ólöf brosandi er hún hefur lausa stund frá kennslu. Hún er því fyrst spurð hvert sé grundvallaratriðið í fæðingarhjálp og það stendur ekki á svari. „Mestu máli skiptir að óskum kvennanna sé mætt og að það ríki ró og friður á fæðingarstað, hvort sem er inni á stofnun eða í heimahúsi. Líka að hver kona geti haft ljósmóður hjá sér sem hefur fylgst með henni allan tímann. Það er ákveðið öryggisatriði."

Doktorsritgerð sína byggði Ólöf á fæðingarsögum íslenskra ljósmæðra sem höfðu starfað við ólíkar aðstæður, frá því fyrir rúmum fimmtíu árum til okkar daga. Gegnum þessar sögur kannaði hún þekkingu þeirra og hugmyndafræði, ásamt breytingum á fæðingarþjónustunni í landinu. „Kjarninn í sögum ljósmæðranna er alltaf vera þeirra hjá konunni. Þar kom glögglega í ljós hvað yfirsetan er stór þáttur í að þróa þekkingu ljósmæðranna og færni og að mynda tengsl við konuna og aðra í fjölskyldunni," lýsir Ólöf. Hún kveðst hafa flokkað sögurnar niður í ferðasögur, kímnisögur og sögur sem lýstu umhverfinu. „Þetta var lýsing á lífinu. Ljósmóðurstarfið er svo félagslegt starf," bendir hún á.

Ólöf varði ritgerð sína við breskan háskóla Thames Valley og er spurð hvernig prófessorunum hafi gengið að andmæla hennar rökum og rannsóknum. „Það sem kom þeim kannski mest á óvart er hvað íslenskar ljósmæður eru bjartsýnar og lítið fyrir að kvarta, samanborið við starfssystur þeirra breskar. Einnig hvernig þær nota sitt innsæi í bland við fræðilega þekkingu og hversu næmar þær eru fyrir vilja og óskum kvennanna. Þær virðast meðvitaðar um ýmsa andlega þætti sem hafa áhrif og sumar lýstu þeirri tilfinningu sinni að þótt þær hefðu starfað einar úti á landi í fjölda ára þá hefði alltaf einhver verið með þeim. Því kom sú hugmynd upp hjá prófessorunum að við Íslendingar værum nær náttúrunni en Bretar og næmari fyrir ýmsu öðru en þeim veruleika sem við sjáum dags daglega."

Miklar breytingar hafa orðið á menntun yfirsetukvenna frá því formleg fræðsla hófst í því fagi hér á landi árið 1761. Þá lásu þær bara eina bók og tóku embættispróf, að sögn Ólafar. Nú er það sex ára nám við háskóla þar sem hjúkrunarfræðipróf er inntökuskilyrði. „Við erum akkúrat núna að endurskoða fyrirkomulagið og gerum ráð fyrir að hægt verði að fara beint inn í ljósmæðranám eftir stúdentspróf þannig að það verði 3-4 ára háskólanám til BS og embættisgráðu," segir Ólöf að lokum.



Lizzy fæddist sama ár og Wounden Knee komst í sögubækurnar, árið 1890.

# Elsta kona heims látin

***Elsti einstaklingur heims, Elizabeth „Lizzy" Bolden, lést í vikunni 116 ára gömul.***

Lizzy fæddist árið 1980 Memphis, Tennessee í Bandaríkjunum. Hún giftist 19 ára gömul og varð ekkja á sjötta áratug síðustu aldar.

Lizzy var ekki ein þegar hún lést heldur í faðmi fjölskyldu sinnar. Hún eignaðist um ævina 40 barnabörn, 75 barnabarnabörn, 150 barnabarnabarnabörn, 220 barnabarnabarnabarnabörn, og 75 barnabarnabarnabarnabarnabörn.

Elsti núlifandi einstaklingurinn nú, samkvæmt heimsmetabók Guinness, er Emiliano Mercado del Toro frá Puerto Rico. Hann er 115 ára. *- tg*



Miðstöð heilsuverndar barna er ekki lengur við Barónsstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Heilsugæsla nú í Mjódd

***Stjórnsýsla Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var nýlega flutt í Mjódd ásamt miðstöðvum og deildum.***

Stjórnsýsla Heilsugæslunnar er nú til húsa í Álfabakka 16 og Miðstöð tannverndar einnig. Miðstöð mæðraverndar, Miðstöð heilsuverndar barna, lungna- og berklavarnadeild og deild atvinnusjúkdóma og ónæmisvarna eru svo ekki langt undan því þær eru í Þönglabakka 1. *- eö*




**Kröftugu Detox tækin komin**



Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.
Uppl. Í símum 692-9079 (Þóra) / 892-8861 (Sóley)



## Lýðheilsa

ARNDÍS AUÐUR SIGMARSDÓTTIR
HJÁ LÝÐHEILSUFÉLAGI LÆKNANEMA

# Sóri er ekki smitandi

Psoriasis, sem á íslensku kallast sóri, er talsvert algengur húðsjúkdómur sem lýsir sér oftast sem tímabundnar rauðar hreisturskellur víðs vegar um líkamann. Sóri er ónæmis-miðlaður sjúkdómur sem hefur áhrif á frumur í húðinni, sérstaklega frumur í ysta lagi húðarinnar, hornlaginu. Venjulega ríkir jafnvægisástand í hornlagi húðarinnar þar sem frumur deyja og falla af sem húðflögur og nýjar verða til en í sóra verður röskun á þessu jafnvægi. Í röskuninni felst að ónæmiskerfið örvar frumuskiptingar í hornlaginu þannig að mun fleiri frumur verða til en þær sem deyja. Frumurnar hlaðast því upp og úr verður þykkt lag af hornfrumum sem við köllum hreistur. Þessari örvun frumuskiptinga stjórna ákveðnar hvítfrumur ónæmiskerfisins, svokallaðar T-frumur, sem gefa frá sér frumuboða sem örva hornfrumur til skiptinga. Hvítfrumurnar gefa einnig frá sér fleiri tegundir af frumuboðum sem mynda bólgu undir hreisturlaginu og gefur það einkennandi rauðan lit í sóra-skellum.

Til eru nokkrar tegundir af sóra. Eins og áður sagði er algengasta birtingarmynd sjúkdómsins rauðar hreisturskellur og kallast sú tegund skellusóri. Öllu óalgengari eru bólu-sóri, graftarmyndandi-sóri og gigtar-sóri. Sjúkdómurinn hefur mjög áberandi birtingarmynd sem ýtir undir neikvætt viðhorf almennings og hræðslu við að sjúkdómurinn sé smitandi. Þessi fullyrðing er hins vegar alröng því sóri er alls ekki smitandi og í raun er þetta sjúkdómur þar sem flókið samspil erfða og umhverfis ræður för. Enn er á huldu hvernig þessu samspili er háttað og einnig hvaða erfða- og umhverfisþættir eru sökudólgarnir. Umfangsmiklar rannsóknir leitast við að skýra þetta samspil og reynist aðferðarfræði ónæmisfræðinnar mjög mikilvæg í þessu efni. Á ónæmisfræðideild Landspítalans er einmitt unnið að framsæknum og áhugaverðum rannsóknum á meingerð sóra. Fundist hafa ákveðnar arfgerðir sem eru algengari meðal sóra-sjúklinga og hefur sóri verið tengdur við ýmsa umhverfisþætti svo sem hálssýkingar af völdum streptokokka-baktería, líkamsþyngd, streitu, reykingar, áfengisneyslu og viss lyf.

Þar sem ekki er nægilega mikið vitað um orsakir sjúkdómsins er ekki til bein lækning við honum en hægt er að halda honum í skefjum, til dæmis með lyfjum sem bæla ónæmiskerfið og ljósabaðsmeðferðum. Baðmeðferð í Bláa lóninu hefur einnig reynst ágætlega enda hefur verið reist meðferðarstöð fyrir sóra-sjúklinga við lónið. Ekki má gleyma að mikilvægt er fyrir manneskju með sóra að þekkja eigin líkama og læra að lifa með sjúkdómnum en í því sambandi má minna á að kjörþyngd og reykleysi draga úr sýnd sjúkdómsins.

*Unnið í samvinnu við skrifstofu kennslu, vísinda og þróunar á LSH.*




**Nýjar línur** á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

**Líður þér ekki vel?**
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

**Skóinn** má nú setja út í glugga. Síðustu fregnir herma að jólasveinarnir eru komnir ofan úr fjöllum og til byggða.










Siðurinn að setja skó út í glugga á aðventunni til að fá gjöf frá jólasveininum á sér ekki langa sögu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR

# Skór dýrlingsins barngóða

***Hugmyndin á bak við skóinn sem settur er út í glugga á jólunum er samofin sögunni af heilögum Nikulási.***

Siðurinn að setja skó út í glugga á aðventunni til að fá gjöf frá jólasveininum á sér ekki langa sögu hérlendis, heldur má rekja hann aftur til þriðja áratugs síðustu aldar.

Siðurinn á upptök sín í pápískunni og tengist erkibiskupnum Nikulási, sem var uppi á þriðju og fjórðu öld og var tekinn í dýrlingatölu eftir dauða sinn vegna kraftaverka sem menn tengdu honum.



Nikulás var upphaflega erkibiskup í Myru í Litlu-Asíu á þriðju og fjórðu öld en var tekinn í dýrlingatölu eftir dauða sinn.

Nikulás var og er meðal annars dýrlingur barna. Vegna helgisagna sem greina frá því hvernig gjafir hans björguðu lífi ungmenna, breiddist sá siður út hjá kaþólskum að gefa börnum gjafir á messudegi hans, það er að segja sjötta desember. Seinna fóru börnin sjálf að hengja upp sokka við dyr, glugga eða arininn til að fá gjafir. Sokkurinn vék svo fyrir skó eða körfu sem notuð var í sama tilgangi.

Á Englandi var börnum sagt að Nikulás kæmi með pakkana inn um gluggann (sums staðar kemur hann niður um strompinn). Þetta breyttist síðar víða með siðaskiptunum á 16. öld. Að sama skapi var messudagurinn sjötti desember lagður niður í þessu samhengi og allt fært til jóla- eða gamlársdags.

Nikulás varð seinna fyrirmynd alþjóðlega jólasveinsins, en helgisögur af honum bárust til Ameríku á 17. öld með hollenskum innflytjendum, sem voru mótmælendatrúar. Þeir kölluðu hann Sinter Klaas, sem var seinna snúið yfir í Santa Claus (augljóslega dregið af nafni hans).

Jólakort sem sýndu Nikulás íklæddan purpurakápu nutu mikilla vinsælda. Seinna var embættisfatnaði hans breytt í rauða og hvítbryddaða búninginn sem við



Hérna sést sankti Nikulás koma færandi hendi á asnanum sínum. Ásýnd hans hefur breyst í tímans rás, ekki síst fyrir tilstuðlan auglýsingaherferðar Coca Cola árið 1931.

þekkjum nú flest. Er það ekki síst Coca Cola fyrirtækinu að þakka sem setti hann í skærrauðan jakka, buxur og húfu í auglýsingaherferð árið 1931.

Þennan fróðleik fengum við úr svari við spurningunni „Hvenær var byrjað að setja skóinn út í glugga og hvaðan kemur sá siður?“ sem finna má á www.visindavefur.is.

- rve





allt atvinna
Alla sunnudaga





## Á jóladöfinni

### 14. DESEMBER

**Stúfur** kemur í Þjóðminjasafnið kl. 11.00.

**KK og Ellen** flytja gömul og ný aðventu- og jólalög í Hveragerðiskirkju kl. 20.15.

**Jólatónleikar** verða haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík undir yfirskriftinni Jólastjörnur í Dómkirkjunni. Á dagskrá eru jólalög og helgar aríur – hátíðleg og falleg tónlist. Áætluð lengd tónleika er tæp klukkustund. Flytjendur eru þau Erlendur Þór Elvarsson tenór, Jóna Fanney Svavarsdóttir sópran, Sólveig Samúelsdóttir messósópran og Bjarni Jónatansson, organisti og píanóleikari. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

**Tríó Björns Thoroddsen ásamt Andreu Gylfadóttur** leikur á Café Rosenberg í Lækjargötu í kvöld kl. 21.



**Jóel Pálsson** heldur útgáfutónleika á Domo-bar. Þingholtsstræti 5, kl. 21. Leikin verður tónlist af nýjum geisladisk Jóels – Varp. Eru tónleikarnir hluti af tónleikaröð jazzklúbbsins Múlans.

**Magga Stína** heldur tónleika á Græna hattinum, Akureyri, í kvöld ásamt hljómsveit. Leikin verða lög af nýútkomnum diski þar sem Magga Stína syngur lög eftir Megas.

# Kirkjur á jólakúlum

***Handmálaðar jólakúlur og bjöllur úr munnblásnu gleri fást að Heimahaga 1 á Selfossi og í jólaþorpinu í Hafnarfirði.***

Glervörurnar sem um ræðir eru unnar í Evrópu eftir gömlum hefðum, munnblásnar og handunnar. Kúlurnar er fáanlegar í fjórum stærðum 8, 9, 10 og 12 cm í þvermál, en geta verið örlítið mismunandi þar sem ekki er um vélunna vöru að ræða. Sumar þeirra skarta myndum af íslenskum kirkjum. Verðið á kúlunum er frá 500 til 1.100. Skálar fyrir sprittkerti fást líka í ýmsum stærðum. Þær kosta 1.500-1.600 kr. og bjöllurnar eru á verði frá 900-1.500 kr. Hægt er að panta í gegnum jólakúluvefinn http://frontpage.simnet.is/jolakulur eða í síma 848 1925 og 483 1073.



Alþjóðlegt jólamynstur.



Bjöllurnar kosta 900 til 1500.



Skálholtskirkja skreytir þessa.



Ábæjarkirkjan gamla er alltaf vinaleg.



Þingvallakirkja er þjóðargersemi.

# Jólagleði Kramhússins

***Hversdagsstjörnur stíga á svið í Borgarleikhúsinu.***

Jólagleði Kramhússins verður haldin í 24. sinn 16. desember í Borgarleikhúsinu. Þar koma nemendur Kramhússins saman og sýna listir sínar en leyndir hæfileikar fá að njóta sín. Jólagleðin hefur vaxið ár frá ári en nú taka um 280 þátttakendur þátt í henni.

Fjölbreytnin er ríkjandi og er í boði alþjóðlegur menningarkokkteill undir stjórn kennara frá Danmörku, Belgíu, Frakklandi, Spáni, Búlgaríu, Austurríki, Gíneu, Argentínu, Perú, Mexíkó, Chile og Íslandi. Að vanda munu óvæntar uppákomur og leynigestir gleðja áhorfendur og kynnir kvöldsins er engin önnur en Kolbrún Halldórsdóttir. Húsið verður opnað kl. 20.00 og skemmtunin hefst kl. 20.30.



Alþjóðlegur menningarkokkteill og skemmtiatriði úr öllum áttum verða í boði á jólagleði Kramhússins. Þessi mynd er frá síðasta ári.

## Jólalagið

BRÁÐUM KOMA BLESSUÐ JÓLIN

Bráðum koma blessuð jólin
börnin fara að hlakka til.
Allir fá þá eitthvað fallegt
í það minnsta kerti og spil.
Kerti og spil, kerti og spil,
í það minnsta kerti og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,
vandi er um slíkt að spá.
En eitt er víst að alltaf verður
ákaflega gaman þá.
Gaman þá, gaman þá,
ákaflega gaman þá.

*Jóhannes úr Kötlum*




NÝTT RAFRÆNT GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

– einstakt gjafakort handa þínum nánustu

Gjafakort í miðborgina eru einföld og skemmtileg jólagjöf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Hægt er að kaupa kortin í hvaða stærðareiningu sem er og einnig stöðluð. Stöðluðu kortin eru: kr. 2.500, 5.000, 10.000, 15.000 og 20.000. Sala gjafakortanna og þjónusta fer fram í Þjónustumiðstöð ferðamanna v/Ingólfstorg.

Aðrir útsölustaðir gjafakortanna eru:
Bókabúðin við Hlemm
Eymundsson, Austurstræti 18
Iða, Lækjargötu 2
Mál og menning, Laugavegi 18
Skífan, Laugavegi 26

Allur pakkinn í einni gjöf!

Yfir 200 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar
Einföld og skemmtileg jólagjöf
Tilvalin jólagjöf handa þínu starfsfólki
Bestu veitingahús borgarinnar á einum stað
Íslensk list, hönnun og handverk á einum stað
Þekktustu vörumerki heimsins á einum stað

Hægt er að kaupa kortin á www.midborgarkort.is og í síma 562 1818




Miðborgarkort | Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími 562 1818 | info@midborgarkort.is



**Jólahreingerning** er úrelt fyrirbæri. Takið bara létt til og geymið allsherjarþrifin fram í janúar þegar hægt er að sinna verkinu í rólegheitum.


Svífðu inn í drauma-landið í rúmfatnaði frá Fatabúðinni

Fatabúðin Skólavörðustíg 21 Sími 551 4050 • Reykjavík



GLUGG-INN



Opið frá 14.des Til kl. 21.00

Fákafeni 11, Rvk. & Bæjarhrauni 12,Hf.


# Bara tíu dropa takk

*Góð kaffivél er forsenda þess að hinir vinsælu tíu dropar smakkist vel.*

Ekki er hlaupið að því að velja góða kaffivél enda er úrvalið gríðarmikið. Hægt er að fá allt frá einföldum uppáhellingarvélum til háþróaðra sjálfvirkra véla sem gera í raun allt nema vaska upp kaffibollann.

Fólk verður að finna út hvað hentar þeim best í kaffidrykkjunni og velja vél eftir því. Sumir eru svolgrarar og vilja því frekar uppáhellt í lítravís meðan aðrir eru sælkerar og vilja dunda sér við að búa til þennan eina rétta kaffibolla sem gerir lífið svo miklu betra og gleðilegra.

Fréttablaðið fór á stúfana og birtir hér myndir og upplýsingar um kaffivélar frá verslununum Rafha, Bræðrunum Ormsson og Heimilistækjum. Vonandi létta upplýsingarnar verkið við koffínleitina. - *jóa*



Rafha. Cloer-kaffivél. Vélin er með klukku og slekkur sjálfkrafa á sér eftir tvo tíma sé þess óskað. Hægt að forstilla vélina svo hún helli upp á síðar. Sandblásin glerkanna. Verð 8.990 kr.



Bræðurnir Ormsson. Palazzo. Mjög vinsæl sjálfvirk kaffivél með tveimur kötlum. Vélin tekur bæði baunir og venjulegt kaffi. Verð 84.105 kr.



Heimilistæki. Philips Senseo. Vélin lagar í einn til tvo bolla í einu, ávallt heitt og nýlagað kaffi í hvern bolla og skilar fallegri froðu í bollana. Það tekur um hálfa mínútu að laga hvern bolla og er vélin auðveld í þrifum. Fæst í mörgum litum. Verð krónur 9.995.-



Heimilistæki. Philips kaffivél. Einföld en hraðvirk. Hægt að stilla kaffistyrk svo kaffið verði alltaf eins. Verð krónur 5.995.-



Rafha. Domo. Ný kaffivél í burstuðu stáli með tímaskjá og forstilltri ræsingu. Verð krónur 6.990.-



Heimilistæki. Einföld espressóvél úr stáli. Verð krónur 9.995.-



Heimilistæki. Philips kaffivél. Ný útgáfa af klassísku uppáhellingarvélinni sem fengið hefur skemmtilega útlitsbreytingu. Kannan tekur átta til tólf bolla og slekkur á sér sjálf. Verð krónur 14.995.-



Bræðurnir Ormsson. Solis Espresso Pro. Sígild hönnun á handfangi fyrir kaffisigtið í burstuðu stáli, klæddu plasti. Vélin er sérstaklega hönnuð fyrir kaffiunnandann sem vill dúlla við kaffigerðina og búa til fleiri en eina gerð af kaffidrykkjum. Verð 31.474 kr.



Rafha. AEG kaffivél. Malar kaffið og er alsjálfvirk með innbyggðri kaffikvörn og sjálfhreinsibúnaði. Einn valrofi fyrir allar almennar stillingar þar sem hægt er að velja um einn eða tvo bolla af sterku eða veiku nýmöluðu kaffi eða espresso. Einnig er hægt að velja formalað kaffi. Bollastærð má stilla samkvæmt óskum hvers og eins. Á skjánum birtast upplýsingar um valið kerfi og einnig upplýsingar um það þegar hreinsa þarf vélina með sjálfvirku kerfi eða losa kaffikorginn. Verð krónur 89.900.-




GREENSPEED MICROFIBER SYSTEMS

Magnaða moppuskaftið

Dagar gömlu skúringarfötunar eru taldir

• Skúringafatan úr sögunni
• Alltaf tilbúið til notkunar
• Gólfin þorna á augabragði
• Fljótlegt og þægilegt

Sölustaðir: Húsasmiðjan
Byko - Pottar og prik Akureyri
Áfangar Keflavík - Brimnes Vestmannaeyjum
Fjarðarkaup - Litabúðin Ólafsvík - Parket og gólf - Rými
SR bygginarörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Skipavík
Stykkishólmi - Nesbakki Neskaupstað. Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.



HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800 www.skatar.is

Sölustaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta



## ÞJÓÐLEGAR JÓLAKÚLUR

*Bryndís Bolladóttir, textílhönnuður*

SJÁ BLS. 2

## GEFUM ÍSLENSKT

*Hönnun og ostar* SJÁ BLS. 9



[ SÉRBLAÐ UM ÍSLENSKT JÓLAHALD – FIMMTUDAGUR 14. DESEMBER 2006 ]

# Íslensk jól



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EFNISYFIRLIT


ÞÆFÐAR ULLARKÚLUR
*Spennandi íslensk hönnun*
BLS. 2





ELDHÚSGALDRAR FYRIR JÓL
*Iris Gústafsdóttir býr sjálf til kertin* BLS. 4

HUGMYND AÐ GJÖF
*Lúffur fyrir golfara* BLS. 8

MEÐ JÓL Í EYRUM
*Skemmtilegar íslenskar jólaplötur* BLS. 8









PAKKARUGL
*Sniðugur jólaleikur*
BLS. 8

JÓLIN NÚ OG ÞÁ
*Íslensk jól hafa breyst í aldanna rás* BLS. 9







# Íslensk jól eru ...

... jólakonfekt frá Nóa Siríus.
... lagið Snjókorn falla með Ladda.
... miðnæturjólamessa á aðfangadag.
... illa lagðir bílar á bílastæðum verslunarmiðstöðva.
... snjór, rigning, von, vonleysi, allt í bland.
... eigin útburður á jólakortum á aðfangadag sökum anna.
... piparkökur með alltof miklum glassúr.
... skór í glugga.
... kartafla í skó.
... endurfundir í Hagkaupum.
... kaffibolli hjá Sævari Karli á Þorláksmessu.
... möndlugrautur og vegleg gjöf.








Bryndís Bolladóttir textílhönnuður hefur fært ullina í nútímalegan og jólalegan búning.

# Þjóðlegar jólakúlur

Bryndís Bolladóttir textílhönnuður hefur lengi unnið með ull og munsturgerð. Úr smiðju hennar hafa sprottið veggteppi, lampar og annar húsbúnaður í gegnum tíðina. Nýjasta afurðin eru alíslenskar jólakúlur og fígúrur úr þæfðri ull!

Íslenska ullin á sér mörg andlit og fleiri möguleika en flesta grunar. Bryndís hefur starfað sem textílhönnuður síðastliðin sjö ár og er alltaf að sjá nýjar hliðar á þessu hefðbunda handverki.

„Ég hef einbeitt mér að heimilisiðnaði, munsturgerð og ull sem ég oft færi í nýjan búning,“ segir Bryndís. Hún hefur starfað bæði í Svíþjóð og hér á landi og segir að munsturgerð sé mun viðurkenndariá Norðurlöndunum en hérlendis. „Handverkshefðir á Íslandi sveiflast gjarnan eftir tískunni eins og endurreisn ullarpeysunnar fyrir um tveimur árum síðan.“ Ullin er mikið notuð til einangrunar og Bryndís hefur gert mörg falleg veggteppi sem sóma sér vel á veggjum ýmissa heimila. Nýjasta afurð Bryndísar þæfðu jólakúlurnar spruttu þó fram á sjónarsviðið fyrir tilviljun. „Ég vann að öðru verkefni þar sem ég þæfði munstrað hekl með ullinni og út frá því fæddist þessi jólalega og þjóðlega hugmynd,“ segir Bryndís brosandi. Ásamt jólakúlunum hefur Bryndís líka gert jólalegar fígúrur úr ullinni sem mörgum finnst eiga vel við kúlurnar. „Það eru margir sem kaupa kúlurnar í gjöf eða til að skreyta sjálfir.“ Kúlurnar fást í rauðu, grænu og tískulit jólanna í ár, svörtu. „Það er mjög gaman að endurvekja þessa þjóðlegu hefð með náttúrulegu og stíliseruðu útliti í senn,“ segir Bryndís. Kúlurnar mjúku og góðu fást í Iðu, Lækjargötu 2a og Gallerí Fold Kringlunni. Helgina 16.-17. des. verður Bryndís ásamt um 40 hönnuðum og listamönnum með jólamarkað hjá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, SÍM, að Seljavegi 32 (gamla Landhelgisgæsluhúsinu á horni Holtsgötu) þar sem ýmsir munir verða á boðstólum ásamt kúlum og fígúrum frá kl.14.00 og 18.00. *-rh*



Jólafígúrur sem sóma sér vel á trénu í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þjóðlegar kúlur fyrir jólin í ár.







MEST / Malarhöfða 10, Bæjarflöt 4, Reykjavík / Bæjarhrauni 8, Hringhellu 2, Kaplahrauni 2-4, Fornubúðum 5, Hafnarfirði / Hrísmýri 5, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði / Sími 4 400 400 / www.mest.is

# Sama verð

fyrir alla jólapakka
hvert á land sem er

Desember 2006




500 kr.

Hámarksþyngd 50 kg,
hámarksstærð 0,14 m$^3$ (t.d. 52x52x52 cm)

Við erum sérfræðingar
í matvælaflutningum




Frekari upplýsingar um afgreiðslustaði
er að finna á **landflutningar.is**

Landflutningar
SAMSKIP




Það má nota margs konar mót til að steypa kertin sem eru af öllum stærðum og gerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eldhúsgaldrar fyrir jól

Irisi Gústafsdóttir hárgreiðslumeistari fannst alltaf hálfgerð synd að henda hálfbrunnum kertum og stubbum. Hún skellti sér á námskeið í kertagerð fyrir nokkrum árum og galdrar nú fram kerti í eldhúsinu í gríð og erg af öllum stærðum og gerðum.

„Það er sérstaklega gaman að gera kertin fyrir jól. Bæði fyrir okkur heima og til að gefa í gjafir,“ segir Iris sem segir að vísu að kertin séu steypt á heimilinu allan ársins hring.

„Eftir að litli strákurinn minn fæddist, sem er að verða eins árs hef ég nánast ekkert komist í kertin, en núna ætla ég að bretta upp ermar fyrir jólin,“ segir Iris brosandi. Það eru margir sem vita af þessari skapandi ástríðu Irisar og safna gjarnan fyrir hana stubbum og gefa. „Ég er með heilmiklar birgðir sem fólk er að gefa mér. Jafnvel kerti sem bara rétt er búið að kveikja á,“ segir Iris sem líka bætir við stubbsafnið með hreinu vaxi sem hún kaupir í stórum blokkum. Hún segir að það sé gott að eiga nokkur mót sem hægt er að kaupa, en síðan má nota margt annað til að steypa í. „Ég nota ýmislegt fyrir mót, eins og jógúrtdollur, hólka úr salernisrúllum og öðru sem mér finnst geta komið fallega út,“ segir Iris sem líka steypir falleg jólatré, stjörnur og ýmsar aðrar fígúrur. Það eru margir möguleikar í kertagerðinni og Iris býr bæði til einlit kerti ásamt marglitum turnum sem kannski eiga eftir að leynast í einhverjum jólapökkum í ár og gefa ljós í skammdeginu. -rh



Fyrir jólin ætlar Iris að fara í kertagerðina af krafti til að lýsa upp skammdegið.


## Hyasintu og kertaskreytingar

Fersk afskorin blóm
Kerti í miklu úrvali

BLÓM & KAFFI

Opnum notalegt kaffihús á nýju ári.

Opið sunnudag til fimmtudags frá kl. 11-21
Föstudaga og laugardaga frá 10-21

Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði Sími: 565 0440 www.blomogkaffi.is

Hönnun: Vefl.is


Gefðu þeim sem þér
þykir vænt um
góða heilsu
í jólagjöf
Sjáðu úrval snyrti- og nuddmeðferða á
www.laugarspa.is
LAUGAR
www.laugarspa.is • sími: 553 0000



GLEÐIGJAFAR
PHILIPS
Philips CD1301S
CD130 þráðlaus DECT SÍMI með 30 númer í minni, 12 tíma hleðslo í notkun og 5 daga í bið og endurval í síðustu 20 númer. Sýnir númer sem hringir.
TILBOÐ
2.495
FULLT VERÐ 3.995
CASIO
EXILIM
Philips EXZ60
Örsmá Digital MYNDAVÉL með 6 milljóna punkta upplausn, BESTSHOT, 2,5" LCD skjá, 3x Opitcal Zoom og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, Anti Shake DSP hristivörn, hreyfimyndatöku með hljóði, 8.3Mb minni og rauf fyrir SD kort. Rafhlaða endist í 180 myndir. Casio taska og 512Mb Sandisk minniskort fylgir.
512MB MINNI FYLGIR
SUPER LIFE BATTERY
TILBO
26.995
FULLT VER 35.485
PHILIPS DVD SPILARI DivX VIDEO
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x og XviD – og CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
Philips DVP3040
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með Progressive Scan, Dolby Pro Logic II, Dolby Digital og DTS, Scart með RGB og SVHS tengi, RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi, Coaxial tengi, Digital Zoom, Smart Picture og Smart Sound, Zoom, Rotate og Flip fyrir Picture CD, spilar Picture CD með Mp3 hljóði og er með fjarstýringu.
TILBOÐ
7.995
FULLT VERÐ 10.995
PHILIPS
MP3 SPILARI
Philips SA157
Flottur og einfaldur 512mb MP3 SPILARI með tónjafnara, heyrnartólum, hálsól, USB tengingu og hugbúnaði.
Aðeins 25 grömm!
Fæst einnig með 1GB minni á kr. 12.995
TILBOÐ
9.995
FULLT VERÐ 12.495
PHILIPS DVD MEÐ 80GB DISK DivX VIDEO
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
Philips DVDR3440H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 80GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.
TILBOÐ
39.995
FULLT VERÐ 49.495
CASIO
SOUND TECHNOLOGY CASIO
Casio CTK591
61 nótna HLJÓMBORÐ með áslátttarnæmi, 24 nótna pólifóníu, 128 hljóðum og 120 rythmum, 100 innbyggðum lögum,3ja skrefa kennslukerfi, „Sing Along" möguleika - hljóðnematengi og píanó stillingu.
TILBOÐ
19.995
FULLT VERÐ 22.995
PHILIPS
DivX VIDEO
Philips MCM720
2x100w MÍKRÓ SAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, USB, segulbandi og FM útvarpi með 40 stöðvaminnum, Incredible Surround og Dynamic Bass Boost, USB, Aux inn, heyrnartólstengi, klukku og vekjara. Hægt að spila MP3/WMA í gengum USB tengi. Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og WMA.
PHILIPS
VERÐ
27.995
FRÁBÆRT VERÐ
UNITED 14TOMMU
UNITED UTV14X50
14" SJÓNVARP með textavarpi, Scart tengi og fjarstýringu.
VERÐ
12.995
FRÁBÆRT VERÐ
Philips HTS3115
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 500w (4x75w og 2x100w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátólurum á gólf, miðja, 2 litlir bakhátalarar og Bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvaminnum, SCART (með RGB) og HDMI tengi, Aux inn og fjarstýringu.
TILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 39.995
Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK
SÆTÚNI 8
SÍMI 569 1500
AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 36
460 3380
SELFOSS
EYRARVEGI 21
480 3700
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA! OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA!

## Hugmynd að gjöf

# Lúffur fyrir útivistina

HUGVITSMAÐURINN JÚLÍUS JÚLÍUSSON HEFUR HANNAÐ BRÁÐSNJALLAR LÚFFUR FYRIR KÖLDU SUMRIN Á ÍSLANDI.

„Ég var að spila golf fyrir tveimur árum í maí og það var alveg roslega kalt,“ segir Júlíus Júlíusson. „Ég var með lúffur en vandamálið var að ég átti erfitt með að finna þeim einhvern stað í settinu,“ heldur hann áfram. „Ég vildi því athuga hvort það væri ekki einhver leið til að hafa lúffurnar á mér án þess að þær trufluðu mig við golfið,“ segir Júlíus sem hélt beint heim frá vellinum og lagðist í mikla rannsóknarvinnu.

Útkoman varð síðan þessar bráðsnjöllu flís-lúffur sem með einu handtaki er hægt að draga af handarbakinu og á aftur. „Ég gekk með þessa hugmynd í maganum í nokkra mánuði og leitaði síðan til Henson sem leist vel á þetta og framleiðir í dag,“ segir hann.

Hugvitsmaðurinn segir að lúffurnar henti vel til allra útvistaríþrótta og þær gætu komið veiðimönnum vel þegar rignir vegna þess að lúffurnar verja handarbakið frá bleytu. „Þær eru ofboðslega hlýjar enda úr vatnsheldu flísefni og eru auðveldar í notkun,“ segir hann og bætir því að golfverslanir hafi smám saman verið að taka við sér. „Ég er alveg ofboðslega montinn með þetta,“ segir Júlíus og hlær.



Hlýjar fyrir útivistina Eins og sjá má er hægt að hafa lúffurnar bæði lokaðar og opnar ALLT/ANTON BRINK




# Með jól í eyra

Íslensk jólalög eru einfaldlega langskemmtilegust og íslenskar jólaplötur eru til á hverju heimili. hér er smáyfirlit yfir sígildar íslenskar jólaplötur og nokkrar nýjar sem eflaust komast í annála.



100 íslensk jólalög fyrir alla fjölskylduna kom út fyrir þessi jól og skiptast lögin á fimm diska sem heita vinsæl jól 1 og 2, gömlu, góðu jólin, barnajól og hátíðleg jól. Þarna má finna bæði gamla og nýja klassíkera við allra hæfi og smekk.




Íslenskir jólasöngvar og Maríukvæði Hamrahlíðarkórsins hafa glatt landsmenn um áratuga skeið með ójarðneskum englasöng sem á hvergi betur heima en einmitt á jólaplötu.




Hátíð fer að höndum ein með Þremur á palli inniheldur rjómann af íslenskri jólatónlist frá fyrri tíð. Hver kætist ekki yfir Gilsbakkaþulu, finnur hátíðleikann seytla um sig við titillagið eða verður glaður og spenntur þegar Edda Þórarinsdóttir rappar „þrjú kökur, tvö hænsni, einn fisk og allt upp á einn disk“?




Platan Jólin Jólin með Svanhildi var hljóðrituð í tannlæknasalnum árið 1972 og hefur staðist tímans tönn. Það er eitthvað við röddina hennar Svanhildar og jólin sem á fullkomlega saman og það er sama hver reynir að syngja „Ég sá mömmu kyssa jólasvein“, það gerir það enginn eins og hún.




Gáttaþefur á jólaskemmtun með börnunum er þrungin ósvikinni gleði telpnanna í kór Álftamýrarskóla sem gera glaðbeittar ýmsar kröfur til Gáttaþefs sem sunginn er af Ómari Ragnarssyni og gefa honum skipanir eins og : „Haltu í hendina á mér!“ og „Segðu okkur eitthvað skrýtið og syngdu eitthvert lag“!

# Gefum íslenskt

Íslenskir hönnuðir eru einstaklega frjóir og hugmyndaríkir og gera einstaklega fallega muni sem gaman er að gefa í jólagjöf. Íslensk hönnun spannar vítt svið og má finna fatnað, húsbúnað, nytjahluti og leikföng eftir íslenska hönnuði svo dæmi séu tekin. Hér má finna nokkrar uppástungur að alíslenskum jólagjöfum.


Skemmtilegir kertastjakar úr þæfðri ull eftir Bryndísi Bolladóttur fást í iðu og kosta 2.300 krónur.


Ostakarfa er alltaf góð gjöf og fæst í Ostahúsinu á Skólavörðustíg og víðar.


Drekkum Ísland! Klakabox eins og Ísland í laginu kosta 2.600 krónur í Iðu.


Hver vill ekki vera kindarlegur? Bolur úr Ósóma kostar 2.900 krónur.


Fallegu spiladósirnar hennar Margrétar Guðnadóttur spila þrjú mismunandi lög, Krummi svaf í klettagjá, Vísur Vatnsenda-Rósu og Það á að gefa börnum brauð. Þær kosta 3.800 krónur í Kirsuberjatrénu.

**Jólaleikur**



## Pakkarugl

Í mörgum vinahópum er hefð fyrir að setjast niður fyrir jólin og hafa það huggulegt. Við það tækifæri er skipst á smágjöfum líkt og gert var í barnaskóla. Ef þið viljið krydda upp á þessi gjafaskipti fylgir hér tillaga að teningaspili fyrir fullorðna, sem líklega á rætur að rekja til Danmerkur. Mikilvægt er að gjafirnar séu hvorki dýrar né merkilegar og að enginn í hópnum sé sérstaklega tapsár.



Allir koma með einn pakka sem settir eru í hrúgu á borð. Þátttakendur raða sér svo kringum borðið, með einn spilatening. Er teningurinn látinn ganga réttsælis og hver þátttakandi kastar einu sinni þegar röðin er komin að honum. Í hvert skipti sem einhver fær sex má hann velja sér pakka.

Teningurinn er látinn ganga þar til allir pakkarnir eru komnir í hendur þátttakenda. Þá er vekjaraklukka stillt þannig að hún muni hringja eftir tíu til fimmtán mínútur og hefst þá sá hluti leiksins sem er mest spennandi. Teningurinn er látinn ganga eins og áður en nú mega þátttakendur taka einn pakka frá einhverjum öðrum keppanda þegar þeir fá sex. Þegar klukkan hringir er leiknum lokið og þeir sem eru með pakka mega taka þá upp og njóta innihaldsins.














# Jólin nú og þá

Jólin hafa breyst heilmikið hér á landi síðustu 100 árin. Sumir siðir virðast þó aldrei deyja en aðrir eru nýir af nálinni.

Að halda aðfangadagskvöld heilagt, sem og jóladagarnir 13, eru siðir sem upphaflega koma úr kaþólsku, eins og reyndar allt kristið helgihald, og einnig er aðventan úr kaþólsku, þó fólk sé löngu hætt að forðast kjötmeti vikurnar fjórar fyrir jól. Aðventukransinn er hins vegar nýr siður og varð hann ekki útbreiddur á Íslandi fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar. Einstaka grenitré tók að berast til Íslands á síðari hluta 19. aldar en slík jólatré urðu ekki algeng fyrr en í kringum síðari heimsstyrjöldina. Þangað til var hérlendis oftast notast við heimasmíðuð tré og voru þau þá oft vafin lyngi. Jólagjafir tíðkuðust ekki hérlendis fyrr en seint á 19. öld, en hins vegar hafa sumargjafir verið algengar öldum saman. Þó fékk flest heimafólk einhvers konar klæðnað fyrir jólin sem eins konar launauppbót. Tengdar því eru sagnir um jólaköttinn, sem á sér ættingja í nautslíki við Eystrasalt og annan af geitarkyni í Noregi. Eins sendu þeir sem voru betur staddir fátækum nágrönnum matargjafir um jól. Þó fengu flest börn kerti á jólum strax snemma á 19. öld. Grýla er þekkt frá 13. öld, og um það leyti sem fer að bera á sonum hennar í íslenskri þjóðtrú, á 17. öld, er hún orðin að barnaætu og jólasveinarnir voru þá mikið illþýði. Eins og flestum er kunnugt hafa bæði Grýla og sveinarnir mildast mikið síðan þá. Síðustu 50 árin hafa þeir meira að segja tekið upp á því að gefa börnum í skóinn í stað þess að stela mat og kertum frá fólkinu. Til jólahaldsins var oft slátrað kind og kjötsúpa höfð í matinn á aðfangadagskvöld. Hangiket var einnig hefðbundinn jólamatur en rjúpur voru upphaflega jólamatur fátækra. Kornekla gerði það að verkum að grautar og brauðmeti var sparað og haft á jólum, þar meðtalið laufabrauðið. Sérstaða laufabrauðs felst einkum í því hversu næfurþunnt það á að vera. Upphafleg orsök þeirrar þynnku er langsennilegast sá skortur á mjöli sem löngum hrjáði Íslendinga, ekki síst á einokunartímanum á 17. og 18. öld. Með því að skera hráefnið sem mest við nögl var unnt að gefa fleiri munnum að smakka lostætið og útskurðurinn gerði kökurnar enn girnilegri. Kökugerð hófst í stórum stíl snemma á 20. öldinni, þegar miklu fleiri efni til kökugerðar voru fyrst á boðstólum. Mikil áhrif hafði það líka að um það leyti eignuðust flestar húsmæður eldavél með bakarofni. Á þessum tíma yfirgnæfði kökugerðin jólamatinn á stundum, en úr þessu hefur þó dregið aftur. Þó eru flestir enn sammála um að engin séu jólin án nokkurra tegunda af heimabökuðum smákökum.


Áður en grenitré fóru að berast til landsins notaðist fólk við heimasmíðuð tré.



Þótt gosdrykkjamenningin sé útlensk telja margir hérlendis ekki annað boðlegt en að hafa íslenskt gos á borðum.


Aðventukransinn telst til nýrra jólasiða.



# GÆÐAJÓL FRÁ NÝHERJA




## Canon EOS 400D m/ EF-S 18-55 mm f/3.5-5.6 linsu

***Heimurinn verður þinn eigin leikvöllur með Canon EOS 400D***

EOS 400D er létt og nett en með yfirburða gæði. 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og Canon sjálfvirkur rykhreinsibúnaður sem hreinsar myndflöguna færa þér aðalsmerki EOS sem felst í skörpum og hreinum myndum, níu punkta sjálfvirkur fókus og þú getur tekið þrjá ramma á sek. í samfelldri myndatöku (continuous shooting) þannig að leikurinn verður enn skemmtilegri.

EF-S 18-55mm f/3.5-5.6 linsa fylgir með en um er að ræða hefðbundna ,,zoom" linsu. Hraðvirk linsa sem nær miklum aðdrætti.

Verð: **109.900 kr.**



## Bose 321

***Gæði og einfaldleiki***

Upplifðu hljóminn með Bose. Bose 321 DVD heimabíó er fullkomin og notendavæn lausn til að njóta tónlistar og kvikmynda í góðum gæðum.

Verð: **149.900 kr.**



## Sony 40" Skjár

***Hágæða flatskjár fyrir heimilið***

Fullkomnaðu gæðin og útlit sjónvarpsherbergisins með þessum 40" Sony flatskjá. BRAVIA Engine – Myndleiðrétting / HD Samhæft / Upplausn 1366x768 / Inngangar: 2xHDMI tengi, component, S-video, Video / Svartími 8ms / Contrast 1300:1 / Hljóðútgangar: BBE digital, SRS WOW.

Verð: **249.900 kr.**



## 320GB flakkari

***Vantar þig aukapláss?***

Pláss fyrir myndir, tónlist, kvikmyndir og fleiri gögn. Það rúmast flest í flakkaranum. Frábært Western Digital Book Essential Edition hýsill með 320GB hljóðlátum hörðum disk.

Verð: **19.900 kr.**



## Lenovo leðurtaska

***Berðu fartölvuna með stíl***

Hágæða leðurtaska sem ver tölvuna með SafePORT loftpúða. Fallegt blátt flauels innvols og mjúk axlaról. Þessi er flott fyrir hann.

Verð: **16.900 kr.**



## ThinkPad T60

***Gerðu kröfur***

ThinkPad fartölvur hafa unnið yfir 1200 verðlaun og eru mest verðlaunuðu fartölvur sögunnar. T60 vélin er ríkulega útbúin fyrir kröfuharða notendur.
Sjálfvirk tenging hvar sem er, gagnabjörgun með einum takka, fingrafaralesari, vökvaþolið lyklaborð, allt að 8 klst. rafhlöðuending og fallvörn sem verndar harða diskinn eru brot af kostum ThinkPad.
T60, 1,83GHz örgjörvi, 1GB minni, 80GB diskur, DVD-RW, 14" 1400x1050, 3 ára ábyrgð

Verð: **209.900 kr.**



## Kensington iPod sendir og bílhleðslutæki

***Tónlistin þín hvar sem er***

FM sendir og bílhleðslutæki fyrir iPod, virkar á alla iPod með "dock connector" undir þ.á.m. Nano og Video. Sendir merkið þráðlaust í útvarpið í bílnum eða heima í stofu.

Verð: **7.400 kr.**

**NÝHERJI**

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is


Nýtt Quality Street
Úrval af sígildum og nýjum molum
með karamellubragði!
Nestlé
Quality Street
Selections
Caramels,
Toffees
& Fudge

góð gjöf }

## Handklæðaofn



Víða má fá hefðbundna handklæðaofna sem bæði þurrka og hlýja handklæðinu þínu og nýtist sem handklæðahilla um leið. Fallegur handklæðaofn er tilvalin gjöf handa heimilisfagurkeranum. Einnig má fá ofna sem eru bæði til skrauts og hitunar. Ofnarnir eru ílangir með áklæði utan um sem hægt er að fá mynstrað eða með skemmtilegum myndum. Með þessu má sameina tvo hluti sem eru nauðsynlegir á baðherbergið, það er, ofn til hitunar og eitthvað skemmtilegt fyrir augað.



# Hlín blómahús í ný húsakynni

***Hlín blómahús hefur verið starfrækt í 13 ár í Háholti í Mosfellsbæ. Þegar verslunarmiðstöðin Krónan var opnuð í lok nóvember fékk blómahúsið ný og betri húsakynni.***

Það eru miklar breytingar á döfinni í Mosfellsbæ. Í Háholti eru Krónan, Leikbær og blómahúsið Hlín komin í ný og stórglæsileg húsakynni.

Hið margrómaða bakarí Mosfellsbæjar er síðan á leiðinni í sama hús í mars á nýju ári. Hlín Eyrún Sveinsdóttir og Sigurþór Þórarinsson eru eigendur blómahússins Hlínar og anna engan veginn eftirspurn núna um aðventuna.

„Okkar sérstaða eru blómaskreytingar en fyrir jólin er gaman að geta gert allar jólaskreytingarnar,“ segir Hlín sem nefnir meðal annars aðventukransa, kransa á hurðir á stofnanir, ásamt skreytingum á leiði sem eru mikið keyptir um þessar mundir. „Við erum með alhliða þjónustu frá vöggu til grafar og reynum að vera með persónulega og góða þjónustu,“ segir Hlín. Um aðventuna er unnið nánast allan sólarhringinn. Sigurþór og Hlín eru bara tvö í búðinni með nema sér til hjálpar, en Hlín segir að það standi svo sannarlega til bóta og er nú að fara að leita að aðstoð til að geta annað eftirspurn. Hlín blómahús er opið alla daga nema sunnudaga frá kl. 11.00-20.00 og sunnudaga frá kl. 13.00-19.00. *- rh*



Hlín Eyrún Sveinsdóttir og Sigþór Þórarinsson hjá Blómahúsi Hlínar eru komin í ný og glæsileg húsakynni í Mosfellsbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






EVOline fjöltengið leysir úr flækjunni

EVOline fjöltengið er frábær lausn fyrir þá sem vilja losna við snúruflækjur. Fjöltengið er fellt niður í borðplötuna. Þegar þú þarft að stinga í samband lyftir þú því upp og fellir það síðan aftur niður undir borðið.

HEIMILIÐ Í HEILD

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík
Sími 517 0200 · www.heild.is

F·PROT antivirus
Íslensk veiruvörn
F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) fyrir allar tölvur heimilisins kr 4.900,- á www.frisk.is.

FRISK FRIÐRIK Skúlason ehf
Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

Antikútvarp

kr. 6.995.
Glóey ehf.
Ármúla 19 • s: 568 1620 • www.gloey.is

Vatnsrúm

Yfir 20 ára reynsla á Íslandi
Vatnsrúmin eru komin aftur flottari og betri, þetta er það besta á markaðinum í dag þú átt það skilið að láta þér líða vel í rúminu. Vaknar út hvíld/ur og tekur brosandi á við daginn .
15 ára ábyrgð það gerist ekki betra
Vatnsrúm ehf. www.4you.is
Kársnesbraut 114 • sími 564 2030 - 690 2020



Linda Vilhjálmsdóttir safnar litlum guðum frá ýmsum löndum og leggur stundum mikið á sig til að finna réttu stærðirnar. FRETTABLADID/HEIDA

# Guðirnir í bókahillunni

***Á flakki sínu um heiminn finnur Linda smáguði sem eiga ættir sínar að rekja til margs konar trúarbragða.***

Linda Vilhjálmsdóttir rithöfundur hefur þann skemmtilega sið að safna guðum frá þeim ýmsu löndum sem hún ferðast til. Söfnunin hófst þegar fyrrverandi tengdamóðir hennar gaf henni styttu af guði frá Bali, en síðan hefur safnið stækkað jafnt og þétt.

„Skömmu eftir að ég eignaðist guðinn frá Bali gaf þessi sama kona mér hlæjandi og skríkjandi Búdda sem stendur nú við hlið Baliguðsins. Eftir þetta fór ég að standa sjálfa mig að því að vera alltaf að skoða guðamyndir þegar ég ferðaðist til framandi staða og þannig byrjaði að bætast smám saman í safnið,“ segir Linda og bætir því við að systir hennar hafi einnig gefið henni styttu af Kristi sem hún tók með heim frá Brasilíu. „Þetta er eftirlíking af styttunni sem gnæfir uppi á sykurtoppinum í Ríó,“ segir Linda.

Í þjóðminjasafninu í Damaskus keypti Linda styttu af litlum Föníkíu-guði og í Kína fékk hún aðra Búddastyttu, í þetta sinn úr ónix.

„Svo á ég eitthvað sem ég kalla Leyndardóm eyðimerkurinnar, en það er eftirlíking af mínarettu. Þau gera ekki guðamyndir í íslam þannig að Leyndardómur eyðimerkurinnar er einhvers konar tákn fyrir það guðlega. Slöngugyðjan frá Krít stendur við hlið Krists af Sykurtoppinum en hún fannst upphaflega í Knossos. Guðirnir sem fundust í Knossos voru kvenguðir, eða gyðjur, enda þurfa þær líka að vera með,“ segir Linda.

Til Bandaríkjanna fór Linda í fyrsta sinn fyrir þremur árum og þá til stórborgarinnar New York.

„Ég vildi náttúrlega fá einhvern guð með heim frá Bandaríkjunum en hann var alls ekki auðfundinn. Frelsisstyttan stendur samt fyrir svipaðar kenndir og tilfinningar, þannig að mér fannst hún passa afskaplega vel inn í þetta safn,“ segir Linda sem leggur oft mikið á sig til að finna réttu stærðirnar af styttum á flakki sínu milli minjagripabúða erlendis.

Nýlega kom út ljóðabók eftir Lindu sem ber heitið Frostfiðrildin. Spurð að því hvort guð eða guðir komi við sögu í ljóðabókinni svarar hún að svo sé ekki. „Bókin fjallar mest um ástina, mig og manninn minn og við erum víst engir guðir.“

*margret.hugrun@frettabladid.is*

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.
FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF
Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.
20-65% AFSLÁTTUR

55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is

# Jólatréð í stofu stendur

***Ekki er sama hvað er undir jólatrénu.***

Miklu máli skiptir þegar stóru tré er komið fyrir inni í stofu að það standi örugglega öll jólin. Góða jólatrésfætur er hægt að fá víða og ekki er verra ef þeir eru svolítið fallegir líka. Jólalegt teppi undir tréð er líka alltaf klassískt auk þess sem það getur komið sér vel þegar nálarnar fara að falla. Svo er bara að skreyta tréð og koma pökkunum fyrir og þá ættu jólin að geta gengið í garð.

*- eö*



Teppi undir jólatré. Byggt og búið. 2.499 krónur.



Jólatrésfótur. Byggt og búið. 2.999 krónur.



Teppi undir jólatré. Húsasmiðjan. 1.899 krónur.



Teppi undir jólatré. Byggt og búið. 1.498 krónur.



Jólatrésfótur. Húsasmiðjan. 1.299 krónur.



Jólatrésfótur. Blómaval. 1.600 krónur.



Teppi undir jólatré. Byggt og búið. 2.499 krónur.








Ferðin heim með jólatréð getur reynst erfið en alltaf vel þess virði.

# Að setja upp tréð

***Sá erlendi siður að skreyta jólatréð snemma á aðventunni hefur ekki náð fótfestu hér á landi en þó eru æ fleiri sem setja upp jólatréð og skreyta það rúmlega fyrir jól til að geta notið þess lengur.***

Þegar þú hefur valið fullkomið jólatré og dregið það heim til þín er næsta skref að koma því fyrir á sínum stað. Góður undirbúningur getur gert verkið mun auðveldara. Vefðu tréð inn í gamalt lak til að koma í veg fyrir að barrnálar berist um allt húsið.

Geymdu tréð á köldum stað áður en það er sett upp, kannski úti á svölum eða í bílskúrnum. Passaðu að það sé ekki nærri viftuútblæstri eða þess háttar.

Áður en þú ferð með tréð inn í hús skaltu skera neðan af því. Settu það svo strax í vatn þegar það er komið inn.

Gott er að hafa jólatrésfót sem hægt er að herða að trénu og nauðsynlegt er að tréð standi í vatni.

Föturinn þarf að vera nógu þungur svo tréð detti ekki fram fyrir sig.

Lifandi jólatré drekka næstum lítra af vatni á dag. Vökvaðu tréð reglulega og passaðu að botninn standi alltaf ofan í vatni.

Áður en þú skreytir tréð skaltu breiða lak á gólfið til að grípa barrnálarnar og vertu í langerma bol og jafnvel með hanska til að forðast nálarnar. *- bb*



Það skiptir máli að velja rétt jólatré.



Jólatrésfótur þarf að halda vel við tréð.



## Í GARÐINUM HEIMA

**HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA**

# Paradísartré – auður og lukka

Paradísartré var ein af fyrstu plöntunum frá hinu kyrkingslega hálendisbusklendi Suður-Afríku sem bárust til Evrópu. Fyrstu heimildir um það þar eru í enskum plöntulista frá árinu 1759. En 1809 var það svo komið í „Botanisk Have“, þ.e.a.s. grasagarðinn, í Kaupmannahöfn og þaðan barst það út í danskar garðyrkjustöðvar og síðan inn á dönsk heimili og litlu síðar norsk og sænsk. Til Íslands hefur það líklega verið komið um aldamótin 1900, en þess er fyrst getið í íslenskri pottablómabók frá árinu 1936.



### Heldur niðri í sér andanum á daginn

Í hinum upprunalegu heimkynnum sínum í hálendinu norðan við Höfðaborg vex paradísartréð sem eins til þriggja metra hár runni með nokkra þykka boli og út frá þeim grennri greinar með þykkum, egglaga, gagnstæðum laufum. Öll plantan safnar raka í bol og blöð og þolir því ágætlega að standa af sér langa þurrkakafla. En þótt að sólin gassi þarna yfir af fullum krafti á daginn, eru næturnar svalar og hafvindar ná að blása röku lofti upp á hásléttuna svo að þar myndast eins konar náttfall. Þetta náttfall notfæra plönturnar sér. Paradísartréð opnar þá öndunarop blaðanna og svelgir í sig hafgoluna um leið og það pústar út öllu súrefninu sem það safnaði í sig þann daginn. Koltvísýringinn notar það allan til vaxtar. Á daginn eru þessi öndunarop lokuð til að verjast uppgufuninni. Plönturnar ljóstillífa þá bara en halda niðri í sér andanum. Kaktusar haga sér einnig með þessum hætti, en á norðurslóðum og í skógum þar sem loftraki er nokkuð jafn anda plöntur annars jafnt og þétt líkt og við gerum sjálf.

### Sagt draga að peninga

Sú trú hefur lengi fylgt paradísartrénu að hvarvetna sem því er vel sinnt inni á heimilum launi það fyrir sig með því að sjá til þess að húsráðendur skorti aldrei fé til daglegra þarfa. Og reyndar gerir það ekki miklar kröfur sem erfitt er að uppfylla. Paradísartréð þarf bara þokkalega bjartan stað, t.d. við V-, N- eða A-glugga, en því er ekkert gefið um sterkt sólskin í suðurgluggum. Það þarf ekki mjög stóra potta, þumalfingursregla er að hafa pottinn um það bil jafn víðan og djúpan sem nemur hálfri hæð plöntunnar. Notið leirpotta eða þyngið pottana með vel þungum steinhnullungi í botninum, því plantan fær mikla yfirvigt þegar henni líður vel. Best er að moldin sé dálítið gróf og kalkrík (gott að mylja svo sem eina eggjaskurn saman við hana þegar umpottað er). Vökvið einu sinni í viku með ögn volgu vatni en passið að ekki sitji lengi vatn á undirskálinni. Áburðarvatn er gefið mánaðarlega á sumrin. Á veturna líður paradísartrénu best ef það fær að standa á tiltölulega björtum og svölum stað og er þá lítið sem ekkert vökvað. Í frostlausum gróðurskálum eða vetrargörðum þrífast paradísartré oftast afar vel og stálpaðar plöntur þekjast þá hvítum eða fölbleikum blómum á veturna.

### Feng shui-planta af fyrstu gráðu

Á ensku kallast paradísartréð „Jade Plant“ og þó að það hafi ekkert með Kína að gera þá hafa feng shui-fræðingar um allan heim fundið það út að plantan er einhver sú ákjósanlegasta til að skapa frið og jafnvægi fyrir fjármál og viðskiptalán fjölskyldunnar. Þeir ráðleggja að það sé haft í kínversku blómakeri með ljónslöppum og því komið fyrir á „auðlegðarstaðnum“. Ekki hef ég sannreynt þetta, en það sakar ekki að prófa! – Vísindaheiti paradísartrésins er Crassula ovata og vísar til þess að blöðin séu feitlagin og egglaga. Það er af Helluhnoðraætt og náskylt helluhnoðranum okkar og burnirótinni íslensku. Paradísartré fæst í flestum blómabúðum árið um kring.


# Það er kalt á toppnum!

GRAM
Kæliskápar



**Gram kæliskápana þekkja allir Íslendingar. Gram stendur fyrir glæsileika, gæði og tímalausa hönnun.**

Gram er gæðamerki sem uppfyllir kröfur þínar í dag og til framtíðar. Um áratuga skeið hefur Gram þróað gæðavörur fyrir íslensk eldhús. Þú getur fengið Gram kæliskápana úr áli, ryðfríu stáli eða hvíta, frístandandi eða innbyggða.

Auk kæliskápa býður Gram upp á breiða línu af eldavélum, ofnum helluborðum og uppþvottavélum.

**Líttu við í Fönix og skoðaðu úrvalið.**

FÖNIX

*- fyrsta flokks.* Stór orð sem reynslan réttlætir.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FÖNIX Raftækjaverslun ▪ Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík ▪ Sími 552 4420 ▪ Fax 562 3735 ▪ fonix@fonix.is ▪ www.fonix.is



**Sófalist**
Glæsileg áklæði fyrir sófa og stóla. Nýjir litir væntanlegir. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - S. 553 0444 - www.sofalist.is

## Dýrahald



Til sölu hreinræktaðir Langhundahvolpar, undan innfluttum foreldrum, móðir Kanadískur meistari, ættbókarfærðir, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 863 0474.

Hunda og Dýrahótelið Leirum Vinsamlega athugið að panta tímanlega fyrir gæludýrin yfir Jól og áramót. Besta aðstaðan fyrir; hunda, ketti, fugla, og önnur gæludýr.Skoðið á www.hunda-hotel.is eða fáið uppl. í s. 566 8366 & 698 4967. Áratuga reynsla.

Hreinræktaðir amerískir Cocker Spaniel til sölu. HRSÍ ættbók fylgir. Uppl. í s. 897 6229.

2 fress fædd 6.nóvember fást gefins. Uppl. í s. 517 9294.

**Labrador hvolur**
Er með yndislegann Labrador hvolp til sölu. Uppl. í s. 691 7306.

## Heimilistæki




**Gufustrauborð fyrir kröfuharða !**
Ryksugukerfi -Rafvirkjar -Nuddpottaþjónusta -Raftækjaverkstæði -Rafbylgjumælingar. Verslun opin 17-18. Hamraborg 5. Símar 567 8909 eða 863 8909 (24/7) www.rafheimilid.is




## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Guesthouse**
Herbergi frá 40 þús. pr. mán. Uppl. í s. 869 3531

Til leigu 2 herb. íbúð. Leigist frá 1. jan. Uppl. í s. 698 6366 & 892 7235.

Lítil íbúð leigist fyrir einstakling eða par í nokkra mánuði m/ADSL og öllum húsbúnaði. Allt innifalið. Verð 70 þús. Fyrirframgreiðsla. S. 557 9055.

Til leigu 2ja herbergja íbúð, sérinngangur, laus, leiga 90 þús. á mán. innifalið rafmagn og hiti, 180 þús. kr. trygging. Greiðsluþjónusta skilyrði. Uppl. í s. 894 5664.

**Seljavegur- laus strax**
3ja herbergja íbúð til leigu. Uppl. í s. 860 3600.

## Húsnæði óskast

Smiður með 2 börn óskar eftir 3ja -4ra herbergja íbúð í Hlíðunum eða nágrenni. Uppl. í s. 847 1481.

Óska eftir 2ja herbergja íbúð, tilbúin til að borga 3 mánuði fyrirfram, er heiðarleg og traust. Er með hvolp. Uppl. í s. 845 2524.

Ungt par frá Póllandi óskar eftir 2ja - 3ja herbergja íbúð á rólegum stað á höfuðborgarsvæðinu. Greiðslugeta 90 þús. á mán. Uppl. í s. 869 0442.

**Reyklausar**
3 konur sem vinna saman óska eftir íbúð til leigu. 80-90 þús. á mánuði. Uppl. í s. 660 6315.

Mjög reglusamur 31árs maður í góðu starfi óskar eftir fallegri og notalegri íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Þarfnast íbúðar strax með langtíma leigu í huga. Greiðslu hugmynd 45-60 þ. kr. S. 8604400 eða johajako@simnet.is

## Sumarbústaðir




## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir 50-150 fm iðnaðarhúsnæði. Hef meðmæli og get greitt fyrirframgreiðslu ef með þarf. Er í síma 898 0335, Stefán.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Bílskúr

Góður 28 fm bílskúr með hita og rafmagni til leigu fyrir búslóð eða geymslu. Uppl. í s. 581 2247 & 692 0625.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 25 ára.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**American Style**
**Vantar þig góða aukavinnu með skólanum eftir áramót? Lausar stöður á American Style í Tryggvagötu, Bíldshöfða og Nýbýlaveg.**
**Enga feimni, sæktu um á americanstyle.is**








**Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?**

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# HÚSA NAUST FASTEIGNASALA

Borgartúni 29 - Sími 530 7200

*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*

## SKEIÐARÁS - FJÁRFESTNGARTÆKIFÆRI

Frum



Iðnaðar og skrifstofuhús 1.063 m2, á 2.987 m2 lóð, með vannýttum byggingarrétti. Nýtt deiliskipulag er á umræðustigi hjá skipulagsnefnd Garðabæjar. Í næsta nágrenni er mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis (Sjáland).

***Upplýsingar á skrifstofu Húsanausts eða í síma 530 7200.***

# HÚSA NAUST FASTEIGNASALA

Borgartúni 29 - Sími 530 7200

*Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali*

## 101 REYKJAVÍK

Frum



**4ra herbergja 108,9 fm íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi í miðborginni:** Forstofa er flísalögð, fataskápur. Setustofa og borðstofa eru parketlagðar, svalir eru út af hvorri stofu. Hjónaherb. er parketlagt, góðir skápar. Svefnherb. er parketlagt. Baðherb. er flísalagt hólf í gólf, falleg innrétting, flísalagður sturtuklefi. Eldhús er parketlagt, vönduð, sérsmíðuð innrétting, borðkrókur. Á hæðinni er sameiginlegt þvottahús fyrir fjórar íbúðir hæðarinnar. Bílastæði er í bílageymslukjallara. Falleg íbúð á frábærum stað í hjarta borgarinnar.

# OPIÐ HÚS

í dag milli kl. 16 og 17

**Furugrund 42**

**2. hæð h.**



Góð 4ra herbergja íbúð 93,3 fm á annari hæð í góðu fjölbýli, parket og flísar á gólfum. Þetta er falleg og björt íbúð sem getur verið laus við kaupsamning. **Áhvílandi 15,7 millj með 4,15% vöxtum hjá Landsbankanum.**

**Verð 21,6 millj.**

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl. og lögg. fast.sali

Eignatorg

S. 510 3500 | Hlíðasmári 15 | 201 Kópavogur | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

# HÚSIÐ FASTEIGNASALA

*Heilshugar um þinn hag*

Frum

**Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali**
**Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali**

**Suðurlandsbraut 50**

**Bláu húsin v/Faxafen**

**husid@husid.is**

**Sími 513 4300**

**www.husid.is**

## Lækjarvað 15 – 25 110 Reykjavík





- Glæsilegar sérhæðir
- Bílskúr fylgir efri hæðum
- Tilbúnar til inréttinga
- Þvottahús innan íbúðar
- Sérgarður fyrir báðar hæðir
- Hús fullbúið að utan og lóð frágengin

## Rað- og parhús — Fellasmári - Kópavogur



Einstaklega vandað og snyrtilegt 147.2 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum 24,1 fm bílskúr með glæsilegum garði og flottu útsýni innanlega í litlili og sérlega fallegri botnlangagötu í Smárahverfi Kópavogs. Góð aðkoma, engar tröppur eða pallar. Glæsileg eign fyrir vandláta.
Verð 47 m.

## 3ja herbergja — Hraunbær - Reykjavík



Góð 3ja herbergja 97,8 fm íbúð á 2 hæð og þar af 8,3 fm herbergi í kjallara og sér geymsla í kjallara. Tilvalið að leigja út herbergið til að mæta afborgun af láni.
Verð 19,8 m,

# Draumahús

530 1800 Mörkinni 4 / 530 1820 Strandgötu 41



# Jóla- og áramótatilboð Draumahúsa gildir út þrettándann!





Allir þeir sem koma með íbúðarhúsnæði sitt í einkasölu hjá Draumahúsum býðst einkasöluþóknun kr. **199.900** auk vsk.

**www.draumahus.is**

## VISSIR ÞÚ ...

... að langminnugustu frumurnar í mannslíkamanum eru eitilfrumurnar?

... að margar kynslóðir eitilfrumna verða til á æviskeiði mannslíkamans og því gleyma þær aldrei óvini?

... að hreyfitaugafrumur eru sumar hverjar 1,3 metrar að lengd?

... að O-blóðflokkur er algengasti blóðflokkurinn í heiminum?

... að í Noregi er A-blóðflokkur algengastur?

... að stærsta gallblaðra sem mælst hefur var 10,4 kíló að þyngd?

... að minnsti vöðvi mannslíkamans er ístaðsvöðvinn í miðeyranu?

... að ístaðsvöðvinn er innan við 0,127 sentimetra langur?

... að Sammy King hefur lifað lengst allra hjartaþega, eða í 24 ár og 142 daga?

... að lengsti tími sem gervihjartaþegi hefur lifað eru 620 dagar?

... að nokkuð mörg dæmi eru um þriðju tanntöku síðla á ævinni?

... að þyngsta barn við fæðingu vó 10,8 kíló eða 43,2 merkur og var 76 sentimetrar?

... að barnið fæddist árið 1879 og lifði í 11 klukkustundir?

... að móðir þessa barns var 2,27 metrar á hæð?

... að yngsti einstaklingurinn til að útskrifast sem læknir var 17 ára að aldri? Hann útskrifaðist árið 1995.

... að yngsta manneskjan til að leika á Wimbledon-mótinu var Jennifer Capriati þegar hún var 14 ára?

... að 407 nemar í Þýskalandi settust á einn og sama stólinn í einu?

... að nemarnir sátu hver á öðrum og mynduðu 60,7 metra langa röð?

... að lengsti tími sem nokkurn hefur rekið einan á rúmsjó eru 133 dagar?

... að örtungl Mars, Fóbos, er næst sinni reikistjörnu af öllum tunglum sólkerfisins?

... að Fóbos er 60 sinnum nær Mars en tunglið er nálægt jörðu?

... að fylgitungl Júpíters, Títanus, hefur þykkasta lofthjúp allra tungla í sólkerfinu?

... að meðalhiti Venusar er um 480° celsíus?

... að stærsta tunglið sem snýst andsælis um reikistjörnu sína er Tríton, tungl Neptúnusar?

... að ræktun grænmetis á Íslandi hófst strax við landnám?

... að í næringargildi gúrkunnar er að mestu í hýði hennar?

# KAUPVENJUR

## *Getur ekki keypt flík án þess að máta hana*



Helenu Jónsdóttur 23 ára sálfræðinema finnst gaman að versla erlendis og segir að það leynist alltaf einhverjar skemmtilegar búðir í hliðargötunum.

**1. Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Þær eru nú margar flottar en ég mundi segja að uppáhaldsbúðirnar mínar séu Spúútnik og Rokk og rósir.

**2. Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Fallegir kjólar og skór hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi.

**3. Hefurðu keypt mikið á netinu?**
Nei, en ég get sagt þér að það hefur oft verið freistandi. Ég get ekki keypt flík án þess að máta hana.

**4. Kaupirðu mikið í útlöndum?**
Já, þegar ég er erlendis finnst mér skemmtilegast að skoða markaði og rölta um hliðargötur, þar leynist alltaf eitthvað spennandi.

**5. Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Ég gerði það mikið áður en í dag er ég orðin mjög vandlát á fatnað.

**6. Hvort verslar þú meira á Laugavegi eða í verslunarmiðstöðvum?**
Ég mundi hiklaust segja að ég verslaði meira á Laugaveginum.

Helena Jónsdóttir


Er spennan að fara með þig?



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Láttu fagmenn skoða hjá þér raflögnina fyrir jólin.

Gleðilega hátíð!



# Valdníðsla Framsóknar er okkur dýr

**UMRÆÐAN**
Starfslok

Fjölmiðlar skýra frá því, að réttarsátt hafi náðst í máli Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra gegn ríkinu en ráðherrar Framsóknar höfðu af honum ráðuneytissjórastöðuna, sem hann var forsetaskipaður í. Verður iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið að greiða Birni ráðuneytissjóralaun til sjötugs þó hann sé ekki við störf í ráðuneytinu og að auki verður ráðuneytið að greiða 2 milljónir króna í miskabætur. Munu þetta einna hæstu miskabætur, sem dæmdar hafa verið. Þrír ráðherrar skrifuðu undir réttarsáttina og viðurkenndu þar með, að iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefði brotið lög með því að hafa ráðuneytisstjórastöðuna af Birni.

### Gróf valdníðsla

„Brottvikning“ Björns úr embætti ráðuneytisstjóra er eitt nýjasta dæmið um grófa valdníðslu ráðherra Framsóknarflokksins. Björn Friðfinnsson var skipaður ráðuneytisstjóri 1989 ævilangt. Hann fékk leyfi frá störfum til þess að fara til starfa hjá ESA í Brussel en átti samkvæmt samkomulagi að taka við starfi sínu í ráðuneytinu aftur en það samkomulag var svikið. Var það dregið nokkrum sinnum, að hann fengi að taka við starfi sínu á ný. Hafði Björn sýnt


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

mikinn samkomulagsvilja en samt var samkomulag við hann svikið.
Björn er mjög hæfur embættismaður og hann hafði ekkert brotið af sér í starfi. Ekki var unnt að finna neitt að störfum hans.Hið eina sem ráðherrar Framsóknarflokksins gátu fundið að Birni var, að hann væri jafnaðarmaður! Þó eru mörg dæmi um það, að menn hafa gegnt háum embættum í Stjórnarráðinu þó þeir hafi ekki haft sömu stjórnmálaskoðanir og ráðherrarnir. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra misbeitir valdi sínu við ákvarðanir um embætti og lætur stjórnmálaskoðanir ráða skipun og brottvikningu. Skammt er síðan sami ráðherra flæmdi Georg Ólafsson, frábæran forstjóra Samkeppnisstofnunar, úr starfi til þess að koma rétt ættuðum Framsóknarmanni að. Það virðist ekki skipta ráðherra ríkisstjórnarinnar neinu máli, þó þeir baki ríkissjóði mikið fjárhagstjón með embættisfærslum sínum og embættisafglöpum. Þeir afgreiða starfslokasamninga á færibandi og senda ríkissjóði reikninginn. Miklar skaðabætur skipta þá ekki máli. Ríkið borgar.

### Önnur misbeiting valds

Mörg önnur dæmi mætti nefna um valdníðslu og misbeitingu valds ráðherra Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins. Í utanríkisráðuneytinu hefur flokksgæðingum þessara flokka verið raðað í sendiherrastöður og önnur embætti. Báðir stjórnarflokkarnir hafa verið drjúgir í því efni en Framsókn hefur haft vinninginn og alltaf „passað“ vel upp á sína menn og sennilega á Framsókn metið í því að troða sínum mönnum í embætti.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Elliheimilið Grund

**Jóhann L. Helgason fjallar um einu komu sína á Grund í Reykjavík.**

Það skýtur skökku við þegar að stjórn Grundar talar um að blaðamaður Ísafoldar hafi brotið friðhelgi einkalífsins þegar sá sami blaðamaður fletti ofan af óstjórn og vondu viðurværi elliheimilisins. Stjórn Grundar hefði frekar átt að þakka fyrir upplýsingarnar og lofa betrun heldur en að fara í vont skap og svara með hroka og barnalegum útskýringum sem koma sjálfu málinu ekkert við. Að boða komu sína á slíkar stofnanir er ekki rétta leiðin til að komast að hinu sanna því þá gefst tími til að tæma úr öskubökkunum eins og sagt er. Aðferð blaðsins er einmitt sú eina rétta til að komast að hlutunum eins og þeir eru. Hef ég aðeins einu sinni komið inn fyrir dyrnar á Grund en það var fyrir um það bil 2 árum síðan að mig minnir, þegar ég heimsótti frænda minn hann Gunnar stuttu áður en hann lést. Þegar ég kom inn í kjallara herbergið þar sem hann lá ásamt 3 öðrum gamalmennum fann ég strax fyrir þungu lofti og stækju lykt. Þegar ég kom að rúmi hans sá ég hvers kyns var. Lá hann brosandi í þvagi sínu og það greinilega í einhvern tíma því lakið var dökkgult á stóru svæði og sem var orðið dökkbrúnt í jaðarinn. Fór ég strax fram á gang og eftir töluverða leit rakst ég á ungan mann sem ég sagði hvers kyns væri. Kinkaði hann kolli og hvarf mér svo sýnum. Þann tíma sem ég átti með Gunnari þarna í herberginu kom enginn til að sinna honum og hvað lengi hann þurfti að liggja þarna í þvagi sínu eftir að ég kvaddi hef ég ekki hugmynd um.
Þessi dapurlega ásýnd greyptist í huga minn og varð strax svo skýr þegar Ísafold fletti ofan af umhyggju stjórnar Grundar yfir gamalmennum.

### Leki í Mosfellsbæ

**Vegna frétta 11. og 12. desember:**

Í umfjöllun um málið verður að hafa í huga að holræsakerfi Mosfellsbæjar á umræddu svæði er tvískipt og eru kerfin aðskilin. Annars vegar er um regnvatnskerfi að ræða sem tekur við regnvatni og öðru yfirborðsvatni, hins vegar er um skólpkerfi að ræða sem liggur mun dýpra og kom flóðum helgarinnar ekkert við. Við veðuraðstæður sem sköpuðust síðastliðna helgi virðist sem regnvatnskerfi hafi ekki annað vatnsmagni og því varð ákveðin uppsöfnun á vatni á götum um nokkurra klukkustunda skeið. Samkvæmt fram komnum lýsingum á umræddu atviki í Klapparhlíð 1 virðist sem vatn hafi flætt inn um reykræsilúgu og /eða loftræsiinntak við Klapparhlíð 1 og þaðan niður í rafmagnstöflu í kjallara sem varð þess valdandi að dæla í umræddum kjallara sló út með áðurgreindum afleiðingum. Hvers vegna vatn gat flætt inn um reykræsilúgu er eitthvað sem kanna verður á öðrum vettvangi. Mál sem þessi eru venju samkvæmt skoðuð og úrskurðað í þeim hjá tryggingarfélögum viðeigandi aðila. Ekki verður annað séð en að svo sé einnig í þessu tilviki.
Það er ávallt miður þegar vatn flæðir inn í íbúðahús með tilheyrandi tjóni, það ber auðvitað að harma. Ekki verður hins vegar séð hvernig umfjöllun, sem að hluta til byggist á misskilningi, á síðum dagblaða hjálpi til við úrlausn málsins.

**Jóhanna B. Hansen, bæjarverkfræðingur Mosfellsbæjar.**




## Kjarni málsins

> Fjöldi grunnskólanema 2005-2006 sem læra hvert tungumál




# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** GUÐRÚN SIGURFINNSDÓTTIR ÖKUKENNARI

## *Konum fjölgar í stétt ökukennara*



Síðasta laugardag brautskráðust 22 ökukennarar frá Símenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Þetta er í fyrsta skipti sem ökukennarar eru útskrifaðir eftir að reglum um ökukennaranám var breytt; fyrir breytinguna þurftu umsækjendur að vera með meirapróf. Einungis fjórar konur brautskráðust að þessu sinni en átján karlar.

Guðrún Sigurfinnsdóttir er ein þeirra kvenna sem útskrifaðist á laugardaginn. Hún segir að ástæðan fyrir því að hún hafi ekki farið fyrr í námið sé að hún er ekki með meirapróf. Líklega munu konur nú í auknum mæli gerast ökukennarar segir Guðrún.

Hún segir að hana hafi langað að fara í námið vegna þess að allt frá því að hún tók sjálf bílpróf fyrir tuttugu árum hafi hana alltaf langað að gerast ökukennari. „Það er bara eitthvað við starf ökukennarans sem mér hefur alltaf fundist heillandi, sennilega hefur ökukennarinn minn verið svona góð fyrirmynd fyrir mig," segir Guðrún.

Að sögn Guðrúnar er námið dýrt - kostar meira en 800 þúsund krónur auk alls kyns gjalda og kostnaðar sem leggst þar ofan á en að hins vegar sé hægt að hafa ágætlega upp úr ökukennslunni. „Ökukennarinn er einyrki og þarf að bera allan kostnað sjálfur af starfseminni og þarf að halda vel á spöðunum," segir Guðrún.

Hún ætlar að vinna sem ökukennari samhliða starfi sínu hjá Nóa Síríus og bíður nú eftir löggildingu frá lögreglustjóra. Hún segist hafa fundið nokkra nemendur og að hún hlakki til að byrja að kenna.

Frá árinu 1993 hafa verið brautskráðir 124 ökukennarar frá Símenntunarstofnun.

■ **Nýtt vefsvæði**

## Upplýsingavefur fyrir raunvísindi

Settur hefur verið upp sérstakur vefur hjá Menntagátt, www.menntagatt.is/visindi, þar sem er að finna upplýsingar um félög, stofnanir og viðburði sem tengjast náttúruvísindum og kennsluefni.

Í nóvember árið 2004 skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að gera tillögur um aðgerðir til fjölgunar nemenda í raunvísindum og raungreinum. Starfshópurinn hefur nú skilað ráðherra tillögum sínum og er ein þeirra sú að Menntagátt verði falið að halda utan um og koma á framfæri upplýsingum um starfsemi tengda raunvísindum.

■ **Styrkir Snorra Sturlusonar**

## Þýðingar á Ólafs sögu helga og Völuspá



Ákveðið hefur verið að François-Xavier Dillmann, prófessor við Sorbonne-háskóla í París, og dr. Patricia Pires Boulhosa, fræðimaður í Cambridge á Englandi, muni hljóta styrk Snorra Sturlusonar í ár. Styrkirnir eru veittir erlendum rithöfundum, þýðendum og fræðimönnum sem vilja dvelja á Íslandi til að kynnast íslenskri tungu, menningu og mannlífi. Styrkirnir skulu veittir í þrjá mánuði hið minnsta og miðast við greiðslu á ferðakostnaði styrkþega og dvalarkostnaði. Dillman vinnur að þýðingu á Ólafs sögu helga á frönsku og dr. Boulhosa er að þýða Völuspá á portúgölsku og vinna að undirbúningi kynningar á íslenskum fornbókmenntum í Brasilíu.

■ **Málþing**

## Tilbrigði í setningagerð

Föstudaginn 15. desember, á milli klukkan 10 og 15, verður haldið málþing um tilbrigði í setningagerð í stofu 101 í Lögbergi.

Á málþinginu munu MA-nemar í íslensku sem tóku þátt í námskeiðinu Tilbrigði í setningagerð kynna niðurstöður úr könnunum sem þeir gerðu á ýmsum einkennum í setningagerð íslensks nútímamáls. Námskeiðið var haldið í tengslum við samnefnt öndvegisverkefni sem Höskuldur Þráinsson, prófessor í íslensku, stjórnar. Umsjón með málþinginu hefur Þórhallur Eyþórsson.

■ **Doktorsvörn**

## Fyrsti Íslendingurinn með doktorsgráðu í upplýsinga- og skjalastjórn



Jóhanna Gunnlaugsdóttir, lektor við bókasafns- og upplýsingafræðiskor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, varði doktorsritgerð sína í upplýsinga- og skjalastjórn við upplýsingafræðideild Háskólans í Tampere, Finnlandi, hinn 25. nóvember. Doktorsritgerðin ber heitið „The Implementation and Use of ERMS: A Study in Icelandic Organizations." Jóhanna er fyrsti Íslendingurinn sem hlotið hefur doktorsgráðu í upplýsinga- og skjalastjórn. Fræðigreinin er tiltölulega ný og innan við tíu manns hafa varið doktorsritgerðir í henni.

Leiðbeinandi Jóhönnu við doktorsrannsóknina var dr. Pertti Vakkari prófessor en rannsóknin fjallar um innleiðingu og notkun rafrænna skjalastjórnarkerfa í skipulagsheildum á Íslandi. Andmælandi við vörnina var doktor Julie McLeod, Northumbria University.





Jólagjöf veiðimannsins
veidikortid.is
29 vatnasvæði
fyrir aðeins 5000 krónur!
Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á ESSO, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is


# Taka þarf upp aðrar kennsluaðferðir í lestri

**Hermundur Sigmundsson, prófessor í sálfræði, heldur því fram að lestrarkennslu sé ábótavant hjá íslenskum börnum. Hann styður þá skoðun með því að vísa til niðurstaðna í Pisa-rannsókninni frá árinu 2003 en samkvæmt henni hefur lestrarkunnáttu íslenskra barna hrakað frá árinu 2000.**



HERMUNDUR SIGMUNDSSON OG SONUR HANS FREDRIK HERMUNDSSON Hermundur telur að endurskoða þurfi lestrarkennslu barna hér á landi því lestrarfærni íslenskra barna sé minni en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

Hermundur, sem hefur verið búsettur í Noregi síðastliðinn sautján ár, segir að ef litið er til lestrarkunnáttu barna á Íslandi fari hún hrakandi samanborið við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Hann segir þessar niðurstöður hafa komið fram í PISA-rannsókninni frá árinu 2003 – umfangsmikilli rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í ýmsum námsgreinum sem gerð var í 32 löndum. „Í rannsókninni kemur í ljós að lestrargetu 15 ára barna á Íslandi hefur hrakað verulega frá árinu 2000," segir Hermundur, sem kom nýverið heim til Íslands og kennir nú við Háskólann á Akureyri.




Hermundur segir að aðferðin, sem mikið er notuð hér á Íslandi sem og í mörgum öðrum vestrænum löndum, kallist heildaraðferðin. „Kennslan gengur út á að kenna merkingu orða til að vekja áhuga þeirra á bókmenntum. Börnin byrja því að læra orð utanbókar áður en þau læra að þekkja bókstafina í orðunum og setja þá saman til að mynda orð," segir Hermundur og bætir því við að þessi aðferð henti drengjum verr en stúlkum og bendir á líffræðilegar rannsóknir á starfsemi heilans því til stuðnings.

Hann segir að þessar niðurstöður hafi leitt til þess að aðferðum við lestrarkennslu hafi verið breytt víða og aðferðin bókstafurhljóð, sem var vinsæl hér á landi á árum áður, hafi verið tekin upp aftur. Hermundur segir að aðferðin gangi út á að kenna einföld stafakennsl og orðasambönd þegar börn eru ung. „Þetta er aðferðin sem var kennd í bókum eins og Gagn og gaman, sem margir kannast örugglega við. Hún byggist á mikilvægi þess að nemandi nái grunnfærni í lestri áður en hann fær flóknari verkefni," segir Hermundur. Hann segir að vísindamenn í Bretlandi hafi til dæmis komist að því að aðferðin bókstafur-hljóð henti best til að kenna börnum að lesa og þess vegna muni breska ríkisstjórnin sjá til þess að aðferðinni verði beitt þar. Hermundur vonast til að það skapist frekari umræða um þessi mál hér á landi.

ingifreyr@frettabladid.is

Rannsókn sem nær til um tæplega 8.000 nemenda í 8. og 10. bekk á Íslandi

# Tengsl á milli offitu unglinga og fjárhagsstöðu foreldra

Rúmlega 30 prósent nemenda í 10. bekk grunnskólans sem telja fjárhagslega stöðu fjölskyldu sinnar slæma, eiga við offitu eða ofþyngd að stríða. Tæplega 16 prósent þeirra nemenda sem telja fjárhagslega stöðu fjölskyldu sinnar mjög góða eiga við offitu eða ofþyngd að stríða.

Þetta kemur meðal annars fram í hluta rannsóknarinnar Heilsa og lífskjör skólanema sem náði til tæplega 2.000 nemenda í 10. bekk. Stefán Hrafn Jónsson félagsfræðingur gerði rannsóknina í vor. Þátttaka Íslands í rannsókninni er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Háskólans á Akureyri.

Í rannsókninni kemur fram að á meðal þeirra tæplega 8.000 nemenda í 8. og 10. bekk, í 166 skólum á landinu, telja tæplega 30 prósent þeirra að fjárhagsstaða fjölskyldu sinnar sé mjög góð, rúmlega 40 prósent góð og um 25 prósent miðlungs. Einungis rúmlega 3,5 prósent telja fjárhagsstöðuna vera slæma og um 0,7 prósent mjög slæma.



**STEFÁN HRAFN JÓNSSON** Sviðsstjóri rannsókna- og þróunarsviðs Lýðheilsustöðvar segir niðurstöðurnar benda til þess að íslensk börn sem búa við fátækt séu líklegri til að vera of þung eða of feit.

Rannsóknin tók til annarra þátta því ein af niðurstöðunum er að börn fólks sem hefur lægri tekjur hreyfa sig minna, borða minni fisk og ávexti og líður ekki eins vel í skólanum og börn fólks sem hefur hærri tekjur.

Stefán segir að niðurstöður rannsóknarinnar bendi til þess að börn sem búa við fátækt á Íslandi hreyfi sig ekki eins mikið og önnur börn, borði sjaldnar hollan mat og séu líklegri til að vera of þung og of feit.

*5 jól í Nettó!*

# *Íslensk jól*

**Komið og smakkið**
**hangikjöt, þar sem gamlar hefðir mæta nýjum og**
**kjötsúpu að hætti formæðra okkar**
**á nítjándu öld!**

**14.-17. desember:**
**Nettó-Mjódd: Fimmtud. og föstud. kl. 16-18.**
**Nettó-Akureyri: Föstud. kl. 16-18. og laugard. kl. 14-16.**
**Nettó-Grindavík: Sunnud. kl. 14-16.**

**22.-23. desember:**
**Nettó-Mjódd: Föstud. kl. 16-18. og laugard. kl. 14-16.**
**Nettó-Akureyri: Föstud. kl. 16-18. og laugard. kl. 14-16.**



nettó

P&Ó



TOM DELONGE ER 31 ÁRS Í DAG

*„Við erum bara óþroskaðir strákar sem hrekkjum fólk og skemmtum okkur."*

*Tom Delonge, fyrrverandi söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Blink 182, er 31 árs í dag.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. DESEMBER 2003

## *Harðstjórinn finnst ofan í holu*

Á þessum degi fyrir þremur árum fannst fyrrverandi forseti Íraks, Saddam Hussein, ofan í holu skammt frá heimabæ sínum Tikrit.

„Dömur og herrar, við náðum honum," sagði Bandaríkjamaðurinn Paul Bremer við blaðamenn skömmu eftir að Saddam fannst. „Harðstjórinn er orðinn fangi." Talsmaður bandaríska hersins bætti því við að Saddam hefði fundist eftir að einn meðlimur úr stórri fjölskyldu hans hafði látið vita af honum.

25 milljónir dollara, eða um 1,7 milljarða króna, fengi sá maður í laun sem gæti gefið vísbendingar um ferðir Saddams. Svipuð verðlaun höfðu einnig verið í boði fyrir þá sem vissu um ferðir sona Saddams, Udays og Qusays, sem voru drepnir af bandaríska hernum í borginni Mosul í júlí sama ár.

Holan sem Saddam fannst í var svokölluð „köngulóarhola" og var rétt nógu stór til að ein manneskja gæti legið í henni. Var holan um tveggja metra djúp. Saddam var vopnaður byssu þegar hann fannst en þrátt fyrir það gaf hann sig fram við hermenn fram án nokkurrar mótstöðu. Hann hafði ekki sést síðan bandaríski herinn réðst inn í Íran í apríl sama ár þrátt fyrir umfangsmikla leit.



**SADDAM HUSSEIN** Fyrrverandi forseti Íraks fannst í holu þennan dag árið 2003.

## MERKISATBURÐIR

**1503** Nostradamus kemur í heiminn.

**1908** Coot, fyrsti íslenski togarinn, strandar við Keilisnes.

**1910** Útgáfa „Vísis til dagblaðs í Reykjavík" hefst. Vísir var sameinaður Dagblaðinu árið 1981.

**1911** Norski landkönnuðurinn Roald Amundsen er fyrstur manna til að komast á Suðurpólinn.

**1918** Konur, yfir þrítugu, taka í fyrsta sinn þátt í kosningum.

**1948** Enski togarinn Goth ferst í óveðri út af Vestfjörðum með allri áhöfn, 21 manni.

**1998** Hundruð foringja Palestínumanna lýsa aftur yfir að Ísraelsríki skuli eytt.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



Chris Brunt knattspyrnumaður 1984



Michael Owen knattspyrnumaður 1979



Jean-Alain Boumsong knattspyrnumaður 1979



Tomasz Radzinski knattspyrnumaður 1973



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Bergþóra Víglundsdóttir**
Hrafnistu, Reykjavík

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 10. desember. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. desember kl. 11.00.

**Sólveig Þórisdóttir, Jan Arneberg**
**Snorri Þórisson, Anna Snædís Sigmarsdóttir**
**Edda Jansdóttir Arneberg**
**Egill Jansson Arneberg**
**Þóra Eir Jansdóttir Arneberg**
**Anna Sólveig Snorradóttir**
**Rebekka Flink Arneberg**



†

*Ástkær faðir minn tengdafaðir og afi,*

**Hálfdán H. Sveinsson**
frá Sauðárkróki, (Hálfdán í Segli),

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 15. desember kl.13.00.

**Ásta Hálfdánardóttir** **Sigurjón Ámundason**
**Hálfdán Sigurjónsson**
**Páll Sigurjónsson** **Chomyong Yongngam**



**VIRÐING OG VINSEMD** Teddi og Guðbjörg segja virðingu og vinsemd vera grundvallaratriði í hjónabandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

MAGNÚS THEODÓR OG GUÐBJÖRG: EIGA 50 ÁRA BRÚÐKAUPSAFMÆLI

# Alltaf sjálfstæð saman

Hjónin Magnús Theodór Magnússon myndhöggvari og Guðbjörg Ársælsdóttir eiga 50 ára brúðkaupsafmæli á morgun. Guðbjörg, sem var aðeins sautján ára þegar þau giftu sig, þurfti að fá leyfi forsetans til að ganga í hjónaband. „Eftir á að hyggja finnst mér að ég hafi vissulega verið ung og vitlaus, en hann var eiginlega enn þá yngri, þótt hann væri nokkrum árum eldri," sagði hún og hló.

Magnús Theodór, sem gengur oftar undir nafninu Teddi, segir lykilinn að löngu og farsælu hjónabandi þeirra vera virðingu og vinsemd. „Við höfum líka alltaf fengið að gera það sem okkur hentaði. Við erum tveir sjálfstæðir einstaklingar en höfum alltaf stutt hvort annað," sagði hann. Teddi þakkar konu sinni velgengni sína sem listamaður, en hann hefur haldið fjölda sýninga með tréskúlptúrum sínum bæði á Íslandi og erlendis. „Ef að konan mín hefði spurt hvort ég væri kominn í dópið þegar ég var að byrja á þessu eða verið hlutlaus, hefði ég aldrei farið af stað," sagði hann.

Teddi dvelst nú löngum stundum í vinnustofu sinni á Kjalarnesi, en segir fjarveru sína ekki plaga Guðbjörgu sérstaklega. „Hún er svo mikil aksjónmanneskja," sagði hann hlæjandi.

Guðbjörg tekur í sama streng. „Það hefur haft mikið að segja að við höfum fengið að vera sjálfstæð bæði tvö. Ég fór til dæmis þrjátíu og níu ára gömul í enskuskóla í Englandi í þrjá mánuði, sem hafði verið draumur alveg frá því að ég var unglingur. Teddi var þá búinn að taka sér ársfrí frá slökkviliðsstöðinni til að fara í siglingu. Ég studdi hann í því og þegar ég fór að minnast á enskuskólann linnti hann ekki látum þar til að ég fór," sagði hún og hló.

Hún kveðst líka vera hæstánægð með dvöl Tedda á Kjalarnesinu. „Hann leggst út alla virka daga og kemur heim um helgar. Ég hef alltaf öfundað sjómannskonur að vera svona fríar og frjálsar, svo nú er ég komin í draumaaðstöðu," sagði hún hlæjandi. „En það er náttúrlega líka af því að ég veit af honum þarna og get kallað í hann ef með þarf," bætti hún við.

Hjónin halda mikið gilli fyrir sína nánustu á Hótel Glym í Hvalfirði um helgina. Þeim finnst full ástæða til að fagna þessum tímamótum. „Við vorum það ung þegar við giftum okkur að það er eiginlega dálítið sérstakt að við skyldum hafa þetta af, við höfum oft talað um það," sagði Guðbjörg sposk.

**sunna@frettabladid.is**

## AFMÆLI



Hannes Pétursson rithöfundur er 75 ára.



Hjálmtýr Heiðdal kvikmyndagerðarmaður er 61 árs.



Vilhelm G. Kristinsson útvarpsmaður er 59 ára.



Guðrún Pétursdóttir, fv. forsetaframbjóðandi, er 56 ára.



Guðmundur Ólafsson, leikari og rithöfundur, er 55 ára.



Ástvaldur Traustason tónlistarmaður er 40 ára.



Hrefna Hallgrímsdóttir leikkona er 35 ára.



Kristjana Skúladóttir leikkona er 31 árs.


**LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




Í tilefni áttræðisafmælis
**Þóru Björnsdóttur**
(Lóu) og demantsbrúðkaups
hennar og
**Sveins Sveinssonar**
Vallarbraut 6, Njarðvík, bjóða þau vinum og vandamönnum að gleðjast með sér föstudagskvöldið 15. des. næstkomandi frá kl 19.30 í húsi Karlakórs Keflavíkur að Vesturbraut 17 Keflavík. Blóm og gjafir eru vinsamlega afþakkaðar en þeir sem vilja geta lagt góðu málefni lið með því að styrkja sjóð langveikra barna á Íslandi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**




# *Árleg Pakkajól Bylgjunnar*

## *– Nú í Smáralind*

Gefum eina aukagjöf um jólin og tryggjum þannig öllum börnum gleðileg jól.

Jólapappír er að finna við jólatréð í **Smáralind** ásamt merkimiðum, þar sem þú merkir við gjöf til stráks, stelpu eða til beggja kynja, ásamt þeim aldri sem gjöfin hentar.

**Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar** koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Ef þú býrð úti á landi þá kemur **Pósturinn** gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Það eina sem þú parft að gera er að fara með pakkann á næsta pósthús.

Leggðu góðu málefni lið. Gefðu eina gjöf til og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

*Við óskum öllum gleðilegra jóla!*

BYLGJAN 989






## STUÐ MILLI STRÍÐA Jól án Harry Potter eru engin jól

**ROALD EYVINDSSON** SÁ LJÓSIÐ Á INDLANDI



Systir mín kvartaði hástöfum yfir því um daginn, að ný Harry Potter bók kæmi nú út ekki fyrir jól eins og hefur tíðkast nánast á hverju ári síðan 1997. Heldur engin kvikmynd byggð á bókunum. Hún sagði þetta með þvílíkum trega að ætla hefði mátt að jólin kæmu alls ekki í ár.

Þetta varð til að rifja upp fyrir mér Indlands-dvöl mína um þetta leyti á síðasta ári þegar ég upplifði einhver eftirminnilegustu en jafnframt ójólalegustu jól ævi minnar.

Vinir og vandamenn voru flestir víðs fjarri góðu gamni. Sömuleiðis jólasteikin og brúnuðu kartöflurnar á hennar mömmu sem voru á því augnabliki líklegast að renna ofan í magann á einhverjum öðrum en mér. Síðast en ekki síst gamla sjónvarpsauglýsingin sem hefur víðast hvar verið tekin af dagskrá nema á Íslandi, þessi með hippunum sem syngja um ást og heimsfrið og skála í kók, og markar í mínum huga upphafið að jólunum eins undarlega og það kann að hljóma.

Í fyrsta sinn áttaði ég mig á því hversu órjúfanlegur hluti af jólunum mér þykir þessi atriði vera og hugleiddi það í kaþólskri messu sem ég sótti, til að reyna að hindra að jólin yrðu hversdagsleikanum að bráð.

Viðstaddir héldu augljóslega að messan hefði borið mig ofurliði þar sem ég þerraði tár á kinninni, en hefðu kannski ekki verið jafn skilningsríkir hefðu þeir vitað að ég hafði hreinlega orgað innra með mér alla athöfnina yfir því ósanngjarna hlutskipti að þurfa að verða af dessertinum hennar tengdó.

Það var ekki fyrr en löngu síðar sem ég áttaði mig á því að eitthvað var bogið við þennan hugsunarhátt og komst þá að því að hvorki auglýsingar né matur eru ávísun á góð jól. Satt best að segja held ég að ekki sé til nein forskrift að velheppnuðum jólum. Það eina sem er fyrir víst að þau koma árlega og þá er bara málið að reyna að njóta þeirra eftir fremsta megni. Hverjar svo sem aðstæðurnar kunna að vera.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# DiCaprio með tvennu


LEONARDO DICAPRIO DiCaprio var tilnefndur fyrir hlutverk sín í The Departed og Blood Diamond.

Leikarinn Leonardo DiCaprio fékk tvær tilnefningar til Critics Choice-verðlaunanna í Bandaríkjunum sem verða afhent 12. janúar.

Annars vegar var hann tilnefndur sem besti leikarinn fyrir hlutverk sitt sem lögga í The Departed og hins vegar fyrir hlutverk sitt sem smyglari í Blood Diamond. Aðrir tilnefndir voru Ryan Gosling, Peter O´Toole, Will Smith og Forest Withaker.

Tvö hundruð sjónvarps-, útvarps- og netgagnrýnendur tóku þátt í valinu. Hafa verðlaunin hingað til gefið góðar vísbendingar um tilnefningar til óskarsverðlaunanna.

Kvikmyndirnar The Departed, Babel, Little Miss Sunshine og Dreamgirls hlutu allar sjö tilnefningar. Penelope Cruz, Judi Dench, Helen Mirren, Meryl Streep og Kate Winslet voru tilnefndar sem besta leikkonan.

# Sorglegasta lagið


ICHARD ASHCROFT Ashcroft og fyrrum félagar hans í The Verve eiga sorglegasta lagið samkvæmt nýrri rannsókn.

Samkvæm,t nýrri rannsókn er lag hljómsveitarinnar The Verve, The Drugs Don´t Work, líklegast til að kalla fram tár hjá fólki.

Breski prófessorinn Harry Witchel framkvæmdi rannsóknina. Mældi hann hjartslátt fólks, öndun og hitastig húðarinnar á meðan það hlustaði á sorgleg lög af ýmsum toga.

Á meðal annarra laga sem voru ofarlega á lista voru Angels með Robbie Williams og Sorry Seems to be the Hardest Word með Elton John.

Á hinn bóginn var lagið LDN með Lily Allen líklegast til að gera fólk hamingjusamt. Mest hressandi lagið var Song 2 með Blur.


„HÉRNA KEMUR JOHNNY“ Frægasta setning sem sögð hefur verið í sjónvarpi í sögu Bandaríkjanna.

# Eftirminnilegasta setningin

Samkvæmt könnun bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar TV Land þá er það setning sjónvarpsmannins Johnny Carson, “Here’s Johnny,” sem er sú lang eftirminnilegasta af öllum þeim frösum sem sagðir hafa verið í sjónvarpi á undanförnum 60 árum. Setning var upphafssetning sjónvarpsþáttar Johnny og er hún í dag næstum ódauðleg, en leikarinn Jack Nicholson festi hana í minni margra í kvikmyndinni The Shining. Önnur eftirminnilegasta setningin er setning geimfarans Neil Armstrong, eitt lítið skref fyrir mann og risa stökk fyrir mannkynið, sem hann sagði í beinni útsendingu frá tunglinu. Af öðrum setningum efst á lista er það setningin “Your’re fired” frá Donald Trump og svo mörg fleyg orð frá fyrrverandi forsetum Bandaríkjanna.


PRINCE Tónlistarmaðurinn Prince mun koma fram í leikhléi á Super Bowl-úrslitaleiknum.

# Syngur í hálfleik

Tónlistarmaðurinn Prince mun koma fram í leikhléi á Super Bowl-úrslitaleiknum í bandarísku ruðningsdeildinni í Miami þann 4. febrúar.

Prince hefur verið önnum kafinn að undanförnu við að troða upp í klúbbnum sínum 3121 í Rio í Las Vegas. Nýverið hélt hann þar tvegga tíma tónleika þar sem hann söng slagara á borð við Kiss, Purple Rain og Nothiing Compares 2 U.

Prince var nýlega tilnefndur til fimm Grammy-verðlauna fyrir plötuna 3121, þar á meðal fyrir bestu R&B plötuna.





Fjölrása heimabíó í aðeins einum hátalara! Innbyggður magnari. Engir bakhátalarar eða hátalarasnúrur út um allt gólf. Með nýrri tækni frá Yamaha (Digital Sound Projector) er hljóðbylgjunum beint á nákvæman hátt í ólíkar áttir þannig að þú heyrir hljóminn í mismunandi rásum fyrir framan þig, aftan – frá öllum hliðum – úr einum hátalara. Auðvelt í uppsetningu, fágað útlit og fáanlegt í tveimur stærðum. Allir í fjölskyldunni, líka ferfættlingarnir, kunna að meta þessa nýju tækni frá Yamaha.



Digital Sound Projector



YSP-1100/ YSP-900

CINEMA DSP DIGITAL IntelliBeam dts Neo:6 DOLBY DIGITAL PRO LOGIC II SRS TruBass

Hátækni

Yamaha heimabíó fæst hjá söluaðilum um land allt.

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

**! Kl. 11.00**
*Á Torginu í Þjóðminjasafninu stendur yfir sýningin „Sérkenni sveinanna“. Þar er lítið jólahús og sitthvað sem tengist jólasveinunum en sýningin getur hjálpað börnunum til að skilja hin skrýtnu nöfn jólasveinanna.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Útgáfu fagnað á Domo

Saxófónleikarinn Jóel Pálsson heldur útgáfutónleika á Domobar í kvöld ásamt hljómsveit og fagnar þar útgáfu disksins Varps. Eru tónleikanir hluti af tónleikaröð jazzklúbbsins Múlans sem nú hefur hreiðrað um sig á þessum öndvegis tónleikastað.

Á plötunni Varp má merkja sterk áhrif rokktónlistar í bland við djass, rafpopp, kirkjumúsík og frjálsan spuna. Jóel fæst við alls konar tónlist en hann kveðst ávallt reyna að feta nýjar slóðir í tónsmíðum sínum. Einvalalið tónlistarmanna veitir Jóel liðsinni sitt á plötunni og á tónleikunum en þar innanborðs eru Hilmar Jensson, raf- og kassagítarleikari, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa, Matthías Hemstock leikur á trommur, slagverk og svokallaðan trommuheila og Davíð Þór Jónsson á hammond-orgel og píanó.

Jóel Pálsson hlaut á dögunum tvær tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna – fyrir plötu ársins og lag ársins í flokki djasstónlistar.

Tónleikarnir hefjast kl. 21.



**JÓEL PÁLSSON SAXÓFÓNLEIKARI** Fetar ávallt nýjar slóðir í tónsmíðum sínum. MYND/EDDI

## > Ekki missa af …

**Bláum appelsínum** í **Útvarpsleikhúsinu** í kvöld. Leikrit **Joe Penhall** gerist á geðsjúkrahúsi í **Lundúnum**. Þar er vistaður maður sem heldur því fram að hann sé launsonur **Idi Amins**, fyrrverandi einræðisherra Úganda. Eftir því sem atburðarásinni vindur fram virðist frásögn hans sífellt sennilegri. Læknarnir eru hins vegar síður en svo sammála um hvað raunverulega ami að manninum. Þýðandi er **Hallgrímur H. Helgason** en **Ólafur Darri Ólafsson, Valur Freyr Einarsson** og **Hilmir Snær Guðnason** leika í verkinu undir stjórn **Hjálmars Hjálmarsson.**



Ólafur Darri Ólafsson leikari.

# Kynslóð ungskálda

Ljósmyndasýningin „Skrásetning kynslóðar“ verður opnuð í Borgarbókasafninu í Grófarhúsi á morgun kl. 17. Þar sýnir Björn M. Sigurjónsson portrett af ungum íslenskum rithöfundum og listamönnum. Allt eru þetta höfundar sem hafa gefið út undir merkjum Nýhils, en eiga það jafnframt sammerkt að hafa vakið athygli fyrir framsækna og nýja sýn í listsköpun sinni. Myndirnar eru teknar í vistkerfum skáldanna – á heimilum þeirra, þar sem sköpunarverkin þeirra verða einnig til.

Á opnun sýningarinnar verður dagatal fyrir árið 2007 með úrvali sömu ljósmynda kynnt. Þá munu skáldin lesa upp úr nýlegum verkum sínum.

Þetta er önnur einkasýning Björns á þessu ári og í þriðja sinn sem hann sýnir myndir sínar opinberlega. Sýningin er opin á opnunartíma Borgarbókasafnsins fram í janúar.



**ÞÓRDÍS BJÖRNSDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Ljósmyndarinn Björn M. Sigurjónsson myndaði ungskáld Nýhils á heimilum þeirra og verður sýning á verkum hans opnuð á morgun. MYND/BJÖRN M. SIGURJÓNSSON



**KAMMERKÓRINN VOX ACADEMICA** Flytja Bach og Händel á aðventutónleikum sínum.

# Sungið á aðventu

Kammerkórinn Vox academica fagnaði tíu ára afmæli sínu í haust sem leið og af því tilefni verða árlegir aðventutónleikar kórsins með sérstökum hátíðablæ. Á tónleikum annað kvöld mun kórinn flytja verkin Magnificat eftir Johann Sebastian Bach og Messías eftir George Friedrich Händel.

Bæði verkin eru nátengd aðventunni og jólunum, enda lýsa þau boðun fæðingar frelsarans og tjá fagnaðarboðskap jólahátíðarinnar í sterku og margslungnu tónmáli þessara meistara barrokksins. Messías er mikið og langt verk en á tónleikunum verða flutt- ir þeir þættir verksins sem tengjast beint boðskap jólanna sjálfra, auk hins þekkta Hallelúja-þáttar. Magnificat Bachs verður flutt í heild sinni.

Flytjendur ásamt kórnum verða sópransöngkonurnar Hallveig Rúnarsdóttir og Lilja Eggertsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir alt, Þorbjörn Rúnarsson tenór og Ágúst Ólafsson bassasöngvari. Stjórnandi og stofnandi Vox academica er Hákon Leifsson.

Miða á tónleikana má nálgast í verslununum 12 Tónum við Skólavörðustíg og Tónastöðinni að Skipholti 50d og hjá kórfélögum.



**TÓNLIST** Gunnar Þórðarson við æfingar á verkinu fyrir frumflutninginn í vor ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur en hljóðritun og kvikmyndun á verkinu var gerð snemma í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ VILLI

# Gunnar sækir á nýjar lendur

**Það stefnir í nýjan flutning á Brynjólfsmessu Gunnars Þórðarsonar á mánudagskvöld í Grafarvogskirkju. Diskur með verkinu er kominn út á kostnað höfundar og á jóladag verður ríkissjónvarpið með verkið á dagskrá. Brynjólfsmessan er stórt verk. Það er helgað minni Brynjólfs biskups og er önnur tilraun Gunnars til að takast á við stór form tónverka.**

Hann hefur ekki yfirgefið sönglögin að fullu: á nýjum diski Óskars Péturssonar eru níu lög eftir Gunnar. Í síðustu viku voru þrjú ný lög eftir hann frumflutt, tvö af Ragnari Bjarnasyni sem hann er að semja söngvasafn fyrir á disk helgaðan jólum sem kemur út að ári. Þá var Lofgjörð Maríu á dagskrá kórsins í Grafarvogskirkju. Og á mánudagskvöldið hljómar messan hans að nýju.

Brynjólfsmessa var samin af Gunnari Þórðarsyni á árunum 2005-2006 að tilstuðlan Kristnihátíðarsjóðs og Héraðssjóðs Kjalarnesprófastsdæmis. Messan er samin við hinn sígilda latneska messutexta kirkjunnar, kyrie, gloria, credo, sanctus, bendictus og agnus dei. En að auki inniheldur messan hluta úr einu helgiljóða Brynjólfs biskups Sveinssonar (1605-1674), ljóðinu Virgo Diva, sem hann orti til heilagrar Guðmóður. Messa Gunnars er stór að umfangi, samin fyrir einsöngvara, kór, barnakór og sinfóníska hljómsveit. Gunnar helgar messuna minningu Brynjólfs biskups í tilefni af því að 400 ár voru liðin frá fæðingu Brynjólfs árið 2005. Messan hlaut góðar viðtökur síðastliðið vor þegar hún var frumflutt Í Keflavík, Skálholti og Grafarvoginum í Reykjavík. Hvers vegna er hann að ráðast í stærri form tónsköpunar, kalla saman kóra úr þremur sóknum, blanda í það barnaröddum, sækja sér hljómsveit skipaða virtum hlóðfæraleikurum úr klassíska geiranum? „Maður sest við hljóðfærið. Hvert á maður að fara? Á ég að gera rokkplötu?“ Hann hlær við tilhugsunina. Nú stefnir hugur hans á verk fyrir stærri sveitir en rokk eða poppbönd.

Aldamótaárið samdi hann messu fyrir kór Víðistaðakirkju. Þótt flestar umsagnir um Brynjólfsmessuna væru jákvæðar lýsti einn fárra gagnrýnenda á landinu í miðli sínum verkinu sem kvikmyndatónlist. Hákon Leifsson hefur komið að báðum þessum verkum og hvatt Gunnar áfram: „Ef ég væri beðinn að lýsa tónlistinni hans,“ segir Hákon, „myndi ég segja þetta heiðarlega tónlist. Fyrra verkið hans var sálmalegt og ég sagði honum það. Nú hefur hann tekið skessustökk í úrvinnslu á efninu. Þetta er í svip síðrómantískrar tónlistar. Margt minnir á andann í Pucchini.“

Gunnar hefur löngum verið opinskár aðdáandi Gustavs Mahler sem samdi jafnan stór verk fyrir stórar hljómsveitir: hver er munurinn á þessu og öllu hinu sem hann á að baki? „Það er fyrst og fremst vinna. Þetta er gríðarlega mikil vinna að skrifa fyrir svona stóra sveit og kór.“ Hann fer ekkert í grafgötur með að hann vill áfram á þessari braut en gefur fátt uppi: „Ég vil ekki fara að tala um eitthvað í blöðum sem ég vil sjá verða. Það kemur í ljós.“

Gunnari er engin launung á að Brynjólfsmessan hefði aldrei orðið að veruleika ef honum hefði gefist styrkur. Baugur styrkti hann til að hljóðrita verkið og Landsbankinn kemur að flutningi þess í ríkissjónvarpinu: „Jóhannes og Björgólfur hjálpuðu mér við að koma þessu á framfæri. Annars hefði þetta aldrei orðið. Það vildi enginn gefa þetta út.“

Brynjólfsmessa tekur klukkustund í flutningi. Einsöng í verkinu syngja þau Sigrún Hjálmtýsdóttir og Jóhann Friðgeir Valdimarsson. Kammersveit verksins er Jón Leifs Camerata en sú sveit er skipuð mörgum af allra fremstu hljóðfæraleikurum landsins – um 25 manns. Hákon Leifsson hefur verið listrænn stjórnandi hljómsveitarinnar frá upphafi. Hann er jafnframt hljómsveitarstjórinn á þessum tónleikum.

Að flutningi verksins koma þrír kirkjukórar, liðlega 100 manns, úr kórum Keflavíkur-, Skálholts- og Grafarvogskirkna, auk barnakóra kirknanna. Til þess að gera flutning messunnar mögulegan hafa kórstjórar kirkjukóranna sameinað krafta sína um að flytja þetta sérstæða verk og hafa allir kórfélagar lagt gjörva hönd á plóg til þess að þessi flutningur mætti verða að veruleika. Kórstjórar kirkjukóranna eru organistarnir Hilmar Örn Agnarsson, kantor í Skálholti, Hörður Bragason, organisti Grafarvogskirkju, og Hákon Leifsson, kórstjóri og organisti Keflavíkurkirkju. Hilmar leggur til sinn barnakór úr sveitinni, Kammerkór Biskupstungna, og einnig syngur Unglingakór Grafarvogskirkju í messunni en honum stjórnar Oddný Þorsteinsdóttir.

Gunnar er eitt ástsælasta tónskáld þjóðarinnar og hefur sent frá sér tónsmíðar með reglulegu bili síðan lögin Fyrsti kossinn og Bláu augun þín komu út 1965. Hann á að baki yfir 600 lög sem hafa reynst ótrúlega lífseig: „Maður er kominn á sjötug aldur,“ segir hann og má vænta þess að messan Brynjólfi til heiðurs verði ekki síðasta verk hans fyrir kór og stóra hljómsveit.

- pbb


OPNUM Á MORGUN
STÚTFULL BÚÐ AF GLÆSILEGUM OPNUNARTILBOÐUM
acer
Aspire Series
acer
1
DAGUR Í OPNUN
VERÐ
MJÖG LÁGT
TÖLVUTEK
Opnum kl.12 föstudaginn 15. desember í Borgartúni 33, 105 Reykjavík

*Hinsta óskin*

*Að mér brenndum*
*vil ég að vinir mínir*
*taki mig í nefið*

Úr nýrri ljóðabók Sindra Freyssonar (M)orð & myndir sem prýdd er ljósmyndum Hákonar Pálssonar. Útgefandi er JPV.

# bækur

menning@frettabladid.is

## Mannlegt auðmagn

Þýskur leikhópur komst í heimsfréttirnar fyrir óvenjulega nálgun sína á höfuðverki Karls Marx, Das Kapital, en sýning þeirra „Karl Marx. Das Kapital, Volume I" er nú á sviði í Düsseldorfer Schauspielhaus. Leikskáldin Hildegard Haug og Daniel Wetzel hjá leikhópnum Rimini Protokoll ræddu við hundrað manns um reynslu þeirra og skilning á kapítalisma og völdu síðan átta sögur fyrir sviðið.

Sögunar eru sviðsettar af þessum „hversdagslegu" sérfræðingum en einn þeirra, Thomas Kuczynsky, fyrrum hagsögufræðingur, greinir til dæmis frá því hvernig tíminn sé peningar, lettneskur kvikmyndagerðarmaður segir frá því hvernig hann var næstum látinn í skiptum fyrir brauð og smjör eftir síðari heimsstyrjöldina og spilafíkill frá Düsseldorf útskýrir hvernig hann lét sitt eigið auðmagn næstum eyðileggja líf sitt.



**KARL MARX** Hver hefur sína sögu um mátt auðmagnsins.

Verkð er sviðsett innan um bókafjöld, spilakassa, sjónvarpstæki og því sem næst endalausar birgðir af bók Marx sem dreift er jafnóðum til áhorfendanna. Að sögn vefmiðils Deutsche Welle hefur leikhópurinn fengið prýðisviðtökur fyrir verk sitt sem ku vekja upp fjölmargar spurningar um atvinnu, peninga, hnattvæðingu og ekki síst mannlegt auðmagn.



**>Dustaðu rykið af …**
**Njálu.** Nú er hægt að hlusta á Njálu, **horfa** á hana af sjónvarpsskjá, **fletta** henni í myndabók eða teygja sig í bókaskápinn og lesa hana upp á **gamla** móðinn.

## NÝJAR BÆKUR

Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, gefur út bókina Sál og mál eftir Þorstein Gylfason. Ritstjóri er Hrafn Ásgeirsson. Þorsteinn Gylfason var einn snjallasti rithöfundur þjóðarinnar. Fáum lét betur að setja hugsanir sínar í orð á greinargóðan og skemmtilegan hátt, enda náðu skrif hans um heimspeki miklum vinsældum meðal almennings. Þessir eiginleikar koma berlega í ljós í þessu greinasafni sem hann hafði lagt drög að þegar hann lést í ágúst 2005. Í ritinu hefur umfjöllun um sálarfræði forgang þótt víðar sé komið við, ekki síst í málspeki með áherslu á sannleika og skilning. Það er safn tólf greina og skiptist í þrjá hluta. Nefnist sá fyrsti Sál, annar Mál og sá þriðji Sál og mál. Í viðauka eru þrír fyrirlestrar sem Þorsteinn hélt á ensku og hafa þeir ekki verið birtir áður, auk þess sem þrjár greinanna eru áður óbirtar. Inngang ritar Mikael M. Karlsson, prófessor í heimspeki, en ritstjóri safnsins er Hrafn Ásgeirsson, doktorsnemi í heimspeki. Þorsteinn Gylfason var prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands. Hann ritaði margt um fræði sín og önnur málefni og var auk þess mikilvirkur ljóðaþýðandi. Hann hlaut stílverðlaun Þórbergs Þórðarsonar árið 1994. Hjá Heimskringlu hafa áður komið út bækur hans Tilraun um heiminn, Að hugsa á íslensku, sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 1996, og Réttlæti og ranglæti.



Ljósmyndabókin Reykjavík 64°08N 21°54W er sú fyrsta af fimm bókum um jafn margar borgir. Bækurnar eru eins konar avant-garde upplýsingabók þar sem fimmtíu íbúar í viðkomandi borg, sem ljósmyndarinn velur að handahófi, hafa valið sér sinn uppáhaldsstað í borginni og teiknað kort sem sýnir hvernig á að komast þangað. Bókin túlkar samband borgar og samfélags á listrænan hátt og hvetur lesendur sína til þess að leggja sjálfir upp í ferð hliðstæða við þá sem ljósmyndarinn lagðist í eða kynnast borginni sinni upp á nýtt. Aftast í hverri bók verður síðan texti eftir höfund frá hverri bók en rithöfundinum Gunnar Hersveinn skrifar kafla lokakafla Reykjavíkurbókarinnar. Höfundurinn Ami Sioux hefur búið og unnið í San Francisco, New York, París og Berlín. Forlagið Scintilla Ltd. gefur bókina út.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Gjöf til barnanna í landinu

**Úrval verka Vilborgar Dagbjartsdóttur kemur út hjá forlaginu JPV með yfirskriftinni Fugl og fiskur. Í bókinni eru ljóð og sögur Vilborgar handa börnum sem komið hafa út á árabilinu 1955-2005, fallega myndskreytt af listakonunni Önnu Cynthiu Leplar.**



**VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR RITHÖFUNDUR** „Börn þurfa því miður að reyna margt – þau þurfa líka á því að halda að talað sé við þau í einlægni og ekkert dregið undan." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margir kannast við sögur Vilborgar, til dæmis ævintýri Allanalla og Labba pabbakúts en höfundurinn hefur starfað ötullega að barnamenningu um árabil, með verkum sínum og þýðingum hefur Vilborg auðgað heim þeirra auk þess sem hún starfaði um árabil sem kennari. „Ég hef alltaf átt gott samband við börn og mér finnst mjög gaman að segja börnum sögur og lesa fyrir þau," segir Vilborg en gerir talsvert af því að heimsækja börn í bæði leik- og grunnskólum.

„Bækurnar mínar fyrir yngstu krakkana eru löngu uppseldar og ég varð 75 ára í fyrra. Það eru viss tímamót – maður er að verða gamall og þessi bók er nokkurs konar gjöf mín til barnanna í landinu," segir Vilborg. „Það var mjög ánægjulegt þegar Jóhann Páll hjá forlaginu JPV hafði samband og vildi gefa út verk eftir mig. Ég ákvað að taka saman það sem ég hef skrifað fyrir börn í gegnum árin og valdi það sem ég taldi að hæfði best, ljóðin eru til dæmis um börn eða beinlínis ort handa börnum. Kannski er margt af þessu dálítið alvarlegt en þannig er nú lífið og börn þurfa því miður að reyna margt – þau þurfa líka á því að halda að það sé talað við þau í einlægni og ekki dregið neitt undan."



**MYNDLIST ÖNNU CYNTHIU LEPLAR**
Þær Vilborg hafa átt farsælt samstarf.

Vilborg áréttar mikilvægi þess að allir gefi af sér, sérstaklega við börnin og það sé ýmislegt sem fullorðið fólk getur lært af þeim. „Börn eru svo forvitin og opin fyrir öllu. Þau eru áhugasöm um orðin og tungumálið, hafa gaman af því að læra ný orð og af gátum og vísum. Þau ræða við mann um allt milli himins og jarðar."

Hún kveðst einkar ánægð með útkomuna og bendir á að hún hafi áður átt gott samstarf við Önnu Cynthia Leplar. „Myndirnar hennar eru mjög fallegar og það var lögð mikil alúð í þessa bók af allra hálfu." Í bókinni eru sögur um Allanalla og Boggu á Hjalla en Vilborg segist vera á kunnuglegum slóðum þar eins og oft áður. „Ég er svolítið stödd þarna á Vestdalseyri eins og oftast. Það er náttúrlega dálítið sérstakt að vera frá stað sem er algjörlega farinn í eyði. Margir Íslendingar hafa reynt það, höfuðborgin sogaði allt til sín og í raun var landsbyggðin notuð eins og nýlenda til að byggja þessa stóru og glæsilegu Reykjavík."

Titillinn er einnig vandlega valinn. „Það er nú svo að líf okkar snýst nú dálítið um fugl og fisk í þessu landi og í ljóðunum er iðulega vísað til ýmist fugla eða fiska. Svo er það líka sagt um eitthvað lítilfjörlegt að það sé hvorki fugl né fiskur. Mér finnst því svolítið grobb í því að segja bara að þetta sé bæði fugl og fiskur," segir Vilborg og kímir.

Fiskarnir eru höfundinum hugleiknir og hún útskýrir að ljóðið „Reynsla" sem birtist í ljóðabók hennar Fiskar hafa enga rödd árið 2004 sé einnig í nýju bókinni. „Það ljóð er skrifað frá sjónarmiði barns, eins og ég skrifa oft. Þegar ég var að hugsa um titil á þá bók kom mér í hug að náttúran og fiskarnir sem hafa verið mikilvæg undirstaða lífs í þessu landi hafa ekki átt sér neina talsmenn. Það hefur verið gengdarlaus rányrkja í hafinu. Mér þykir vænt um fiska og ákaflega vænt um hafið og finnst það stórkostlegt ævintýri að vakna til þess á hverjum morgni að við skulum eiga þetta land með náttúrulegum landamærum og ótrúlegum auðæfum. Þetta eigum við fólkið í landinu og þess vegna verðum við að hlusta á rödd náttúrunnar."

kristrun@frettabladid.is

# Ljósmóðurfræði frá fyrri tíð

Nýlega kom út bókin Sá nýi yfirsetukvennaskóli hjá Söguspekingastifti, en bókin kom fyrst út á Hólum í Hjaltadal árið 1749. Bragi Þorgrímur Ólafsson, sagnfræðingur á handritadeild Landsbókasafns, bjó til prentunar og ritaði inngang. Bókin er fyrsta ritið um ljósmóðurfræði sem kom út á íslensku og var notuð við kennslu yfirsetukvenna þegar landlæknisembættið var stofnað árið 1760. Halldór Brynjólfsson Hólabiskup stóð fyrir útgáfu bókarinnar, en hann taldi að þörf væri á slíku riti fyrir yfirsetukonur enda var formleg fræðsla þeirra á þessum tíma í höndum presta og eingöngu af guðfræðilegum toga. Hann gaf því út þýðingu á danskri ljósmæðrabók eftir lækninn Balthazar sem kom út í Danmörku árið 1725.

Bókinni er skipt í tvennt. Í fyrsta hlutanum er fjallað um eðlilegar fæðingar, en í þeim síðari er fjallað um áhættufæðingar og inngrip og er þar meðal annars fjallað um hlutverk yfirsetukvenna, útlistun á æxlunarfærum kvenna, hvað einkenni ólétta konu, fjallað er um fósturlát, hvernig aðgreina eigi hríðir og svo framvegis.



**BÖRN SINNA TÍMA** Yfirsetukonur áttu, á tíð Halldórs biskups, að vera heilar og ósjúkar, ekki of lurkalegar, feitar né stirðar í vikum.

Biskup skrifar formála að bókinni þar sem hann segist óttast nokkuð að bókin mundi lenda í „ómildra höndum" enda er þar fjallað um kvenlíkamann á opinskáan hátt eins og gefur að skilja, og tíðarandinn var strangur í þeim efnum.

Bókin hefur þó líklega verið notuð töluvert, enda kom ekki önnur ljósmæðrabók út á íslensku fyrr en fjörutíu árum síðar. Með ritinu er kafli um umönnun ungbarna frá árinu 1803 og elsta varðveitta prófið í ljósmóðurfræði, frá 1768. Loks er skrá yfir helstu rit um ljósmóðurfræði sem út komu á árunum 1749-1900.

Útgefandi bókarinnar er Söguspekingastiftið, lítið forlag sem hefur sérhæft sig í útgáfu bóka og handrita frá fyrri öldum.


HEIMSFRUMSÝND 15. DESEMBER
eragon
Christopher Paolini
PlayStation 2
eragon
SMS
LEIKUR
eragon
BÍÓMIÐI
SENDU SMS
JA EGV Á
NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ
GÆTIR UNNIÐ
BÍÓMIÐA
FYRIR TVO!
Vinningar eru
miðar fyrir tvo,
Eragon bókin,
Eldest bókin,
Eragon
tölvuleikurinn,
DVD myndir
tölvuleikir og
margt fleira!
SJÁÐU
MYNDINA
SPILAÐU
LEIKINN
9
HVER
VINNUR!
midi.is
spron
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.



AUSTURBÆR

**Barna- og unglingaleikhús Austurbæjar kynnir Jólafárið eftir Kikku.**
Lau 9. des kl. 13.00 / Lau 16. des kl. 13.00 / Sun 17. des kl. 13.00 Miðaverð kr. 800
**Hljómsveitin Dúndurfréttir.**
Þri 12. des kl. 20.00 *Pink Floyd* / Þri 12. des kl. 22.30 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep*
Fim 14. des kl. 20.00 *Led Zeppelin, Deep purple, Uriah Heep* / Fim 14. des kl. 22.30 *Pink Floyd*
Miðaverð kr. 3500. Tvennir tónleikar sama dag kr. 5000.
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**Kammersveitin Ísafold ásamt Huldu Björk Garðarsdóttur sópran og Ágústi Ólafssyni baritón flytja verk eftir Mahler. Hljómsveitarstjóri: Daníel Bjarnason**
**6. janúar kl. 17.00 í DUUS - húsum í Keflavík**
**7. janúar kl. 20.00 í Íslensku óperunni**
**Miðaverð kr. 2.000**

SpKef

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress - STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus** - 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20
3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20 - **FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

*Leitin að jólunum*
**Fæst nú á geisladiski í miðasölu Þjóðleikhússins og Hagkaupum.**



**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00 uppselt,** lau. 30/12 **kl. 14:00 uppselt** og **kl. 17:00 uppselt,** lau. 6/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00,** lau. 13/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus,** sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 21/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus.**

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 **uppselt,** 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus,** 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus,** 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus,** 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus,** 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus,** 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus,** 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus,** lau. 20/1
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00,** sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00,** lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00 uppselt.**

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 16/12 kl. 13:00 **uppselt,** kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **laus sæti,** sun. 17/12 kl. 13:00 **uppselt,** kl. 14:30 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt,** fös. 22/12 kl. 13:00 **uppselt,** lau. 23/12 kl. 13:00 **uppselt.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„KLUKKUSTUND Í ÓSKILUM INNIHELDUR GRÍÐARLEGA ORKU.“
ÓFAGRA VERÖLD

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fim 28/12 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS.
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 21/1 kl. 20 5.sýning Blá kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 30/12 kl. 20 Fös 5/1 kl. 20
Lau 13/1 kl. 20 Fös 19/1 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Lau 6/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Sun 14/1 kl.20 AUKAS.
Lau 20/1 kl. 20 AUKAS.
Lau 27/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**DAGUR VONAR**
Mið 10/1 kl. 20 Forsýning Miðaverð 1.000
Fim 11/1 Afmælissýning UPPS.
Fös 12/1 kl. 20 Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20 Fös 26/1 kl. 20

**AMADEUS**
Sun 7/1 kl. 20 Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20 Allra síðustu sýningar

**FOOTLOOSE**
Lau 6/1 kl. 20 Fim 11/1 kl. 20
Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 9:30 UPPS.
Fös 15/12 kl. 9:30 UPPS.
Lau 16/12 kl. 13:0
Lau 16/12 kl. 15:00
Sun 17/12 kl. 13:00
Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 30/12 kl. 14 Sun 7/1 kl. 14
Sun 14/1 kl. 14

**GJAFAKORT**
Gjafakort í Borgarleikhúsið, frábær jólagjöf.
Gjafakortin gilda endalaust!

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ


# Flugeldasýning frá Guðbergi

Árið 2006 ætlar að verða bókmenntaárið mikla. Það er sé til þess litið að útdeilendur Gullmiðans gátu fundið fimm ný skáldverk sem þeir vilja meina að sé betri en 1 ½ bók – Hryllileg saga eftir Guðberg Bergsson. Því hér er um flugeldasýningu að ræða. Guðbergur verður bara betri með árunum.

Því er haldið fram á bókarkápu að þetta sé metnaðarfyllsta verk Guðbergs, hann ætli sér að fanga íslenska menningu og benda á helstu áhrifavalda hennar. Menning er afstætt fyrirbæri en fjandakornið ef Guðbergur fer ekki langleiðina með að finna ræturnar. Sem liggja samkvæmt þessu í höndum furðulegra, oft ókræsilegra og sérkennilegra kerlinga sem öllu ráða. Karlarnir eru atkvæðalitlir aumingjar eins og sést meðal annars í Lolla svolitla. Hann ber svo mikla einstæða umhyggju fyrir Purru sinni að talað var um í erfidrykkjum „hvað hjónabandið væri farsælt og til svo mikillar fyrirmyndar að ef öflug sjálfstæðiskona kæmist á þing ætti hún að leggja fram frumvarp um að menn eins og Lolla ætti að búta sundur og skipta á milli kvenna.“ (Bls. 123)

### Danskir bakarar ættfeður

Hinn íslenska veruleika, og persónur sem hann búa, speglar Guðbergur í konum sem koma að utan: Bakarafrúnni Fiolu frá Danmörku og Sophie Knorr frá Þýskalandi. Sem eru jafnframt miklir áhrifavaldar í Reykvísku samfélagi á framanverðri síðustu öld, til dæmis í kven- og líknarfélaginu Krananum. En starfsemi Kranans felst einkum og sérílagi í kaffisamsætum þar sem lagt er á ráðin. Jóhanna, sú sem á og rekur sængurverabúðina Koddakrútt lærir að raunveruleg góðverk geta reynst öfugsnúin. Hinar erlendu frúr njóta virðingar innfæddra en hins vegar getur reynst snúið að heimfæra „dygðir“ þeirra á genetíska eiginleika því sjálfir eru innfæddir ekki hreinræktuð tegund eins og furðufuglinn Ólafur Rósenkrans veit:

„Því lengur sem hann hugsaði fannst honum líklegt að hann ætti ætt að rekja til dansks bakara og væri þar af leiðandi ekki kominn af Noregskonungum en honum lék hugur á að vita hvort ættfaðir hans hefði verið Vagn Fiole sem sletti í ofn allra kerlinga á meðan karlarnir voru á sjónum eða í kaupavinnu og komu ekki heim nema til þess að afhenda konunni kaupið og sætta sig við orðinn hlut.“

(Blaðsíða 112)

### Samúð beittari en illgirni

Söguheimur Guðbergs er án hliðstæðu og þannig kostar nokkurt átak að komast í takt og dúr við hann. Allskyns hljómar slegnir, dimm, mæ sjö og skroll, en leggi lesandinn það á sig – fellst á þær forsendur sem sagan gefur sér sjálf – er honum launað svo um munar. Fyrst er til að taka að Guðbergur er ekki þægilegur við persónur sínar. Sem eru vitanlega tákngervingar þeirra einstaklinga sem mynda þessa þjóð. Með nöpru háði varpar Guðbergur ljósi á hnýsni þeirra, smáborgarahátt, heimsku og búksorgir. Menn geta látið fara í taugarnar á sér hvernig Guð þessa heims, sá sem stjórnar hinum alvitra sögumanni, afhjúpar þetta innantóma hyski. Okkur. Hann hlýtur þá að telja sig vel yfir það hafinn. En þetta hefur Guðbergur alltaf gert. Og fyrst hann nennir árum saman að skrifa um þetta fólk hlýtur það að benda til væntumþykju af einhverju tagi. Skrif hans eru sem sagt ekki laus við þá samúð sem getur reynst beittari en öll illgirni. En það eitt dugar hvergi til. Fyrst og fremst er það vel heppnaður absúrd húmorinn sem skilur á milli snilldarinnar og þess sem annars gæti flokkast sem sérkennilegur beturvitaháttur önugs álitsgjafa.

### Þvag úr fúllyndum hjónum

Af nægu er að taka þegar húmorinn í Hryllilegri sögu er annars vegar. Til að mynda er skopleg hin mikla trú Sophie, sem á við erfitt exem að stríða, á vökva þann sem vatnabúskapur líkamans framleiðir. En þvag úr fúllyndum hjónum er áhrifaríkast. Til dæmist til að „... eyða ertingu sem sækir í endaþarminn en öðru fremur í skoruna á milli þjóhnappanna. Auk þess safnast þar sveppagróður sem myndar sár. Sophie Knorr vitnaði oft í rit Hippolítusar frá Iria Flavia á Spáni, orðum sínum til sönnunar. Á hverjum morgni sagðist hún fylgja ráðum hans, spræna þeirri fyrstu og sterku á greiparnar og í lófann og nudda kraftinum um sveppafenið en lét Guggu og Möggu skvetta hinu yfir grösin í kartöflugarðinum á sumrin en á snjóinn eða ísinn á veturna, ekki bara til þess að lífga upp á hvíta litinn heldur svo hún fengi fallega gular kartöflur og gulrætur upp úr honum á haustin.“

(Blaðsíða 65)

### Ósínkur á speki sína

Myndin í speglinum sem Guðbergur bregður upp með þessari greiningu sinni á okkur og íslenskri menningu er nöturleg. Persónurnar eru lítið annað en skopmyndir sem reyna að hreinsa sig af sjálfum sér með ýmsum ráðum – til að sýnast alvarlegar – svo enn sé vitnað í bókina. Í henni er að finna ótrúlega mörg gullkorn, speki sem getur staðið sjálf og vísar út fyrir sig: „Sagan sýnir að meira mark er takandi á þvaðri en því sem kallast sannleikur.“ (bls. 76)

Hryllileg saga er ekki bók sem lesendur spóla sig í gegn um í einum rykk. Enda af hverju ætti það að teljast eftirsóknarvert? Og stundum verður gangan ströng, að feta sig í gegnum á stundum tyrfinn textann. En nauðsynlegt er að himinn myrkvist áður en næsta bomba er send á loft upp. Alltaf er lesendum launað erfiði sitt með snilld úr ranni Guðbergs – sem sannarlega er ekki allra. Og fær að gjalda þess eins og kannski Gullmiðinn sýnir þó fáir standi honum á sporði. Má í ljósi þess greina sársauka höfundar í þessum orðum? Sem finna má á blaðsíðu 118: „Útrekna menn langar ekki að sýna sínum líkum samstöðu heldur hafa þeir áhuga á öðrum sem útskúfa þeim og þrá að komast í félagsskap þeirra.“

**Jakob Bjarnar Grétarsson**




**BÆKUR**

**1 ½ bók – Hryllileg saga**
Guðbergur Bergsson
JPV útgáfa

★★★★★

Óþægilegt snilldarverk frá Guðbergi – sem virðist bara batna með árunum. Dregin er upp nöturleg og framúrskarandi fyndin mynd af kostulegum persónum og íslenskri menningu.





*Jólastjörnur*
*í Dómkirkjunni*
**Helgar aríur og jólalög**
**Erlendur Þór Elvarsson**
**Jóna Fanney Svavarsdóttir**
**Sólveig Samúelsdóttir**
**Bjarni ÞórJónatansson**
**Fimmtudaginn 14.desember Kl. 21**
Miðaverð 1500 kr.
**Eldriborgarar og félagar í Sjálfsbjörgu fá miðann á 750.kr**


# Hlið hugleiðslunnar

Andakt tónlistar er flestum kunn, hljómarnir í kórnum, söngur í kirkjunni. Vaxandi geiri í vestrænni tónlist dregur dám af helgi tónlistar í ýmsum öðrum trúarbrögðum og hvarflar síðan aftur í forna kirkjulega tónlist Evrópu. Þetta er hugleiðslutónlistin svokallaða; tónlist sem samin er til íhugunar og hugleiðslu, sem hefur það erindi að beina vanstilltum huga nútímamannsins inn á erfiða einstigu upp á hátinda friðar og ró.

Atli Heimir Sveinsson samdi fyrir nokkru einleiksverk fyrir Einar Jóhannesson klarinettuleikara við texta Davíðssálms: Þér hlið/ lyftið höfðum yðar. Atla kallar verkið hugleiðsluverk og kemur hreint til dyranna: „Tónlistin getur í besta falli vakið trúarkennd í brjórtum okkar, gert okkur móttækilegri fyrir guðdóminum.“ það er erindi verksins og tilgangur.



**TÓNLIST** Einar Jóhannesson klarinettuleikar að störfum. Verk Atla Heimis var samið fyrir hann sérstaklega og gerir ítrustu kröfur til flytjanda.

Þeir Atli og Einar eru báðir kaþólskir og Einar hefur lýst nýlega í afbragðsgóðum viðtalsþætti við Jónas Sen á Ríkissjónvarpinu hvernig leit leiddi hann víða í frið klaustra Evrópu, hugleiðslu og trú. Hann sagði þar að hinn mystiski keimur kaþólskunnar hafi heillað sig.

Atli segir verk sitt mikla þolraun fyrir spilarann. það er enda býsna langt fyrir einleiksverk: 74 mínútur. Það er nú komið á disk á forlagi Smekkleysu. Upptakan var gerð í Kristskirkju í Landakoti af Hreini Valdimarssyni.

Það er viðburður þegar verk Atla Heimis komast á hljóðrit sem aðgengilegt er almenningi: þessi diskur gerir fyrirfram kröfur til hlustanda, njótanda bværi nær að segja því hughrif af verkinu ýta mönnum í stillur og krefjast af þeim andaktar sem rennur þeim í brjóst og þeir eiga þess kost að gefa sig á vald.

**- pbb**


Opið til kl 22 til jóla
TOMMY
HILFIGER
Couture
Laugavegi 86 – 90 101 Reykjavík

*Listen. And understand. That terminator is out there. It can't be bargained with. It can't be reasoned with. It doesn't feel pity, or remorse, or fear. And it absolutely will not stop, ever, until you are dead.*



Kyle Reese varar Söru Connor eftirminnilega við Tortímandanum árið 1984 en þá var ekkert grín að vera með Schwarzenegger á hælunum.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN HALLDÓR GYLFASON LEIKARI

## *Grætur ekki í bíó*



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Borat. Fyndnasta mynd sem ég hef séð í bíó árum saman. Ótrúleg mynd.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** A Mighty Wind. Mokumentary eftir gæjana sem gerðu Spinal Tap. Reglulega sniðugt. Fjallar um vinsæla þjóðlagahljómsveit.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Blikktromman (Die Blechtrommel) Gerð eftir sögu Günters Grass. Sá hana í menntó og hún breytti lífi mínu. Mynd sem olli mér gleði og Weltschmerz. Athugið – þýsk mynd.
**Hefur þú grátið í bíó?** Nei.
**Uppáhalds íslenska persónan:** Sveppi (Steinn Ármann) í Veggfóðri.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Charlie Chaplin. Sannur snillingur. Bestur.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Frímann Gunnarsson. Reyndar í sjónvarpi en hann gefst aldrei upp.
**Mesti skúrkurinn:** Harry McSween. Yfirlögreglumaður í Dallas sem J.R. notaði til að gera the dirty work fyrir sig. Viðurstyggilegur náungi sem var á launaskrá hjá J.R. og plantaði dópi hjá óvinunum og þess háttar. Svei.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Allt í grænum sjó. Veit ekkert hvað hún heitir á frummálinu. Sá hana í Regnboganum þegar ég var gutti, skildi ekkert í henni, sennilega af því að það var enginn texti. Ghost er líka viðbjóður.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Konan mín segir að Fever Pitch, með Colin Firth, sé um mig. Það væri alveg tilvalið að staðfæra hana og breyta Arsenal í Þrótt. Ég væri náttúrulega Aðal og síðan væru bara einhverjir vinir mínir í smárullunum. Woody Allen myndi leikstýra, Katla myndi síðan leika konuna mína. Við lékum gjarnan hjón í Leiklistarskólanum.



AF HVÍTA TJALDINU

Þórarinn Þórarinsson

## *Kaldastríðshetjur rísa upp*

Lífið er undarleg hringavitleysa sem virðist meira eða minna byggja á endalausri endurtekningu hins sama. Sömu straumar og stefnur ganga yfir okkur með reglulegu millibili þannig að okkur ætti að vera orðið ljóst að allt eru þetta einungis gárur á hinu rómantíska meginhafi sem tilvera okkar allra er.

Hár síkkar og lengist, sem og pils og kjólar, eftir duttlungum tískumógúla og sjálfsagt ekkert við því að segja eða gera en sumt finnst manni einhvern veginn að eigi aldrei að skjóta upp kollinum eftir að hafa runnið sit skeið einu sinni. Minnisvarðar um tíma sem ástæðulaust er að sakna.

Hollywood er sjálfsagt besta dæmið um hringdans endurtekninganna. Þar er endalaust gert út á sömu formúlurnar og framhaldsmyndagerð er blómlegur iðnaður sem felur aðallega í sér að segja sömu söguna aftur og aftur og bæta rómverskri tölu aftan við titilinn.

Þetta hefur gengið ágætlega hingað til og hefur fært mógúlunum heim sanninn um að það er farsælla að veðja alltaf á sama hestinn frekar en að eyða tíma og orku í að finna nýjan upp á von og óvon um hvort hann skili sér yfirleitt í mark.

Það kemur manni því fátt á óvart þegar endurvinnsla Hollywood er annars vegar en samt verð ég að viðurkenna að sú grilla að sækja hetjur sem voru á síðasta söludegi á tíunda áratug síðustu aldar kom mér fullkomlega í opna skjöldu.

Rambó og Rocky eru að koma aftur. Kaldastríðshermaðurinn í fjórða sinn og kaldastríðsboxarinn í það sjötta. Maður hlýtur að spyrja sig hvort þeir hafi átt einhverju ólokið? Báðir búnir að berja og drepa Rússa á færibandi og margbjarga hinum frjálsa heimi.

Ég veit það ekki og hallast að því að þessar ótímabæru upprisur muni ekki höfða til neinna nema afdankaðra eftirlegukinda sem stöðnuðu á níunda áratugnum og syrgja enn sítt að aftan hárgreiðsluna sína og eiga þá ósk heitasta að þurfa aldrei að kljást við dýpri spurningar en hvor hafi verið betri Duran Duran eða Wham!



Ég er að vísu einn af þeim og bíð spenntur eftir því að sjá Sylvester Stallone hnykla sextuga vöðvana í heimi sem Ronald Reagan hefur yfirgefið. Það læðist samt að manni sá ónotalegi grunur að það búi meira að baki þessari upprisu Rambó og Rocky en hugmyndafátækt og neikvæð staða á tékkareikningi Stallone.

Miami Vice gekk í endurnýjun lífdaga nýlega, stökkbreyttu ninja skjaldbökurnar eru væntanlegar í bíó og meira að segja Transformers, vinsæl leikföng frá níunda áratugunum, eru á leiðinni í risastórri Bruckheimer mynd á næsta ári. Við hljótum að vera að sigla inn í nýtt kalt stríð og verðum öll komin með ömurlega hárgreiðslu í enn ljótari föt að kyrja skelfilega slagara áður en yfir lýkur. Öðruvísi munum við ekki halda sönsum í heimi sem við vitum að ferst á morgun eða um leið og Stallone fer af vaktinni.

# Fjalakötturinn endurreistur

**Kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn rís úr öskustónni fljótlega eftir áramót ef allt gengur að óskum. Kvikmyndaunnendur þurfa því ekki lengur að bíða langeygir eftir næstu kvikmyndahátíð til að berja augum þær myndir sem liggja utan ráðandi strauma.**

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík (RIFF) og fagfélög kvikmyndagerðarmanna vinna saman að því að endurreisa Fjalaköttinn en RIFF hefur framkvæmdina á sinni könnu. Kvikmyndaklúbburinn var mörgum harmdauði þegar hann var settur af á 9. áratugnum og þykir mörgum löngu tímabært að blása í hann lífi á ný.

„Þetta er allt á byrjunarstigi, en ef allt gengur að óskum hefur klúbburinn göngu sína fljótlega eftir áramót,“ segir Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. „Friðrik Þór Friðriksson leikstjóri á réttinn á nafni Fjalakattarins og hefur gefið okkur leyfi til að nota það. Við erum sem stendur að velja í verkefnisstjórn klúbbsins og búa til dagskrá. Meiningin er að hafa mánudagssýningar eins og í gamla daga þar sem boðið verður upp á áhugaverðar myndir í anda Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar.“ Hrönn segir að þótt myndir af því tagi eigi því miður ekki upp á pallborðið hjá stærri bíóhúsum landsins, sýni aðsóknin á kvikmyndahátíðir undanfarin ár að eftirspurnin sé fyrir hendi. „Við teljum að við séum að koma til móts við þarfir og áhuga fólks á óháðum kvikmyndum, sem er svo sannarlega til staðar.“

Hinn nýi Fjalaköttur verður til húsa í Tjarnarbíói enda sérstakt andrúmsloft þar að mati Hrannar, auk þess sem nýbúið er að festa kaup á nýrri og fullkominni sýningarvél þar.

Rétt eins og með Alþjóðlega kvikmyndahátíð hafa stjórnendur öll spjót úti til að finna gæðamyndir um allan heim, auk þess sem kvikmyndagerðarmenn um víða veröld senda inn myndir að eigin frumkvæði og því ætti ekki að vera neinn hörgull í úrvali. Áhugasömum stendur til boða að gerast félagar í Fjalakettinum og fá þá sendar upplýsingar um alla viðburði og sýningar á vegum klúbbsins. Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á netfangið info@filmfestival.is.

bergsteinn@frettabladid.is




**HRÖNN MARÍNÓSDÓTTIR** Gert er ráð fyrir að haldnar verði mánudagssýningar eins og í gamla Fjalakettinum á árum áður. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL




## ÚR VERINU

Íbúar í bandaríska smábænum Hinkley, heimabæ Erin Brokovich sem Julia Roberts lék í samnefndri kvikmynd fyrir nokkrum árum, vonast nú til að Brokovich komi þeim aftur til bjargar eins og hún gerði um árið. Bæjarbúum voru dæmdar himinháar skaðabætur eftir að Brokovich höfðaði mál fyrir þeirra hönd gegn orkufyrirtæki sem mengaði drykkjarvatn bæjarins. Nú hafa íbúar skorið upp herör gegn því að reist verði skólphreinsun á 160 ekra svæði, átta mílum fyrir utan bæjarmörkin. Benda þeir á að sama fyrirtæki hafi lokað skólphreinsun í grenndinni vegna ásakana um að skólabörn í nágrenninu hefðu veikst af völdum loftmengunar. Skyldi Julia Roberts næla sér í aðra Óskarsstyttu fyrir Erin Brokovich 2?





Fjórða bókin um sælkerann Hannibal Lecter eftir Thomas Harris er komin út. Í bókinni, sem heitir Hannibal Rising, segir frá uppvaxtarárum Lecters í Litháen þegar nasistar hertóku landið og er meðal annars brugðið ljósi á lyst Lecters á mannakjöti, sem setur svo sterkan svip á fyrri bækurnar. Nær öruggt þykir að sagan verði færð upp á hvíta tjaldið áður en langt um líður enda hafa gagnrýnendur á orði að bókin sé nánast brúklegt kvikmyndahandrit. Tveir hafa leikið Lecter í þeim fjórum myndum sem hingað til hafa verið gerðar um mannætuna, þeir Brian Cox og Anthony Hopkins, en ljóst er að nýr leikari mun taka kyndilinn af þeim síðarnefnda ef sagan verður kvikmynduð.

# Eragon berst gegn hinu illa á drekabaki

Ævintýramyndin Eragon verður frumsýnd á heimsvísu á föstudaginn og þar með lýkur langri bið aðdáenda bóka Christopher Paolini eftir því að sjá hetjuna Eragon og drekann Saphiru lifna við á hvíta tjaldinu.

Óhætt er að segja að hér sé á ferðinni sígilt ævintýri og grunnstef sögunnar eru gamalkunn. Hér segir frá hinum unga Eragon sem verður óvænt eina von íbúa landsins Alagaesia um frið og farsæld eftir að hann finnur drekaegg og binst í framhaldinu drekanum Saphiru tryggðarböndum.

Á árum áður héldu drekariddarar uppi lögum og lofum í landinu en það breyttist sviplega þegar einn úr þeirra röðum, Galbatorix, ákvað að útrýma félögum sínum og sölsa öll völd undir sig.

Áður en Galbatorix komst til valda færðu drekarnir riddurum sínum ofurkrafta og gerðu þá jafnvel ódauðlega. Þeir voru sem sagt ósigrandi og nú bíður það Eragons og Saphiru að bjóða hinum illa einvaldi birginn og hefja reglu drekariddaranna aftur til vegs og virðingar. Eragon nýtur leiðsagnar gamals drekariddara, Broms, sem tekur að sér að leiðbeina unga manninum þegar hann eygir nýja von.

Nýliðinn Ed Speleers leikur Eragon en hann er umkringdur þungavigtarfólki í öðrum aðalhlutverkum. Jeremy Irons leikur Brom, John Malkovic fer með hlutverk hins illa Galbatorix og Robert Carlyle bregður sér í líki hins öfluga seiðskratta Durza. Breska leikkonan Rachel Weisz ljær svo tölvuteiknaða drekanum Saphiru rödd sína.



**ERAGON OG BROM** Sá gamli tekur unglinginn undir sinn verndarvæng og gerir honum grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á þeim sem hafa dreka á sínum snærum.



**DENZEL WASHINGTON**
Rannsakar sprengjutilræði aftur á bak í Deja Vu.

# Framtíðinni breytt

Denzel Washington leikur alríkislögreglumann sem fær undarlegt tækifæri til þess að breyta framtíðinni, í Deja Vu, nýjustu spennumynd leikstjórans Tony Scott. Hann rannsakar sprengjutilræði og á meðan á ransókninni stendur fer hann að upplifa hluti sem hann kannast við en getur ekki komð fyrir sig. Hann virðist vera kominn á einhvers konar tímaflakk sem gæti gert honum kleift að koma í veg fyrir glæpinn sem hann rannsakar áður en hann er framinn. Flókið? Vissulega og Washington kemst ef til vill næst því að útskýra söguna sjálfur.

„Ég hef allan ferilinn reynt að hafa hendur í hári fólks eftir að það gerir eitthvað hræðilegt en fæ nú þetta einstaka tækifæri til þess að stöðva fólk áður en það gerir eitthvað hræðilegt. Skilið?“

Það er ekki gott að segja en það má þó ganga að því sem vísu að ýmislegt muni ganga á hjá Denzel á meðan hann reynir að breyta framtíðinni þar sem myndin er runnin undan rifjum ofurframleiðandans Jerry Bruckheimer sem er í sérflokki þegar kemur að því að keyra upp spennnu og sprengja fólk og hluti. Bruckheimer mun hafa heillast svo af flóknu handritinu að hann festi kaup á því sólarhring eftir að hann sá það fyrst og fól svo Tony Scott að koma því á filmu.

Scott gat sjálfur ekki hugsað sér annan mann en Washington til þess að fara með aðalhlutverkið en þeir tveir leiddu síðast saman hesta sína í spennumyndinni Man on Fire.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**Eragon**
Frumsýnd á heimsvísu dómar ekki komnir.



**Deja Vu**
Internet Movie Database - 7.1/10
Rottentomatoes.com - 58% = Rotin
Metacritic.com - 59/100









**> HEITIR LEIKIR**

Football Manager 2007 PC/Xbox
Call of duty 3 PS2
Pro Evolution 6 PS2/PSP
Guitar Hero 2 PS2
Company of Heroes - PC

# tölvuleikir

bio@frettabladid.is

GULLMOLINN **ÓMAR ÖRN HAUKSSON**

## *Gamlir tölvuleikir góðir í minningunni*

„Ég var allur í spilakössunum í gamla daga. Þá voru nokkrir spilatækjasalir niðri í miðbæ. Til dæmis tveir í Hafnarstræti beint á móti hvor öðrum. Einn þar sem staðurinn Bellys er núna og annar þar sem nú er kominn strippstaður. Svo var einn í gamla Fjalarkettinum í Aðalstræti.

Sá leikur sem ég man helst eftir í dag er leikurinn Firefox. Hann var byggður á einhverri þotumynd sem Clint Eastwood leikstýrði og lék í. Það svala við þann leik, er að það komu atriði úr myndinni í leiknum, en þannig leið manni eins og maður tæki þátt í kvikmyndinni. Leikurinn hefur eftir minni bestu vitund aldrei komið út öðruvísi en í spilakassa. Svo var einn geðveikur leikur sem ég spilaði trylltur úti á Mallorca árið 1989. Splatter House hét hann. Fjallaði um ungan mann sem var andsetinn af djöfli, svo gekk maður um og maukaði einhverja drýsildjöfla. Mjög „gory“ leikur, aðalpersónan leit líka út eins og Jason úr Friday myndunum. Þessir leikir eru eins og aðrir gamlir tölvuleikir; góðir í minningunni. Ég er kominn með hermi í tölvuna mína í dag og um daginn spilaði ég Splatter House. Ekki góður. Kom mér samt mest á óvart hvað ég er lélegur í þessum leikjum í dag, en ég man eftir því að hafa verið vel góður í þeim þá. Samstarf milli auga og handar hefur því verið mun betra þá en núna.“



**ÓMAR ÖRN HAUKSSON** Var allur í spilakössunum áður fyrr.




**SPLATTERHOUSE** Var vinsæll á Mallorca 1989.



**SÝNDARHEIMAR**
**Dóri DNA**



## *Raunveru-leikir*

Ég fann gamla gameboyinn minn í fyrradag. Hann virkar ennþá, en ég er ekki viss um hvort ég nenni að spila mikið í honum. Hann gagnaðist mér vel á sínum tíma, en núna tíu árum seinna hef ég ekki þolinmæði til þess að spila þessa leiki lengur. Tölvuleikir hafa nefnilega þróast svo hratt að það er út í hött. Fyrsti tölvuleikurinn sem kom fram var borðtennisleikur, svarthvítur og hrár. Í dag spilum við Duke Nukem í símanum okkar og með tilkomu Nintendo Wii er hægt að spila borðtennis við tölvuna með fylgjandi svita og hasar. Það er allt orðið að tölvuleik. Meira að segja okkar daglega amstur. Í leiknum Sims þarf maður að passa sig á því að fara ekki öfugu megin fram úr á morgnana því það gæti hugsanlega skemmt líkur á auknum frama í starfi manns. Í leiknum Grand Theft Auto: San Andreas getur maður ekki aðeins keyrt um alla Los Angeles, skotið bófa, lyft, fengið sér tattú og þar fram eftir götunum heldur getur maður líka átt kærustu og ef maður slær inn sérstakan kóða getur maður sofið hjá henni líka. Ég býð bara eftir því að það komi tölvuleikur þar sem ég þarf að læra heima, skila skattframtali eða húka á færibandi í átta tíma þar til ég má fara heim. En þessir „raunveru-leikir“ eru ekki þeir einu sem sjúga tíma manns frá manni. Ég þekki menn sem spila leikinn Eve og hefur til dæmis einn þeirra þurft að vakna upp á nóttunni, frá kærustunni sinni, drífa sig í tölvuna og spila nauðugur. Það var vegna þess að félagi hans á Englandi tilkynnti honum að stríð væri hafið og að þeir þyrftu hjálp hans við að verjast. Einn fyrir alla, allir fyrir einn.

Tölvuleikir eru orðnir það stórbrotnir og vel gerðir að maður þarf varla að upplifa nokkurn skapaðan hlut lengur. Ef Pro Evolution leikirnir halda áfram að bæta sig svona ört er nokkuð víst að innan fárra ára hætta krakkar að æfa fótbolta og spila hann frekar í Playstation. Við verðum að passa okkur. Passa það að tölvuleikirnir verði áfram bara ágætis afþreying en ekki einhver sýndarveruleiki þar sem okkur er allt kleift og við fáum að gera það sem við viljum óáreitt. Þá er nefnilega gameboyinn skárri. Því eftir sirka hálftíma spilerí og ágætis skemmtun, er maður búinn að fá nóg og getur haldið lífi sínu áfram.

# Algjörlega byggður á myndasögunum

Í þessari viku kemur út leikurinn Superman Returns á Playstation 2 og segja menn að nú sé loks kominn alvöru Superman-leikur. Þótt nafnið gefi til kynna að leikurinn sé byggður á kvikmyndinni þá er það ekki alveg rétt. Leikurinn er fyrst og fremst byggður þeim sagnaheimi sem skapaður hefur verið í þeim hasarblöðum sem hafa komið út um kappann frá DC undanfarin sextíu ár, en allir leikarar myndarinnar hafa ljáð persónum leiksins raddir sínar. Markmið leiksins er fyrst og fremst að berjast við glæpi og vernda borgina Metropolis frá illu. Framleiðendur leiksins státa sig af því að sjaldan hafi nein borg verið jafn „lifandi“ og nú en í leiknum nær borgin yfir 207 ferkílómetra svæði og samanstendur af næstum tíu þúsund byggingum. Fólk á götum úti flýr frá glæpamönnum og hættum með miklum ofsa en er líka gjarnt á að taka myndir af Superman þegar hann flýgur um borgina. Smáatriði hafa aldrei verið jafn nákvæm. Superman notast auðvitað við alla ofurkrafta sína til þess að berjast gegn glæpamönnum, hvort sem það er styrkurinn, snerpan, flugið, ofurheyrn eða ofurandardrátturinn, en með honum getur Superman feykt burt bílum og braki sem og fryst andstæðinga sína og vatn. Einnig er hægt að samtvinna þessa hæfileika, til dæmis ef vatn bunar af miklum krafti úr brunahana getur Superman fryst vatnið og notað svo klakadrönglinn sem vopn gegn andstæðingum sínum. Glæpamenn eru þó alls ekki það eina sem ber að óttast í leiknum, en einnig ganga hvirfilbyljir, eldar og önnur náttúröfl yfir borgina með miklum látum. Allar skemmdir á borginni haldast í minni leiksins og er því mikilvægt að bregðast fljótt við, því um leið og borgin hefur orðið fyrir of miklum skemmdum er leiknum lokið.



**Í NÆRBUXUNUM UTAN YFIR** Superman getur barist við illþýði á ótal vegu og meðal annars feykt því burt.



**SUPERMAN RETURNS** Án nokkurs vafa veglegasti Superman leikur sem hefur sést.



**METROPOLIS** Engin borg í tölvuleik hefur verið jafn lifandi og þessi.

Stýringar í leiknum eiga að vera til fyrirmyndar en þær skiptast gróflega í þrjá hluta, flug, björgun og bardaga. Þegar Superman flýgur um getur hann gert alls konar kúnstir og undirbúið öðruvísi og öflugri árásir þaðan. Þegar hann svo bjargar fólki eru vissar stýringar, en í bardaga opnast fyrir enn aðrar stýringar sem eiga að veita manni fjöldann allan af valmöguleikum. Engu hefur verið tilsparað við gerð á grafík og hljóði leiksins sem er í þrívídd og tónlistin er öll samin og spiluð af sinfóníuhljómsveit. Superman er vænn leikur í jólapakkann. dori@frettabladid.is




Sérverslun með sjávarfang

FYLGIFISKAR

Opið alla virka daga frá kl. 11.30 til 18.30

Opið á laugardögum að Suðurlandsbraut 10 frá kl. 11.00 til 14.00

Verið velkomin

FYLGIFISKAR

Suðurlandsbraut 10 • sími 533 1300 • Skólavörðustígur 8 • fylgifiskar.is


# Næst besti GTA leikurinn




Það gleyma því margir hvað Grand Theft Auto leikirnir hafa þróast mikið frá því að fyrsti leikurinn kom út. Ég man enn eftir því að hafa burðast með hann á um 24 diskettum milli húsa, það voru reyndar margir komnir með skrifara þá, en ekki ég og félagi minn. Það var í þriðja leiknum sem sjónarhorn leikmannsins breyttist og hjálpaði það leiknum mjög mikið. Eftir það kom út leikurinn Grand Theft Auto Vice City og var það sá enn olli byltingunni. Í honum var allt hægt og umhverfi leiksins alveg frábært; Miami borg árið 1984. Í leiknum Grand Theft Auto Vice City Stories, er notast aftur við sama umhverfi, en ný aðalhetja er lent og auðvitað fylgir henni ný saga. Hetjan heitir Vic Vance og í upphafi leiksins er hann hermaður. Eftir að hafa hjálpað óheiðarlegum yfirmanni í einhverju braski er Vic svo rekinn úr hernum og nú reynast góð ráð dýr. Hægt og rólega þarf maður að vinna sig upp í glæpaheiminum, fyrst með ómerkilegum verkefnum á borð við að kúga búðareigendur en því lengra sem komið er verða verkefnin stórbrotnari og æsilegri. Eins og í fyrri leikjum er takmarkið að verða glæpakonungur borgarinnar, búa í risahúsi og eiga nóg af gúmmelaði til hliðar. Þessi leikur er tvímælalaust næst besti GTA leikurinn á eftir San Andreas að mínu mati. Í fyrsta skipti er hægt að slást eitthvað fyrir alvöru í leiknum, en í fyrri leikjum gat maður aðeins kýlt liðið í munninn. Söguþráðurinn er furðu heillandi og fjörugur en það hefur kannski verið sterkasta hlið Rockstar-leikjanna hingað til. Tónlistin er frábær, en hægt er að velja milli ótal útvarpsstöðva sem spila tónlist sem var vinsæl árið 1984. Einnig er hægt að hlusta á spjallþætti sem eru massíft fyndnir. Þessi leikur er langt um betri en Liberty City Stories sem kom út á PSP í fyrra. Leikurinn er aðeins kominn út á PSP en er vonandi væntanlegur í aðrar tölvur. Ég er sáttur, verulega sáttur og með gott gúmmelaði til hliðar. **Dóri DNA**

**TÖLVULEIKIR**
**Grand Theft Auto Vice City Stories**
PSP
Hasar/Skot-ævintýraleikur
★★★★

GTA Vice City Stories er tvímælalaust næst besti GTA leikurinn á eftir San Andreas. Heillandi og skemmtilegur söguþráður og nú er hægt að slást sem aldrei fyrr.

# Leikir ársins

Heimasíðan Gamespot er þekkt fyrir vel ígrundaða og sanngjarna dóma. Þetta eru sjö bestu leikir ársins að mati þeirra.



GEARS OF WAR (X360)- 9,6



TEKKEN: DARK RESURRECTION (PSP)- 9,2



TOM CLANCY'S RAINBOW SIX VEGAS (X360)- 9,1



YOSHI'S ISLAND DS (DS) - 9,1



METAL GEAR SOLID: PORTABLE OPS (PSP) - 9,0



GTR 2 (PC) 9.0



FINAL FANTASY XII (PS2) - 9,0

# Hannaðu eigin leiki



Út er komið forritið XNA Game Studio Express en það gerir sköpunarglöðum og snjöllum tölvuleikjaunnendum færi á að búa til sína eigin tölvuleiki á Xbox 360. Forritið notast á PC tölvu og byggir á Visual C 2005 Express Edition og Microsoft Compact Framework kerfunum. Aldrei fyrr hefur jafn veglegt og vel útbúið kerfi til tölvuleikjaþróunar komið út, en forritið einfaldar tölvuleikjasköpun til muna. Notendur geta einnig gerst meðlimir í XNA Creators Club sem veitir þeim aðgang að ótæmandi upplýsingum, grafík, hugmyndum og gagnlegum tólum frá öðrum í sömu hugleiðingum, auðvitað gegn vægu gjaldi. Svo í nánustu framtíð má eiga von á yngra og efnilegra hæfileika fólki í heimi tölvuleikjagerðar en nokkru sinni áður. Hægt er að niðurhala forritinu á heimasíðu XNA.

# Tveir á teikniborðinu

Tölvuleikjahönnuðurinn David Jones hefur ekki komið nálægt tölvuleikjunum Lennings eða Grant Theft Auto í lengri tíma, þrátt fyrir að vera enn titlaður höfundur þeirra. David þessi er mikil goðsögn í tölvuleikjaiðnaðinum og er nú farinn af stað með nýtt fyrirtæki Real Time Worlds. Fyrirtækið er með tvö tölvuleikjatitla í þróun núna, leikina Crackdown og All Points Bulletin. Nýlega fékk fyrirtækið 31 milljón dollara styrk til að þróa þessa leiki ennþá betur og segja raddir í tölvuleikjabransanum að þarna séu á ferðinni leikir sem munu gera allt vitlaust. Bíða menn spenntir eftir þessari nýjustu afurð Davids, sem hefur haldið sig til hlés undanfarin ár. Báðir leikirnir koma út á Xbox 360 og á PC heimilis -og einkatölvur.


**HÖFUNDUR GTA** David Jones er höfundur GTA leikjanna og Lemmings. Nú eru tveir nýir leikir væntanlegir og þeir sagðir vera rosalegir.



> **Athugaðu …**

*… að eldhússkærin koma sér vel í fleira en að opna erfiðar umbúðir. Það er gott að nota þau til að klippa grænmeti, og þá helst matjurtir sem vilja merjast þegar þær eru saxaðar með hnífi.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ERNA KAABER ATHAFNAKONA

## Gamla íslenska matargerðin skrítnust

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Fiskur og kartöflur eru ómissandi. Ég gæti ekki verið án ógrynnis af grænmeti. Alls konar salat, parmesano reggiano og nánast allar hnetur.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Athyglisverðasta máltíð sem ég hef fengið var í Katalóníu á Spáni. Ég fékk alls kyns þara sem var raðað upp í spíral. Yst var hann mjög saltur, en eftir því sem innar dró varð hann ferskari og endaði svo í vatnsmelónu. Þetta var svo frábær hugmynd. Besta máltíðin er hins vegar íslenskur fiskur.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, það er ýmislegt. Ég hef alltaf átt erfitt með lifur og hvalspik finnst mér athyglisvert en ekki gott.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Að skella brokkolíi í klakabað eftir suðu, þá helst liturinn svo fallegur.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ef ég er að leita að „comfort“ mat hugsa ég mikið til eldhússins hjá mömmu og gamals, íslensks heimilismatar. Hann þarf að vera heitur og minna á æskuna, kjötbollur og kartöflur og sósa hljómar rosa vel. En ef ég ætla að vera létt og góð er það fiskur og salat.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Parmesano reggiano. Það er ákveðin athöfn hjá okkur að láta snjóa yfir matinn hjá börnunum.



**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég geri ráð fyrir því að þar væri einhver matur og ég tæki með mér hníf. Svo tæki ég Maldon salt til að eiga á allt sem ég gæti unnið úr náttúrunni.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Hvalspikið var náttúrulega mjög, mjög furðulegt, bæði áferðin og bragðið. Ég held það sé eiginlega erfitt að toppa gömlu íslensku matargerðina þegar kemur að skrítnum hlutum, jafnvel þó að maður hafi smakkað ýmislegt úti í heimi.



VÍNVIÐURINN
Einar Logi Vignisson

## Áfengisgjöld og auglýsingar

Ég efast stórlega um sannleiksgildi þeirrar staðhæfingar að vínmenning hafi batnað hér á landi undanfarin ár. Í það minnsta virðist hún ekki hafa skotið djúpum rótum hjá hinum áhrifamiklu stéttum ráðamanna og fjölmiðlamanna. Hér er ég að hugsa um tvennt. Annars vegar klúðurslegt frumvarp um breytingar á virðisaukaskatti og áfengisgjaldi sem dregið var til baka í síðustu viku og hins vegar umræðu um áfengisauglýsingar sem dúkkaði upp á ný á dögunum.

Áfengisgjaldafrumvarpið var svo illa unnið að undrum sætti. Og þó. Kannski eru kontóristarnir í fjármálaráðuneytinu svo vanir að geta breytt öllu sem þeim sýnist í verðlagningarmálum á áfengi að þeim fannst þeir ekki þurfa að vanda sig. Það myndi enginn hvort sem er þora að segja neitt enda verið að skattleggja slæma vöru sem menn hefðu bara gott af að minnka aðeins við sig. Ég hef eftir áreiðanlegum heimildum að fjármálaráðuneytið hafi hafnað boði hagsmunaaðila í geiranum um samstarf við undirbúning og útreikninga á gjaldbreytingunum. Jafnvel eftir að bent hafði verið á ágalla í frumvarpinu og það dregið til baka gat fjármálaráðherra ekki játað sig sigraðan heldur sagði að útreikningar hagsmunaaðila væru flóknir og byggðust á „mismunandi og hugsanlega misvísandi forsendum“. Ég hef séð þessa útreikninga og þeir eru nú hvorki flóknir né bjóða þeir upp á mikla túlkun.

Fjölmiðlar birtu vissulega fréttir af þessu frumvarpi og þeirri hækkun á áfengisverði sem það hefði haft í för með sér. En þeir sýndu því lítinn áhuga að greina áhrif breytinganna. Og enginn, ekki einu sinni frjálshyggjumennirnir á vefmiðlunum, kveikti á því að þessi breyting var ekki bara einhver misheppnuð tilfærsla á sköttum, heldur tilraun til þess að þrælbinda enn frekar kverkatak ríkisins á einkasölunni og skerða möguleika veitingageirans á því að minnka verðmun í vínbúðum og á veitingastöðum. Áfengisgjöld á Íslandi eru heimsmet. Á sama tíma er hvergi lægri álagning í smásölu en á Íslandi. Besta leiðin í breytingarferlinu hefði verið að hækka álagningu ÁTVR en hreyfa ekki við áfengisgjaldinu. Hagnaðarauki vínbúðanna kæmi á móti lækkun virðisaukaskattsins. Veitingageirinn fengi jafnframt langþráð svigrúm. En þessa leið eru kontóristarnir hræddir við vegna þess að áfengisgjaldið er hornsteinninn í einkasölu ríkisins. Hún verður ekki afnumin með núverandi skattlagningarkerfi á áfengi.

Áfengisauglýsingaumræðan er tilviljanakennd bæði hjá fjölmiðlum og dómstólum. Vín og bjór er auglýst með ýmsum hætti í öllum helstu fjölmiðlum á Íslandi og hefur svo verið um árabil. Tilviljanir ráða hvaða auglýsingar eru kærðar og um hverjar fjallað í fjölmiðlum. Og mun umræðan ekki nást á vitrænt stig meðan henni stjórna þeir sem vildu helst óska sér að árið væri 1986, bjórinn bannaður og vín afgreitt yfir borð í bréfpokum.



**Á BOTNINN HVOLFT:**
Það dregur úr áhrifum hinna geggjuðu áfengisgjalda þegar komið er í milliverðflokk í vínum eins og í Peter Lehmann Futures Shiraz (1.790 kr.) sem kostar minna hérlendis en víða í nágrannalöndunum.


Allra bestu cappuccino vélarnar frá Isomac




Það blundar „baristi“ í mörgum. Við bjóðum cappuccino vélar fyrir þá sem taka kaffi alvarlega. Það er ekki bara fallegt útlit sem einkennir þessar handsmíðuðu kaffivélar frá Isomac í Milanó – þú leikur þér að því að búa til besta kaffibollann sem gesturinn hefur smakkað. Rituale (22kg) hefur allt það sem hægt er að biðja um, falleg, kraftmikil og fúnksjónísk vél. Mondiale (26kg) er sú nýjasta frá Isomac og einkennist af mýkri línum í hönnun.
Komdu við og sjáðu, þreifaðu og smakkaðu kaffið.
Tryggðu þér Isomac kaffivél fyrir þessi jól.




Verslunin KAFFIBOÐ
Á horni Grettisgötu og Barónsstígs
Sími: 562 1029
www.kaffibod.is
ISOMAC


# Ástralinn Wigan víngerðarmaður veraldar í ár

**Íslandsvinurinn Andrew Wigan var á dögunum valinn víngerðarmaður ársins. Verðlaunin hlaut hann í annað sinn.**



**ANDREW WIGAN** Hélt glæsilegt „masterclass“ vínnámskeið í Þjóðmenningarhúsinu í vor. Á myndinni sést hann á milli feðganna Dougs og Peters Lehmann.

Nafnið Andrew Wigan hringir eflaust fáum bjöllum í hugum flestra vínáhugamanna. Hann er þó einn þeirra víngerðarmanna í heiminum sem hvað lengst hafa náð í sínu fagi. Ástæðan fyrir því að nafn hans er ekki þekktara er einkum sú að hann er ekki einn þeirra víngerðarmanna sem framleiða vín undir eigin nafni og verða heimsfræg í krafti vörumerkjanna. Hann er ekki af aldagamallli vínfjölskyldu á borð við Torres, Antinori, Drouhin eða Rothschild. Né hefur honum tekist að verða frægur á nokkrum áratugum eins og Gallo eða Robert Mondavi. Þetta fræga fólk kann hins vegar svo vel að meta hann að það veitti honum fyrir réttum mánuði einhver virtustu verðlaun vínbransans þegar hann var valinn víngerðarmaður ársins í International Wine & Spirits Competiton í Lundúnum.

### Hundtryggur aðstoðarmaður

Það sem gerði verðlaunin enn merkilegri er að Wigan hlaut þau í annað sinn, nokkuð sem er nánast óþekkt. Enn meiri athygli vakti að einungis eru þrjú ár síðan hann hlaut þau í fyrsta sinn og þannig átti það að vera nánast ómögulegt að vinna þau aftur fyrr en fennt væri yfir fyrra afrekið. Menn vilja helst ekki veita verðlaunin í áskrift. Andrew Wigan hefur verið aðalvíngerðarmaður fyrirtækis hins svipmikla Ástrala Peters Lehmann frá stofnun og haft síðasta orðið um alla þá 27 árganga vína sem Lehmann hefur sent frá sér. Lehmann stofnaði fyrirtækið vegna þess að hann vildi ekki svíkja bændurnar í Barossa-dalnum þar sem hann býr en það hafði verið fyrirætlan fyrrum vinnuveitenda hans. Hann er sauðtryggur sínu fólki og það er endurgoldið því hann hefur haft sama lykilstarfsfólk frá upphafi og Wigan verið hundtryggur aðstoðarmaður hans.

Í sömu keppni var Peter Lehmann valið víngerðarfyrirtæki ársins. Að auki fékk Lehmann verðlaun fyrir besta riesling vín keppninnar auk þess sem hvorki fleiri né færri en ellefu önnur vín frá honum fengu ýmist gull, silfur eða bronsverðlaun í sínum flokkum.

International Wine & Spirits Competiton er virtasta keppni heims þar sem víngerðarmenn og framleiðendur velja það besta úr vínheiminum. Vínin eru blindsmökkuð til að gæta hlutleysis auk þess sem efnainnihald þeirra er greint nákvæmlega en þau þurfa að uppfylla ströng skilyrði um framleiðsluaðferðir og innihald til að hljóta verðlaun. Yfir 5.000 vín voru tilnefnd í keppnina í ár og samkeppnin gríðarlega hörð.

### Meistaranám í Þjóðmenningarhúsi

Andrew Wigan heimsótti Ísland síðastliðið vor og hélt svokallaðan „masterclass“ í Þjóðmenningarhúsinu. Var það einkar glæsilegur fyrirlestur og smökkun á mörgum bestu árgöngum sem hann hefur búið til. Sum gæðavínanna eru með skrúfutappa, nokkuð sem er tabú meðal margra gæðaframleiðenda. Ég spurði hann hvort hann hygðist nota skrúfutappana á allra bestu vínin og sagðist hann óhræddur við það. „Við víngerðarmennirnir myndum vilja loka sem allra flestum flöskum með skrúfutöppum ef við fengjum einhverju ráðið. Víngerð í dag er komin á þann gæðastall að vínin eru alveg eins og þau eiga að vera þegar þeim er átappað. Menn hafa helst áhyggjur af því að bestu vínin missi þá öldrun sem verður við loftskipti í gegnum korktappa en það er smá loft undir skrúfutappanum og vínin munu þroskast þótt öldrunin verði hægari. Við viljum fyrir alla muni gera meira en vinir mínir í sölu- og markaðsdeildinni vilja fara hægt í sakirnar enda eru ennþá fordómar í gangi gagnvart skrúfutöppum.“

# Fondú fyrir byrjendur

Fondú er skemmtileg tilbreyting í matarboðum, en það eru kannski ekki allir sem treysta sér í fondúgerð. Dómhildur Sigfúsdóttir hjá



**DÓMHILDUR SIGFÚSDÓTTIR** Segir fondúgerð ekki svo flókna en nauðsynlegt sé að nota feitan ost. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Osta- og smjörsölunni lumar á góðum ráðum.

„Það gildir að nota feitan ost. Hann getur þó verið mismunandi vatnsríkur og þykktin þar með breytileg,“ útskýrir Dómhildur, sem mælir því með því að fólk noti ekki allan vökvann sem uppskriftin inniheldur, og bæti frekar í fondúið verði það of þykkt. Þunnt fondú má hins vegar þykkja með maizena eða kartöflumjöli. Fondú á aldrei að bullsjóða, heldur vera við suðumark. Það þarf einnig að halda fondúinu heitu á borðinu, annars getur það orðið of þykkt og seigt til að dýfa í.

„Það má nota Emmentaler, Gryere, Comte, 26% ost, alla smurosta og steypta osta ásamt rjómaosti og gráðaostum í fondú,“ sagði Dómhildur. Hún mælir hins vegar með því að fólk blandi saman mildum og bragðsterkum ostum. „Ef það er vín í uppskriftinni, notið þá þurrt vín og varist að setja of mikið af því svo það yfirgnæfi ekki ostabragðið,“ sagði hún. Gott er að krydda réttinn með hvítlauk, pipar og salti ef þarf, og bera svo einhver skemmtileg krydd fram með matnum.

Fondúpottur og langir gafflar auka á stemninguna, en Dómhildur segir hægt að komast upp með álpott á hitaplötu eða jafnvel prímus. Það má heldur ekki gleyma góðu brauði til að dýfa í herlegheitin, og þeir sem vilja geta boðið upp á salat eða annað meðlæti. - sun


Fagnaðu með okkur
CELEBRATIONS
SNICKERS
BOUNTY
Mars
TWIX
MilkyWay
Celebrations
The Sparkling Selection

# Jolie vill alls ekki giftast Brad Pitt

Leikkonan Angelina Jolie segist ekki hafa í hyggju að giftast leikaranum Brad Pitt, þrátt fyrir orðróm þess efnis. Hún segist jafnframt aldrei hafa ætlað að eyðileggja hjónaband hans og Jennifer Aniston.

Jolie segir að hún og Pitt hafi áttað sig á því við tökur á myndinni Mr. & Mrs. Smith að þau tengdust nánum tilfinningalegum böndum, þrátt fyrir að Aniston hafi verið besti vinur Pitt.

„Ég held að við höfum bæði verið ólíklegustu manneskjurnar sem vorum að leita eftir sambandi,“ sagði Jolie í viðtali við Vogue. „Vegna myndarinnar þurftum við að eyða miklum tíma saman og síðan þróaðist það skyndilega í undarlega vináttu og góðan félagsskap.“ Hún segist hafa verið mjög góð vinkona Pitt eftir að tökum á myndinni lauk án þess þó að hafa viljað tjá sig um sambandið við fjölmiðla. „Þegar lífið þróaðist á þann hátt að við gátum verið saman langaði okkur til þess.“

Jolie, sem er 31 árs, bætti því við að þrátt fyrir að hún ætli ekki að giftast Pitt ætli þau að einbeita sér að því að ala upp börnin sín þrjú.



**JENNIFER ANISTON** Angelina Jolie segist aldrei hafa ætlað að eyðileggja hjónaband Aniston og Pitt.



**JOLIE OG PITT** Angelina Jolie og Brad Pitt eru ekki á leiðinni upp að altarinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MARY CAREY** Hlær að málinu.

## Rifist um nöfn

Söngkonan Mariah Carey hefur hótað að lögsækja klámmyndaleikkonuna Mary Carey, en Mariah segir að nöfn þeirra tveggja séu of lík. Söngkonan segir ennfremur að aðdáendur sínir gætu lent í því að ruglast vegna nafnanna og þá komi það henni mjög illa. Mary Carey sem heitir réttu nafni Mary Cook, hlær að hótunum Mariah og segist ekki óttast neina lögsókn. „Þetta er bara fyndið, ég leik í klámmyndum og hef gert það lengi en hún er söngvari. Þetta er bara einhver della í henni,“ segir Mary Carey. Lögmaður klámmyndaleikkonunnar segir að erfitt verði að sanna fyrir rétti að létt sé að ruglast á klámiðnaðinum og tónlist.



**COURNTEY LOVE** Söngkonan fræga hefur fengið skilorðsbundnum dómi sínum hnekkt.

## Love laus allra mála

Skilorðsbundinn dómur söngkonunnar Courtney Love hefur verið felldur niður af dómstólum í Los Angeles fyrr en áætlað var. Ástæðan er hversu Love hefur verið dugleg í eiturlyfjameðferð sinni.

Love fékk skilorðsbundinn dóm fyrir að hafa tvívegis eiturlyf í fórum sínum og fyrir að hafa ráðist á aðra konu. Átti dómurinn að renna út í næsta mánuði. „Takk fyrir að gefa mér tækifæri. Þú hefur verið góður og sanngjarn dómari,“ sagði Love, sem er ekkja söngvarans Kurt Cobain úr Nirvana.

# Kraftur í doktornum

**Hljómsveitin Dr. Spock verður ekki sökuð um að hafa slegið slöku við á tónleikum sínum í Kaupmannahöfn á föstudag. Krafturinn sem býr í bandinu flæddi óbeislaður út úr hátölurunum og dundi á eyrum tónleikagesta.**

Fjölmenni var á staðnum og stemningin fyrir framan sviðið var mikil. Sérstaklega undir lokin þegar liðsmenn hljómsveitarinnar voru orðnir klæðalitlir og flestir áhorfendur komnir í bleika uppþvottahanska sem söngvararnir hentu út í skarann. Íslenska hljómsveitin Croisztans sá um upphitunina og gerði það vel og því fengu tónleikagestir mikið fyrir dönsku krónurnar sínar í þetta skiptið.

- ks



**FÁKLÆDDIR ROKKARAR** Meðlimir Dr. Spock töldu það ekki eftir sér að fækka fötum þegar leið að lokum tónleika þeirra í Kaupmannahöfn. Frá vinstri eru Franz, Tobbi, Addi, Óttarr og Guðni. FRÉTTABLAÐIÐ/KS



**ÆSTIR AÐDÁENDUR** Tónlist Dr. Spock virtist falla Dönum vel í geð.



**VÍGALEGUR** Óttarr Proppé vakti að vonum athygli á sviðinu í bleikum buxum og ber að ofan.



**VÖRUMERKIÐ** Sérprentuðum hönskum frá tónleikum hljómsveitarinnar á Airwaves var dreift til áhorfenda.



**ALVÖRU ROKK** Söngvararnir Óttarr og Finni gáfu allt sitt í tónleikana.



**MEÐ Á NÓTUNUM** Sumir stigu léttan dans í áhorfendaskaranum.



**ÍSLENSKAR FYLGIMEYJAR** Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona, til hægri, kom til að styðja sinn mann, trommuleikarann Arnar Þór Gíslason.

# Nýr tískuþáttur

Steven Spielberg framleiðir þáttaröð um fallvaltan glamúrheim tískunnar fyrir sjónvarpsstöðina Fox. Þáttaröðin, sem enn er nafnlaus, mun fjalla um fimm vini sem allir lifa og hrærast í tískuheiminum, en á meðal persóna verður ljósmyndari, hönnuður og fyrirsæta. Spielberg hefur nú leitað liðsinnis vinahjóna sinna, fyrirsætunnar Christy Turlington og leikarans Ed Burns. Sköturhjúin hafa tekið að sér að skrifa handritið að þáttaröðinni, koma að framleiðslu og mun Burns væntanlega leikstýra þættinum. Spielberg hefði vart getað leitað á betri mið en til ofurfyrirsætunnar Christy Turlington, sem er yfirleitt nefnd í sömu andrá og Linda Evangelista og Naomi Campbell. Kunnugir segja að þekking hennar á tískuheiminum sé ómetanleg í þessu verkefni, en að Burns sé hins vegar framúrskarandi í handritsgerð.



**SKRIFA HANDRIT SAMAN** Turlington hefur gríðarlega reynslu af tískuheiminum, en spúsi hennar, leikarinn Ed Burns, er sagður vera ansi naskur við handritsgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Richie handtekin

Lífið er ekki eins auðvelt hjá Nicole Richie og það lítur út fyrir að vera því sjónvarpstjarnan úr þáttunum Simple Life var handtekin af lögreglunni í Burbank á mánudaginn, grunuð um ölvunarakstur. Lögreglumenn tóku eftir því að aksturslag bifreiðar sem Richie ók var undarlegt og gerði Richie sig meðal annars seka um að aka á móti umferðinni. Lögreglan stöðvaði bíl Richie sem var handtekin og hún færð niður á lögreglustöð þar sem blóðprufa var tekin en niðurstaðna úr henni er að vænta á næstu dögum.

Richie hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförnu eftir að hafa sæst við sína „bestu“ vinkonu, Paris Hilton. Hún skráði sig í meðferð vegna lítillar líkamsþyngdar og rak meðal annars stílista sinn sem hafði ráðlagt henni að grenna sig fram úr hófi. Richie er fósturdóttir söngvarans Lionels Richie.



**Í VONDUM MÁLUM** Nicole Richie var handtekin eftir að hafa keyrt ölvuð um götur Burbank. Hún má eiga von á hárri sekt og jafnvel ökuleyfissviptingu.

# „Algjörlega göldrótt frásögn.“

Sigríður Albertsdóttir / DV

„... spennusagnaformið steinliggur í höndum hans ... rígheldur lesandanum sem neyðist til að klára bókina í einum rykk. Alveg þvottekta spennutryllir.“
Þórarinn Þórarinsson / Fréttablaðið

„... þéttriðið net lestrarnautnar sem illmögulegt er að sprikla út úr fyrr en textinn sleppir manni lausum á síðustu síðu.“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV

„Mér finnst þetta frábær bók ... Þetta er alvöru! ... Djöfull væri gaman að búa til þessa bíómynd!“
Ólafur Darri Ólafsson / Sex til sjö, Skjár 1

„... magnað andrúmsloft sem auðvelt er að sogast inní, ég varð sjóveik.“
Úlfhildur Dagsdóttir / bokmenntir.is

„Skipið er stímandi snilld!“
Bryndís Loftsdóttir / Eymundsson

„Æsispennandi saga.“
Tímaritið H

„... manni er sparkað inn í atburðarásina ... ofsalega vel skrifað ...“
Hanna Katrín Friðriksson / Helgarútgáfan, Rás 2

„... hérna er fólk að mæta í vinnuna algjörlega ósofið ... alvöru spennubók.“
Síðdegisútvarpið, Rás 2

„... höfundi tekst sífellt að koma lesandanum á óvart.“
Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

„... mjög áhrifamikil ... raunveruleg og spennandi bók.“
Erla Ragnarsdóttir / Helgarútgáfan, Rás 2

„... með betri skáldsögunum á markaði í ár ... Í Stephen King-andanum ... Ofboðslegur kraftur í henni.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Sex til sjö, Skjár 1

1. prentun **uppseld**
2. prentun **uppseld**
3. prentun **komin**
4. prentun **væntanleg**

METSÖLULISTI FÉLAGSVÍSINDASTOFNUNAR
3. SÆTI
Íslensk og þýdd skáldverk 4. desember




JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is




# Uppsprengt verð á minningartónleika Díönu

**Góðgerðartónleikar til minningar um Díönu prinsessu eru þegar orðnir að fórnarlambi svartamarkaðsbraskara sem nú selja miða á uppsprengdu verði.**



**DÍANA PRINSESSA** Allur ágóði af tónleikunum rennur til styrktar góðs málefnis sem prinsessan studdi með ráðum og dáðum

Samkvæmt fréttavef BBC voru miðar á tónleikana þegar boðnir til sölu á eBay áður en miðarnir voru boðnir til sölu. Eftir því sem BBC kemst næst hafa miðar sem keyptir voru á 45 pund eða rúmar sex þúsund krónur verið seldir á fimmföldu verði en uppselt varð á tónleikana aðeins nokkrum mínútum eftir að miðasala hófst. Talsmenn eBay urðu þessa strax varir og sökum hvers sé verið að minnast hafa stjórnendur uppboðsvefjarins ákveðið að loka öllum tenglum sem vísa á svarta miða. „Fyrirtækið vill ekki sverta minningu Díönu prinsessu heldur frekar gera sitt til að halda minningu hennar á lofti. Því hefur verið ákveðið að banna sölu á vef eBay," sagði talsmaður fyrirtækisins.

Synir Díönu, prinsarnir Vilhjálmur og Harry, tilkynntu um tónleikana fyrr í þessari viku og sögðu í samtali við fjölmiðla að tónleikarnir ættu að vera afmælisgjöf til móður þeirra. Á næsta ári verða tíu ár liðin síðan Díana dó í bílslysi í París. „Við viljum halda tónleika sem eru fullir af orku og gleði, rétt eins og mamma hefði ábyggilega viljað." Samkvæmt vef BBC voru allar símalínur rauðglóandi þegar sala á miðum hófst í gær klukkan níu að staðartíma en fleiri verða settir í sölu á nýju ári. Meðal þeirra sem koma fram eru Duran Duran, Elton John, Pharrell Williams og Joss Stone en tónleikarnir verða á nýja Wembley-leikvanginum 1. júlí.



**VILHJÁLMUR PRINS** Verður væntanlega ekki ánægður með svartamarkaðsbraskarana sem eru að reyna að græða á minningartónleikum um



**DURAN DURAN** Hljómsveitin goðsagnakennda ætlar að spila á minningartónleikunum.

# Herramenn sleppa við jólaköttinn

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar opnaði að nýju á dögunum eftir nokkurt hlé í húsi Kjörgarðs, Laugavegi 59. Í tilefni af opnuninni lagði umtalsverður fjöldi herramanna leið sína í nýju verslunina, sem eins og áður leggur áherslu á sérdeilis herralegan fatnað og ekki síður karlmannlegt og virðulegt umhverfi. Gerðu gestir góðan róm að úrvali herrafatnaðar í nýju búðinni og höfðu menn á orði að það þyrfti enginn að fara í jólaköttinn sem færi til þeirra félaga fyrir jólin. Eigendur verslunarinnar eru þeir Kormákur Geirharðsson og Skjöldur Sigurjónsson og verslunarstjóri er Þorlákur Einarsson.



**HERRAMENN** Þorlákur Einarsson, Skjöldur Sigurjónsson, Guðjón Sigurðsson og Kormákur Geirharðsson voru glaðir yfir enduropnun verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN



**FASTAGESTIR** Axel Hallkell og Hrafnkell Sigurðsson hafa verið dyggir viðskiptavinir herrafataverslunarinnar frá upphafi.



**HEIÐURSFYRIRSÆTAN** Guðjón Sigurðsson er heiðursfyrirsæta og verndari verslunar Kormáks og Skjaldar.



**UNGU MENNIRNIR** Jökull Brynjarsson og Bjartur Skjaldarson eru glæsilegar fulltrúar ungra íslenskra herramanna.



## MEÐ HNÍF OG GAFFLI
**Þráinn Bertelsson**

# *Japanskt jólahlaðborð!*

Miðað við að eina aðferðin sem dugir til að halda sér í mátulegum holdum er að innbyrða ekki fleiri hitaeiningar en maður brennir má það teljast merkilegt hvað hugvitssömum aðilum hefur gengið vel að selja fólki þá hugmynd að maður geti borðað sig grannan. Scarsdale-kúrinn, banana-kúrinn, blóðflokka-kúrinn, Miðjarðarhafs-kúrinn, appelsínu-kúrinn, franski kúrinn og nú síðast danski kúrinn benda til þess að mjói vegurinn í mataræði sé vandrataður og margir þurfi á leiðsögn að halda.



Það er ekki ýkja langt síðan það þótti bera vott um góðan efnahag að vera í góðum holdum. Ef maður skoðar íslenskar ljósmyndir frá fyrri hluta síðustu aldar tekur maður fljótlega eftir því að burtséð frá fatatísku og hárgreiðslu er það tvennt sem var áberandi öðruvísi hér á árum áður: Á gömlum ljósmyndum eru eiginlega allir tággrannir og jafnframt er hvergi hægt að sjá tré eða runna.

Sennilega er það þó ekki aukin trjárækt og garðyrkja sem veldur því að mikill hluti Íslendinga er dálítið þybbinn. Sykur og feitmeti eru þó líklegri sökudólgar en skógræktaráhugi þjóðarinnar.

Japanskur matur er hvorki sætur né feitur og yfirleitt ekki brasaður í smjöri eða banvænum olíum enda hefur „sushi“, sem líka gæti heitið „japanski kúrinn“, farið sigurför um heiminn.

Sushi samsvarar því sem Danir kalla „smörrebröd“, nema hvað Japanir nota hrísgrjón vætt í ediki í stað brauðs og áleggið skal vera ferskt, mestan part hrár fiskur eða hrátt grænmeti.

Maru við Aðalstræti er góð viðbót við fjölþjóðlega flóru íslenskra veitingahúsa. Þar er hægt að fá ferskt sushi og auk þess aðskiljanlega japanska rétti á verði sem er skikkanlegt – miðað við það verðlag sem gengur og gerist á íslenskum veitingahúsum. „Maru“ á japönsku þýðir „hringur“ og af því að hringur er fullkomið form þýðir orðið „maru“ einnig „fullkomnun“.

Sushi, eins og danskt smörrebröd, er hinn fullkomni skyndibiti og sushi hefur þann kost að maður getur borðað eins og maður torgar án þess að hafa áhyggjur af því að umfram hitaeiningar slái um mann hring.

Með tilliti til verðs og gæða er óhætt að mæla með því að fólk sem er að reyna að halda sig á mjóa veginum sneiði hjá hefðbundnum freistingum sem fylgja þessum árstíma – og hagnýti sér japanska kúrinn. Jólahlaðborð á Maru er fersk og góð hugmynd – og örugglega ekki fitandi (ef maður sleppir eftirréttinum).

**Maru**
**Aðalstræti 12**
**101 Reykjavík**

Máltíð fyrir tvo (blandað sushi, eitt glas húsvín, vatn og miso súpa, eftirréttur og gott kaffi) kostaði 8.180 kr.
Plúsarnir eru smekkleg umgjörð, vingjarnleg þjónusta, skaplegt verð og umfram allt ferskt sushi.
Mínusarnir eru fáir. Greinarhöfundi finnst samt notalegra að tala sitt eigið móðurmál, að minnsta kosti í samskiptum við lögreglu- og veitingaþjóna í höfuðborginni.

# Rappkóngar Íslands

Forgotten Lores er búin að vera í fremstu röð í íslenska rappinu síðustu ár. Fyrsta platan þeirra, Týndi hlekkurinn, sem kom út fyrir þremur árum, er ein af bestu íslensku rappplötunum. Síðan hún kom út hefur sveitin vakið verðskuldaða athygli fyrir öfluga frammistöðu á sviði, m.a. á Airwaves, en á tónleikum koma þeir fram með fullmannaða hljómsveit (FL Group).

Það eru nokkur atriði sem gera Forgotten Lores að ókrýndum hip-hop kóngum Íslands. Í fyrsta lagi eru þeir sérstaklega færir rapparar. Algjörir yfirburðamenn. Þeir hafa gott vald á íslenskri tungu og flæðið hjá þeim er ótrúlegt. Í öðru lagi hefur sveitin innanborðs frábæra taktsmiði og plötusnúða. Algerlega sjálfbær hljómsveit sem þarf ekki hjálp frá neinum. Og í þriðja lagi virðist þetta vera mjög samheldinn hópur. Menn bara halda áfram að búa til flotta tónlist og brillera. Og ekkert rugl.

Frá heimsenda er flottasta hip-hop plata sem hefur komið út á Íslandi í langan tíma. Töluvert betri en Týndi hlekkurinn. Þetta eru sextán lög, platan er rúmlega klukkutími að lengd og stútfull af flottum töktum og textum. Hvert snilldarlagið rekur annað. Ég ætlaði að telja upp bestu lögin, en það er eiginlega ekki hægt. Næstum því öll lögin á Frá heimsenda eru frábær.

Hvað tónlistina varðar kraumar platan af lífi. Grúvið er allsráðandi. Það er vonlaust að sitja kyrr undir þessari tónlist. Fönk-áhrifin eru áberandi og alls konar tilþrif lífga upp á lögin; – gítar hér, píanó, flautuleikur eða skemmtileg röddun þar ... Eins og áður segir hefur Forgotten Lores innanborðs færustu rappara landsins. Þeir Byrkir, Class B og Diddi Fel hafa allir mjög gott flæði og þeir kunna líka að rappa saman. Textarnir eru vel samdir og fullir af skemmtilegum hendingum. Ekki það að þeir séu að segja eitthvað merkilegt. Þetta eru mest hversdagsævintýri. Enginn djúpur boðskapur. Eins og stundum í rappinu þá er það ekki spurning um hvað þú ert að segja heldur hvernig þú kemur því frá þér.

Frá heimsenda er besta íslenska hip-hop platan í langan tíma og ein af bestu plötum ársins 2006.

**Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**
**Frá heimsenda**
Forgotten Lores
★★★★★

Frá heimsenda sýnir að Forgotten Lores eru ókrýndir kóngar íslenska rappsins. Orðfærni, flæði og flottir taktar. Ein af plötum ársins.


Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

# Styrkir til úrbóta á ferðamannastöðum

Eitt helsta aðdráttarafl Íslands í hugum ferðamanna, innlendra sem erlendra, er íslensk náttúra. Stefna íslenskra stjórnvalda er að ferðaþjónustan í landinu starfi sem mest eftir hugmyndafræði um sjálfbæra ferðaþjónustu. Liður í því er markviss uppbygging og fyrirbyggjandi aðgerðir til verndar íslenskri náttúru. Á umliðnum árum hefur Ferðamálastofa (Ferðamálaráð Íslands) lagt um 500 milljónir króna til uppbyggingar á ferðamannastöðum víðsvegar um landið.

Ferðamálastofa auglýsir styrki til úrbóta í umhverfismálum fyrir árið 2007 sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem stuðla að bættu aðgengi að áningastöðum. Úthlutað verður um 45 milljónum og skiptist upphæðin í þrjá meginflokka:

**1. TIL MINNI VERKEFNA:**
Úthlutað verður til minni verkefna í umhverfismálum. Eingöngu verða veittir styrkir til efniskaupa. Hámarksupphæð hvers styrks verður 500 þúsund krónur. Til ráðstöfunar eru um 12 milljónir króna.

**2. TIL STÆRRI VERKEFNA Á FJÖLSÓTTUM FERÐAMANNASTÖÐUM:**
Veittir verða styrkir til stærri verkefna þar sem umsækjendur stýra framkvæmdum og svæðin verða í umsjón eða eigu styrkþega eftir að framkvæmdum lýkur. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:
**a)** Um er að ræða svæði eða staði sem verulegur fjöldi ferðamanna sækir heim.
**b)** Megin áhersla verður lögð á að styrkja svæði þar sem fullnaðarhönnun og framkvæmdaleifi liggur fyrir, þó getur hluti af styrkupphæð farið til vinnu á deiliskipulagi.
**c)** Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
**d)** Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
**e)** Standi styrkþegi ekki við ákvæði (d) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
**f)** Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samningi milli Ferðamálastofu og styrkþega.

**3. TIL UPPBYGGINGAR Á NÝJUM SVÆÐUM:**
Veittir verða styrkir til uppbyggingar á nýjum svæðum sem skipulögð hafa verið þannig að ferðamönnum nýtist viðkomandi svæði. Þegar til úthlutunar kemur verður stuðst við eftirfarandi vinnureglur:
**a)** Styrkupphæð getur aldrei orðir hærri en sem nemur 75% af framkvæmdakostnaði.
**b)** Megin áhersla verður lögð á að styrkja svæði þar sem samþykkt deiliskipulag liggur fyrir, þó getur hluti af styrkupphæð farið til vinnu á deiliskipulagi.
**c)** Hluti af styrkupphæð Ferðamálastofu getur farið til verkhönnunar á viðkomandi svæði, þó aldrei meira en sem nemur 25% af styrkupphæð.
**d)** Ferðamálastofa áskilur sér rétt til að fara yfir hönnun á viðkomandi svæði ásamt þeim forsendum sem þar liggja að baki.
**e)** Styrkþegi er ábyrgur fyrir eðlilegu viðhaldi svæðis og mannvirkja er tengjast viðkomandi framkvæmdum.
**f)** Standi styrkþegi ekki við ákvæði (e) getur ekki orðið af frekari styrkveitingum til viðkomandi fyrr en að því ákvæði uppfylltu.
**g)** Engu fé verður veitt til styrkþega fyrr en að undangengnum skriflegum samning milli Ferðamálastofu og styrkþega.

**HVERJIR GETA SÓTT UM:**
Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Við úthlutun verður m.a. tekið mið af ástandi og álagi svæða, og mikilvægi aðgerðanna vegna náttúruverndar. Einnig verður tekið tillit til þess hvort viðkomandi verkefni nýtur þegar fjárstuðnings opinberra aðila. Ekki verður sérstaklega litið til dreifingar verkefna eftir landshlutum.

**UMSÓKNARFRESTUR:**
Umsóknafrestur er til 29. janúar 2007

**MEÐFYLGJANDI GÖGN:**
Með öllum umsóknum skal skila inn gögnum er sýna fram á mikilvægi framkvæmdarinnar sem og skriflegt samþykki hlutaðeigandi aðila s.s. landeigenda, sveitafélags, og umhverfisyfirvalda ef með þarf.

**HVAR BER AÐ SÆKJA UM:**
Umsóknir berist á rafrænu umsóknareyðublaði sem finna má á heimasíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is Einnig er hægt að skila inn skriflegum umsóknum á eyðublöðum sem fást á skrifstofu Ferðamálastofu, Strandgötu 29, 600 Akureyri.
Upplýsingar veitir umhverfisfulltrúi í síma 464-9990 eða með vefpósti valur@icetourist.is

Ferðamálastofa starfar samkvæmt lögum frá 1. janúar 2006 Verkefni Ferðamálastofu eru einkum:
1. Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt. 2. Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf. 3. Markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni. Ferðamálastofa starfrækir fimm skrifstofur í fjórum löndum, Reykjavík, Akureyri, Kaupmannahöfn, Frankfurt og New York.

**www.ferdamalastofa.is**

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 | Netfang: upplysingar@icetourist.is



Sony Center -
46″
40″
32″
SONY
Kauptu
Sony hjá
Sony!
SONY
Sony þekking · Sony fagmenn
32″
BRAVIA
KDL32U000
BRAVIA · HD ready · HDMI
Besta verðið!
119.950,-
Staðgreitt
9.995,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
BRAVI
KDL32V2000
BRAVIA Engine · Real Color Creation
Verðlaunatæki!
249.950,-
Staðgreitt
20.829,-
á mán. í 12 mán. með
Visa/Euro raðgreiðslum
SONY
like.no.other




Sony Center Kringlunni

WWW.SONYCENTER.IS SÍMI 588 7669




**DANÍEL ÓLAFSSON** Er á bakvið Gullgleði Danna Deluxe sem verður árlegur viðburður héðan af.

# Gullgleði í stað Diskókvöldsins

„Það verður kalt á barnum, heitt á gólfinu og þar fram eftir götunum,“ segir plötusnúðurinn Daníel Ólafsson, betur þekktur undir nafninu Danni Deluxe. Á annan í jólum verður haldin svonefnd Gullgleði Danna Deluxe á skemmtistaðnum Thorvaldsen og er ætlunin að hafa fjörið árlegt. Gullgleðin kemur í stað Diskókvölds Margeirs sem haldið var í síðasta skipti í fyrra, en breiður hópur hefur sótt diskókvöldið á annan í jólum í lengri tíma og því skapast mikil hefð. Danni segir að þeir sem vanir eru að sjá Margeir geti kíkt á sig í staðinn og lofar því að enginn verði vonsvikinn. „Margeir er búinn að vera lengi að og á alla virðingu skilið. En ef fólk óttast um hvort ég geti fyllt í fótspor hans hef ég bara eitt að segja og það er að ég er með alveg risavaxnar bífur,“ segir Daníel af miklu öryggi. Daníel hefur staðið á bakvið plötuspilarana í næstum tíu ár eða alveg síðan hann var 13 ára gamall. Þegar hann svo komst á menntaskólaaldurinn hóf hann að spila á böllum og í því framhaldi á skemmtistöðum. „Svo í sumar er ég búinn að vera mjög duglegur við að spila á Prikinu og aðeins á Vegamótum. Þar hefur myndast alveg frábær stemming



**DISKÓKVÖLD MARGEIRS** Verður ekki haldið aftur undir sama nafni

og því um að gera að kristalla hana svona í lok ársins,“ segir Daníel ennfremur. Að upplagi spilar Danni helst hressa hiphop tónlist en inn á milli blandar hann hinum og þessum tónlistarstefnum og segir hann að í raun takmarkist tónlistin ekki við neitt ákveðið, nema þá kannski kántrí tónlist. „Fólk á það til að fyllast fordómum og ótta þegar það heyrir minnst á hiphop. Þarna verða engir spreybrúsar, tússpennar, of stór föt eða sveittir unglingar. Þetta er Gullgleðin og þú getur átt þig ef þú mætir ekki.“ - hal

# Britney komin með nýjan

**Söngkonan Britney Spears sást á dögunum með nýjum manni. Ekki er langt síðan að Britney skildi við rapparann Kevin Federline, eiginmann sinn til tveggja ára, en með honum á hún tvö börn. Undanfarnar vikur hefur Britney verið mikið í fréttum, þá aðallega fyrir tryllingsleg drykkjulæti ásamt nýrri vinkonu sinni, Paris Hilton.**

Fyrir skömmu sást poppdívan Britney Spears með nýjan mann sér við hlið, en er það dagblaðið The New York Post sem greinir frá þessu. Maðurinn heitir Jonathan „JR“ Rotem. Jonathan og Britney sáust leiðast saman í verslunarmiðstöðinni The Grove, en þar héldust þau hönd í hönd, fóru í bíó og gengu svo saman inn á öldurhús. Viðstaddir segja að Britney hafi setið í kjöltu Jonathans og látið vel að honum. „Þau sátu saman og voru ástleitin á svip. Ég gat ekki betur séð en þau væru afar ástfangin,“ segir ónefndur heimildamaður The New York Post. Jonathan þessi er talsvert virtari listamaður en fyrrverandi eiginmaður Spears og hefur hann unnið með mönnum á borð við Snoop Dogg, Dr. Dre, The Game, Destiny‘s Child og Britney sjálfri. Hann fæddist í Suður Afríku og ungur að aldri snéri hann sér að tónlist. Í dag á hann eigið útgáfu fyrirtæki, Beluga Heights sem staðsett er í Los Angeles. Jonathan þessi er af mörgum talinn einn heitasti hiphop- taktframleiðandinn í bransanum í dag og er hann á hraðri uppleið. Ekkert hefur enn fengist staðfest í þessum fréttum, en hvorki Britney né Jonathan hafa tjáð sig um málið við fjölmiðla. Nýlega kom Kevin Federline fram í viðtali og sagði þar að hann væri algjörlega kominn yfir Britney og að honum stæði á sama hvort hún fyndi sér annan mann eða ekki. Federline sjálfur hefur ekki verið bendlaður við aðra konu síðan hann skildi við Britney, að undanskilinni klámmyndastjörnunni Kendru Jade, en seinna neitaði hún öllum kynferðislegum tengslum við rapparann. - hal



**JONATHAN JR ROTEM** Er sagður vera nýr kærasti Britney Spears.




**BRITNEY SPEARS** Kominn með nýjan gæja sem lítur vel út á pappírum.






# Óborganlegir textar

Grallararnir í Baggalúti hafa í gegnum árin gefið út eitt jólalag fyrir hver jól á heimasíðu sinni við miklar vinsældir. Þar hafa þeir gert óborganlega íslenska jólatexta við þekkt erlend lög.

Á þessari plötu er þessum jólalögum safnað saman auk nokkurra nýrra sem voru tekin upp sérstaklega í tilefni útgáfunnar.

Jól og blíða er önnur plata Baggalúts á skömmum tíma, því í sumar gáfu þeir út plötuna Apar í Eden. Kannski telja einhverjir sig hafa fengið nóg af þeim félögum en þessi nýja plata er engu að síður vel heppnuð.

Bráðskondnir textarnir eru sem fyrr í fyrirrúmi. Fjalla þeir oft á kaldhæðnislegan hátt um Íslendinga og séríslenskt jólahald þeirra.

Skemmtilegustu lögin og jafnframt þau jólalegustu eru Kósíheit par exelans, Sagan af Jesúsi og Rjúpur. Önnur lög á borð við Föndurstund, Þorláksmessa og Gleðileg jól eru kannski ekki eins jólaleg en engu að síður virkilega fyndin. Að raula „gleðileg jól“ í stað „run to the hills“ ber óneitanlega vott um hugmyndaríki Baggalúts og eflaust kæmust engir aðrir upp með þetta nema þeir. Lag Braga Valdimars Skúlasonar, sem er eina lagið á plötunni eftir meðlim sveitarinnar, er jafnframt fallegt og ákaflega jólalegt.

Þessi plata sínir hversu auðvelt Baggalútur virðist eiga með að aðlaga erlend lög að íslenskum veruleika. Nóg væri að hlusta á hana bara til að heyra textana en hún hefur samt miklu meira til síns ágætis, því söngurinn og flutningurinn ber einnig vott um mikla fagmennsku. Freyr Bjarnason




**TÓNLIST**
**Jól og blíða**
**Baggalútur**
★★★
Skemmtilegir textarnir standa upp úr en platan hefur þó miklu meira til síns ágætis.


MAX
LágMAXverð
399.999kr.
almennt verð 469.999
10stk
42 tommur
TVÖ TÆKI FYRIR EITT
HEIMABÍÓ
FYLGIR MEÐ
DVD VIDEO
Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX
Pioneer DCS360
• 360w heimabíókerfi
• Með DVD spilara
• HDMI stafrænt tengi
• Progressive Scan
• USB tengi fyrir tónlist og ljósmyndir
• FM útvarp
TVÖ TÆKI FYRIR EITT
Pioneer PDP427XA
• 42" Plasma sjónvarp
• HD Ready
• Upplausn: 1024x768 punktar
• Skerpa: 3000:1
• Birta: 1100 cd/m2
• Direct Color Filter 2
• Miklir tengimöguleika
26.999kr.
almennt verð 29.999
SONY DSCW50
• Stafræn myndavél
• 6 milljón punkta upplausn
• 2,5" LCD skjár
• 3x Optical og 6x Digital zoom
• Carl Zeiss linsa
• Hreyfimyndataka
• 32MB minni innbyggt
169.999kr.
almennt verð 229.999
Hi-Def – 30GB
Sony HDRSR1E
• High Definition tökuvél
• Innbyggður 30GB harður diskur
• Tekur upp í háskerpugæðum
• Carl Zeiss Vario-Sonnar T linsa
• HDMI tengimöguleiki
• ClearVid CMOS skynjari fyrir meiri myndgæði
5stk
Ótrúleg græja!
14.999kr.
Sony CMTH10
• Vel hönnuð hljómtækjasamstæða
• Geislaspilari sem spilar MP3 diska
• Segulband
• RDS útvarp
• Tónjafnari
• Viðarhátalarar
25stk
almennt verð 19.999
6.899kr.
Severin KA 5700
• 1450 wött kaffikanna
• Sýður vatnið
• Hitaplata
almennt verð 9.999
OPIÐ TIL kl. 22
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Ólíkindatólin í akademíunni

**Þó að enn séu tæpir tveir mánuðir þar til tilkynnt verður hverjir eru tilnefndir til Óskarsverðlaunanna eru fjölmiðlungar þegar farnir að spá í spilin fyrir stóra daginn.**

Kvikmyndirnar í ár hafa verið óvenju ópólitískar ef miðað er við síðasta ár þegar myndir um kynþáttahatur, samkynhneigð, spillingu lyfjafyrirtækja og nornaveiðar McCarthy-tímabilsins að ógleymdri olíumyndinni Syriana réðu ríkjum í kvikmyndahúsunum. Miðað við þær kvikmyndir sem hafa verið frumsýndar þykir mörgum ráðlegt að veðja á að sjálfur Martin Scorsese hljóti loks Óskarinn í fyrsta skipti fyrir myndina The Departed, verðlaun sem aðdáendur hans yrðu sáttir með.



SKYLDI ÞAÐ GERAST NÚNA? Akademían hefur sniðgengið kvikmyndir Scorsese en kannski er komið að honum í ár.

**Eastwood eða Scorsese?**

Á vefsíðu CNN birtust á dögunum vangaveltur um hvaða myndir þættu líklegastar til afreka þann 27. febrúar þegar stjörnuhersingin mætir í Kodak-höllina í Los Angeles. Þar ber hæst The Departed og stríðsmyndina Flags of our Fathers eftir Clint Eastwood, en myndin var að hluta til tekin upp í Sandvík á Reykjanesi.

Blaðamaður CNN leyfir sér hins vegar að slá ákveðna varnagla og bendir réttilega á að kvikmynd Eastwoods hafi ekki gengið neitt sérstaklega vel í miðasölu, hún hafi verið frumsýnd á röngum tíma og að hinar ofbeldisfullu og blóðugu stríðssenur minni um of á stríðið í Írak. Tekið skal hins vegar fram að Letters from Iwo Jima, sem Eastwood gerði um sama efni en frá sjónarhóli Japana, gæti vakið áhuga á Flags of our Fathers en hún verður frumsýnd rétt fyrir opnun umslaganna með tilefningunum 24. janúar.

Kvikmyndaséfræðingar eru heldur ekkert of bjartsýnir með að ofbeldið í lok The Departed renni ljúflega ofan í akademíumeðlimi en þeir sem hafa séð hana muna eflaust eftir þeirri slátrun sem átti sér stað síðasta korterið eða svo. Hitt gæti svo orðið Scorsese til framdráttar að myndin gekk ákaflega vel í miðasölu og meðlimir akademíunnar hljóti að hafa það í huga að leikstjóranum knáa hefur enn ekki tekist að fara heim með Óskar frænda í farteskinu.

**Bjartsýni litlu myndanna**

BBC fréttavefurinn býst alveg eins við að spænski leikstjórinn Pedro Almodóvar setji strik í reikninginn hjá Scorsese því gagnrýnendur hafa hampað kvikmynd hans Volver í hástert. Penelope Cruz þykir einnig líkleg til afreka sem besta leikkonan þótt breski leikarinn Michael Caine sé á allt öðru máli. „Akademían á bara að setja Óskarinn í póst og senda Helen Mirren,“ sagði Caine við blaðamenn á dögunum. „Þá gætu menn verið lausir við allt þetta umstang og stúss,“ bætti leikarinn við en Mirren þykir fara á kostum í hlutverki Elísabetar II í kvikmyndinni The Queen.

Little Miss Sunshine eftir Jonathan Dayton og Valerie Faris er einnig spáð mikilli velgengni af blaðamönnum BBC sem og United 93 og The Last King of Scotland en í þeirri síðastnefndu er Forest Whitaker sagður fara á kostum sem einræðisherrann Idi Amin. „Amin er leiðin til Óskars,“ skrifaði kvikmyndarýnir dagblaðs í Fíladelfíu.

Þrátt fyrir þessar bollaleggingar skyldi þeim hins vegar tekið með fyrirvara. Samtök gagnrýnenda í stóru borgum Bandaríkjanna veita hvert um annað þvert verðlaun um þessar mundir fyrir vel unnin störf á árinu sem er að líða en þau gætu haft mikil áhrif á akademíuna og útkomuna. Ekki þarf heldur annað en að horfa til ársins í fyrra þegar flestir höfðu veðjað á Brokeback Mountain, Munich eða Good Night and Good Luck en „litla“ myndin Crash fór með sigur af hólmi, sem kom öllum að óvörum nema akademíunni.



**BLÓÐUGAR LOKASENUR** The Departed fékk mjög góðar viðtökur áhorfenda en akademían er vönd að sinni virðingu og gæti þótt ofbeldið of yfirgengilegt.



**LÍKLEG TIL AFREKA** Kvikmynd Almodóvars þykir líkleg til afreka í febrúar sem og aðalleikkonan Penelope Cruz.



**STRÍÐSMENN EASTWOOD** Leikstjórinn aldni gæti átt sína möguleika en dræm aðsókn hefur dregið úr vonum kvikmyndarinnar Flags of our Fathers.



**IDI „ÓSKAR“ AMIN** Forest Whitaker þykir fara á kostum í hlutverki einræðisherrans sem krýndi sjálfan sig konung Skotlands á sínum tíma.



**SENDIÐ STYTTUNA Í PÓSTI** Helen Mirren þykir sú eina sem á að geta gengið að tilnefningunni vísri.

# *Chanel í Monte Carlo*

Karl Lagerfeld ákvað að halda innreið sína til ríka og fræga fólksins í Monte Carlo á dögunum þar sem hann sýndi það nýjasta fyrir vorið og sumarið 2007. Lagerfeld hannar fyrir hátískumerkið Chanel og er það í miklum metum hjá heimafólki í Monte Carlo. Það var því ekki að ástæðulausu sem Lagerfeld hélt með fatalínu sína þangað enda hefur hann eflaust náð í nokkra nýja viðskiptavini með mjög flottri sýningu sem var með gamaldags ívafi. **- áp**



**LAGERFELD** Í öllu sínu veldi umvafinn fyrirsætum.



**HÁLSMEN** Svartur kjóll sem flikkað er upp á með fullt af fylgihlutum.



**EKTA CHANEL** Kjóll með slaufu í mittið og úr hinu klassíska Chanel „tweed“ efni.



**RÚLLUKRAGI** Flottur kjóll með rúllukraga með rykkingum í sem kemur vel út.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**FÖLBLEIKT** Gamaldags kjóll sem Audrey Hepburn hefði borið með stæl. Takið eftir slaufunni í hárinu.



**JIM CARREY** Hefur snúið sér að Vísindakirkjunni.

# Fleiri í Vísindakirkjuna

Það furðuðu sig margir á því að sjá bæði Jennifer Lopez og Jim Carrey í brúðkaupi skjötuhjúanna Tom Cruise og Katie Holmes. Fáir vissu til að einhver tengsl væru á milli Lopez, Carreys og hjónanna, en er því nú haldið fram að Lopez og Carrey hafi tekið upp trú Vísindakirkjunnar. „Jim er að stíga sín fyrstu skref í trúarbrögðunum,“ sagði heimildarmaður blaðsins The New York Post. J-Lo aftur á móti er sögð hafa skipt um trúarbrögð til þess að auka möguleika sína á barneign og er sagt að eiginmaður hennar, Marc Antony sem er kaþólikki sé mjög ósáttur.



**ZOOLANDER** Ben Stiller í hlutverki ofurkarlfyrirsætunnar Zoolander.

# Vill gera framhald

Gamanleikarinn Ben Stiller undirbýr nú framhald myndarinnar Zoolander ásamt góðvini sínum, Owen Wilson. Fyrri myndin, sem þeir félagar léku saman í, naut mikilla vinsælda. Fjallaði hún um karlfyrirsætur og ævintýri þeirra. Meðal leikara voru Will Ferrell, Milla Jovovich, Christine Taylor og Jerry Stiller.

„Það er eiginlega erfiðara að vinna saman núna þegar öllum gengur svo vel,“ sagði Stiller. „Allir eru að gera sína eigin hluti og það er erfitt að ná öllum saman.“

# Roberts í rómantík

Leikkonan Julia Roberts ætlar að framleiða og hugsanlega fara með aðalhlutverkið í rómantísku myndinni Happiness Sold Separately sem er byggð á skáldsögu Lolly Winston.



**JULIA ROBERTS**

Myndin fjallar um konu sem skilur við eiginmann sinn eftir að hún kemst að því að hann hélt framhjá henni. Roberts leikur um þessar mundir í myndinni Charlie Wilson´s War á móti Tom Hanks, Phillip Seymour Hoffman og Amy Adams. Hún talar einnig inn á teiknimyndina Charlotte´s Web.

# Jólabomba

## Verðhrun á Prolux Hágæða LCD skjáum



2 ára ábyrgð



**20" 46.990.-**
Skerpa 500:1
Birtustig 450cd/m2
Upplausn 800*600

Veggfestingar fylgja

**32" 79.990.-**
Skerpa 800:
Birtustig 500cd/m2
Upplausn 1366*768





**37" 137.990.-**
Skerpa 500:1
Birtustig 500cd/m2
Upplausn 1366*768 • **HD Ready**

**42" 219.990.-**
Skerpa 500:1
Birtustig 500cd/m2
Upplausn 1366*768 • **HD Ready**

VISALán
– HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

MasterCard

Staðgreiðslu lán




**Prolux** sjónvörp

Tilboðsverð gilda til og með 23 des.

Höfðabakka 9 2. hæð
austurinngangur

561 9200
561 6960







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**DESEMBER**

11 12 13 **14** 15 16 17

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **Tenórsöngvarinn Snorri Wium** heldur útgáfutónleika í **Salnum.** Meðleikari er **Jónas Ingimundarson.**

☐ 20.30 **Friðrik Ómar** heldur tónleika í **Dalvíkurkirkju.** Aðgangur ókeypis.

☐ 20.30 **KK og Ellen Kristjánsdóttir** halda tónleika **í Hveragerðiskirkju** ásamt **Guðmundi Péturssyni** gítarleikara.

☐ 21.00 **Jólastjörnur í Dómkirkjunni. Erlendur Þór Elvarsson** tenór, **Jóna Fanney Svavarsdóttir** sópran, **Sólveig Samúelsdóttir** messósópran og **Bjarni Þór Jónatansson,** píanó- og orgelleikari, halda jólatónleika í Dómkirkjunni sem nefnast **Hátíðleg jólalög og helgar aríur.**

### SKEMMTANIR

☐ 21.30 Soulsugar-kvöld á **Cafe Paris** við **Pósthússtræti. DJ Lucky** spilar soul, fönk og reggítónlist til kl. 01.

### SÝNINGAR

☐ 09.00 Í Hallgrímskirkju stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en Listvinafélag kirkjunnar stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Á Torginu í **Þjóðminjasafninu** stendur yfir sýningin **Sérkenni sveinanna.** Á sýningunni er lítið jólahús og sitthvað sem tengist jólasveinunum, svo sem kjöt fyrir **Ketkrók** og bjúgu fyrir **Bjúgnakræki.** Sýningin getur hjálpað börnunum til að skilja hin skrítnu nöfn jólasveinanna. Í dag kemur Giljagaur í heimsókn.

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar.** Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 13.00 **Myndlistarmennirnir Kristinn Már, Jón Óskar** og **Bjarni Sigurbjörnsson** sýna í **Anima galleríi** við Ingólfsstræti 8.

☐ 13.00 **Pétur Már Gunnarsson** sýnir undir stiganum í **galleríi i8** við Klapparstíg. Sýningin stendur til 23. desember.

### BÆKUR

☐ 12.15 Rithöfundurinn **Stefán Máni** les úr bók sinni **Skipið** í **Jólahrolli Þjóðmenningarhússins** - hádegisupplestrarröð sem standa mun fram til jóla.

# Stærsta hljóðver á Íslandi

**Önundur Hafsteinn Pálsson vinnur að því að opna hljóðver í yfirgefnu lýsishúsi á snjóflóðasvæðinu á Flateyri.**



**ÖNUNDUR HAFSTEINN PÁLSSON** „Aðstaðan og umhverfið eins og best er á kosið fyrir tónlistarfólk.“

„Þetta er búið að standa tómt síðan 1980 svo það var kominn tími á að nýta þetta blessaða húsnæði af einhverju viti,“ segir Önundur Hafsteinn Pálsson, slagverksleikari og tónlistarkennari á Ísafirði og Flateyri.

Önundur Hafsteinn og eiginkona hans, Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir, vinna nú hörðum höndum með stuðningi Atvinnuþróunarsjóðs Vestfjarða, að því að opna fullkomið hljóðupptökuver í yfirgefnu lýsishúsi á snjóflóðasvæðinu á Sólbakka við Flateyri. „Ég hef satt best að segja engar áhyggjur af staðsetningunni. Þetta eru meters þykkir blágrýtisveggir sem eru greinilega ekki að fara neitt. Það féll á þetta aurskriða fyrir einhverjum 20 – 30 árum og drullusletturnar eru enn upp á miðja veggi en það sér ekki á húsinu að öðru leyti. Menn fóru út í það á sínum tíma að opna



**STÆRSTA HLJÓÐVER LANDSINS** Sigrún Svanhvít Óskarsdóttir með Védísi Ösk fyrir framan gamla lýsishúsið á Sólbakka sem verður brátt stærsta hljóðupptökuver á Íslandi.

þarna bátaverkstæði og ætluðu að saga fyrir gluggum og dyrum en það þurfti einfaldlega að fá sprengjusérfræðing á staðinn til þess að sprengja sig í gegnum veggina. Þetta er ein elsta byggingin á svæðinu og synd að nýta þetta ekki til þess að gera eitthvað skemmtilegt,“ segir Önundur.

Í huga Önundar Hafsteins er staðsetningin í raun styrkur upptökuversins enda er hún óneitanlega ansi sérstök. „Hugmyndin er að gera út á þessa sérstöðu. Hér geta tónlistarmenn fengið heimilislega og góða gistingu, unnið í ró og næði í fullkomnu hljóðveri og í umhverfi sem bæði veitir einstakan vinnufrið og innblástur í senn. Í ljósi þess hvernig þetta er lagt upp geri ég ráð fyrir að vera með meira af erlendum tónlistarmönnum en íslenskum að vinna hérna þar sem innlendi markaðurinn gefur mönnum sjaldnast grið til þess að vinna að upptökum í rólegheitum. Hjá þeim þarf flest að takast upp einn, tveir og þrír og helst að vera tilbúið í gær. En staðreyndin er að þetta verður stærsta hljóðupptökuver á Íslandi, um 360 fermetrar og aðstaðan öll eins og best verður á kosið. Við stefnum að því að opna um eða fyrir páska og erum strax farin að hlakka til að fá fyrstu gestina.“

**magnusg@frettabladid.is**

# Reykjavík! og Lay Low til Cannes

Hljómsveitin Reykjavík! mun spila á MIDEM-ráðstefnunni í Cannes ásamt Lay Low í janúar á næsta ári. Sjö hljómsveitir voru valdar sérstaklega til að leika á tónleikunum MIDEM Buzz Bands og voru tvær þeirra frá Íslandi,



**REYKJAVÍK!** Hljómsveitin Reykjavík! spilar í Cannes á næsta ári ásamt Lay Low.

MYND/ESTER ÍR STEINARSDÓTTIR

sem eru að sjálfsögðu góð meðmæli með íslenskri tónlist.

Áður hafði verið tilkynnt um tónleika Reykjavík! á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi, By:larm í Noregi og á South By Southwest-hátíðinni í Texas.

„Við munum fara til útlanda fjórum sinnum fyrir páska og það er mikill spenningur innan hljómsveitarinnar,“ segir Bóas Hallgrímsson úr Reykjavík! Bætir hann því við að ný plata sé væntanleg á næsta ári til að fylgja eftir fyrstu plötunni, sem hefur fengið mjög góðar viðtökur. Sex ný lög eru þegar tilbúin. „Þetta verður nýr hljómur. Við erum að toga okkur í ýmsar áttir í þeim lögum allt frá ljúfustu popplögum í argasta rokk og ról,“ segir Bóas. **- fb**



**LAY LOW** Tónlistarkonan Lay Low spilar á MIDEM-hátíðinni í janúar.



**WEEZER** Tveir meðlimir Weezer hafa tekið upp lagið Heroin.

# Tóku upp Heroin

Tveir meðlimir Weezer hafa tekið upp lagið Heroin eftir The Velvet Underground fyrir kvikmyndina Factory Girl. Um er að ræða gítarleikarann Brian Bell og trommarann Patrick Wilson.

Heroin kom út árið 1967 á plötunni Velvet Underground & Nico og er eitt þekktasta lag The Velvet Underground.

„Að vinna að þessu verkefni með Pat var frábært. Það var ekkert ákveðið fyrirfram, engar æfingar og við ræddum varla saman um hvernig við ættum að nálgast þetta sjö mínútna langa lag,“ sagði Bell.

Leikkonan Sienna Miller fer með aðalhlutverkið í Factory Girl, sem fjallar um ævi Edie Sedgwick.

# „Bíóræningi“ í fangelsi

Ungur Bandaríkjamaður, Johnny Ray Gasca, sem einnig hefur verið kallaður sjóræningjaprinsinn hefur verið dæmdur í sjö ára fangelsi í kjölfarið á því að hann var gripinn glóðvolgur með upptökubúnað í kvikmyndahúsi. Kom svo í ljós að Johnny þessi hefur stórgrætt á því að taka upp forsýningar á kvikmyndum með góðum upptökubúnaði og selja þær svo ólöglega. Fram kom í réttarhöldunum að Johnny hefur grætt allt að 4500 dollara á viku með sölu á kvikmyndunum. Johnny þessi er fyrsti maðurinn í heiminum sem hefur verið ákærður fyrir „rán“ á kvikmynd, en gröfari stuldur á hugverki fyrirfinnst varla.



**JOHNNY RAY GASCA**







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BOSS OF IT ALL | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 | B.i.7 |
| THE US VS. JOHN.. | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.12 | MÝRIN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 5:50 - 8 | Leyfð | THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| LA TRAHISON | kl. 10 | | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| DEAD OR ALIVE | kl. 4 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | B.i.12 | SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| DEAD OR ALIVE VIP | kl. 5 - 8 - 10:10 | | THE GRUDGE 2 | kl. 10:30 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | FLY BOYS | kl. 8 | B.i. 12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | | | |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal. | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i.7 | |
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 | |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 - 10 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 8 - 10:30 | Leyfðð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DEAD OR ALIVE | kl. 6 - 8 - 10 | B.i.12 |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk tal | kl. 8 | Leyfð |
| SCANNER DARKLY (ÓTEXT) | kl 10 | B.i.16 |

www.sambioin.is 575 8900




**IGGY POP** Forsprakki The Stooges gefur út nýja plötu með félögum sínum á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Fyrsta platan í 33 ár

Hljómsveitin fornfræga, The Stooges, ætlar að gefa út sína fyrstu plötu í 33 ár, þann 20. mars á næsta ári. Mun hún fylgja henni eftir með tónleikaferð um heiminn.

Nýja platan nefnist The Weirdness og er Steve Albini upptökustjóri. Hann á m.a. að baki plötuna In Utero með Nirvana og Surfer Rosa með Pixies.

Síðasta plata The Stooges, Raw Power, kom út árið 1973 þegar forsprakkinn Iggy Pop var djúpt sokkinn í heróínfíkn sína. Með hjálp Davids Bowie hóf hann vel heppnaðan sólóferil um miðjan áratuginn og gaf út lög á borð við Lust for Life og The Passenger.

The Stooges héldu í sína fyrstu tónleikaferð í þrjátíu ár á síðasta ári. Meðal annars heimsóttu þeir félagar Ísland og héldu tónleika í Hafnarhúsinu.

# Vill verða ástfangin aftur

**Leikkonan Sienna Miller hefur loksins tjáð sig opinberlega eftir skilnaðinn við Jude Law í síðasta mánuði. Hún segist vera reiðubúin til að verða ástfangin á nýjan leik.**

Sienna virðist hafa allt sem til þarf. Hún hefur hæfileikana, útlitið og rétta fatastílinn en eitt hefur þó vantað í líf hennar: vel heppnað ástarsamband.

### Trúlofun á aðfangadag

Allt leit vel út hjá henni fyrir röskum tveimur árum þegar hún trúlofaðist hjartaknúsaranum Jude Law á aðfangadag. Myrkrið færðist þó fljótt yfir því þann 18. júlí, rúmi hálfu ári eftir trúlofunina, baðst Jude opinberlega afsökunar á því að hafa haldið framhjá Siennu með barnfóstru sinni, Daisy Wright. Hafði hún verið ráðin til að passa börnin hans tvö



**MEÐ CRAIG** Sienna Miller og Daniel Craig í kvikmyndinni Layer Cake. Þau áttu í ástarsambandi á meðan Sienna var enn með Jude.

sem hann átti með sjónvarpskonunni Sadie Frost. Ekki nóg með það, heldur í október sama ár birtu bresk slúðurblöð fregnir af því að Sienna hefði haldið framhjá Jude á sama tíma með sjálfum James Bond, Daniel Craig, sem var einn af vinum Jude á þessum tíma. Höfðu Sienna og Craig leikið saman í myndinni Layer Cake tveimur árum áður þar sem ástarneistar byrjuðu að kvikna.

### Búið spil

Þrátt fyrir að hafa reynt að bjarga sambandinu hættu Sienna og Jude saman en fyrr á þessu ári tóku þau óvænt upp þráðinn aftur. Í síðasta mánuði gerðu þau sér loks grein fyrir því að þau yrðu að hætta saman fyrir fullt og allt því þetta gengi ekki lengur.

### Vinátta, hlátur og traust

„Ég elska manneskjur sem láta mig hlæja og ég hef lært að vinátta, hlátur og traust er það mikilvægasta í hverju sambandi,“ sagði Sienna í viðtali við The Daily Mirror. „Þau eiga vera grunnurinn að öllu öðru og ég hlakka til að vera í þannig sambandi. Ég er 24 ára og er enn að læra. Ég vildi óska að ég væri sérfræðingur í ástarmálum en ég er það bara ekki.“



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Jude Law hélt framhjá Siennu með barnfóstru sinni. Á sama tíma var Sienna með Daniel Craig.

Þrátt fyrir sársaukann sem fylgdi skilnaðinum við Jude segist Sienna vera orðin þreytt á því að vera einhleyp og er reiðubúin til að verða ástfangin á nýjan leik. „Ég hef alltaf verið þannig stelpa sem vill vera í samböndum. Ég veit ekki af hverju.“

### Craig í uppáhaldi

Hún er ekki búin að gleyma Daniel Craig og virðist hafa miklar mætur á honum. „Ég væri alveg til í að vinna meira með honum. Hann er ótrúlega hrjúfur og harður af sér og hann er líka hæfileikaríkur og hugrakkur,“ segir Sienna sem er greinilega tilbúin til að endurnýja kynni sína af njósnara hennar hátignar, 007.



**Í JÓLASKAPI** Sienna Miller í jólaboði sem var haldið í Bretlandi á dögunum. Sienna trúlofaðist Jude Law einmitt á aðfangadag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Undurfögur og heillandi

Skúli Sverrison er kannski ekki þekktasti tónlistarmaður þjóðarinnar en hann er svo sannarlega með þeim farsælustu. Samstarf við bæði Blonde Redhead og Laurie Anderson sanna það. Sería er fyrsta sólóbreiðskífa Skúla sem er gefin út hérlendis en hana er ákaflega erfitt að tengja við einhverja ákveðna tónlistarstefnu. Mætti þó kannski lýsa sem tregafullu avant-garde poppi.

Platan er mest megnis án söngs og byggjast flest laganna í grunninn á bassa-, gítar og dóbróleik Skúla sem er reyndar fyrst og fremst bassaleikari. Lögin fá síðan ýmsar fléttur sem glæða lögin lit og hvert einasta lag hefur sinn sjarma. Lögin sveiflast allt frá því að vera heltekin af harmi (Nineteen Centuries) yfir í lostafulla gælu (Her Searching Hands) en treginn er þó alltaf til staðar og gegnum gangandi út alla plötuna.

Góðir gestir prýða plötuna og má þar helst nefna Jóhann Jóhannsson, Hilmar Jensson, Amedeo Pace (úr Blonde Redhead), Hildi Guðnadóttir og Laurie Anderson. Einn gestanna setur þó sinn svip á plötuna svo um munar en það er Ólöf Arnalds. Hún syngur texta sína við þrjú lög plötunnar; Geislar hennar, Sungið ég gæti og Vaktir þú og eru þau öll með sterkustu lögum plötunnar. Sérstaklega hið síðastnefnda sem er undurfagurt og uppfullt af ýmsum blæbrigðum sem hreyfa við ýmsum tilfinningum innra með manni. Söngur Ólafar er líka nánast himneskur og textar hennar passar einkar vel við (svo sannarlega tilhlökkunarefni fyrir frumburð Ólafar sem er væntanlegur snemma á næsta ári). Önnur áberandi sterk lög á plötunni fyrir utan þau sem áður hafa verið nefnd eru Binding Garden, One Night Of Swords og Sería. Ekki má heldur gleyma framlagi Anthony Burr sem hefur lengi unnið náið með Skúla og á mikið í hljómi plötunnar sem er ein sú hljómfegursta sem komið hefur út á þessu ári.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**

**Sería**

Skúli Sverrisson

★★★★

Hljómfögur plata sem nær að hreyfa við ýmsum tilfinningum á tregafullan hátt.

# Úrkynjuð aðventa

Tónleikar, bókmenntavaka og almenn aðventugleði verður á ölkránni Grand rokk kl. 21 í kvöld en þar leiða saman hross sín máttug öfl úr íslensku menningarlífi og keyra saman kollum svo úr verður enn einn mikill og mikilfenglegur listfengur áreksturinn. Fram koma hljómsveitirnar Reykjavík! og Skakkamanage ásamt Pétri Ben, Mr. Sillu & Mongoose og mögulega FM Belfast.

Milli laga og atriða munu svo fulltrúar Nýhil-samsteypunnar kynna innbundna jólaútgáfu sína, sem hefur verið talsvert umdeild upp á síðkastið. Einnig mun hið fróma plötufyrirtæki 12 tónar kynna sína útgáfuskrá. Miðaverð er 500 krónur en innifalið er heilmikið rokk, rauðvín og piparkökur.



**HLJÓMSVEITIN SKAKKAMANAGE** Í mikilfenglegum árekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## > Birgir Leifur hefur keppni í dag

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson hefur keppni á sínu öðru í móti á Evrópumótaröðinni í dag. Aftur er keppt í Suður-Afríku og að þessu sinni á Humewood-vellinum í Port Elizabeth. Birgir Leifur er í fyrsta holli með tveim Englendingum og þeir fóru út á völl klukkan hálf fimm í morgun að íslenskum tíma. Sjónvarpsstöðin Sýn mun sýna frá mótinu og útsending hefst löngu eftir að Birgir lýkur keppni.



**sport**

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ: LENTI Í RIÐLI MEÐ FRÖKKUM Í UNDANKEPPNI EM 2009

# *Ætlum okkur að fara til Finnlands*



Dregið var í riðla í gær fyrir undankeppni EM kvenna sem fer fram í Finnlandi árið 2009. Fyrsti leikur verður næsta vor og verður væntanlega fyrsti stóri leikur nýja landsliðsþjálfarans, Sigurðs Ragnars Eyjólfssonar.

Ísland var í öðrum styrkleikaflokki í drættinum og fékk Frakka úr þeim fyrsta. Þá eru Serbía, Grikkland og Slóvenía einnig í riðlinum. EM í Finnlandi verður fyrsta stórmótið eftir að ákveðið var að fjölga þátttökuþjóðum í úrslitakeppninni úr átta í tólf. Möguleikar Íslands að komast í úrslitakeppnina hafa því stóraukist.

„Mér líst ágætlega á þennan riðil," sagði Sigurður Ragnar. „Við hefðum getað verið heppnari en líka óheppnari með þennan drátt. Við þekkjum að vísu þessar þjóðir ekkert allt of vel. Frakkar eru sterkir, eru í 6. sæti heimslistans og var ágætt að sleppa til að mynda við Þjóðverja úr efsta styrkleikaflokknum. Við eigum betri möguleika gegn hinum þjóðunum."

Ísland mætti Grikkjum fyrir rúmum áratug og vann báða þá leiki. „En ég geri ráð fyrir að Grikkir hafi bætt sig síðan þá. Hinum þjóðunum höfum við ekki mætt áður."

Alls eru sex riðlar í undankeppninni og komast liðin í efsta sæti hvers riðils í úrslitakeppnina. Liðin sem lenda í öðru sæti og fjögur bestu liðin í þriðja sæti fara í umspilskeppni um hin sætin fimm. Finnar verða með sem gestgjafar en alls taka 30 þjóðir þátt í undankeppninni.

„Við stefnum á að komast til Finnlands, hvaða leið sem við förum. Við ætlumst til að vinna þjóðirnar fyrir neðan okkur og stríða þeim betri. Hinar þjóðirnar gera sjálfsagt sömu kröfu og gildir það einfaldlega að hala inn stigum."

Fyrsti leikur Íslands verður gegn Grikklandi á útivelli þann 31. maí. Sá síðasti verður gegn Frökkum ytra haustið 2008.



**GUÐMUNDUR GÓÐUR** Guðmundur Pedersen var sínum gömlu félögum í FH erfiður ljár í þúfu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SS-bikar karla:

## Öruggur sigur Hauka á FH

**HANDBOLTI** Haukar eru komnir í undanúrslit SS-bikars karla eftir öruggan sigur á erkifjendunum í FH, 33-28, í Kaplakrika í gær. Munurinn í leikhléi var einnig fimm mörk, 20-15.

Jafnt var á með liðunum í upphafi en Haukar sigu hægt og bítandi fram úr og höfðu nokkuð þægilega stöðu í leikhléi. Það gátu þeir helst þakkað hornamanninum Guðmundi Pedersen sem lék á als oddi og skoraði 14 mörk þegar upp var staðið.

FH reyndi hvað það gat að minnka muninn í síðari hálfleik og mest náði liðið muninum niður í tvö mörk, 30-28, en lengra komust heimamenn ekki.

Hjá heimamönnum var Heiðar Örn Arnarson bestur en hann skoraði 14 mörk í 18 skotum en Guðjón Helgason lék einnig ágætlega og skoraði 5 mörk.

Guðmundur var í sérklassa hjá Haukum og Sigurbergur Sveinsson var einnig fínn en hann skoraði 6 mörk.



**STEINAR KALDAL** Búinn að draga fram skóna.

Gleðifréttir fyrir KR:

## Steinar tekur fram skóna

**KÖRFUBOLTI** Fram kemur á hinni mögnuðu heimasíðu KR í körfuboltanum að fyrrum fyrirliði liðsins, Steinar Kaldal, hafi dregið fram skóna á nýjan leik og muni hefja æfingar af fullum krafti eftir helgi.

Steinar segir á heimasíðunni að hann komi með öðru hugarfari inn í liðið og hungri í að hjálpa liðinu í þeirra baráttu sem er fram undan.

- hbg

# Hef ekki snúið bakinu við baksundi

**Örn Arnarson stimplaði sig á ný í fremstu röð sundkappa í Evrópu er hann hlaut brons í 50 m flugsundi á EM í 25 laug í Finnlandi. Hann segist þó ekki útiloka að keppa aftur í baksundi á nýjan leik í framtíðinni.**

**SUND** Sundkappinn Örn Arnarson vann til bronsverðlauna á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug sem fór fram í Finnlandi í síðustu viku. Hann hefur hingað til látið að sér kveða í baksundi en hefur einbeitt sér að flugsundi undanfarið og er að uppskera árangur í því. Hann vann til bronsverðlauna í 50 m flugsundi og þríbætti Íslandsmet sitt í greininni á mótinu.

Hann synti á 23,55 sekúndum og var 34 hundraðshlutum úr sekúndu á eftir Króatanum Alexei Puninski og 0,21 sek. á eftir Thomas Rupprath frá Þýskalandi.

„Ég er mjög sáttur. Þetta sannar bæði fyrir mér og öðrum að ég er að komast í mjög gott form aftur," sagði Örn við Fréttablaðið. Ekki er langt síðan hann gekkst undir hjartaþræðingaraðgerð eftir að hafa hnigið niður á sundmóti í Laugardalshöllinni. Hann fann ekki fyrir neinum hjartatruflunum í þetta skiptið.

„Þetta er vonandi bara búið. Læknarnir telja það mjög ólíklegt að þetta vandamál komi upp að nýju og ef ég verð góður fram í byrjun febrúar verð ég útskrifaður af þeirra hálfu."

**Var orðinn leiður á baksundi**

Örn hefur náð sínum besta árangri í baksundi. Árið 2000 varð hann fjórði á Ólympíuleikunum í Sydney í 100 m baksundi. Í sömu grein vann hann til silfurverðlauna á HM í Fukuoka ári síðar og brons í 200 m baksundi.

Það kom því mörgum á óvart þegar hann ákvað að segja skilið við baksundið, í bili að minnsta kosti.

„Það var kominn ákveðinn leiði í baksundið hjá mér og aðallega vegna þess að ég var hættur að bæta mig í greininni. Þá hætti ég almennt að hafa gaman af sundinu. Ég ákvað því að prófa eitthvað nýtt og sé ég alls ekki eftir því," sagði Örn. Hann útilokar þó ekki að keppa aftur í baksundi á nýjan leik.



**MEÐ BRONSIÐ** Örn með bronsið sem hann fékk fyrir árangur sinn í 50 m flugsundi á EM í 25 m laug í Finnlandi. Fyrir miðju er Króatinn Alexei Puninski sem fékk gull og silfurhafinn Thomas Rupprath frá Þýskalandi. NORDIC PHOTOS/AFP

„Það getur vel verið og vel inni í myndinni."

Hann keppir þó enn í fjórsundi þar sem reynslan úr baksundi, og reyndar skriðsundinu einnig, kemur honum til góða.

„Hingað til hef ég einbeitt mér að flugsundi en það er verið að skoða þann möguleika að ég snúi mér meira að fjórsundi. Ég þyrfti að laga bringusundið hjá mér og hef ákveðna möguleika í þessari grein. En ég og þjálfari minn eigum eftir að setjast niður og ræða þessi mál til hlítar.

Örn keppir á alþjóðlegu móti í Lúxemborg í næsta mánuði og fer svo til Ástralíu í mars þar sem hann keppir á heimsmeistaramótinu í 50 m laug. Hann segir enn óákveðið í hvaða greinum hann keppir þar en gera má ráð fyrir að það verði í 50 og 100 m flugsundi sem og 200 m fjórsundi.

„Þegar HM er lokið hef ég undirbúning fyrir Smáþjóðaleikana sem eru í byrjun júní. Ég tek svo sumarfríið nokkuð snemma og byrja því fyrr en vanalega að æfa mig fyrir EM í 25 m laug sem er í lok ársins.

Hann segist vera jákvæður gagnvart sinni íþrótt og að árangurinn í Finnlandi hafi þar hjálpað til.

„Ég hef fundið fyrir meðbyr eftir þetta mót sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Ég get því ekki kvartað."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Undirbúningur handboltalandsliðsins fyrir HM ákveðinn:

# Landsliðið fer á mót í Danmörku og Tékkar koma í heimsókn

**HANDBOLTI** Það styttist óðum í heimsmeistaramótið í handknattleik sem haldið verður í Þýskalandi í janúar. Fyrsti leikur íslenska liðsins er gegn Ástralíu 20. janúar.

Leikmenn landsliðsins koma saman til æfinga í byrjun næsta árs enda eru atvinnumennirnir í Þýskalandi að spila sinn síðasta leik 30. desember.

Þeir fá nokkra daga til að ná andanum áður en alvaran byrjar á ný.og verður nánast haldið beint til Danmerkur þar sem Ísland tekur þátt í sterku móti frá 5. - 7. janúar.

Mótherjar Íslands þar verða Danir, Norðmenn og Pólverjar en ekkert þessara liða er í riðli með Íslandi á HM.

Síðan kemur liðið aftur til Íslands og síðustu æfingaleikir liðsins fyrir HM verða á Íslandi 13. og 14. janúar en þá koma Tékkar í heimsókn.

Landsliðið heldur síðan utan 18. janúar en Ísland leikur í riðli í Magdeburg með Ástralíu, Úkraínu og Frökkum.

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari mun tilkynna landsliðshópinn eftir helgi og að öllum líkindum á þriðjudag og verður spennandi að sjá hvernig hópurinn mun líta út.

- hbg



**HLUSTIÐ Á MIG STRÁKAR** Alfreð þjálfari segir Ólafi Stefánssyni og Sigfúsi Sigurðssyni til á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þýski handboltinn:

## Sýn sýnir einn leik í viku

**HANDBOLTI** Sjónvarpsstöðin Sýn hefur tryggt sér sýningarréttinn að leikjum í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. Fyrsti leikurinn sem sýndur verður í beinni útsendingu verður frá leik Flensburg og Kiel sem fer fram á Þorláksmessu. Viggó Sigurðsson er þjálfari Flensburg en bæði lið eru meðal efstu liða í deildinni.

Alls leika þrettán Íslendingar með sex liðum í deildinni og verður Sýn með að minnsta kosti einn leik í beinni útsendingu í viku hverri. Deildin er í fríi á meðan HM stendur en hefst aftur í febrúar á næsta ári. Þetta ætti að vera gleðitíðindi fyrir handboltaunnendur sem hafa lengi beðið eftir boltanum.

- esá



**JOSE REINA** Er sagður vera í viðræðum við Valencia. NORDIC PHOTOS/GETTY

Jose Reina:

## Í viðræðum við Valencia?

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum vefsíðunnar goal.com er Jose Reina, markvörður Liverpool, í viðræðum við spænska liðið Valencia og útlit er fyrir að hann snúi aftur í spænsku deildina næsta sumar. Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, var áður stjóri hjá Valencia en ekki er talið að hann sé viðriðinn þessi viðskipti.

„Reina er í viðræðum við Valencia. Hann vill fara til Spánar af persónulegum ástæðum,“ sagði heimildamaður síðunnar goal.com. - dsd

Dæmdur fyrir lyfjamisnotkun:

## Fékk tveggja ára bann

**ÍSHOKKÍ Halldór Ásmundsson, leikmaður íshokkífélagsins Bjarnarins, var í gær dæmdur í tveggja ára leikbann eftir að hafa fallið á lyfjaprófi sem var framkvæmt á æfingu Bjarnarins í september síðastliðnum.**

**Í dómsorði kemur fram að honum sé óheimilt að taka þátt í æfingum, keppnum og sýningum á vegum ÍSÍ ásamt því að honum er óheimilt að gegna trúnaðarstörfum fyrir sambandið eða aðila þess. Bannið gildir til 31. október 2008.** - esá

Yfirmenn Ferrari hafa sent Finnanum Kimi Räikkönen skýr skilaboð:

# Verður að drekka í laumi

**FORMÚLA 1** Finninn Kimi Räikkönen fær það verðuga hlutverk að leysa sjálfan Michael Schumacher af hólmi hjá Ferrari á næsta keppnistímabili í Formúlunni. Räikkönen er þekktur glaumgosi sem er alls óhræddur við að láta sjá sig í misjöfnu ástandi á meðal almennings. Ekkert slíkt verður liðið hjá Ferrari að því er Jean Todt, yfirmaður Ferrari-liðsins, segir.

„Það er vitað mál að Finnum finnst gott að fá sér í glas svona annað slagið. Það er aftur á móti breyting á aðstæðum hjá Kimi því hann verður sjáanlegri hjá okkur en hann var hjá McLaren.

Þannig að ef hann vill skála með félögum sínum þá er hann vinsamlegast beðinn um að gera það í laumi,“ sagði Todt sem hefur engar áhyggjur af því að Finninn muni ekki spjara sig þótt honum líki ljúfa lífið.

„Það er nauðsynlegt að vera tilbúinn og á tánum. Hann er mjög hraður og stöðugur ökumaður. Það er spennandi tímabil fram undan og nýjar áskoranir fyrir alla þar sem Michael verður ekki á bak við stýrið. Takmarkið er aftur á móti það sama og áður og það er að vinna keppnir,“ sagði Todt að lokum. - hbg



**HVAÐ ERTU MEÐ Í BRÚSANUM?** Finninn er mikið partíljón en forráðamenn Ferrari hafa ekki áhyggjur af því að hann verði stjórnlaus. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

HM félagsliða í fullum gangi þessa dagana:

# Internacional í úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI** Brasilíska liðið Internacional de Porto Alegre tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik heimsmeistarakeppni félagsliða þegar liðið vann egyska liðið Al-Ahly, 2-1, í undanúrslitum. Þetta er í þriðja sinn á þremur árum sem brasilískt lið keppir til úrslita.

Alexandre Pato skoraði fyrra mark brasilíska liðsins í leiknum en skömmu síðar þurfti hann að yfirgefa völlinn með krampa. Það var svo varamaður hans, Luis Adriano, sem skoraði sigurmarkið eftir að Egpytarnir höfðu jafnað metin.

Internacional mætir annaðhvort Barcelona eða Club Amerika frá Mexíkó en þau lið mætast í dag. - dsd



**PATO** Fagnar hér marki sínu í gær en hann kom Internacional yfir í leiknum. NORDIC PHOTOS/GETTY

HM í fótbolta 2014:

## Brasilía leggur fram boð

**FÓTBOLTI** Brasilíska knattspyrnusambandið hefur lagt inn formlegt boð um að halda heimsmeistarakeppnina í fótbolta árið 2014.

„Þetta er einstakt tækifæri fyrir brasilísku þjóðina sem á skilið að halda mótið,“ sagði Ricardo Teixeira, formaður sambandsins.

Þegar hefur verið ákveðið að keppnin árið 2014 fari fram í Suður-Ameríku og hafa hin níu knattspyrnusamböndin í álfunni samþykkt að bjóða ekki fram sjálf og styðja Brasilíu. Þar með er þó ekki sjálfgefið að keppnin verði haldin þar í landi því ef boðið þykir ekki nógu gott verður leitað annað, líklega til Mið- og Norður-Ameríku. - esá

Evrópukeppnin 2016:

## Sækja Wales og Skotland um?

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Wales er að íhuga að sækja um að halda Evrópukeppnina í knattspyrnu árið 2016. Hugmyndir eru uppi um að Wales og Skotland sæki sameiginlega um að halda mótið.**

**„Það er þess virði að athuga þann möguleika að Wales og Skotland sæki sameiginlega um. Við vorum í viðræðum við Skota fyrir fimm árum um að halda EM sameiginlega árið 2008 en það gekk ekki upp,“ sagði David Collins, ritari velska knattspyrnusambandsins.** - dsd


**Jólapakkatilboð** Ekkert út,fyrsta greiðsla í apríl 2007. 90% fjármögnun.

560 Ufe Excelsior



Verð aðeins 2.664.000
Verð áður 3.164.000

520 TMF Excelsior



Verð aðeins 2.265.000
Verð áður 2.665.000

495 Ufe Prestige



Verð aðeins 2.200.000
Verð áður 2.620.000

495 UK



Verð aðeins 2.121.000
Verð áður 2.521.000

500 Kmfe Excellent



Verð aðeins 2.200.000
Verð áður 2.500.000

560 Ukf Prestige



Verða aðeins 2.300.000
Verð áður 2.654.000

650 Uff Excelsior



Verða aðeins 3.100.000*

T 550 FS Húsbíll. Síðasti bílinn í 30% tolli.



Verð aðeins 5.200.000

Tryggðu þér húsbíl á stórlækkuðu verði áður en þeir fara í 45% toll.

Aukahlutapakki að verðmæti 350.000 fylgir flestum húsunum.

ATH aðeins 1 stk til af hverju húsi.

*Notað hús 2006

þú færð jólagjöfina fyrir húsbíla og hjólhýsa eigendur hjá okkur. Hobby



Skoðaðu heimasíðuna okkar
www.hobbyhusid.is

HOBBYHÚSIÐ
Sími 517 7040 • Dugguvogi 12 • www.hobbyhusid.is

# Sunddrottningin Kristín Rós hefur lokið glæstum keppnisferli sínum

**Kristín Rós Hákonardóttir og Jón Oddur Halldórsson voru í gær útnefnd íþróttafólk ársins úr röðum fatlaðra. Kristín Rós var að fá þessa viðurkenningu í tólfta sinn og hefur ákveðið að leggja sundbolinn á hilluna. Bæði áunnu þau Íslandi sæti á Ólympíuleikunum í Peking með frábærum árangri á þessu ári.**

**ÍÞRÓTTAMAÐUR FATLAÐRA** Útnefning á íþróttafólki ársins úr röðum fatlaðra fór fram í gær með pompi og prakt í Sunnusal Hótel Sögu. Sunddrottningin Kristín Rós Hákonardóttir var útnefnd íþróttakona ársins og frjálsíþróttamaðurinn Jón Oddur Halldórsson var útnefndur íþróttamaður ársins.

Kristín Rós Hákonardóttir hefur nánast verið áskrifandi að þessari viðurkenningu og var að fá þessa viðurkenningu í tólfta sinn á ferlinum. Kristín Rós á að baki langan og glæsilegan feril en hún keppir í flokki S7, sem er flokkur hreyfihamlaðra.

Kristín Rós keppti nýverið á HM í sundi en mótið fór fram í Durban í Suður-Afríku. Þar vann Kristín Rós tvenn bronsverðlaun í 100 metra og í 100 metra bringusundi og það segir Kristín Rós að hafi verið toppurinn á árinu hjá sér.

„Þetta var alveg stórkostlegt mót og mjög erfitt. Þar voru sekúndubrot sem skiptu máli um verðlaunasæti og ég hef eiginlega aldrei lent í öðru eins,“ sagði Kristín Rós en með árangri sínum á HM ávann Kristín Rós Íslandi þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.

Kristín Rós bætti við að keppnin í hennar flokki væri búin að harðna mikið undanfarin ár. „Hún er farin að harðna til muna. Það er alveg ótrúlegt hvað keppendur eru komnir langt og hvað þeir geta keppt á góðum tímum. Þannig að keppnin fer harðnandi,“ sagði Kristín Rós.



**STOLT AFREKSKONA** Kristín Rós Hákonardóttir er ein mesta sunddrottning íslenskrar sundsögu og ferill hennar einkar glæsilegur þar sem hún setti fjölda heimsmeta og vann gullverðlaun á öllum stærstu mótum heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**AFREKSMAÐUR** Jón Oddur Halldórsson sést hér með verðlaun sín í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Kristín Rós kom einnig með tímamótayfirlýsingu við þetta tækifæri. „Ég var búin að ákveða að reyna að vinna sæti á ólympíuleikunum og mér tókst það. Svo ákvað ég líka að leggja sundbolinn á hilluna frá og með deginum í dag,“ sagði þessi mikla afrekskona.

„Ég ætla bara að gera eitthvað annað. Það fer svo mikill tími í æfingar. Það fara alveg þrír tímar á dag í æfingar og svo eru oft mót um aðra hverja helgi. Ég verð bara að fara að gera eitthvað annað, þetta er komið nóg í bili,“ sagði Kristín Rós en hún segist skilja sátt. „Ég skil mjög sátt. Þetta hefur verið alveg rosalega gaman.“

Þess má geta að Kristín Rós á Íslandsmet í öllum þeim sundgreinum sem keppt er í í hennar flokki auk þess sem hún er handhafi átta heimsmeta í sundi.

Jón Oddur Halldórsson sem er 24 ára gamall er spastískur og keppir í flokki T35 fyrir félag sitt Reyni á Hellusandi. Hann var að fá þessa viðurkenningu annað árið í röð, en hann hefur alls þrisvar sinnum hlotið þessa viðurkenningu.

Jón Oddur keppir í spretthlaupi, bæði 100 og 200 metra, og náði góðum árangri í þeim greinum á árinu. Hann keppti m.a. á sterku móti, Visa Paralympic Cup, á árinu og sigraði í 200 metra hlaupi og hafnaði í öðru sæti í 100 metra hlaupi.

Þá sigraði Jón Oddur í 100 og 200 metra hlaupi í sínum flokki á Opna breska meistaramótinu, fjórða árið í röð. Jón Oddur vann til bronsverðlauna á HM fatlaðra í frjálsum íþróttum á árinu og ávann þar með Íslandi þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.

Jón Oddur var að vonum ánægður með viðurkenninguna. „Þetta er mjög ánægjulegt. Það er gaman að vera hérna og gaman að fá þessa viðurkenningu,“ sagði Jón Oddur og bætti við að þetta hefði mikla þýðingu fyrir sig.

„Þetta er ákveðinn sálfræðilegur hvati. Ég er meðvitaður um að fólk er að ánægt með það sem maður er að gera og ég reyni bara að halda því áfram,“ sagði Jón Oddur og hann er með háleit markmið fyrir framtíðina.

„Ég ætla að reyna að taka þátt í Ólympíuleikunum í Peking árið 2008 og reyna að ná sem bestum árangri þar. Allt miðast við það, allur undirbúningur hér eftir,“ sagði Jón Oddur og bætti við að heimsmeistaramótið hefði verið hápunktur ársins hjá sér.

„Bronsið í 100 metra hlaupi á heimsmeistaramótinu á árinu var hápunkturinn,“ sagði Jón Oddur sem er 24 ára gamall og á vonandi langan og farsælan feril fram undan.

dagur@frettabladid.is



**INGVAR KALE** Meiddur og spilar líklega ekkert næsta sumar.

Ingvar Þór Kale:

## Líklega úr leik næsta sumar

**FÓTBOLTI** Besti markvörður Landsbankadeildarinnar síðasta sumar að mati Fréttablaðsins, Ingvar Þór Kale, verður líklega ekkert með Víkingum næsta sumar þar sem hann er úlnliðsbrotinn og þarf að gangast undir aðgerð. Frá þessu er greint á fotboltavefnum fotbolti.net.

Fram kemur í fréttinni að Ingvar Þór hafi meiðst í næstsíðasta leik sumarsins gegn FH en alvarleiki meiðslanna uppgötvaðist fyrst um daginn. Ef Ingvar hefði verið rétt greindur strax í upphafi hefði hann verið frá í tvo mánuði. Það er ljóst að þetta er mikil blóðtaka fyrir Víking sem er þegar búið að missa sinn besta mann, Viktor Bjarka Arnarson, sem fór til Lilleström í Noregi.



**BALDUR SIGURÐSSON** Stóð sig vel í sumar.

Baldur Sigurðsson:

## Framlengir við Keflavík

**FÓTBOLTI** Fram kemur á vef Víkurfrétta að Mývetningurinn Baldur Sigurðsson hafi ákveðið að framlengja samningi sínum við Keflavík í þessari viku.

Baldur er nýkominn frá Noregi þar sem hann var til reynslu hjá norska félaginu Lyn en með því leika Stefán Gíslason og Indriði Sigurðsson.

Baldur segir við Víkurfréttir að hann muni skoða það alvarlega ef tilboð berst frá Lyn. Það breyti samt í engu um þær ætlanir hans að framlengja við Keflavík.



# SKÍFAN Í 30 ÁR

## VINSÆLASTA LAG HVERS ÁRS SKÍFUNNAR Á TVÖFALDRI SAFNPLÖTU



**Í TILEFNI AF 30 ÁRA AFMÆLI SKÍFUNNAR SEM ER STÆRSTA HLJÓMPLÖTUVERSLUN LANDSINS HÖFUM VIÐ SETT SAMAN SKEMMTILEGAN AFMÆLISPAKKA FYRIR ALLA**

~~2.499~~ **1.999** **2CD**




~~2.499~~ **1.999** **2CD**




~~2.499~~ **1.999** **2CD**




### POPPSKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu popplög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

| | |
|---|---|
| KC & The Sunshine Band | **That's The Way (I Like It)** |
| Vilhjálmur Vilhjálmsson | **Lítill Drengur** |
| Brunaliðið | **Ég er á leiðinni** |
| Chic | **Le Freak** |
| Kool & The Gang | **Celebration** |
| Blondie | **The Tide Is High** |
| ABC | **The Look Of Love (Part 1)** |
| Men At Work | **Down Under** |

### ROKKSKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu rokklög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

| | |
|---|---|
| Queen | **Somebody to Love** |
| Meatloaf | **Your Took The Words Right Out Of My Mouth** |
| The Stranglers | **Nice'N'Sleazy** |
| Hinn ísl. Þursaflokkur | **Brúðkaupsvísur** |
| Utangarðsmenn | **Hiroshima** |
| Start | **Sekur** |
| Egó | **Fjöllin hafa vakað** |
| Yes | **Owner of a Lonely Heart** |

### BARNASKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu barnalög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

| | |
|---|---|
| Ómar Ragnarsson | **Fugladansinn** |
| Katla María | **Litli Mexíkaninn** |
| Laddi | **Súperman** |
| Eiríkur Fjalar og Skrámur | **Tóti Tölvukall** |
| Egill Ólafsson | **Guttavísur** |
| Fílabandið | **Í grænni lautu** |
| Edda Heiðrún Backman | **Pálína með prikið** |
| Sigga Beinteins | **Snati og Óli** |

# ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Carmelo Anthony og Kobe Bryant komu mikið við sögu í NBA-boltanum:

# Kobe kom Lakers til bjargar

**NBA** Fjórir leikir fóru fram í NBA-deildinni í fyrrinótt þar sem Denver Nuggets og Los Angeles Lakers unnu bæði góða útisigra á andstæðingum sínum.

Carmelo Anthony var maðurinn á bak við sigur Denver Nuggets á Atlanta Hawks, 100-87, þegar hann skoraði 26 stig. Denver hafði tapað 15 af síðustu 16 heimsóknum sínum til Atlanta og allt stefndi í enn eitt tapið því í hálfleik leiddi Atlanta, 54-43. Denver náði yfirhöndinni í síðasta leikhluta þegar Atlanta hitti ekki úr þrettán fyrstu skotum sínum í leikhlutanum og lenti sautján stigum undir.

Earl Boykins kom næstur Anthony í stigaskori með 19 stig en hann byrjaði leikinn á bekknum. Hjá Atlanta var Josh Smith stigahæstur með 21 stig en stigahæsti leikmaður liðsins á tímabilinu, Joe Johnson, lék ekki með vegna meiðsla.

Kobe Bryant skoraði 23 stig, hirti átta fráköst og átti sjö stoðsendingar þegar Los Angeles Lakers sigraði Houston Rockets, 102-94. Lamar Odom, sem leikið hefur vel á tímabilinu til þessa, lék ekki með Lakers vegna meiðsla. Hjá Houston var Yao Ming stigahæstur með 26 stig.


**KOBE BRYANT** Sýndi það enn og aftur í fyrrinótt að hann er ómissandi fyrir lið Los Angeles Lakers. NORDIC PHOTOS/GETTY

Lakers var með 27 stig forskot þegar rúmar níu mínútur voru eftir. Þá var Bryant tekinn af velli og eftir það skoruðu leikmenn Lakers ekki stig utan af velli fyrr en á síðustu mínútu leiksins, þegar Bryant kom aftur inná.

Milwaukee Bucks marði sigur á Seattle Supersonics í fyrrinótt, 94-93, á heimavelli. Michael Redd var stigahæstur hjá Bucks með 22 stig en Andrew Bogut skoraði 16 stig, hirti níu fráköst og átti sex stoðsendingar.

Þá sigraði Golden State Warriors lið Sacramento Kings á heimavelli sínum, 126-113, þar sem Matt Barnes setti persónulegt met í stigaskori í NBA. Hann skoraði 32 stig og tók ellefu fráköst fyrir Golden State.

- dsd





**KOMINN TIL WEST HAM** Alan Curbishley skrifaði undir samning við West Ham í gær. Hann sést hér með Eggerti Magnússyni á blaðamannafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Eggert Magnússon var ekki lengi að ráða stjóra:

# Curbishley tekur við West Ham af Pardew

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon réð í gær Alan Curbishley sem knattspyrnustjóra West Ham en hann tekur við starfinu af Alan Pardew sem Eggert rak úr starfi fyrir nokkrum dögum síðan.

„Ég er gríðarlega ánægður með að Alan hafi viljað taka starfið að sér,“ sagði Eggert á blaðamannafundi í gær. „Alan er framkvæmdastjóri með góðan feril og hann elskar félagið þar að auki.“

Fyrsta verkefni Curbishleys með liðið er verðugt en West Ham mætir toppliði Manchester United á sunnudag.

„Ef einhver hefði sagt við mig þegar ég var hjá West Ham 16 ára gamall að ég ætti eftir að verða knattspyrnustjóri liðsins þá hefði ég talið það ómögulegt,“ sagði Curbishley á fundinum en hann lék með West Ham frá 1975 til ársins 1979.

„Ég er virkilega ánægður með niðurstöðu málsins og það eru forréttindi að fá að starfa fyrir þetta félag. Ég get ekki beðið eftir að koma liðinu úr þeirri stöðu sem það er í þessa dagana,“ sagði Curbishley sem þjálfaði Charlton til fjölda ára en hann sagði skilið við liðið síðasta sumar og tók sér nokkurra mánaða frí frá þjálfun. Hann var einn af þeim sem voru taldir líklegir til að hreppa starf landsliðsþjálfara Englands en Steve McClaren var ráðinn að lokum.

- hbg


**RICK PARRY** Yfirmaður knattspyrnumála hjá Liverpool segir félagið ekki vera leikfang fyrir ríka einstaklinga. NORDIC PHOTOS/GETTY

Parry sendir út skýr skilaboð til kaupenda Liverpool:

# Liverpool er ekki leikfang ríkra manna

**FÓTBOLTI** Rick Parry, yfirmaður knattspyrnumála hjá Liverpool, hefur undirstrikað að sama hver kaupi félagið í framtíðinni, þá verði það gert með hagsmuni félagsins að leiðarljósi en ekki svo að einhver ríkur einstaklingur geti leikið sér með það.

Mikið hefur verið rætt og ritað að undanförnu um að fyrirtæki í eigu Sheikh Mohammed, borgarstjóra Dubai, sé nálægt því að kaupa félagið fyrir 450 milljónir punda. Sheik Mohammed er fimmti ríkasti maður í heimi og mun ríkari en Roman Abramovich, eigandi Chelsea.

„Við viljum einbeita okkur að árangri en við viljum ekki að félagið verði í einhverjum fáránlegum viðskiptum. Þetta snýst ekki um að vera leikfang fyrir ríka einstaklinga. Þetta snýst um að koma Liverpool fram á við og tryggja framtíð félagsins næstu hundrað árin.

Þetta snýst líka um að finna rétta kaupandann. Það er mikilvægt að slíkur kaupandi skilji sögu og arfleið félagsins og beri virðingu fyrir henni. Það mikilvægasta í framtíð félagins er að vinna titla og ná árangri,“ sagði Parry í tímaritinu Liverpool FC.

Parry tók einnig fram að samningaviðræðum við fyrirtæki Sheikh Mohammed væri ekki lokið en viðurkenndi jafnframt að tilboðið væri mjög spennandi.

- dsd

Lampard sendir Lehmann tóninn eftir átök Chelsea og Arsenal um síðustu helgi:

# Ber enga virðingu fyrir öðrum

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, leikmaður Chelsea og enska landsliðsins, hefur gagnrýnt Jens Lehmann, markvörð Arsenal, harkalega. Hann segir að Þjóðverjinn beri enga virðingu fyrir sínum kollegum í knattspyrnuheiminum.

Eftir jafnteflisleik Chelsea og Arsenal um síðustu helgi sagði Lehmann að Lampard væri sérfræðingur í að móðga fólk.

„Við skiptumst á orðum í leiknum en Lehmann sýnir engum öðrum leikmanni á vellinum virðingu. Þá er ég ekki einungis að tala frá mínum sjónarhóli.“

Lampard segir að ýmislegt sé látið flakka í hita leiksins en allt annað sé að halda svo áfram í fjölmiðlum eftir leik.

„Hann hefur lag á að bretta upp á nefið og horfa niður á alla í kringum sig. Ég sagði ekki neitt sem mér finnst að þurfi að afsaka.“

En Lampard segir að þetta eigi ekki aðeins við um það sem gerist inn á vellinum en í vikunni á undan snæddu þeir á sama veitingastað.

„Ég fór út að borða með frænda mínum Jamie Redknapp í London og Lehmann var á borði aðeins nokkra metra frá okkur. Við gerðum okkur líklega til að heilsa honum en hann hunsaði okkur algerlega. Þegar hann fór af staðnum gekk hann fram hjá borðinu okkar án þess að segja orð, hvorki jákvætt né neikvætt.“

Greinilegt er að lítill kærleikur er á milli þeirra tveggja eins og reyndar á við um félögin þeirra tvö.

„Kannski er Lehmann aðeins viðkvæmari en við hin,“ sagði Lampard að lokum.

- esá



**HART BARIST** Frank Lampard og Jens Lehmann í leik Chelsea og Arsenal um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY



**BARRY SMITH** Orðaður við lið í Skotlandi.

Barry Smith:

## Á leið aftur til Skotlands?

**FÓTBOLTI** Skoskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að skoska B-deildar félagið Greenock Morton væri að bera víurnar í Barry Smith, varnarmann Vals og fyrrum fyrirliða Dundee.

Ef Smith færi aftur til Skotlands yrði það mikil blóðtaka fyrir Valsmenn enda lék Smith mjög vel fyrir félagið síðasta sumar.

- hbg



**RON ARTEST** Tekur ekkert aukalega fyrir ráðleggingarnar.

Ron Artest ráðleggur Iverson:

## Farðu út á völlinn og spilaðu

**KÖRFUBOLTI** Slagsmálahundurinn, rapparinn og körfuboltamaðurinn Ron Artest hefur opnað sig með mál Allens Iverson sem spilar ekkert þessa dagana þar sem Philadelphia er að reyna að skipta honum til annars félags. Artest hefur reynslu af slíku og endaði í heila tvo mánuði á pöllunum í bið og hann mælir ekki með slíku. „Farðu bara út á völlinn og spilaðu maður. Hvað mér viðkemur þá vildi ég fara en ég vildi líka spila. Vonandi gerir Allen ekki sömu mistök því það var ömurlegt að fá ekkert að spila,“ sagði Artest.

- hbg


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090







TIL HAMINGJU GRAFARVOGSBÚAR

TÓNVINNSLUSKÓLINN BÝÐUR NÚ EINNIG UPP Á NÁMSKEIÐ Í FOLDASKÓLA Í GRAFARVOGI.

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA

JÓLAGJÖFIN HANDA UNGU BARNASTJÖRNUNNI

Barna- og unglinganámskeið I er frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idolinu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri, sem einnig er tekin upp á mynddisk sem nemendur fá til eignar. 10 vikna námskeið, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

JÓLAGJÖFIN HANDA ÞEIM METNAÐARFULLU

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á **Reason** tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

FYRIR ÞÁ SEM VILJA GEFA SJÁLFUM SÉR VEGLEGA FRAMTÍÐARJÓLAGJÖF.

Aðalnámsbraut: Tónvinnslunám. Tónvinnsluskólinn hlaut nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; **RMP** og **Stúdíó Sýrlandi**. 330.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

JÓLAGJÖFIN HANDA HÆFILEIKAMANNESKJUNNI

Blues- og jazzsöngur er námskeið sem blues og jazzdrottningin **Andrea Gylfa** kennir en það er sérsniðið að þeim sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. Valinkunnir hljóðfæraleikarar eins og t.d **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær** sjá um lifandi undirleik á þessu 10 vikna námskeiði. Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

JÓLAGJÖFIN HANDA ÞEIM SEM DREYMIR UM STÆRRA SVIÐ EN 1 FM STURTUKLEFA.

Söngur og framkoma. Þetta sívinsæla námskeið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með því að nemendur taka upp lag í frábæru hljóðveri. 10 vikna námskeið, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

JÓLAGJÖF FYRIR FINGRALANGA

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Kennt er litlum hópum og eru markmið námskeiðanna að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar um gítarnámskeiðin námskeið má finna á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

# Hugmynd Júlíusar er ekki lögleg

**Skiptar skoðanir eru um hugmynd Júlíusar Jónassonar að fækka leikmönnum á skýrslu úr fjórtán í tólf meðal þjálfara DHL-deildar karla. Tveir þjálfarar bentu til að mynda á það að það væri ekki löglegt.**

**HANDBOLTI** Fréttablaðið birti í síðustu viku viðtal við Júlíus Jónasson, kvennalandsliðsþjálfara í handbolta, þar sem hann varpaði fram þeirri tillögu að fækka leikmönnum á leikskýrslu úr fjórtán í tólf í þeim tilgangi að skapa fleiri alhliða leikmenn, sem gætu leyst fleiri en eina stöðu í sóknarleik. Einnig talaði Júlíus um að með þessu gæti svo farið að góðir leikmenn sem væru á bekknum hjá bestu liðunum myndu færa sig um set, sem gæti jafnað deildina.

Fréttablaðið fór á stúfana og tók tal á þjálfurum liðanna í DHL-deild kvenna og karla og kannaði afstöðu þeirra til málsins. Í dag verða viðbrögð þjálfara í DHL-deild karla könnuð.



**ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐIÐ** Kristján Halldórsson og Rúnar Sigtryggsson segja að hugmynd Júlíusar um að fækka leikmönnum sé ólögleg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Veitir ekki af fjórtán leikmönnum

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, var ekki sammála þessum hugmyndum Júlíusar.

„Í fyrsta lagi þá eru lið alls staðar í heiminum með fjórtán leikmenn á skýrslu í leik. Af hverju ættum við að hafa það eitthvað öðruvísi en aðrir? Ég hef í sjálfu sér ekki heyrt þau rök. Í öðru lagi þá eru lið hér á Íslandi að taka þátt í Evrópukeppni, Meistaradeild Evrópu til að mynda, þar sem er mikið álag. Þá veitir nú ekki af því að hafa fjórtán leikmenn.

Í þriðja lagi þá eru meistaraflokkarnir hérna með mjög ung lið og mörg lið eiga í erfiðleikum með að halda úti öðrum flokki. Því er það oft gott að hafa marga unga leikmenn í leikmannahópnum, hjá þeim félögum þar sem erfitt er að halda úti öðrum flokki. Yngri leikmenn fá því fyrr tækifæri til að taka þátt í þessu, Ef menn vilja búa til alhliða leikmenn þá þarf að hlúa að yngri flokka starfinu og hætta þar að skipta mönnum út af í vörn og sókn," sagði Guðmundur.

### Ekki óvitlaus hugmynd

Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, sagði að umræðan væri af hinu góða.

„Mér finnst þetta ekkert óvitlaus hugmynd. Ég veit svo sem ekkert hvort þetta sé einhver lausn en það er ekkert vandamál að prófa það. Ég er hins vegar með tvo leikmenn sem eru að spila tvær til þrjár stöður en í dag eru þeir bara að leysa eina stöðu af því að við erum með fjórtán leikmenn.

Ég viðraði þetta við Einar Þorvarðarson þegar ég vann á HSÍ. Ég held að allar umræður séu af hinu góða, það mætti kannski fjölga þeim. Það er þing einu sinni á ári og þar mæta fáir þjálfarar.

Við þjálfararnir þurfum að hittast meira, það er ekki þjálfarafélag eins og í fótboltanum og við höfum mjög lítil áhrif á þingið. Það er því bara jákvætt að Júlíus sé að segja sína skoðun," sagði Óskar Bjarni.

### Páll til í að fækka

Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, sagðist ekkert hafa á móti þeirri hugmynd að fækka leikmönnum. „Það er allt í lagi að fækka mín vegna. Ég hef ekkert á móti því. Ég veit til þess að lið eins og Kiel gerir þetta. Þeir mæta alltaf með tólf leikmenn í alla leiki sem þeir spila þó að þeir megi vera með fjórtán leikmenn.

Það var sniðugt á sínum tíma að fjölga til að hafa tvo leikmenn í hverri stöðu en á móti kemur að ef þú ert með færri eins og var, þá þarftu að hafa fleiri leikmenn sem geta spilað fleiri en eina stöðu og ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því," sagði Páll.

### Ekki galin hugmynd

Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, sagði að hugmyndin hefði sína kosti og galla.

„Hugmyndin er svo sem ekki galin og er margt í henni sem ég er sammála. Svo er aftur spurning hvort við eigum eitthvað að vera að breyta því sem er alls staðar annars staðar. Mér finnst samt að það mætti skoða þessa tillögu mjög gaumgæfilega. Það er spurning hvort þetta verður til þess að styrkja neðri deildina, og spurning hvort menn verða frekar til í að spila þar en að sitja á bekk í efstu deild," sagði Gunnar.

### Hef ekki trú á tillögunni

Erlendur Ísfeld, þjálfari ÍR, hafði ekki mikla trú á þessari hugmynd. „Þetta hefur sína kosti og galla, bæði að hafa tólf og að hafa fjórtán leikmenn. Ef það myndi ganga eftir að leikmenn dreifðust meira á liðin þá væri ég til í að segja já við þessari hugmynd. Málið er hins vegar það að ég hef ekki trú á að þetta breyti nokkru.

Við erum búin að sjá það í mörg ár í kvennaboltanum að það eru allt upp undir tuttugu góðir leikmenn sem safnast saman í sama liðið. Það hefur mér fundist vera galli á kvennaboltanum en þetta hef ég bara verið að sjá undanfarin tvö til þrjú ár í karlaboltanum líka.

Þetta virðist vera svo mikil áhugamennska hérna að menn virðast frekar vilja æfa með Sigga frænda og sitja á bekknum en að fara í eitthvert annað lið og berjast fyrir sínum frama," sagði Erlendur.

Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, sagði að það væri ólöglegt að fækka niður í tólf leikmenn. „Ég skil hugsunarháttinn hjá Júlíusi. Flest liðin eru líka að spila á tíu til tólf leikmönnum. Það eru kannski Valsmenn sem eru eina liðið sem getur verið að skipta öllum leikmönnum inn á.

Alþjóðleg handboltalög segja að það eigi að vera fjórtán leikmenn í öllum keppnum. Ég sé ekki að HSÍ geti breytt því. Ég er samt bæði hlynntur þessu og á móti vegna þess að ég held að þetta gangi aldrei í gegn," sagði Kristján.

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, var á sama máli og Kristján. „Ég held að við eigum bara að fara eftir alþjóðalögum, ekki vera að búa til eitthvað sér hér. Það má kannski takmarka fjölda ungra leikmanna. Ég veit að í Þýskalandi verða leikmenn númer þrettán og fjórtán að vera undir 21 árs eða undir 23 ára," sagði Rúnar.



ÍÞRÓTTALJÓS
DAGUR SVEINN DAGBJARTSSON
dagur@frettabladid.is



**REO-COKER** Hefur ekki þótt standa undir væntingum í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

Nigel Reo-Coker:

## Ekki skella skuldinni á mig

**FÓTBOLTI** Fyrirliði West Ham, Nigel Reo-Coker, segir að það sé ekki sér að kenna að Alan Pardew hafi verið rekinn sem knattspyrnustjóri West Ham. Sögusagnir um að Pardew hafi misst traust leikmanna liðsins hafa verið á kreiki og að Reo-Coker hafi farið fremstur í flokki í deilu þeirra.

„Brottför Alans kom öllum mjög á óvart. Við höfðum ekki hugmynd um að hann yrði rekinn. Við höfðum ekkert um þessa ákvörðun að segja og vitum ekkert hvað stjórnendur félagsins hugsa hverju sinni," sagði Reo-Coker. **- esá**



**TITUS BRAMBLE** Verður ekki meira með Newcastle á þessu ári. NORDIC PHOTOS/GETTY

Titus Bramble:

## Lengur frá en búist var við

**FÓTBOLTI Glenn Roeder, knattspyrnustjóri Newcastle, hefur nú tilkynnt að varnarmaðurinn Titus Bramble verði lengur frá en búist var við í fyrstu. Bramble verður líklega frá keppni í þrjár vikur til viðbótar vegna kálfameiðsla.**

**Bramble hefur verið á sjúkrahúsi síðustu átta daga eftir að hafa fengið högg á kálfann í Evrópuleik gegn Frankfurt í lok nóvember. Kálfinn á drengnum blés upp eins og blaðra og var tvölfalt stærri en eðlilega vegna bólgumyndunar.**

**„Bramble hefur verið á sjúkrahúsi vegna þess við höfðum áhyggjur af þeim bólgum sem mynduðust í kálfanum og þið getið varla ímyndað ykkur hvað hann bólgnaði mikið. Sem betur komust læknar að því hvað var að. Bramble verður líklega frá fram á næsta ár," sagði Roeder á heimasíðu Newcastle.** **- dsd**

Viðburðaríku ári að ljúka hjá besta kylfingi heims, Tiger Woods, sem fékk enn ein verðlaunin í gær:

# Tiger kylfingur ársins í áttunda skipti

**GOLF** Tiger Woods var í gær valinn besti kylfingur PGA-mótaraðarinnar í áttunda sinn á ferlinum en verðlaunin eru kennd við eina helstu goðsögn golfsögunnar, Jack Nicklaus. Árið í ár hjá Tiger var frábært eins og venjulega. Hann vann fleiri en eitt stórmót og sigraði á fleiri mótum en nokkur annar kylfingur. Samt var þetta ár langt frá því að vera hefðbundið hjá Tiger.

Hann sigraði á fyrsta móti ársins og endaði tímabilið á sex sigrum í röð. Í millitíðinni tók hann sér tveggja mánaða frí til að syrgja föður sinn sem lést í byrjun sumars.

„Ég gerði mér grein fyrir sorgarferlinu sem ég varð að fara í gegnum rétt eins og allir aðrir sem missa ástvini. Ég hafði aftur á móti aldrei lent í slíku áður," sagði Tiger. „Það sem var erfiðast var að spila golf. Venjulega fer fólk í vinnuna til að losna frá vandamálunum en ég hugsaði sífellt um föður minn þegar ég var á golfvellinum enda kynnti hann mig fyrir íþróttinni og við eyddum miklum tíma saman á golfvellinum."



**TIGER WOODS** Bar af á golfárinu eins og síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Það eru kylfingarnir sjálfir sem kjósa kylfing ársins á PGA-mótaröðinni en þess má geta að Tiger vann einnig Arnold Palmer-bikarinn sem er veittur þeim kylfingi sem vinnur sér inn mest verðlaunafé á árinu en Tiger halaði inn rétt tæplega 10 milljónir dollara á vellinum í ár. Byron Nelson-bikarinn féll einnig í skaut Tigers en sá bikar er veittur þeim kylfingi sem er með lægsta meðalskorið en Tiger þarf ekkert að skammast sín fyrir það enda var meðaltal hans 68,11 högg að meðaltali á hring. **- hbg**

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090







# JÓLAGJÖF SEM GETUR LÁTIÐ DRAUMA RÆTAST?

DREYMIR EINHVERN SEM ÞÚ ÞEKKIR STÓRA DRAUMA OG VANTAR AÐEINS HVATNINGU . . .

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

## JÓLAGJÖFIN HANDA UNGU BARNASTJÖRNUNNI

Barna- og unglinganámskeið I er frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idolinu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri, sem einnig er tekin upp á mynddisk sem nemendur fá til eignar. 10 vikna námskeið, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

## JÓLAGJÖFIN HANDA ÞEIM METNAÐARFULLU

Tónlistarsköpun og hljóðritun með heimilistölvu. Barna- og unglinganámskeið. Kennt er á **Reason** tónlistarforritið sem nota má í flestum heimilistölvum og er jafnframt vinsælt meðal tónlistarmanna. Eftir námskeiðið geta krakkarnir bæði samið, tekið upp og unnið tónlist í sinni eigin tölvu heima við. 12 vikna námskeið, 39.900,-

propellerhead REASON

SKRÁNING ER HAFIN

## FYRIR ÞÁ SEM VILJA GEFA SJÁLFUM SÉR VEGLEGA FRAMTÍÐARJÓLAGJÖF.

Aðalnámsbraut: Tónvinnslunám. Tónvinnsluskólinn hlaut nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli. Námið veitir nemendum því Diploma, viðurkenndu af Digidesign, upp á próf í tónvinnslu sem veitir aðgang að framhaldsnámi erlendis. 4 mánaða nám, 160 klst., kennt í fyrsta flokks hljóðverum; **RMP** og **Stúdíó Sýrlandi**. 330.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).

DIPLOMA

PRO TOOLS digidesign

SKRÁNING ER HAFIN

## JÓLAGJÖFIN HANDA HÆFILEIKAMANNESKJUNNI

Blues- og jazzsöngur er námskeið sem blues og jazzdrottningin **Andrea Gylfa** kennir en það er sérsniðið að þeim sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. Valinkunnir hljóðfæraleikarar eins og t.d **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær** sjá um lifandi undirleik á þessu 10 vikna námskeiði. Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

## JÓLAGJÖFIN HANDA ÞEIM SEM DREYMIR UM STÆRRA SVIÐ EN 1 FM STURTUKLEFA.

Söngur og framkoma. Þetta sívinsæla námskeið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með því að nemendur taka upp lag í frábæru hljóðveri. 10 vikna námskeið, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

## JÓLAGJÖF FYRIR FINGRALANGA

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Kennt er litlum hópum og eru markmið námskeiðanna að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar um gítarnámskeiðin námskeið má finna á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

## SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

**KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ**

## > Charlie Sheen

Fæddist 3. september 1965 og er bróðir leikarans Emilio Estevez og sonur Martins sheen þannig að leiklistargenin eru í honum. Charlie er um þessar mundir að leika í gamanþáttunum „Two and a Half Men“ sem Stöð 2 sýnir í dag. Næst á dagskrá hjá Charlie er teiknimyndin „Foodfight“ sem verður sýnd í bíó á næsta ári.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON ER ALLTAF AÐ LÆRA EITTHVAÐ NÝTT

# Af pappakössum og r..ingum klukkan 16

Stundum horfi ég á beinar útsendingar frá NBA-deildinni á Sýn. Til að byrja með út af körfuboltanum en nú leggst ég undir flatt, set hendur fyrir aftan haus, lygni aftur augum og hlusta í ískrið í strigaskónum á parketinu og kjarnyrtar lýsingar þulanna á því sem fyrir augum ber.

Þeir eru orðhagir menn, þulirnir, ekki síst þegar þeir vitna um lyndiseinkunn leikmanna og grípa þá gjarnan til myndmálsins. Um daginn heyrði ég til dæmis: „Hann er sko enginn pappakassi þessi.“ Þetta hafði ég ekki heyrt áður. Ég opnaði augun, reis upp við dogg, leit á klukkuna og gætti þess að skipta yfir á Sýn+ klukkustund síðar til að ganga úr skugga um að mér hefði ábyggilega ekki misheyrst. Og viti menn, þarna heyrðist það aftur: „Hann er sko enginn pappakassi þessi.“ Af samhenginu og málrómi þulsins mátti ráða að honum þótti mikið til leikmannsins sem hann lýsti svo koma, fannst hann að minnsta kosti ekki sem verstur. Þar var enn ein af þessum lífsgátum leyst, það er sem sagt ekki eftirsóknarvert að vera álitinn pappakassi. Líkingin finnst mér þó óneitanlega óljós.



Og klykkjum nú út með smá tepruskap: Á dögunum tók ég sótt og hélt mig því heima á virkum degi. Eins og sjúkra manna er siður mundaði ég fjarstýringuna og flakkaði á milli sjónvarpsstöðva. Um klukkan 16 staldraði ég við á Sjónvarpinu þar sem var verið að sýna myndband með ærslabelgjunum í Baggalúti. Þar syngja þeir meðal annars: „Dettum í ´ða/ drögum upp á hver fær að r..a“ (sá sem fattar ekki hvaða orð á að vera þarna er pappakassi). Nú á útvarpsstjóri sjálfsagt börn sem eru annaðhvort orðin eða að verða fullveðja og þarf ekki að hafa áhyggjur af því sem þau gætu heyrt eða séð í sjónvarpinu. Sjálfum þætti mér hins vegar heldur verra ef ég þarf að hlusta á guttann minn kyrja þennan söng.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.35** Fifa World Cup SÝN



▶ **20.30** Venni Páer SKJÁR EINN




▶ **02.35** Dalalíf STÖÐ 2



▶ **22.30** X-Files SIRKUS



▶ **20.25** Doc Martin SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Handboltakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.
**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.10 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Stundin okkar** Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**18.35 Stebbi strútur (4:13)**
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.25 Martin læknir (7:8)**
**21.15 Sporlaust (2:24)** (Without a Trace IV)Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (The Sopranos VI) Myndaflokkur um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Aðalhlutverk leika James Gandolfini, Edie Falco, Jamie Lynn Siegler, Steve Van Zandt, Michael Imperioli, Dominic Chianese, Steve Buscemi og Lorraine Bracco. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.25 Aðþrengdar eiginkonur (45:47)** (Desperate Housewives II)Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**0.10 Kastljós**
**0.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Looney Tunes: Back in Action**
**8.00 Just For Kicks**
**10.00 Double Bill**
**12.00 First Daughter**
**14.00 Looney Tunes: Back in Action**
**16.00 Just For Kicks**
**18.00 Double Bill**
**20.00 First Daughter**
**22.00 Der Untergang (Downfall)**
**0.30 Control**
**2.30 Going for Broke**
**4.00 Fistful of Dollars**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Martha**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Valentína**
**14.35 William and Mary (5:6)**
**15.25 Two and a Half Men (10:24)**
**15.50 Jimmy Neutron**
**16.13 Leðurblökumaðurinn** (Batman)
**16.38 Ofurhundurinn**
**17.03 Myrkfælnu draugarnir (26:90)**
**17.18 Fífí**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Búbbarnir (17:21)**
**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**21.10 The Closer (4:15)** Bönnuð börnum.
**21.55 Entourage (1:20)** Ari reynir að takast á við fjárhagserfiðleika og hið nýja skristofurými, sem er ólíkt því sem hann er vanur. Leitin að hinu fullkomna stefnumóti fyrir Vince fer á fullt.
**22.25 Arrested Development**
**22.50 Unga kóngafólkið** (Young, Sexy and ... Royal) Spennandi þáttur þar sem kynnt er til sögunnar yngsta konungsborna fólkið í heiminum og ljóstrað upp leyndarmálum um ástarlíf þeirra og framtíðaráform. M.a. er fjallað um afar dult samband Friðriks Danaprins og brasilísku prinsessunnar Paolu.
**23.35 Grey´s Anatomy (24:36)**
**0.20 The Unit (1:13)** (Úrvalssveitin)
**1.05 Cheech and Chong´s Next Movie**
▶**2.35 Dalalíf** Félagarnir Þór og Danni ráða sig í sveit en eru alls ekki vanir að mjólka kýr og moka skít. Sígild gamanmynd sem verður alltaf betri.
**4.00 Ísland í bítið e**
**5.35 Fréttir og Ísland í dag**
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veð**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 Four Kings** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim.Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskap þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina.Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers myndunum og Italian Job.
**21.00 The Player**
▶**22.30 X-Files**
**23.15 Insider**
**23.40 Vanished (9:13) (e)**
**0.25 Ghost Whisperer (21:22) (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikanatil að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau,en stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt. Á Melinda því oft í vandræðum að sannfæra fólk um trúverðugleikasinn og er við það að gefast upp. En þegar hún sér að hún geti bæði bjargað týndu sálunum og þeim sem eru enn á lífi,áttar sig hún á því að þessi hæfileiki er kostur en ekki galli.Það er engin önnur en Jennifer Love Hewitt sem fer með hlutverk Melindu
**01.10 Seinfeld**
**01.35 Entertainment Tonight (e**
**2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.50 Frægir í form - Lokaþáttur (e)**
**15.55 Love, Inc. (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray** Glænýir spjallþættir.
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody loves Raymond (e)**
**19.30 Game tíví**
**20.00 The Office**
▶**20.30 Venni Páer** Ný, íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari með háleit markmið. Hann ætlar að gera kennslumyndband fyrir aðra einkaþjálfara. Pálmar kynnir Venna hugmyndir sínar um hvað mætti betur fara í æfingamyndbandinu sem Venni er að reyna að markaðssetja. Sylvía og Lilja ákveða að rannsaka hversvegna Pálmar er enn kúnnalaus.
**21.00 The King of Queens** Carrie leggur mikið á sig til að þóknast nýjasta kúnnanum sínum, Kirstie Alley.
**21.30 Sigtið - Lokaþáttur** Íslensk gamansería um vonlausasta sjónvarpsmann landsins, Frímann Gunnarsson. Eftir að hafa glopráð sjónvarpsþættinum út úr höndunum þarf Frímann nú að finna sér eitthvað nýtt að gera. Loksins fara hjólin að snúast hjá Frímanni.
**22.00 C.S.I: Miami**
**23.00 Everybody loves Raymond**
**23.30 Jay Leno**
**0.15 America's Next Top Model VI (e)**
**1.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.00 2006 World Pool Masters (e)**
**2.50 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**14.12 2006 Fimmtudagur**
**7.00 Ítölsku mörkin (e)**
**14.00 Wigan - Arsenal (frá 13. des)**
**16.00 Chelsea - Newcastle (frá 13. des)**
**18.00 Chelsea - Arsenal (10. des)**
**20.00 Liðið mitt** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar. Hann fær til sín góða gesti sem ræða um boltann frá ýmsum hliðum.
**21.00 Man. Utd. - Man. City (frá 9. des)**
**23.00 Liðið mitt (e)** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar.
**0.00 Að leikslokum (e)**
**1.00 Dagskrárlok**




STÓR HUMAR
RISAHÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
TÚNFISKSTEIKUR
LÚÐUSNEIÐAR

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14

## Í KVÖLD

### SÝN KL. 21.40

### FÓTBOLTASTJÖRNUR (FOOTBALL ICONS)



Fótboltastjörnur er nýr raunveruleikaþáttur sem slegið hefur í gegn í Bretlandi. Þar mæta til leiks ríflega sjö þúsund ungir knattspyrnumenn á aldrinum sextán til átján ára, sem dreymir um að gerast atvinnumenn. Markmiðið með þættinum er að leita að þeim eina rétta. Haldnar eru úrtökuprufur, þar sem fjórtán standa eftir og etja kappi hver við annan í vikulegum þáttum sem sýndir verða á fimmtudögum á Sýn. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þrír eru eftir í lokaþættinum. Þá velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarann sem fær leikmannasamning hjá Chelsea að launum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SIGTINU

### Á SKJÁ EINUM KL. 21.30



Þá er komið að lokum hjá honum Frímanni en í kvöld sýnir Skjár einn lokaþáttinn af „Sigtinu án Frímanns Pálssonar“. Frímann er búinn að gera mikið í þessari þáttaröð. Passa börn, búa til leikrit, skrifa skáldsögu og kenna. Það er bara spurning hverju Frímann mun taka upp á í kvöld. Meinfyndinn íslenskur þáttur fyrir alla sem kunna gott að meta. Við mælum með að enginn missi af þessum þætti.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útarpssagan: Gangandi íkorni
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins - „Brennið þið vitar“
**21.05** Þau létu verkin tala
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Bláar appelsínur
**23.15** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**10.10 FIFA World Club Championship 2005**
**16.10 FIFA World Club Championship 2005**
**17.50 Pro bull riding** (Detroit, MI – Detroit Open) .
**18.45 Kraftasport** (Suðurlandströllið 2006)
**19.40 UEFA Cup 2006-2007** (Tottenham – Dinamo Búkarest) Bein útsending frá leik Tottenham Hotspur og Dinamo Búkarest í UEFA bikarnum.
**21.40 Football Icons** (Football Icons) Fótboltastjörnur er enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Sjö þúsund samningslausir knattspyrnumenn á aldrinum 16-18 ára skráðu sig til leiks og fjórtán eru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum.
**22.35 FIFA World Club ▶ Championship 2005**
**0.15 World's Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Búist var við miklum átökum þegar sterkustu menn heims komu saman til keppni árið 1995.
**1.10 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07)
**1.40 UEFA Cup 2006-2007** (Tottenham – Dinamo Búkarest)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

11.35 Dagens Danmark 12.00 Urt 12.20 Mik Schacks Hjemmeservice 12.50 Fantastiske fortællinger 13.20 Sporl¢s 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Liga DK 16.00 Absalons Hemmelighed 16.30 Absalon Live 17.00 Julefandango 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Absalons Hemmelighed 19.00 Uventet bes¢g 19.30 Desperate boligdr¢mme 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 Tænk på et tal 22.35 Krop og sjæl 23.05 Liga DK

## NRK 1

11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 V-cup skiskyting: Sprint, menn 13.00 Siste nytt 13.05 V-cup skiskyting: Sprint, menn 14.00 Siste nytt 14.05 Anne fra Bj¢rkely 14.55 Nifse saker 15.00 Siste nytt 15.03 VG-lista Topp 20 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 VG-lista Topp 20 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Jul i Svingen 17.25 Peo 17.30 Kl¢nete kl¢ner 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Norge rundt 18.55 På tråden med Synn¢ve 19.55 Nytt på nytt 20.25 F¢rst & sist 21.15 Politiagentene 22.00 Kveldsnytt 22.15 Den skj¢nne linje 23.15 Frank Zappa - grensel¢s artist 0.05 Alfred Hitchcock presentere

## SVT 1

11.05 Argument 13.10 Anslagstavlan 13.15 Landet runt 14.00 Mitt i naturen 14.30 Naturnollorna 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Karamelli 16.40 Sagoträdet 16.55 Tre Kronor live: Channel One Cup 17.15 Stora maskiner 17.20 Lilla spöket Laban 17.30 Julkalendern: LasseMajas detektivbyrå 17.45 Lilla Aktuellt 18.00 Tre Kronor live: Rosno Cup 18.30 Rapport 19.00 Tre Kronor live: Rosno Cup 19.30 Söderlund & Bie 20.00 Den undre världen 21.00 Badal 21.55 Rapport 22.05 Kulturnyheterna 22.15 Uppdrag Granskning 23.15 Entourage 23.45 Bingo Royale 0.30 Sändning från SVT24








Hlutfall prentunar á bókum 2006

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentstað íslenskra bóka sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2006.

Könnunin sýnir að hlutfall prentunar innanlands hefur minnkað um 5,5% milli ára.

félag bókagerðarmanna

SI Samtök iðnaðarins

## HRÓSIÐ ...



*... fá Arngrímur Marteinsson og Ingibjörg Sveinsdóttir fyrir að láta aldurinn ekki aftra sér við tónleikahald og geisla af meiri spilagleði en margar af þekktustu hljómsveitum landsins.*

# Kominn áfram í Song of the Year

Lagahöfundurinn Trausti Bjarnason er kominn áfram í alþjóðlegu lagakeppninni Song of the Year, með lagi sínu Þér við hlið sem Regína Ósk flutti svo eftirminnilega í Söngvakeppni sjónvarpsins í ár. Lagahöfundar alls staðar að geta sent inn efni, sem svo er skipt í tíu flokka eftir tónlistarstefnu. Í hverjum mánuði vinnur eitt lag í hverjum flokki. Dómnefnd í keppninni valdi Þér við hlið besta lagið í flokknum „adult contemporary“. Í lok árs fer það fyrir dómnefnd skipaða tónlistarmönnum á borð við Norah Jones og Bon Jovi, og etur kappi við ellefu önnur lög innan sama flokks. Ef það stendur uppi sem sigurvegari keppir lagið svo um titilinn Song of the year.

„Ég gerði þetta bara í einhverjum hálfkæringi í haust,“ sagði Trausti um keppnina. „Ég hafði frétt af því að Þorvaldur Bjarni hafi einhvern tíma sent lag í þessa keppni,“ sagði hann. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir sigurvegarann. „Það eru held ég hundrað þúsund dollarar og alls konar dót, en ég er ekki alveg viss,“ sagði Trausti. „Lagið verður hins vegar sent til útgáfufyrirtækja, umboðsmanna og fjölmiðla í Bandaríkjunum,“ sagði Trausti. Hann segist þó ekki koma til með að missa svefn af spenningi. „Það er náttúrulega gaman ef eitthvað gerist en ég veit ekki hvort það kemur neitt út úr þessu,“ sagði hann.



**SLEGIÐ Í GEGN?** Lagið Þér við hlið í flutningi Regínu Óskar hefur notið mikilla vinsælda hérlendis og virðist jafnframt höfða til fólks ytra.

**TRAUSTI BJARNASON** Sendi lagið inn í hálfkæringi og missir ekki svefn yfir úrslitunum.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2** fangi **6** tveir eins **8** sjáðu **9** kjaftur **11** í röð **12** afþíða **14** rugla **16** tveir eins **17** fiskur **18** ögn **20** bor **21** hvæs.
**LÓÐRÉTT**
**1** garga **3** klaki **4** smjaðra **5** hlemmur **7** bein í manni **10** spil **13** rá **15** samtals **16** bókstafur **19** sjó.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** gísl, **6** rr, **8** sko, **9** gin, **11** jk, **12** afísa, **14** bulla, **16** ee, **17** áll, **18** fis, **20** al, **21** fnæs. **LÓÐRÉTT: 1** orga, **3** ís, **4** skjalla, **5** lok, **7** rifbein, **10** níu, **13** slá, **15** alls, **16** eff, **19** sæ.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. 150 sinnum.
2. Jói og Gugga.
3. Félagið hefur aldrei orðið heimsmeistari félagsliða.


Góð byrjun



www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni og við gætum komið þér skemmtilega á óvart!

vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Ný útvarpsstöð Kaninn FM 89,0 Íslensk músík alltaf!


ÞORVALDUR BJARNI: SEMUR ÆVINTÝRATÓNLIST FYRIR ASTRÓPÍU

# Búlgarska sinfóníuhljómsveitin í íslenskri bíómynd

„Ég er ennþá að, fer í nótt og er umvafinn nótnapappír í hljóðverinu,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson sem er í óða önn að leggja lokahönd á tónverk sitt fyrir kvikmyndina Astrópíu. Sinfóníuhljómsveit Búlgaríu mun leika undir í myndinni. Þorvaldur segir það vissulega súrt í broti að geta ekki nýtt sér Sinfóníuhljómsveit Íslands en tækifærin séu einfaldlega ekki fyrir hendi og verðið sé of hátt. „Ég hef verið að ýta á menntamálaráðherrann að láta einhverja vikur á ári fara í kvikmyndaiðnaðinn þannig að þeir geti nýtt sér krafta sveitarinnar fyrir kvikmyndatónlist sína,“ útskýrir Þorvaldur. „Enda er Sinfónían ríkistyrkt batterí,“ bætir hann við. „Ekki þar fyrir að Sinfóníuhljómsveit Búlgaríu er einhver sú besta í heimi og verðmiðinn á henni er ekki hár,“ segir Þorvaldur og hlær.

Kvikmyndin Astrópía fjallar um unga stúlku sem þarf óvænt að standa á eigin fótum þegar kærasti hennar er sendur í steininn. Hún fær sér vinnu í nördabúð og þar taka hlutirnir óvænta stefnu. Með aðalhlutverkin fara þau Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Pétur Jóhann Sigfússon, Snorri Engilbertsson og Sverrir Þór Sverrisson en leikstjóri er Gunnar Björn Guðmundsson.

Tónlist leikur stórt hlutverk í ævintýramyndum á borð við Astrópíu og þarf vart annað en að líta til snilldarverka Howards Shore fyrir hinar geysivinsælu kvikmyndir um Hringadróttinssögu eftir Peter Jackson. Þorvaldur viðurkennir líka að ekki hefði verið hægt að fara út í slíkar tónsmíðar án þess að kynna sér verk Shore. „Ég hef líka verið að hlusta á Stravinskí sem er mjög góður í að búa til dramatíska spennutónlist og skapa grafískan hljóðvegg,“ útskýrir Þorvaldur sem augljóslega hefur mikla ástríðu fyrir gerð þessarar tónlistar. Þorvaldur segir kvikmyndatónlist vera síður en svo auðvelda í smíðum, í reynd sé hún það erfiðasta sem tónskáld fæst við hverju sinni. „Maður verður að hugsa um hvert hljóðfæri sem einstakling. Þetta er svona svipað eins og spinna köngulóarvef,“ segir Þorvaldur og í bakgrunni má heyra dramatíska tóna sem vafalítið fá að hljóma undir þegar ævintýrin banka upp á í kvikmyndinni. freyrgigja@frettabladid.is



**ASTRÓPÍA** Ævintýrin banka upp á hjá ungri stúlku eftir að hún fer að vinna í nördabúð.



**LEIKSTJÓRINN** Gunnar Björn Guðmundsson leikstýrir Astrópíu og verður Þorvaldi Bjarna innan handar þegar þeir hefja störf við gerð tónlistarinnar.

**ÞORVALDUR BJARNI** Fær sinfóníuhljómsveit Búlgaríu til að leika tónverkið sem samið er fyrir Astrópíu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Svíar skála í kampavíni og gosi fyrir **Christer Fuglesang** þessa dagana en hann er fyrstur frænda okkar til að fara út í geim. Íslendingar samgleðjast Svíum auðvitað en marga rak aftur á móti í rogastans þegar hljóðvarp RÚV lýsti því yfir í gær að Fuglesang væri „fyrsti norræni geimfarinn“. Ekki var minnst á okkar alíslenska **Bjarna Tryggvason**, sem var skotið á sporbaug fyrir nokkrum árum – langt á undan Fuglesang – og sæmdur hinni íslensku Fálkaorðu fyrir vikið.



Ekkert bólar á barnaþætti **Sverris Þórs Sverrissonar** sem átti að fara í framleiðslu á þessu ári. Þegar Fréttablaðið hafði samband við Sverri varðist hann allra frétta, sagðist vera í barneignaleyfi og nyti þess að sinna sínu eigin smáfólki. Hann upplýsti hins vegar að barnaþátturinn hefði verið frystur um stundarsakir og færi væntanlega ekki af stað fyrr en næsta haust. Athygli vakti að stjórnendur Stöðvar 2 lögðu mikið á sig við að kynna arftaka morgunstundarinnar með Afa á sínum tíma en krýning hans dregst greinilega eitthvað á langinn.



Kona ársins hjá tímaritinu Nýju lífi reyndist vera forsetafrúin **Dorrit Moussaieff**. Starfsfólk Birtíngs reyndi allt hvað það gat til að halda vali sínu leyndu en brá heldur betur í brún þegar fréttasíðan visir.is sagði frá valinu í gærdag. Áður en **Mikael Torfasyni** og hans fólki á Birtíngi rann reiðin mun hafa verið stefnt að því að segja frá sigurvegurum og endalokum í öllum sjónvarpsþáttum á Stöð 2 og Sirkus í tímaritum Birtíngs. Fljótlega var þó horfið frá þessum áformum, enda reyndist frétt Vísis hin besta auglýsing.



- bs/fgg

# Selur munaðinn til styrktar fátækum

„Ég gerði þetta líka í fyrra og safnaði þá hálfri milljón fyrir fátæk lönd í Mið-Ameríku,“ segir Einar Örn Einarsson sem selur allan munað ofan af sér á vefsíðu sinni, eoe.is/uppboð. Sjónvarp, XBox og DVD-myndir eru meðal þess sem Einar býður lesendum sínum upp á á vægu verði en sökum þess hversu vel gekk í fyrra er úrvalið í ár aðeins minna.

Einar segist hins vegar hafa fengið mikið af dóti hjá vinum og kunningjum sem væntanlega voru fegnir að losna við allan þann óþarfa munað sem leynist á heimilum landsins. Upphæðinni sem safnast saman verður síðan varið til góðs málefnis en Einar fór til Suðaustur-Asíu í ár og upplifði fátæktina þar af eigin raun. Peningarnir verða því sendir til munaðarlausra barna í Kambódíu og Laos sem Einar segir að séu hvað verst stödd.

Einar starfar í dag sem framkvæmdastjóri veitingastaðarins Serrano en reynir að sinna áhugamáli sínu, ferðalögum, sem mest. „Ég á heilan helling af drasli sem ég nota aldrei og hvers vegna ekki að selja það frekar en að láta það safna ryki?“ segir hann og hlær. „Ég ferðast til að mynda mjög mikið vegna vinnunnar og þegar ég kom heim frá London einu sinni fengu nokkrir DVD-diskar að fljóta með,“ segir Einar. „Þegar ég setti þá upp í hillu áttaði ég mig á því að þar voru fyrir einir fimm diskar sem aldrei höfðu verið teknir úr plastinu,“ útskýrir hann og hlær. - fgg




**PULP FICTION** Er ein þeirra mynda sem eru til sölu hjá Einari.

**ALLT TIL SÖLU** Einar Örn ætlar að losa sig við allan lúxus en peningarnir renna til góðgerðarmála í Suðaustur-Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# BÆNABÓKIN

Bænasafn heimilanna er að finna í þessari fallegu bænabók. Hún veitir ómetanlega leiðsögn þeim sem vilja fræðast um bæn og þroska trúarlíf sitt.
Hér getur hver og einn fundið við sitt hæfi bænir í önnum hversdagsins, í gleði og sorg, nýjar og gamlar, kunnar og óþekktar. Karl Sigurbjörnsson biskup vefur hér saman fortíð og nútíð, reynsluheimi kynslóðanna og veruleika nútímafólks. Þessi bók ætti að vera til á hverju heimili.
Bókin er hönnuð af myndlistarkonunum Björgu Vilhjálmsdóttur og Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur.
**Höfundur er Karl Sigurbjörnsson, biskup.**




***Bæn úr Bænabókinni:***
*Þarfnast þú handa minna, Drottinn,*
*til að geta hjálpað sjúkum,*
*fátækum og nauðstöddum?*
*Drottinn, í dag vil ég gefa þér hendur mínar.*

*Þarfnast þú fóta minna, Drottinn,*
*til að geta vitjað þeirra,*
*sem einmana eru og án vonar?*
*Drottinn, í dag vil ég gefa þér fætur mína.*

*Þarfnast þú vara minna, Drottinn,*
*til að geta talað til allra þeirra,*
*sem þrá kærleiksríkt orð og viðmót?*
*Drottinn, í dag vil ég gefa þér varir mínar.*

*Þarfnast þú hjarta míns, Drottinn,*
*að geta elskað*
*skilyrðislaust sérhvern mann?*
*Drottinn, í dag vil ég gefa þér hjarta mitt.*
*(Móðir Theresa)*




## VERNDARENGILL LEYSIR MÁLIÐ

"Hííííí-eróóóóónýmus! Hííííí-eróóóóónýmus!" hrópar Pétur við dyr himnaríkis. Það heyrist greinilega að hann er reiður… Litli engillinn, hann Híerónýmus, er mikill prakkari. Hann eltist við himneskar kindur, týnir lyklinum að hliði himnaríkis og truflar kórsöng himinsins. Hvernig ætti slíkur engill að geta orðið góður verndarengill? Dag nokkurn fær Híerónýmus verðugt verkefni og sekkur sér ofan í það ...

**Fást í Kirkjuhúsinu og öllum helstu bókaverslunum**

KIRKJUHÚSIÐ - BÓKABÚÐ Á KRISTNUM GRUNNI

**Kirkjuhúsið - Skálholtsútgáfan  Laugavegi 31**  Sími: 552 1090 og 562 1581
Netfang: skalholtsutgafan@skalholtsutgafan.is   www.skalholtsutgafan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


DR. GUNNA


## *Kóka kóla*

Við höfðum beðið heillengi eftir jólalest Kóka kóla á Laugaveginum á laugardaginn. Strákurinn hefur gaman að þessu, hugsaði ég, enda bílaóður. Þegar við vorum orðin viss um að ekkert myndi gerast, sáum við loksins trukkalest nálgast, Helga Möller á útopnu á teipi. Sjáðu! Kóka kóla lestin!, sagði ég og benti á fimm skreytta kóktrukka. Ökumenn með jólasveinahúfur vinkuðu. Hjálparsveit skáta var með í för og hljóp með lestinni en löggan fór fremst í flokki.

**SKYNDILEGA** snarhemlaði lestin. Nei, hver andskotinn er þetta!?, hrópaði einn skátinn æstur og tók á rás. Fyrir framan Hljómalind höfðu nokkrir stórhættulegir hryðjuverkaunglingar tekið sér stöðu úti á miðri götu. Nú hindruðu þeir ferð kóklestarinnar, sungu „Nei, nei, ekkert kók um jólin“ og veifuðu KÓK ER VONT skiltum.

**LÍKLEGA** hefur þeim liðið mjög svipað og manninum sem stóð fyrir framan skriðdrekana á torgi hins himneska friðar.

**EKKI** tók langan tíma að losna við kókmótmælendurna og lestin hélt sína leið út í jólaösina. Einn mótmælajólasveinn var þó eftir og kom hlaupandi og afhenti bleðil sem skýrði frá hræðilegum glæpum Kóka kóla gegn mannkyninu. Helst gegn verkamönnum á Indlandi og í Kólumbíu.

**SVONA** er þetta. Það er alltaf eitthvað hræðilegt óréttlæti á bakvið allt. Lífinu á Vesturlöndum er lifað innan í leiktjöldum sem vernda okkur fyrir táradal heimsþorpsins. Ef maður væri heilsteyptur og hugsandi ætti maður náttúrulega alltaf að vera með nagandi samviskubit. Glætan að maður kæmist einhvern tímann í jólaskap.

**DÓTIÐ** í pökkunum: allt framleitt af þrælpíndum íbúum þriðja heimsins; Jólaljósin: náttúrunni misþyrmt til að skaffa rafmagn; Samheldni þinnar fjölskyldu: margar fjölskyldur sem hafa það hræðilega skítt; gleðin hjá þínu barni: mörg börn sem hafa það hræðilega skítt.

**ÞAÐ** eru í raun bara tvær leiðir færar til að takast á við samviskubitið. Gerast ótrúlega góður. Hanga með krökkunum í Hljómalind, hætta að borða annað en lífrænt og bara kaupa föt sem eru vottuð frá Fair Trade, áframsenda alla tölvupósta um undirskriftasafnanir. Vera alltaf vakandi yfir óréttlætinu og tilbúinn að bregðast við.

**ANNAÐHVORT** þetta, eða bara yppa öxlum og fá sér svalandi sopa af ísköldu Kóka kóla. Mmm …





SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM
VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!
SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG
LOEWE.
MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN
ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI